




Tíkin Kolka í aðgerð gæludýr **48 & 50**

Fegurð og viðbjóður bækur **30**



spottið **18**



Geislandi jólagleði og gjafir



Smáralind

FRÉTTABLAÐIÐ

Helgarblað

3. desember 2011
283. tölublað 11. árgangur
Sími: 512 5000

BEST LESNA
DAGBLAÐ Í ÍSLANDI
10
ÁRA
2001 - 2011

*Samkvæmt gæðmælingum Kennisráðs Grólfrautvegur 10, Kópavogur, 101 Reykjavík, 2011



Listamaðurinn brýst út
Helgi Björnsson er fluttur heim og aftur kominn í popp- og leikaragírinn.
tónlist 36



Langdregin óvissa
Mikil ólga er enn í flestum arabaríkjunum.
arabíska vorið 40

Gott eða gamaldags
Álitsgjafar velja bestu og verstu plötuumslög ársins.
tónlist 54

3 SÉRBLÖÐ í Fréttablaðinu
Spjaldtölur | Allt | Allt atvinna



STUND SANNLEIKANS Íslenska kvennalandsliðið í handbolta hefur í dag leik á heimsmeistaramótinu í Brasilíu. Þetta verður frumraun stelpnanna okkar í úrslitakeppni HM, en liðið mætir sterku liði Svartfjallalands klukkan 17 í dag. Landsliðshópurinn kom til Brasilíu á miðvikudagsmorgun og hefur æft stíft síðan þá. Hér eru, frá hægri, Dagný Skúladóttir, Rut Jónsdóttir og Arna Sif Pálsdóttir á æfingu liðsins í keppnishöllinni Arena Santos í gær.
Sjá síðu 90.

FRÉTTABLAÐIÐ/PIJTUR

Orka til stóriðju lítt arðbær

Fjármagnskostnaður ríkisins hefur étið upp arðsemi af orkusölu til stóriðju. Skattgreiðendur fá því lítið fyrir þá ábyrgð sem þeir taka á sig. Lægri arðsemi er hérlendis af sölu orku til stóriðju en í öðrum löndum.

ORKUMÁL Lægri arðsemi heildarfjármagns er af virkjunum fyrir stóriðju hérlendis en þekkest í samþæringu starfsemi erlendis. Þetta kemur fram í skýrslu um arðsemi orkusölu sem Ásgeir Jónsson og Sigurður Jóhannesson unnu fyrir fjármálaráðuneytið. Arðsemin á Íslandi nam fimm prósentum á árunum 1966 til 2010.

Arðsemi af orkusölu til stóriðju hefur verið verri en annars staðar í atvinnulífinu síðan 1990, en fram að því var hún ívið betri. „Aukin

áhætta í rekstri á síðari hluta tímabilsins, s.s. með því að tengja orkuverð við heimsmarkaðsverð á áli, hefur ekki skilað sér í hærri ávöxtun,“ segir í skýrslunni.

Hefði ekki verið um stóriðju að ræða hefði arðsemi Landsvirkjunar hins vegar verið mun lakari en raunin varð, en arðsemi heildarfjármagns af orkusölu til almenningsveitna hefur verið um tvö prósent á tímabilinu.

Skattgreiðendur á Íslandi hafa ekki fengið endurgjald fyrir þá

“Aukin áhætta í rekstri á síðari hluta tímabilsins ... hefur ekki skilað sér í hærri ávöxtun.

ÚR SKÝRSLU UM ARÐSEMI ORKUSÖLU

ábyrgð sem þeir hafa tekið á sig í tengslum við orkusölu, en skýrsluhöfundar segja hana mjög há miðað við höfðatölu. Arðsemi af orkusölu til stóriðju hefur verið svipuð fjármagnskostnaði ríkisins.

Ekki verður því séð að starfsemi Landsvirkjunar hafi skilað beinni auðlindarentu, en með því er átt við greiðslur fyrir afnot af auðlind eftir að rekstraraðilar hafa haft eðlilegan arð af rekstrinum.

Höfundar leggja til að orku-fyrirtækjum verði breytt í almenningshlutafélög og notast við verkefnafjármögnun við nýjar framkvæmdir. Þannig verði skatttekjur ríkisins ekki lagðar að veði við byggingu orkumannvirkja.

- kóp

20% afsláttur af öllum snyrtivörum
Gildir út sunnudag
DEBENHAMS
HINN FULLKOMNI FATASKÁPUR

Jólaeikur BYKO!
Vinningshafi gærdagsins er Guðmundur Óskarsson
Nýr vinningur á hverjum degi
Vinningur dagsins:
Gervijólatré, 198 cm, 200 ljós fylgja, að verðmæti 16.990 kr.
Sjá nánar á www.byko.is

Skemmtun fyrir alla fjölskylduna frá kl. 13 í dag
Kringlan



Porgeir, var þetta bara Klíka?

„Milljón manns hafa fylgt mér með elegans í gegnum ferilinn og Klíkan er þar á meðal.“

Porgeir Ástvaldsson fékk viðurkenningu í vikunni fyrir framlag sitt til íslenskrar tónlistar. Hann gerði meðal annars garðinn frægan með hljómsveitinni Klíkunni.



CLINTON OG SUU KYI Eftir nærri tvo áratugi í stofufangelsi hitti Suu Kyi loks fulltrúa eins valdamesta ríkis heims.

NORDICPHOTOS/AFP

Vopnahléssamningar nást:

Suu Kyi vongóð um framfarir

BÚRMA, AP „Ef við höldum þessu áfram í sameiningu þá er ég sannfærð um að ekki verði hægt að snúa af braut lýðræðis,“ sagði Aung San Suu Kyi, leiðtogi lýðræðishreyfingarinnar í Búrma, eftir að hafa rætt við Hillary Clinton, utanríkisráðherra Bandaríkjanna.

Clinton hefur lofað herforingjastjórninni í Búrma margvíslegri aðstoð Bandaríkjanna, og heitir enn frekari aðstoð ef Búrmastjórn gengur lengra í lýðræðisátt.

Í gær bárust fréttir af því að Shan-þjóðflokkurinn, sem barist gegn Búrmastjórn, hefði undirritað vopnahléssamkomulag.

Sprengja gerð óvirk í Koblenz: Tugir þúsunda yfirgefa heimili

ÞÝSKALAND Um það bil helmingur íbúa borgarinnar Koblenz í Þýskalandi, um fimmtíu þúsund manns, þarf að yfirgefa heimili sín á morgun, þegar 1,8 tonna sprengja frá seinni heimsstyrjöldinni verður gerð óvirk.

Nú þegar er búið að rýma fangelsi, elliheimili og sjúkrahús á svæðinu til öryggis.

Fyrir klukkan níu í fyrramálið þurfa 45 þúsund manns að vera farin að heiman, en 2.500 manna lið slökkviliðsmanna, sjúkraliðs og hreinsunarfélks bíður átekt á ef illa skyldi fara.

Um þrjátíu manns hafa verið yfirheyrðir vegna Glitnisrannsóknar sérstaks saksóknara:

Gæsluvarðhald þremmenninganna staðfest

LÖGREGLUMÁL Hæstiréttur staðfesti í gær gæsluvarðhald yfir Lárusi Welding, fyrrverandi bankastjóra Glitnis, og tveimur fyrrverandi undirmönnum hans. Þeir sitja í varðhaldi vegna rannsóknar sérstaks saksóknara á meintum umfangsmiklum brotum í rekstri bankans fyrir hrún.

Hinir mennirnir tveir eru Jóhannes Baldursson, fyrrverandi framkvæmdastjóri markaðs- viðskipta bankans, og Ingi Rafnar Júlíusson, fyrrverandi verðbréfa- miðlari. Varðhaldsúrskurðurinn er til miðvikudagsins næsta.

Viðskiptin sem til rannsóknar eru vegna gruns um stórfellda, kerfisbundna markaðsmisnotkun og önnur brot árin 2004 til 2008 nema á annað hundrað milljörðum og hafa alls um þrjátíu manns verið yfirheyrðir vegna þeirra á síðustu dögum.

Fréttablaðið greindi frá því í gær að sérstakur saksóknari hefði boðað Bjarna Ármannsson, sem var bankastjóri á undan Lárusi, til yfirheyrslu. Bjarni er á ferðalagi og ekki væntanlegur til landsins fyrr en í síðari hluta desember. Þá mun hann mæta í skýrslutöku. - sh

Salt sakar Glitnismenn um blekkingar

Forsvarsmenn félagsins Salt Investments fagna rannsókn sérstaks saksóknara á láni Glitnis til félagsins fyrir kaupum á bréfum í bankanum. Þetta kemur fram í yfirlýsingu frá félaginu. Fréttablaðið greindi frá því í gær að meðal þeirra lánveitinga sem væru til rannsóknar væri 15,2 milljarða lán til Salt Financials, dótturfélags Salt Investments, sem er í eigu Róberts Wessman.

„Salt Investment tapaði umtalsverðum fjárhæðum á viðskiptunum og telur félagið sig hafa verið beitt blekkingum af hálfu stjórnenda bankans,“ segir í yfirlýsingu. Viðskiptin hafi verið af undirlagi Glitnis og byggt á gögnum sem sýndu fram á sterka stöðu bankans. „Í ljós hefur komið að bankinn var að afhenda einskis verða pappíra til Salt en eftir stóð gríðarlega há skuldbinding Salt gagnvart bankanum.“ Félagið hafi staðið í skilum og afhent allar tryggingar sem lágu að baki viðskiptunum.



VINDMYLLAN Í BELGSHOLTI Haraldur Magnússon í Belgsholti kveðst lengi hafa haft áhuga á að beisla vindorkuna og loks hafa keypt þessa vindmyllu frá Svíþjóð og sett hana upp í sumar. Myndin er frá því að verið var að reisa mylluna.

MYND/HANNEVIND

Spaðarnir þeyttust af vindmyllu í Belgsholti

Vindmylla í Belgsholti í Leirársveit féll af 24 metra mastri sínu á þriðjudag eftir að hafa framleitt rafmagn í aðeins fimm mánuði. Bóndinn segir orsakir óhappsins ekki ljósar og óvíst hver þurfi að bera tjónið sem hlapi á milljónum.

ORKUMÁL „Þetta er mikið tjón,“ segir Haraldur Magnússon, bóndi í Belgsholti í Leirársveit, þar sem spaðarnir af 24 metra hárra vindmyllu losnuðu af og féllu til jarðar á þriðjudagsmorgun.

„Það er ekki vitað nákvæmlega hver frumorsök er og hvað gerðist. Trúlega hefur skemmt spaði og við það komið titringur á mylluna. Hún sneri sér ekki alveg rétt undan vindinum. Það hefur verið einhver feill í gangi,“ segir Haraldur.

Að sögn Haraldar slóst einn spaðanna í mastrið og skemmdi það áður en mótoraussinn losnaði frá mastriinu og vindmyllan féll til jarðar.

Haraldur segir enn allt á huldu hvornig fer með ábyrgðargreiðslur og tryggingar vegna tjónsins og hversu mikið það sé. „Það er ekki gott að segja en það hleypur á einhverjum milljónum,“ áætla hann.

Vindmyllan í Belgsholti er af gerðinni Hannewind og er framleidd í Svíþjóð. „Það var áhugi fyrir því hjá mér að virkja vindinn og maður hjá Orkustofnun benti mér á þessa tegund,“ segir Haraldur.

Frá því vindmyllan var sett upp í Belgsholti að viðstöddu fjölmenni í byrjun júlí í sumar hefur hún framleitt rafmagn fyrir utan stutt tímabil þegar upp hafa komið smá-

bilanir að sögn Haraldar. Hann segir mylluna framleiða upp undir 26 kílóvött af rafmagni þegar best láti. Við þær aðstæður geti hann selt um 10 kílóvött frá sér inn á almenna netið. Afganginn nýti hann á búi sínu.

Haraldur segir að fram undan sé að endurhanna vindmylluna og athuga hvort breyta þurfi útfærslu hennar. Hann hafi þegar verið búinn að taka ákvörðun um að lækka hið 24 metra háa mastur niður í 15 til 18 metra. „Ég sé ekki að það sé þörf á að hafa mastrið svona hátt,“ segir hann.

gar@frettabladid.is

Endurbætur á Tollhúsinu:

Kolaportið lagt niður um tíma

SAMFÉLAG „Þetta eru óskiljanleg vinnubrögð af hálfu ríkissjóðs. Vanvirðing við mannlífið og menninguna sem tengjast starfsemi,“ segir Gunnar Hákonarson, markaðsstjóri Kolaportsins, sem verður lokað í allt að átján mánuði á næsta ári vegna fyrirhugðra byggingaframkvæmda í Tollhúsinu.



GUNNAR HÁKONARSON

Tollstjórnin í Reykjavík hyggst reisa þar ramp undir bílastæði fyrir starfsmenn, samhliða viðgerðum á þaki. Breytingar hafa verið áætlaðar síðan árið 2008. Þá undirrituðu fjármálaráðuneytið og Reykjavíkurborg viljayfirlýsingu þar sem segir að þess verði gætt að starfsemi Kolaportsins verði að stærstum hluta öröskuð.

- rve / Allt í miðju blaðsins

Nýjasta verðlagskönnun ASÍ: Verðhækkanir í flestum búðum

NEYTENDUR Vörurkarfa ASÍ hefur hækkað í verði í flestum verslanakeðjum um 1,6 prósent til 5,6 prósent frá því í júní. Undantekningin var þó Hagkaup og Nóatún, þar sem verðið hafði lækkað um 1,2 prósent og 2,4 prósent. Þetta kemur fram í nýrri mælingu verðlagseftirlits ASÍ sem gerð var í nóvember.

Mesta verðhækkun á milli mælinga var hjá Nettó, um 5,6 prósent, 10-11 um 5,2 prósent og Samkaupum Úrval um 4,6 prósent. Töluverðar hækkunir má sjá í öllum vöruflokkum í verslunum landsins, en einstöku lækkanir eru þó sjáanlegar í öllum verslunum nema hjá 10-11.

- sv

Þekktur sjónvarpsmaður og rithöfundur segir ásakanir átján ára stúlku fráleitar:

Egill Einarsson kærður fyrir nauðgun

LÖGREGLUMÁL Egill Einarsson, rithöfundur, sjónvarpsmaður og líkamsræktarfrömuður, hefur ásamt unnustu sinni verið kærður fyrir að nauðga átján ára stúlku á heimili Egils aðfaranótt föstudags fyrir rúmri viku.

Kæran var lögð fram á fimmtudag. Stúlkan, sem hefur stundað líkamsrækt undir handleiðslu Egils, kveðst hafa farið heim með parinu eftir gleðskap í miðbænum og þar hafi Egill nauðgað henni. Unnusta hans hafi tekið þátt í ofbeldinu.

Egill segir í yfirlýsingu sem lesa má hér til hliðar að ásakanirnar séu fráleitar og til þess eins að sverta mannorð hans. Hann hafi falið lögmanni

Yfirlýsing Egils

„Það er refsivert að saka fólk ranglega um lögbrot. Það er jafnframt refsivert að hafa samband við handrúkkara í þeim tilgangi að kúga fé út úr fólk. Þær ásakanir sem á mig hafa verið bornar eru fráleitar og engar líkur á að þær muni leiða til opinberrar ákæru. Tilgangurinn með þessum ásökunum er því augljóslega ekki að ná fram ákæru heldur einvörðungu að sverta mannorð mitt. Af tillitssemi við hlutaðeigandi mun ég ekki tjá mig meira um þessi mál opinberlega að svo stöddu. Ég hef falið lögmanni mínum að kæra viðkomandi fyrir rangar sakargiftir.“

að undirbúa kæru á hendur stúlkunni fyrir rangar sakargiftir.

Eftir atburði næturinnar flúði stúlkan fáklaedd heim til vinkonu sinnar sem bjó í nágrenninu, að því er fram kom á Vísi í gærkvöldi. Morguninn eftir

leitadi hún á neyðarmóttöku fyrir þolendur kynferðisofbeldis. Egill var yfirheyrður vegna málsins í gær.

Egill er þekktur sjónvarpsmaður og rithöfundur. Þættir byggðir á bók hans, Mannasiðum Gillz, voru á dagskrá Stöðvar 2 fyrr í ár og framhald þeirra væntanlegt á næsta ári. Þá var hann meðhöfundur að síðustu útgáfu símaskrárinnar.

- sh

FYRIR JÓLIN

Allt sem þú þarft er smá **ATTITUDE** í jólahreingerninguna

ATTITUDE CERTIFIED ECO-FRIENDLY

ALL PURPOSE

Töfrandi tónar og skínandi stemning



Laugardagur 3. desember

- Kl. 13 Bogomil Font leikur ljúfa tóna
Jólasveinar koma í heimsókn
- Kl. 14 Helgi Björnsson syngur vel valin lög
Jólasveinarnir heilsa upp á krakkana
- Kl. 15 Íþróttálfurinn og Solla Stirða í jólasþapi
- Kl. 16 Jólajazz í boði Kringlukvartetts Tómasar R.
Jólasveinarnir verða á vappinu



Sunnudagur 4. desember

- Kl. 14 Jón Jónsson syngur inn jólin
Jólasveinar gleðja börnin
- Kl. 15 Jólajazz í flutningi Kringlukvartetts Tómasar R.
- Kl. 16 Íþróttálfurinn og Solla sprella með krökkunum
Jólasveinar kæta börnin



GJALDMÍDLAR	KAUP SALA	
Bandaríkjadalur	118,21	118,77
Sterlingspund	185,31	186,21
Evra	159,27	160,17
Dönsk króna	21,427	21,553
Norsk króna	20,427	20,547
Svænsk króna	17,512	17,614
Japanskt jen	1,5171	1,5259

SDR 184,25 185,35

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR

215,8536

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Lögregla leggur hald á fjölda vopna í annað sinn á skömmum tíma:

Vopnasafn fannst við húsleit

LÖGREGLUMÁL Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu lagði í gær hald á fjölda vopna.

Vopnin sem fundust voru byssur, skotfæri og hnífar. Lögregla fann þau við húsleit í framhaldi af handtöku manns í Kópavogi um miðjan dag í fyrradag. Maðurinn, sem var í annarlegu ástandi og hefur glímt við andleg veikindi, hafði ógnað starfsmanni Sorpu með hnífi.

Húsleitir voru gerðar þar sem hann er skráður fyrir skotvopnum. Sjö skotvopn voru fundust, en maðurinn er einungis skráður

fyrir hluta þeirra. Verið er að kanna með tilurð hinna.

Maðurinn var yfirheyrður í gær en síðan var hann látinn laus úr haldi lögreglu og var í framhaldinu vistaður á viðeigandi stofnun.

Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu rannsakar nú málið.

- jss



VOPNASAFNIÐ Þessi vopn fann lögregla við húsleit í gær. Þetta er í annað sinn á skömmum tíma sem lögreglan finnur fjölda vopna heima hjá einstaklingum.

Handtekinn í Leifsstöð:


Tollverðir fundu kókaín í tösku

LÖGREGLUMÁL Ungur karlmaður er í gæsluvarðhaldi eftir að hann var tekinn fyrir viku í Leifsstöð með kókaín í farteskinu.

Ungi maðurinn, sem er íslenskur og rúmlega tvítugur, var að koma til landsins frá London. Við hefðbundið eftirlit fundu tollverðir um 180 grömm af kókaíni í farangri hans. Hann var handtekinn og úrskurðaður í gæsluvarðhald í átta daga eða fram á mánudaginn kemur.

Maðurinn hefur komið við sögu lögreglu áður en á ekki langan brotaferil að baki.

- jss



KOSNINGASTEMNING Vladimír Pútín og Dimitrí Medvedev blasa við á veggspjaldi.

NORDICPHOTOS/AFP

Ping kosíð í Rússlandi:

Forsetinn varar við sundrungu

RÚSSLAND Vinsældir Sameinaðs Rússlands, stjórnmalaflokks þeirra Vladimírs Pútín forsætisráðherra og Dimitrí Medvedev forseta, hafa dalað nokkuð í Rússlandi vegna spillingarimyndar þótt enn sé honum spáð góðum sigri í þingkosningum sem haldnar verða á morgun.

Ovenjumargar kvartanir hafa borist vegna misbrests á framkvæmd kosninganna.

Medvedev forseti ávarpaði landsmenn í sjónvarpsávarpi í gær og varaði við sundrungu þingi. Fjölmargir smáflokkar myndu eiga erfitt með að koma góðum málum í framkvæmd.

- gb

LEIÐRÉTT

Hörður skrifaði ekki

Fyrir mistök var Hörður Arnarson, forstjóri Landsvirkjunar, sagður meðhöfundur í grein sem Vilhelm Jónsson fjárfestir skrifaði. Greinin er eingöngu eftir Vilhelm og kom Hörður ekki nálægt gerð hennar. Fréttablaðið biður Hörð og Vilhelm báða afsökunar á þessum mistökum.

Byggt á Hólmsheiði og fé veitt á Hraunið

Samþykkt verður að veita fé til byggingar fangelsis á Hólmsheiði. Farið verður eftir tillögum fangelsismálayfirvalda. Að auki verður sett fjármagn í endurbætur á Litla-Hrauni. Fjárlagafrumvarpið verður afgreitt úr nefnd í dag.

STJÓRNSÝSLA Ákveðið hefur verið að veita fé til byggingar nýs fangelsis á Hólmsheiði, samkvæmt heimildum Fréttablaðsins. Að auki er rætt um að setja sérstaka fjárupphæð til nauðsynlegra endurbóta á fangelsinu á Litla-Hrauni.

Óvissa kom upp um áform innanríkisráðherra varðandi fangelsisbyggingu þegar fjárlaganefnd tók fjárheimild til þess úr fjárlögum. Björgvin G. Sigurðsson, fulltrúi í nefndinni, hefur mjög talað fyrir því að áhersla eigi frekar að vera á uppbyggingu á Litla-Hrauni. Heimildir Fréttablaðsins herma að sátt hafi náðst í málinu í gær.

PÁLL WINKEL

Ögmundur Jónasson innanríkisráðherra segir málið ekki frágengið, en hann sé mjög bjartsýnn á að málið nái fram að ganga í samræmi við óskir fagaðila, en þeir hafa mælt með fangelsi á Hólmsheiði. „Ég hef átt góðar samræður við fulltrúa í fjárlaganefnd þingsins og ráðuneytismenn og fulltrúar fangelsismálastofnunar undanfarna daga og ég er mjög bjartsýnn á að málið nái farsælega fram að ganga.“

Páll Winkel fangelsismálastjóri segist bjartsýnn á að málið leysist með farsælum hætti og hann hafi átt nokkra fundi með nefndum Alþingis þar sem gögnum hafi verið komið á framfæri og hreinskiptin umræða átt sér stað.



LITLA-HRAUN Fjárheimild til nauðsynlegra endurbóta á Litla-Hrauni verður bætt inn á fjárlög 2012, samkvæmt heimildum Fréttablaðsins.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFAN

Litla-Hraun verði þungamiðjan

Ögmundur Jónasson er bjartsýnn á að farið verði að óskum fagaðila með uppbyggingu fangelsis á Hólmsheiði. Hann segir jafnframt mikilvægt að byggja upp á Litla-Hrauni.

„Ég hef jafnframt lagt mjög ríka áherslu á það að ráðist verði í endurbætur á Litla-Hrauni og áform gerð um uppbyggingu þar. Ég hef alltaf lagt áherslu á að Litla-Hraun verði þungamiðja í fangelsakerfi landsins.“

Þá sendi Fangavarðafélag Íslands frá sér yfirlýsingu í gær þar sem lýst er yfir heilshugar stuðningi við stefnu Fangelsismálastofnunar um uppbyggingu fangelsiskerfisins, þar með nýtt fangelsi á Hólmsheiði.

Það er komið nóg af töfum á þessu brýna verkefni og er varað við því að Alþingi leggi stein í götu þessa framfaramáls eins og ráða má af fréttum,“ segir í yfirlýsingu.

„Við fylgjumst með framvindunni og munum ekki taka því þegjandi ef þessi áform verða stöðvuð eina ferðina enn. Að sjálfsögðu viljum við líka áframhaldandi uppbyggingu á Litla-Hrauni á komandi árum. En þetta eru ekki valkostir. Hólmsheiðina strax eins og lagt hefur verið upp með, síðan/og jafnframt uppbyggingu á Litla-Hrauni,“ segir jafnframt í yfirlýsingu.

jss@frettabladid.is
kolbeinn@frettabladid.is

Fyrirspurn svarað í Kópavogi: Einn ráðinn án auglýsingar

KÓPAVOGUR Einn starfsmaður hefur verið ráðinn án auglýsingar í stjórnkerfi Kópavogs á þessu kjörtímabili. Þetta kemur fram í svari við fyrirspurn tveggja bæjarfulltrúa minnihluta Sjálfstæðisflokksins í bæjarstjórn.

Í svarinu segir að um sé að ræða starf aðalbókara. Í það var ráðinn bæjarstarfsmaður „sem ákjósanlegt þótti“. „Er þessi meðferð í samræmi við starfsmannastefnu Kópavogsbæjar um þróun í starfi auk þess sem skoðun fjármálastjóra var sú að tæpast væri hægt að fá ákjósanlegri starfsmann í starfið,“ segir í svarinu og að starfsmaðurinn hafi „þróast með verkefnum deildarinnar“.

- gar



JADRANKA KOSOR Leiðtogi Króatíska lýðræðisbandalagsins verður vart forsætisráðherra mikið lengur.

Pingkosningar í Króatíu:

Stjórn íhaldsflokks spáð falli

KRÓATÍA, AP Allt bendir til þess að íhaldsmenn í Króatíu missi völdin í þingkosningum á morgun, að því er virðist einkum vegna spillingarmála sem tengjast flokksmönnum.

Það kemur þá væntanlega í hlut bandalags vinstriflokkanna, sigri þeir í kosningunum, eins og kannanir benda til, að fylgja til enda aðildarumsókn landsins að ESB. Aðildarsamningur bíður nú staðfestingar allra ríkja ESB og er reiknað með að í júlí á næsta ári taki aðildin gildi.

- gb

KitchenAid jólatilboð
Hrærivél + glerskál (auka) + matreiðslubók

20% AFSLÁTTUR

	Hvít	Lítuð
Verð áður	99.870	102.870
Tilboð	79.990	82.990
Þú sparar	19.880	19.880

byggt og búíð
568 9400 byggtogbuid.is | Kringlunni
facebook.com / byggtogbuid

VEÐURSPÁ

Elisabet Margeirsdóttir veðurfréttamaður

HARÐNANDI FROST Þokkalegasta veður víðast hvar um helgina þrátt fyrir mikið frost um allt land. Víða dálítill el, einkum við ströndina. Hörkufrost á mánudag, allt að -20 °C inni til landsins norðaustan til.

HEIMURINN

Alicante	16°
Basel	7°
Berlín	7°
Billund	7°
Frankfurt	9°
Friedrichshafen	7°
Gautaborg	6°
Kaupmannahöfn	6°
Las Palmas	20°
London	11°
Mallorca	18°
New York	8°
Orlando	24°
Ósló	4°
París	11°
San Francisco	15°
Stokkhólmur	5°

Vindhraði er í m/s. Hitastig eru í °C. Gildistími korta er um hádegi.

Allt fínt fyrir jólin

RISA

TILBOÐSHELGI

25% afsláttur*

Jólaseriur
Búsáhöld
Fatnaður
Leikföng
Kerti

**25%
afsláttur***
ÚTISERÍUR með
straumbreyti,
litlar perur
mikið úrval



Útivistar
fatnaður
**25%
afsláttur***

Búsáhöld
**25%
afsláttur***

Leikföng
**25%
afsláttur***



Öll kerti
**25%
afsláttur**

**Jólahlaðborð
Húsasmiðjunnar
Skútuvogi**

opið alla daga kl. 18 - 20

Aðeins
1.290 kr

***LÆGSTA LÁGA VERÐ HÚSASMIÐJUNNAR**
Tilboð gilda ekki af vörum merktum "Lægsta lága verð Húsasmiðjunnar".
enda er það lægsta verð sem við bjóðum á hverjum tíma.

blómaval

HÚSASMIÐJAN





Ert þú búin(n) að setja upp jólastkraut?

Já	61%
Nei	39%

SPURNING DAGSINS Í DAG

Tekur þú strætó?

Segðu skoðun þína á Visiris.



Tvö sveitarfélög á Snæfellsnesi hafa hugmyndir um stofnun jarðvangs inni á aðalskipulagi:

Katla-jarðvangur viðurkenndur alþjóðlega

UMHVERFISMÁL Fyrsti jarðvangurinn, Katla-jarðvangur, fékk í byrjun september inngöngu í Evrópusamtök jarðvanga (European Geoparks Network) og í alþjóðasamtök jarðvanga hjá Saminuðu þjóðunum (UNESCO Global Geopark Network). Svæði jarðvangsins er Rangárþing eystra, Mýrdalshreppur og Skaftárhreppur. Undirbúningur stóð yfir í tvö ár.

Þetta er meðal þess sem rætt verður rætt á fræðslu- og umræðufundi í dag í félagsheimilinu Breiðabliki í Eyja- og Miklaholtshreppi. Tilefnið er að í aðalskipulagi Eyja- og Miklaholtshrepps og aðalskipulagi Helga-

fellssveitar fyrir sama tímabil eru hugmyndir um stofnun jarðvangs í sveitarfélögunum. Þá verður einnig sagt frá undirbúningi að stofnun Jarðvangs á Reykjanesi.

Hugmyndafræðin að baki jarðvöngum er áhersla á jarðfræðilega fjölbreytni, sögu og menningu tiltekens svæðis, sem kalla má samþættingu mannlífs og náttúru. Áhersla er lögð á sjálfbærni, varðveislu fornminja og náttúruvinnu og öflugt atvinnulíf, sérstaklega ferðamennsku.

Nú hafa verið stofnaðir 87 jarðvangar í 27 löndum og þeim fjölga hratt um allan heim.

FRÁ SNÆFELLSNESI
Hugmyndir um stofnun jarðvangs verða ræddar í dag í Breiðabliki.



FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



Senn líður að jólum og fagnar FAAS því með árlegum jólafundi sem að þessu sinni verður haldinn í safnaðarheimili Áskirkju við Vesturbrún, fimmtudaginn 8. desember og hefst hann kl. 20.00

Gestir fundarins verða:

- Svavar Knútur, söngvari/gítarleikari og lagasmiður
- Sr. Lena Rós Matthíasdóttir, prestur í Grafarvogssókn
- Ólafur Gunnarsson, rithöfundur sem les úr bók sinni **Meistaraverkið og fleiri sögur**
- Vilborg Dagbjartsdóttir, ljóðskáld sem kynnis og les úr ævisögu sinni **Úr þagnarhyl**

Félagsmenn og aðrir velunnarar félagsins eru hvattir til að mæta. Allir eru hjartanlega velkomnir. Kaffi og smákökur verða í boði FAAS

FAAS - Félag aðstandenda alzheimersjúklinga og annarra skyldra sjúkdóma

Deilt innan beggja flokka um ráðherra

Engar ákvarðanir hafa verið teknar um uppstokkun í ríkisstjórn. Innan beggja flokka eru deilur um næstu skref. Eigi að sameina ráðuneyti og búa til nýtt þarf samþykki þingsins. Ekkert verður tilkynnt fyrr en eftir samþykkt fjárlaga.

FRÉTTASKÝRING

Hvað er að gerast í ráðherraskiptum?

Enn er óvíst hvaða breytingar verða gerðar á ríkisstjórninni. Ljóst er að tilkynning um breytingar verður ekki gefin út fyrr en í fyrsta lagi eftir samþykkt fjárlaga, sem koma til þriðju umræðu á þriðjudag. Eins líklegt er að einhverjar vikur séu í breytingar.

Ýmsar hugmyndir hafa heyrst um hvað í vændum sé. Stefnt hefur verið að sameiningu ráðuneyta; að skipta iðnaðarráðuneytinu upp, sameina hluta þess umhverfisráðuneyti í nýju umhverfis- og auðlindaráðuneyti og hluta þess sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneyti í nýtt atvinnuvegaráðuneyti.

Afar hæpið er að í þessar breytingar verði farið til að mæta þeirri kröfu að Jón Bjarnason víki úr ráðherrastóli. Alþingi samþykkti í haust breytingar á lögum um stjórnarráð og þar var tillögu forsætisráðherra um að það væri í hans valdi að sameina ráðuneyti og koma nýjum á fót hafnað. Nú þarf samþykkt Alþingis til þess.

Sá kvittur hefur komist á kreik að vilji sé til þess að færa efnahags- og viðskiptaráðuneytið undir fjármálaráðuneytið. Um það gildir hið sama og hinar breytingarnar; samþykki Alþingis þarf til þess. Allsendis óvíst er að meirihluti sé fyrir slíkum breytingum, ekki síst ef einhverjum verður bolað óviljugum úr ráðherrastólum.

Hvað síðastnefndu hugmyndina varðar virðist hún ekki komin langt. Ljóst er að slíkar breytingar



EFTIR KOSNINGAR Fjölmargar breytingar hafa verið gerðar á ráðherraliði stjórnarflokka. Mennta- og vaxningarmálaráðgjafi hafa verið sameinuð undir einn hatt.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

væru fullkominn viðsnúningur á stefnu ríkisstjórnarinnar svo sem sjá má í stjórnarsáttmálanum:

„Til að tryggja markvissa framkvæmd efnahagsaðgerða stjórnvalda og endurnýja traust á fjármálakerfi landsins mun ríkisstjórnin ráðast í skipulagsbreytingar í stjórnkerfinu, m.a. með stofnun sérstaks efnahags- og viðskiptaráðuneytis.“

Ljóst er að allur dráttur á ákvörðun verður til þess að skapa frekari óróa. Heimildarmenn Fréttablaðsins töldu það ekki til marks um mikinn skörungsskap

hjá formönnum flokka að málið væri í jafn mikilli óvissu og raun ber vitni.

Hugmyndir varðandi aflagningu efnahags- og viðskiptaráðuneytisins sýna, svo ekki verður um villst, að skoðanir eru skiptar innan Samfylkingarinnar, eins og hjá Vinstri grænum. Þær þykja aðför að Árna Páli Arnasyni, enda yrði ráðuneyti hans lagt af. Þá er hægrni armur flokksins í ýmsu orðum leiður á þeim vandræðum sem fylgja stjórnarsamstarfinu og er farinn að velta öðrum kostum fyrir sér.

kolbeinn@frettabladid.is

Styrkir til náms og rannsókna

Orkurannsóknasjóður Landsvirkjunar auglýsir styrki til náms og rannsókna á sviði umhverfis- og orkumála. Til úthlutunar eru 58 milljónir króna.

Styrkir til nemenda í meistara- eða doktorsnámi

Styrkir til efnilegra nemenda sem áforma eða stunda meistara- eða doktorsnám á sviði umhverfis- eða orkumála.

Styrkir til rannsókna á sviði umhverfis- og orkumála

Almenn rannsóknarverkefni á sviði umhverfis- og orkumála. Styrkir eru veittir fyrir hluta þess kostnaðar sem hlýst af vinnu sérfræðinga, þátttöku meistara- og doktorsnema og öðrum útgjöldum.

Sérstaklega er hvatt til umsókna sem stuðla að því að minnka umhverfisáhrif jarðvarmavirkjana með nýtingu eða förgun á gastegundum og afrennslu.

Umsóknareyðublöð og nánari upplýsingar er að finna á www.landsvirkjun.is. Fyrirspurnir má senda á orkurannsaknasjodur@lv.is.

Umsókn ásamt fylgigögnum skal skila rafrænt á orkurannsaknasjodur@lv.is.

Umsóknarfrestur er til 9. janúar 2012. Öllum umsóknum verður svarað og farið með þær sem trúnaðarmál.

Skákmaðurinn Friðrik Ólafsson teflir fjöltefli við efnilega krakka:

Takast á við stórmeistarann

SKÁK Tíu af efnilegustu skákmönnum þjóðarinnar munu tefla fjöltefli við stórmeistarann Friðrik Ólafsson í Hörpu í dag. Uppákoma þessi er á vegum Skákskóla Íslands og Skákakademíu Reykjavíkur.

Helgi Ólafsson, skólastjóri Skákskólans, segir í samtali við Fréttablaðið að krakkanna biði erfitt en skemmtilegt verkefni að tefla við Friðrik.

„Hann er auðvitað stórmerkilegur skákmaður eins og ferill hans sýnir. Hann varð fyrst Íslandsmeistari fyrir tæpum sextíu árum og varð Norðurlandameistari árið eftir. Hann náði hápunkti ferilsins á árunum 1958 til 59 þegar hann komst á áskorendamótið um heimsmeistaratitilinn. Þar mætti hann mönnum eins og Bobby Fischer, sem var þá unglíngur, Tal, Petrosjan og fleirum. Þessir þrír urðu allir síðar heimsmeistarar, þannig að þetta má kalla eins konar gullöld skáklístarinnar.“

Helgi segir Friðrik hafa haft mikil áhrif á sína kynslóð, sem er skipuð mörgum stórmeisturum, en Friðrik sjálfur hafi einnig notið góðs af afrekum íslenskra sporgöngumanna í skákinni.

„Það voru margir góðir skákmenn hér á Íslandi á tuttugustu öldinni en Friðrik er skákmaður



STÓRMEISTARI Friðrik Ólafsson mun mæta tíu efnilegum skákmönnum í fjöltefli í Hörpu á morgun.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

aldarinnar, á því er enginn vafi.“ Fjölteflið hefst stundvíslega klukkan 13 og mun standa í um tvær klukkustundir. Allir eru velkomnir að fylgjast með krökkunum takast á við stórmeistarann.

Geislandi

jólagleði og gjafir

Í Smáralind er mikið úrval af frábærum verslunum og veitingastöðum og spennandi afþreying fyrir alla aldurshópa. Komdu í Smáralind og gerðu öll jólainnkaupin á einum stað og njóttu þess að eiga notalegar stundir í leiðinni.

Við tökum á móti þér í jólaskapi!

Gjafakort
Smáralindar
hin fullkomna
jólagjöf

Fullt af
frábærum
gjafahugmyndum
smaralind.is

 Smáralind



1. Hvaða fjárfestingarfélag átti félagið Rákung?
2. Hvaða land heimsótti Hillary Clinton á fimmtudag og föstudag?
3. Hver fékk Litla fuglinn fyrir stuðning sinn við íslenska tónlist á fimmtudag?

SVÖR

1. Millstone, félag Karls og Steingrims Astvaldsson.
2. Búna. 3. Þorgeir Wernersson.

Verjandi kærði ákvörðun dómara í Héraðsdómi Reykjavíkur til Hæstaréttar: Kröfu um lokað þinghald var hafnað

DÓMSMÁL Dómari Héraðsdóms Reykjavíkur, Arngrímur Ísberg, hafnaði í gær að loka þinghaldi til hlífðar sakborningnum Agné Krataficiuté, sem ákærð er fyrir að hafa veitt nýfæddum syni sínum tvo skurðáverka á andlit með bitvopni og banað honum síðan með því að þrengja að hálsi hans uns hann lést af völdum kyrkingar. Þetta átti sér stað laugardaginn 2. júlí 2011 á vinnustað konunnar, Hótel Fróni í Reykjavík.

Í ákærinni segir enn fremur að þar hafi hún fætt fullburða og lifandi sveinbarn sem síðan fannst



DÓMSALUR Sakborningur ásamt verjanda sínum á leið í dómsal.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

dáði í ruslageymslu í nágrenni hótelsins.

Verjandi konunnar hafði krafist þess að þinghaldið yrði lokað, en dómariinn tekið sér frest til að taka ákvörðun. Hann hefur nú ákveðið að þinghaldið skuli vera opið á þeirri forsendu að ekki séu rök til að víkja frá meginreglunni um að þinghald í sakamálum skuli opið. Öllum sé erfitt að sitja sem sakborningar í þinghöldum og ekki hafi verið færð fram nein rök fyrir af hverju ætti að hlífa þessum sakborningi umfram aðra.

Verjandi konunnar kærði ákvörðunina til Hæstaréttar. - jss

Samkomulag við lögreglu: Suðurgata helst einstefnugata

REYKJAVÍK Suðurgata í Reykjavík verður áfram einstefnugata fyrir akandi umferð til suðurs frá Kirkjugarðsstíg að Skothúsvogi.

Hjólandi umferð verður á sérstökum hjólastíg sem hefur verið afmarkaður austan megin á götunni. Umhverfis- og samgöngusvið Reykjavíkurborgar komst að samkomulagi við lögreglu um lokaframkvæmdir götunnar í gær, að því er fram kemur í tilkynningu frá borginni.

Umferðareyjum verður komið fyrir og merkingar bættar. - sv



HÖFÐATORG Borgin vill gjalddöku í bílakjallaranum.

Gjald í bílakjallara Höfðatorgs: Aðgangsstýring á 20 milljónir

REYKJAVÍKURBORG Framkvæmda- og eignasvið Reykjavíkurborgar ætlar að taka tuttugu milljóna króna lán til að kaupa aðgangsstýrikerfi svo unnt verði að taka gjald í bílakjallaranum undir Höfðatorgi. Borgin ætlar að selja sínu starfsfólki aðgangskort á sama verði og gildir í bílakjallara Ráðhússins.

„Þannig næst meira jafnræði og eins er með þessu framfylgt samgöngustefnu Reykjavíkurborgar varðandi aukna gjaldskyldu á stæðum,“ segir í greinargerð með tillögnum sem borgarráð samþykkti á fimmtudag með fyrirvara um að samkomulag næðist við aðra rekstraraðila Höfðatorgs. - gar

Blönduvirkjun hafði mikil áhrif á bleikjustofna vatna

Eins og búist var við hafa bleikjustofnar á veituleið Blönduvirkjunar látið mjög á sjá. Rannsóknir á svæðinu nýtast afar vel við mat á áhrifum annarra virkjana. Hliðarafurðir rannsókna eru mjög forvitnilegar.

UMHVERFISMÁL Bleikjuveiði á veituleið Blönduvirkjunar er að meðaltali fimm til átta sinnum minni en í viðmiðunarvötnum á sömu slóðum. Fiskurinn er jafnframt mun minni vegna breytinga á æti.

Þetta er meðal niðurstaðna í nýrri skýrslu Veiðimálastofnunar sem þau Guðni Guðbergsson og Eydís Heiða Njarðardóttir eru skrifuð fyrir, en áhrif virkjunarframkvæmdanna hafa verið metin með vöktun bleikjustofna um langt árabíl.

Guðni, sem er sviðsstjóri auðlindasviðs VMST, metur niðurstöðurnar sem svo að þróun lífríkisins sé eins og við var búist. Vitað hafi verið að með virkjunarframkvæmdum yrði breyting. „Rannsóknin miðaði að því að komast að því hvert hið nýja ástand væri,“ segir Guðni.

Við virkjun Blöndu, sem er jökulá, var Blöndulón mynduð árið 1991 en það er um 56 ferkílómetrar að stærð og með þrettán metra miðlunarahæð. Þaðan er miðlað að jafnaði 39 sekúndulítrum af vatni um veituleið sem breytti nokkrum



BLANDA Á YFIRFALLI Sem laxveiðiá breyttist Blanda mikið til batnaðar þegar hún var virkjuð. Nú er oft talað um veiði fyrir og eftir yfirfall í Blöndulóni, en þá lítast Blanda og verður erfið til stangveiða.

MYND/JÓNAS SIGURGEIRSSON

tærum stöðuvötnum í vötn með gegnumstreymi jökulvatns.

Guðni útskýrir að þegar gruggugu jökulvatni sé veitt í tært heiðarvatn nái ljós styttra niður og frumframleiðsla verði minni. „Þegar heil á eins og Blanda

rennur í gegnum þessi vötn verður einnig töluverð útskolun.“

Í skýrslunni kemur fram að fiskmagn varð fljótt mikið í Blöndulóni, en fimm árum eftir myndun þess fór vaxtarhraði bleikju og stærð við kynþroska að minnka.

Þær breytingar sem urðu með tilkomu Blönduvirkjunar hafa í flestu verið svipaðar því sem sést hefur í öðrum miðlunarlönnum með svipaðar aðstæður hér á landi. Þá segir Guðni að þessar niðurstöður geti nýst síðar við að spá fyrir um áhrif framkvæmda á borð við virkjanir, sem sé afar mikilvægt, sérstaklega á tímum þegar allmiklar umræður hafi verið um áhrif vatnaflsvirkjana á lífríki.

Í einu af viðmiðunarvötnum utan veituleiðar, Mjóavatni, hefur verið fylgt með bleikjustofninum frá 1988 og hafa breytingar komið fram í stofnstærð og samsetningu bleikjustofnsins á þeim tíma.

„Það er mjög dýrmætt að hafa þessi gögn, ekki síst á tímum þegar breytingar eru að verða eins og hnattræn hlýnun. Hér höfum við viðmið um hvernig þetta hefur þróast á breytingartímum. Samfelld vöktun lífríkis er afar mikilvæg til þess að nema og skilja breytingar sem verða og til að aðgreina áhrif framkvæmda og náttúrulegra breytinga.“

svavar@frettabladid.is

Þú kemst í samband við jólaandann

Frábær tilboð á snjöllum sínum



64.990 kr. staðgreitt
eða 5.416 kr. á mánuði í 12 mánuði
Fjölskyldu ALIAS fylgir*

Samsung Galaxy W



39.990 kr. staðgreitt
eða 3.333 kr. á mánuði í 12 mánuði
Fjölskyldu ALIAS fylgir* og
2.000 kr. inneign á Tónlist.is

LG Optimus Hub

Þín ánægja er okkar markmið

vodafone.is

* Gildir um önnur birgðir endast.

JÓLASPRENGJA

40%
afsláttur

AF ÖLLU JÓLASKRAUTI
& JÓLASERÍUM

GILDIR LAUGARDAG & SUNNUDAG



OPÍÐ
í Smáralind
til kl. 22 öll
kvöld til jóla

Gildir aðeins 3. og 4. desember.

HAGKAUP
Ein ferð betra verð



KÚRT HJÁ MÖMMU Apyñjan Safíra passar fimm vikna ungan sinn vel í dýragarðinum í Berlín. NORDICPHOTOS/AFP

Íranskir stjórnarereindrekar í London pakka saman og fara heim:

Fleiri refsiaðgerðir samþykktar

BANDARÍKIN Bandaríkjaþing samþykkti í gær refsiaðgerðir á hendur Íran, daginn eftir að Evrópusambandið tók ákvörðun um slíkt hið sama.

Írönsk stjórnvöld hafa verið gagnrýnd fyrir að koma ekki í veg fyrir árás á breska sendiráðið í Teheran í vikunni. Þau hafa einnig verið gagnrýnd fyrir að ætla að koma sér upp kjarnorkuvopnum, eins og segir í nýrri skýrslu Alþjóðakjarnorkustofnunarinnar þótt írönsk stjórnvöld þvertaki fyrir slíkt.

Joe Biden, varaforseti Banda-



FLUTT ÚR SENDIRÁÐI Flutningamaður aðstoðar íranska erindreka við að koma farangri úr húsi. NORDICPHOTOS/AFP

ríkjanna, hvatti enn fremur stjórnvöld í Tyrklandi, þar sem hann var

í heimsókn í gær, til að samþykkja refsiaðgerðir á hendur Íran, og hrósaði Tyrkjum jafnframt fyrir að þrýsta á Bashar al-Assad Sýrlandsforseta með refsiaðgerðum.

Írönsk stjórnvöld virðast hins vegar engar áhyggjur hafa af viðbrögðum Vesturlanda.

Ali Larjani, forseti íranska þingsins, notaði þvert á móti tækifærið og útskýrði fyrir fréttamönnum sögulegar ástæður þess að mörgum Írönnum þykir Bretar hafa farið illa með Íran, og sagði árásina á sendiráðið skýrast af uppsafnaðri reiði landsmanna. - gb

Hert eftirlit í Vesturbænum:

Reyndi að elta uppi dreng

LÖGREGLUMÁL Maður um þriðugt elti ungan dreng á hlaupum í nágrenni við Grandaskóla í Reykjavík á miðvikudag. Að sögn drengsins var maðurinn á rauðum bíl.

Vísir greindi frá bréfi lögreglunnar til skólustjóra Grandaskóla þar sem kemur fram að maðurinn hafi veitt drengnum eftirför eftir göngustíg við Seilugranda. Maðurinn er sagður svarthæður og með svarta skeggbrodda. Lögreglan hefur hert eftirlit í Vesturbænum. - sv

Laus tappi á vatnsbrúsum:

Landsbankinn innkallar brúsa

NEYTENDUR Landsbankinn hefur ákveðið að innkalla alla nýlega drykkjarbrúsa sem merktir eru Sprota. Er þetta gert af öryggisástæðum þar sem í ljós hefur komið að tappi brúsans getur losnað og geti það reynst hættulegt börnum. Um er að ræða litla brúsa í fimm mismunandi litum með svörtum tappa.

Bankanum barst ábending frá viðskiptavini bankans síðdegis í gær og var því strax farið í það í dag að innkalla brúsana. - sv

Landssamband heilbrigðisstofnana segir nýjan Reykjavíkflugvöll óraunsæjan:

Óttast mikla afturför bráðabjónustu

HEILBRIGÐISMÁL Stjórn Landssambands heilbrigðisstofnana telur nálægð Reykjavíkflugvallar við Landspítalann vera mikilvæga vegna sjúkraflugs og bráðabjónustu við landsbyggðina.

„Gæta verður þess þegar nýr Landspítali er byggður að þessi nánú tengsl verði ekki rofin. Hverfi Reykjavíkflugvöllur veldur það mikilli afturför í bráðabjónustu við þá landsmenn sem þurfa að komast til Landspítalans með sjúkraflugi,“ segir í ályktun stjórnarinnar.

Í greinargerð segir stjórnin að árlega séu farin 350 til 400 sjúkraflug til og frá Reykjavík auk ferða þúsunda sjúklinga með áætlunarflugi. Sjúkraflutningar með þyrlum Landhelgisgæslunnar bætist við. „Í sumum tilfellum ræður flutningstíminn á bráðasjúkrahús sköpum í því hvort tekst að bjarga lífi fólks eða ekki,“ segir stjórnin.

Minnt er á yfirlýsta stefnu forsvarsmanna höfuðborgarinnar um að Reykjavíkflugvöllur „verði lagður niður“. Þá muni innanlandsflug flytjast til Kefla-

víkur. „Þetta lengir sjúkraflugið og við bætist erfiður akstur til Landspítalans þegar hver mínúta getur verið dýrmæt. Allt tal um byggingu nýs innanlandsflugvallar nær Reykjavík er óraunsætt og marklaust,“ segir stjórnin. „Það gengur ekki að á sama tíma og byggður er fullkominn nútíma spítali fyrir alla landsmenn verði brugðið fæti fyrir sjúkraflugið með því að leggja flugvöll þess niður og færa þá bráðabjónustu aftur um áratugi.“ - gar



REYKJAVÍK Stjórn Landssambands heilbrigðisstofnana segir „allt tal“ um nýjan flugvöll nær Reykjavík en Keflavíkflugvöllur er vera „marklaust“.

Jólastólar

20-30% af öllum skrifborðsstólum til jóla

<p>Support 28.900,- 21.600,-</p> 	<p>Home Chair 17.900,- 12.900,-</p> 	<p>Veltikollur 39.900,- 31.900,-</p> 	<p>Leather Lux 69.900,- 48.900,-</p> 	<p>TEC 20 39.700,- 31.700,-</p> 
<p>Profi Star 129.900,- 97.400,-</p> 	<p>Open Art 117.800,- 94.200,-</p> 	<p>Bonanza 65.900,- 52.700,-</p> 	<p>Body Balance 39.900,- 31.900,-</p> 	

Smiðsbúð 6, 210 Garðabæ, Sími 564 5040

www.hirzlan.is

Stofnuð 1993 og hefur aldrei farið á hausinn!

Ný könnun í Danmörku:

Þriðji hver Dani haldið framhjá

DANMÖRK Ný könnun leiðir í ljós að þriðji hver Dani hefur verið maka sínum ótrúur einhvern tímann á ævinni. Framhjáhaldið skiptist nokkuð jafnt milli kynja.

Það var Gallup sem gerði þessa skoðanakönnun fyrir blaðið BT en það er hefðbundið fyrir danska fjölmiðla að fjalla um framhjáald á þessum árstíma þegar jólahlaðborðavertíðin er í fullum gangi í Danmörku. Aðrar kannanir hafa sýnt að framhjáald meðal Dana stóreykst á aðventunni enda tækifærin ærin í jólahlaðborðum þar sem ölvun er mikil.

Helsta ástæða framhjáalds hjá körlum er skortur á kynlífi heima fyrir en helsta ástæða kvenna er að fá staðfestingu á því að vera enn eftirsótt í augum karla.



VÍK Samskiptaörðugleikar eru í sveitarstjórninni.

Fulltrúi í sveitarstjórn:

Drottinn blessi Mýrdalshrepp

SVEITARSTJÓRNIR Eva Dögg Þorsteinsdóttir, fulltrúi minnihluta E-lista í sveitarstjórn Mýrdalshrepps, segir forsvarsmenn sveitarfélagsins hafa sýnt sér og þingmönnum Suðurlandskjördæmis óvirðingu á fundi. „Við erum farin að búa við menningu sem einkennist af virðingarleysi og yfirgangi,“ bókaði Eva á fundi sveitarstjórnar og bætti við: „Guð blessi Mýrdalshrepp og samskipti innan hans.“

Sveitarstjóri og meirihluti sveitarstjórnar bókuðu þá mót-mæli við „aðdróttunum um ósæmilega hegðun gagnvart þingmönnum og fulltrúa E-listans“.

OPIÐ TIL KL.
22:00
TIL JÓLA

Tröpputrén komin eðal útiskraut!

Íslensk fura

Jólaball á Spírinni

dansað kringum jólatréð á sunnudag



Helgartilboð

Risa sörur 390kr
Heitt kakó 390kr
með rjóma
Flatkökur 250kr
með hangikjöti



Krakkar

ókeypis inn!

Stekkjastaur og Stúfur halda jólaball á Spírinni
Garðheimum milli kl. 15.00 og 16.00 á sunnudaginn



Inniseriur

Standard inniseriur
perur og díóður
10 til 200 ljósa

20%
afsláttur

TILBOÐ

80 LJÓSA ÚTISERÍUR MARGLITAR

1.490kr

Skreytingarefni
20 % afsláttur



TILBOÐ

Hurðakransar
20 % afsláttur



TILBOÐ

Jólapappír
20 % afsláttur



TILBOÐ

Aðventuljós
3 litir 1.750kr



TILBOÐ

Gjöf sem gefur ávöxt!

Gjafabréf fyrir ávaxtatrjám að vori



Veldu tegundina á gardheimar.is



GARÐHEIMAR

- fjölskyldufyrirtæki í 20 ár!

Stekkjarkakka 6 - Sími 540 3300 - www.gardheimar.is

Lögreglan varar við fjársvikum, þar á meðal „Spænska lotterísvindlinu“:

Fórnarlömb fjársvika kæra oft

LÖGREGLUMÁL Lögreglu hafa borist ábendingar frá erlendum lögreglu-liðum um vaxandi fjölda fjársvika í Vestur-Evrópu sem kölluð eru „Spænska lotterísvindlið“. Fjársvikin ganga út á það að fólk fær send bréf frá Spáni með tilkynningu um að það hafi unnið í happdrætti og gefin eru upp símanúmer og tölvupóstföng til þess að nálgast vinninginn. Er þetta svik náskyld þeim svikum sem kölluð hafa verið „Nígeríusvindli“ hér á landi. Lögreglan ræður fólki eindregið frá því að svara slíkum tilkynningum og alls ekki að freista



STOLIN KORT Oft eru stolin greiðslukort notuð til að reyna að svikja út peninga.

þess að senda peninga á milli landa í því skyni að liðka fyrir því að fá slíkan „vinning“ greiddan út. Auk þessa berast lögreglunni

reglulega kærur þar sem óprúttum aðilum hefur tekist að fá fólk til þess að senda peninga á milli landa á grundvelli ýmissa viðskipta sem síðan reynast blekking ein.

Það sem þessar tilraunir til fjársvika eiga sameiginlegt í flestum tilvikum er það að óskað er eftir því að fjárhæðir séu sendar milli landa í gegnum Western Union, MoneyGram eða sambærileg peningaflutningafyrirtæki, en sjaldnast með SWIFT eins og tryggast er að haga slíkum peningaflutningi.

- jss

Ákærðir fyrir líkamsárás:

Kýldu mann á dansgólfinu


DÓMSMÁL Lögreglustjórinn á Akureyri hefur ákært tvo menn um tvítugt fyrir að ráðast á mann og kyla hann í andlitið.

Atvikið átti sér stað í má síðastliðnum á dansgólfi skemmtistaðarins Kaffi Akureyri. Mönnunum er gefið að sök að hafa slegið fórnarlambið hvort höggið í andlitið, með þeim afleiðingum að hann kinnbeinsbrotnaði og hlaut skurð yfir hægri auga. Faðir þess sem barinn var krefst um 760 þúsunda króna í miskabætur fyrir hönd sonar síns.

- jss



ELDINGU LÝSTUR NIÐUR í Sao Paulo í Brasilíu laust þessari eldingu niður í eitt háhýsa borgarinnar. Sjá má þyrlu á sveimi rétt við eldinguna. FRÉTTABLAÐIÐ/AP



Upp á yfirborðið

Fróðleg og falleg bók fyrir alla um nýjar fornleifarannsóknir



Fornleifastofnun Íslands



RÁÐHÚS REYKJAVÍKUR Óútskýrður launamunur hjá borginni nemur rúmum átta prósentum.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Vilja draga úr yfirvinnu til að jafna laun

Starfshópur á vegum Reykjavíkurborgar leggur til að dregið verði úr yfirvinnu í því skyni að minnka launamun kynjanna. Karlar vinna mun meiri yfirvinnu en konur og fá líka hærri akstursgreiðslur.

REYKJAVÍKURBORG Starfshópur undir forystu borgarfulltrúans Sóleyjar Tómasdóttur um það hvernig útrýma megi kynbundnum launamun hjá Reykjavíkurborg leggur til að dregið verði úr yfirvinnu og vinnuvikan þar með stytta, til að gera borgina að fjölskylduvænni vinnustað.

Rökin fyrir þessu eru þau að líklegra sé að starf karlmansins verði látið ganga fyrir þegar sinna þurfi veiku barni eða öldruðum foreldrum vegna þess að þær hafi lakari laun. Þetta viðhaldi launamun kynjanna og ríkjandi viðhorfum til kvenna á vinnumarkaði og leiði jafnframt til ójafnt vinnuálags kynjanna á heimilum.

Athugun starfshópsins leiddi í ljós að karlar í fullu starfi hjá borginni væru að meðaltali með 8,2 prósentum hærri laun en konur í fullu starfi, eftir að leiðrétt hafði verið fyrir aldri, starfsaldri og starfi. Óleiðréttur er munurinn 13 prósent.

Segir í skýrslunni að mikilvægt sé að skoða hvort tveggja, enda sé óleiðréttur launamunur oft afleiðing af aðstöðumun og mismunum milli kynja, konur eigi til dæmis gjarnan styttri starfsaldur að baki vegna þess að þær taki á sínar herðar ábyrgð á barnauppleldi.

Tvennt kemur sérstaklega til skoðunar varðandi kynbundna muninn: yfirvinna og akstursgreiðslur.

Í ljós kemur að konur í fullu starfi fá ekki nema 53 prósent af yfirvinnugreiðslum karla í fullu starfi og 37 prósent af akstursgreiðslum. Starfshópurinn telur að draga megi úr þessum mun með því að afnema leynd um það á hvaða forsendum aksturs- og yfirvinnugreiðslur byggjast í hverju tilfelli fyrir sig.

Starfshópurinn

- Sóley Tómasdóttir, Vinstri grænum, sem var formaður
- Bjarni Jónsson, Samfylkingunni
- Hildur Sverrisdóttir, Sjálfstæðisflokknum
- Karl Sigurðsson, Besta flokknum

„Leiða má að því líkur að í einhverjum tilvikum hafi föst eða metin yfirvinnu verið notuð til að hækka laun starfsmanna,“ segir í skýrslunni.

„Vegna þessa miklar munar sem úttektin sýnir á yfirvinnu kynjanna er ljóst að mat yfirmanna er í mörgum tilvikum á þá leið að karlmenn sem starfa hjá Reykjavíkurborg þurfi að inna af hendi meiri yfirvinnu en konur sem vinna hjá borginni. Slík ákvarðanatataka tekur greinilega mið af ríkjandi hugmyndum í samfélaginu um karlmann sem yfirvinnu fjölskyldunnar.“

Þá segir að einnig sé mikilvægt að huga að afköstum. „Þar sem konur eru með færri yfirvinnutíma en karlar þá mætti draga þá ályktun að þær ráði við, í meiri mæli en karlar, að ljúka sínum störfum á dagvinnutíma.“

Starfshópurinn leggur til að stofnaður verði aðgerðahópur sem fari í saumana á allri yfirvinnu og akstursgreiðslum hjá borginni og rökstyðji og skilgreini þörfina fyrir vinnuna og aksturinn í hverju tilviki. Því verði þannig fyrir komið að stjórnendur þurfi ávallt að rökstyðja það ef yfirvinnu og akstursgreiðslur breytast.

Þá þurfi að auka áherslu á starfsmat hjá borginni, enda falli mun fleiri karlastörf undir starfsmatið en kvennastörf. stigur@frettabladid.is

GEFÐU LÍFSVON – GEFÐU VATN



Hjálparstarf kirkjunnar

GJÖF SEM SKIPTIR MÁLI

FÓLK ER AÐ DEYJA ÚR HUNGRI Í AUSTUR-AFRÍKU!

Með því að útvega hreint vatn og tryggja fæðu björgum við lífum

Þú getur hjálpað núna með því að greiða valgreiðslu í heimabanka

actalliance

Einnig:

- frjálst framlag á framlag.is
- gjafabréf á gjofsemgefur.is
- 907 2003 styrktarnúmer (2.500 kr.)
- söfnunarreikningur: 0334-26-50886 kt. 450670-0499





GÖNGUGATAN Á AKUREYRI Helmingur Akureyri er hlyntur því að loka fyrir umferð í miðbænum. MYND ÚR SAFNI

Spurt um akstur í Hafnarstræti:

Fleiri hlyntir göngugötu

AKUREYRI Ríflega helmingur Akureyri er frekar eða mjög hlyntur því að banna akstur í Hafnarstræti, eða Göngugötunni svokölluðu. 36 prósent eru frekar eða mjög andvíg banni. Þetta eru niðurstöður könnunar á vegum félagsvísindadeildar Háskólans á Akureyri og greint er frá í Akureyri Víkublaði.

Þar kemur fram að fleiri konur eru hlyntar göngugötu en karlar, eða 55 prósent kvenna á móti 45 prósentum karla. Niðurstöðurnar byggja á 506 svörum við símakönnun sem gerð var um miðjan október. - sv

DÓMSMÁL

Áfram í varðhaldi

Karlmáður á þrítugsaldri hefur verið úrskurðaður í áframhaldandi gæsluvarðhald til 8. desember að kröfu lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu í tengslum við rannsókn hennar á skotárás í austurborginni föstudaginn 18. nóvember.

Merkel útilokar nú allar skyndilausnir

Þýskaland vinnur hörðum höndum að því að fá Evrópusambandið til að mynda formlegt efnahagsbandalag til að tryggja ábyrga fjárlagastjórn. Hafnar sem fyrr sameiginlegri skuldabréfaútgáfu. Sarkozy og Cameron hittust í Frakklandi.

ÞÝSKALAND „Við erum komin á nýtt stig í samhæfingu Evrópusambandsins,“ sagði Angela Merkel Þýskalandskanslari í ræðu á þýska þinginu í gær, þar sem hún lýsti hugmyndum sínum um að styrkja efnahagssamstarf evruríkjanna.

Nýtt efnahagsbandalag evruríkjanna sé nauðsynlegt til að vinna bug á kreppunni og bjarga evrunni, og þetta nýja bandalag fæli í sér strangar fjárlagareglur með refsiakvæðum. Til þess þurfi að gera breytingar á stofnsáttmálum Evrópusambandsins, en þær breytingar verði ekki gerðar í hveli.

„Einfaldar og hraðvirkar lausnir eru ekki til,“ sagði Merkel. „Þetta er ferli, og það ferli mun standa árum saman.“

Hún sagði nánari útfærslur verða kynntar á mánudaginn í næstu viku, þegar hún hittir Nicolas Sarkozy Frakklandsforseta, en stefnt er að afgreiðslu á leiðtogafundi Evrópusambandsins í Brussel um miðja vikuna.

Ráðamenn Evrópusambandsríkjanna eru á stöðugum fundum þessa dagana til að komast að sameiginlegri niðurstöðu, sem gæti styrkt trú fjármálaheimsins á evruna og hjálpað skuldugustu evruríkjunum úr vanda.

Í fyrrakvöld flutti Sarkozy ræðu í Frakklandi, þar sem hann lagði



ANGELA MERKEL Kanslari Þýskalands ítrekar enn á ný andstöðu sína við margvíslegar aðgerðir, sem önnur evruríki hafa viljað grípa til í von um að leysa skuldavandann á evrusvæðinu. NORDICPHOTOS/AFP

áherslu á nauðsyn þess að evruríkin verði að tengjast sterkari böndum til að koma í veg fyrir að skuldabákn þeirra gangi af evrunni dauðri.

„Við verðum að standa fullkomlega saman á móti þeim sem efast um stöðugleika evrunnar og veðja á hrun hennar,“ sagði hann.

Í gær brá David Cameron, forsætisráðherra Bretlands, sér síðan yfir Ermarsundið í heimsókn til Frakklands að ræða við Sarkozy. Bretar hafa nokkra sérstöðu þar sem þeir eru ekki með evru, en

Cameron sagðist standa heilsuhugar að baki því að leysa yrði vandann með því að gera stofnunum evruríkjanna kleift að sannfæra markaði. Einnig þurfi að efla samkeppnishæfni sumra Evrópusambandsríkjanna.

„Reyndar þarf ekki að breyta stofnsáttmálum til þess,“ sagði hann, „en ég stend alveg klár á því að ef gera þarf samningsbreytingar þá mun ég sjá til þess að við verjum og styrkjum hagsmuni Bretlands.“

gudsteinn@frettabladid.is

Réttað yfir Amager-manninum:

Segist saklaus af glæpunum

DANMÖRK Amager-maðurinn svokallaði neitaði fyrir rétti í gær að hafa nauðgað konu á fimmtugsaldri árið 2007. Hann er sakaður um tvö morð og átta nauðganir eða kynferðisárásir í nágrenni við Amager í Kaupmannahöfn á árabílinu 1987 til 2010.

Þrátt fyrir að sönnunargögn, meðal annars lífsýni, bendi eindregið til sektar mannsins, sem er nú 46 ára gamall, hefur hann neitað sök í öllum málunum.

Gert er ráð fyrir að dómur verði upp kveðinn fyrir jól.

- þj

Ákærður fyrir fjárvik:

Sveik út veitingar og stal víni

DÓMSMÁL Lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu hefur ákært mann á þrítugsaldri fyrir að stela mat úr Bónus fyrir nær tíu þúsund krónur og síðan áfengi úr Vínubúð fyrir nær þrjú þúsund.

Þá er maðurinn ákærður fyrir fjárvik, þar sem hann hafi pantað veitingar á matsölu stað en stungið af án þess að greiða fyrir þær. Loks er hann ákærður fyrir að hafa haft tæpt gramm af maríjúana á sér sem lögreglan fann við leit á honum á lögreglustöðinni við Hverfisgötu.

Þess er krafist að maðurinn verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

- jss

Fjármálalæsi - fræðslufundur

Almenningur og hlutabréfakaup - hvað ber að hafa í huga?

Breki Karlsson, forstöðumaður Stofnunar um fjármálalæsi, fjallar um hlutabréfakaup á mannamáli. Hlutabréfakaup eru áhættusöm fjárfesting og því er mikilvægt að kynna sér vel það sem þarf að hafa í huga.

Fundurinn, sem haldinn verður þriðjudaginn 6. desember í höfuðstöðvum Arion banka, Borgartúni 19, hefst kl. 17:30.

Léttar veitingar í boði. **Allir velkomnir**

Skráning á arionbanki.is eða hjá þjónustuveri í síma 444-7000.

Á fræðslufundinum verður farið yfir það sem ber að hafa í huga við kaup á hlutabréfum þar sem fjárfesting í þeim felur í sér áhættu. Ekki verður fjallað um einstök hlutafélög eða útboð á vegum bankans.



Innisería
Verð frá: 225 kr
 Verð áður: 299



Vnr. 88949615-96
 10/20/35/50 eða 100 ljósa, glærar, rauðar, hvítar eða mislitar perur.



Vnr. 88948640/4-5
Slönguljós
 Slönguljós inni eða úti, glær, rauð eða mislit, 11 mm.
Verð frá: 263 kr./lm Verð áður: 349 kr.



Vnr. 88900722-67
Útisería
 Útisería, 40/60/80 eða 120 ljósa, marglit, blá, græn eða rauð.
Verð frá: 863 kr Verð áður: 1.150 kr.



Vnr. 88166260-1
Sería
 MICRO CONN innisería, 50/100 ljósa. Hægt er að tengja fleiri sérur saman.
Verð frá: 967 kr. Verð áður: 1.290 kr.



Vnr. 88900769-83
Innisería
 Díóðusería, 40/100/200 eða 300 ljósa, margir litir.
Verð frá: 1.492 kr. Verð áður: 1.990 kr.




Vnr. 88949201-37
Útisería
 Útisería 20/40 eða 80 ljósa, glær, rauð, eða marglit, perustærð 3,5 cm.
Verð frá: 3.967 kr. Verð áður: 5.290 kr.



Vnr. 88949245-55
Útisería
 Netsería, 100/150/200 eða 360 ljósa, glær eða marglitar.
Verð frá: 3.267 kr. Verð áður: 4.490 kr.



Vnr. 88166657-61
Sería
 Sería, hvítt LED-ljós, 50, 70 eða 100 ljósa. Hægt að tengja saman.
Verð frá: 4.042 kr. Verð áður: 5.390 kr.



Vnr. 88167092-3
Sería
 Sería, ICICLE, 160 ljósa, marglitar eða hvítar.
Verð frá: 4.492 kr. Verð áður: 5.990 kr.



afslá jóla

VERÐU VERÐSAMAN

Jólaleikur BYKO klúbbsins

Dregið daglega

í desember fram að jólum!

Heildarverðmæti vinninga er ríflega **800.000 krónur!**

SJÁ NÁNAR Á WWW.BYKO.IS

Íþróttaálfurinn og Solla Stirða

skemmta Í BYKO Breidd á sunnudaginn kl. 15



Sunnudaginn kl. 15

Latibær® & © 2010 Latibær ehf. Öll réttindi áskilin. Þeir leikarar sem koma fram sem Íþróttaálfurinn og Solla stirða eru samþykktir af Latibæ.

25%



tttur af öllum aseriúm!

IBURÐ! GERÐU VERÐSAMANBURÐ! GERÐU VERÐSAMANBURÐ! GEI

Jólagleði

í verslunum BYKO!

BYKO Breidd

Laugardagur og sunnudagur

Föndurhornið

Höfum opnað föndurhorn fyrir börnin þar sem þau geta búið til jólasbraut eða jólagjafir handa pabba og mömmu eða afa og ömmu. BYKO gefur allt hráefni til föndurgerðarinnar og börnin geta líka pakkað inn jólagjöfunum. Hægt er að velja um nokkra mismunandi hluti til að föndra sem sérfræðingar BYKO hafa séð um að útbúa og taka saman og munu aðstoða börnin í föndrinu.



Jólahlaðborð kl. 11.30 - 14.00
1.290 kr.
börn 12 ára og yngri 800 kr



Uppákomur laugardag

Kl. 13 Flautuhópur skólahljómsveitar Kópavogs
Kl. 15 Álafosskórinn
Kl. 16:30 Harmonikkukvintett

Uppákomur sunnudag

Kl. 13 Klarinetthópur skólahljómsveitar Kópavogs
Kl. 14:15 Álafosskórinn
Kl. 15 Íþróttálfurinn og Solla stírða



BYKO Grandi

Laugardagur og sunnudagur

Uppákomur laugardag

Kl. 13 Álafosskórinn
Kl. 15 Harmonikkukvintett

Uppákomur sunnudag

Kl. 13 Álafosskórinn
Kl. 15 Skuggabaldur, jólalög í jassúsetningu.



OPNUNARTÍMAR UM HELGINA

Laugardagur
Sunnudagur

3. des.
4. des.

Breidd
10-19
11-19

Akureyri
10-16
12-16

Selfoss
10-16
12-16

Grandi
10-18
11-18

Aðra opnunartíma er að finna í BYKO.is

FRÉTTAVIDTAL: Viðbragðshópur vegna netógnar tekur til starfa um áramót

Tilbúinir að slökkva elda í netheiminum

Þjóðir heims eru sífellt að verða meðvitaðri um þá hættu sem stafar af fyrirtækjum og stofnunum í gegnum netið. Undirbúningur nokkurs konar almannavarnateymis í netheiminum er nú langt kominn hér á landi, og stefnt að því að hópurinn taki til óspilltra málanna um áramótin.

Eftir að hafa stungið höfðinu í sandinn árum saman og hundsad þá hættu sem stafar af getur að íslensku samfélagi vegna ógnar á netinu stigu íslensk stjórnvöld stórt skref seint á síðasta ári. Þá samþykkti ríkisstjórnin tillögu innanríkisráðherra um að koma upp sérstöku öryggis- og viðbragðsteymi vegna netárása.

Á því ári sem liðið er hefur verið unnið að undirbúningi fyrir stofnun viðbragðsteymisins. Stefnt er að því að það taki til starfa um áramótin, þó búast megi við því að starfsemin þurfi að slípast talsvert til fyrstu sex mánuðina, segir Þorleifur Jónsson, forstöðumaður tæknideildar Póst- og fjarskiptastofnunar (PFS).

Viðbragðsteymið verður á forsjá PFS, sem hafði um nokkurra ára skeið haft hug á því að stofna slíkan hóp áður en stjórnvöld ákváðu að láta slag standa.

Teymi af þessu tagi eru starfrækt í flestum vestrænum ríkjum, og eru kölluð CERT-teymi. CERT er skammstöfun fyrir enskt heiti slíkra teyma: Computer Emergency Response Team.

Íslenska teymið er kallað CERT-ÍS, og þar munu til að byrja með starfa þrjú sérfræðingar um tölvuöryggismál. Á hinum Norðurlöndunum starfa 12 til 15 manns í sambærilegum hópum.

Almannavarnir á netinu

Verkefni CERT-ÍS má líkja við nokkurskonar almannavarnir í netheiminum, segir Stefán Snorri

Stefánsson, hópstjóri CERT-ÍS hjá Póst- og fjarskiptastofnun. Hópnun er fyrst og fremst ætlað að bregðast við netárás á mikilvæga fjarskiptainviði landsins, en einnig vinna að fyrirbyggjandi vörnum og vinna með erlendum hópum sem starfa á sama sviði.

„Það koma upp mörg netatvik á dag hér á landi, en þau eru mjög mis alvarleg.“ segir Stefán. Hann segir dæmi um atvik sem ekki væri talið mjög alvarlegt að sýkt tölvu hér á landi sé notuð til að senda ruslpóst. Alvarlegt atvik væri til dæmis stórfelld netárás á eitt eða fleiri fjarskiptafyrirtæki.

„Stórfelldar árásir eru ekki algengar hérlandis. En við erum eins og slökkviliðið, það er ekki að berjast við stórbruna á hverjum degi, en við viljum að það sé til staðar með mannskap og tækjabúnað ef á þarf að halda,“ segir Stefán.

Fyrst um sinn mun CERT-ÍS eingöngu sinna fjarskiptafyrirtækjunum, en þegar fram líða stundir verður þeim sem starfrækja það sem kalla má ómissandi innviði samfélagsins boðið að nýta sér aðstoð hópsins, segir Stefán. Til að af því geti orðið þarf Alþingi að samþykkja breytingar á fjarskiptalögum og lögum um Póst- og fjarskiptastofnun þar sem CERT-hópnun eru mörkuð verkefni.

Hann segir dæmi þetta orkufyrirtækin, stofnanir sem sinni heilbrigðisþjónustu og fjármálastofnanir. Áður en hægt verður að sinna öðrum er fjarskiptafyrirtækjunum þarf þó að koma til aukið fjármagn til að stækka CERT-teymið.

Þorleifur segir að til greina komi að þau fyrirtæki og stofnanir sem þurfi að nýta sér þjónustuna greiði fyrir aukinn kostnað við CERT-teymið, á sama hátt og fjarskiptafyrirtækin.

Þurfa ekki að vera í skotlínum

Margvíslegar hættur blasa við þegar netið er annarsvegar. Hægt er að gera hnitmiðaðar árásir á fyrirtæki eða stofnanir í gegnum netið, annað hvort í þeim



TÖLVUÖRYGGI Þorleifur Jónsson (til vinstri) og Stefán Snorri Stefánsson hafa unnið að undirbúningi að stofnun viðbragðshóps vegna netógnar innan Póst- og fjarskiptastofnunar undanfarið ár.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

tilgangi að skemma, eða til að stela upplýsingum. Stefán segir stuld upplýsinga sífellt alvarlegra vandamál í netheiminum.

Þá er komin fram ný kynslóð veira sem beinast gegn iðnstýringum sem stýra vélum í iðnaði, samgöngum og við orkuöflun. Til dæmis róbótum í verksmiðju eða túrbínunum í orkuveri. „Þetta er það sem menn eru verulega hræddir við, þetta er ein ástæðan fyrir því að ríki eins og Bretland eru að auka verulega fjármagn sem fer í viðbrögð við netárásun,“ segir Stefán.

Hann segir íslenskar stofnanir eða fyrirtæki ekki þurfa að vera í skotlínum til að lenda í tjóni vegna tölvuárása. Dæmi gæti verið tölvuvírus sem einhver hannaði til að skemma orkuver í einhverju landi, sem fyrir tilviljun notaði sama búnað og orkuver á Íslandi.

Hætta á gríðarlegu tjóni

Fjárhagslegt tjón sem getur hlotist af netárás á fjarskiptafyrirtæki getur verið gríðarlegt, segir Stefán. Fyrir utan annan kostnað getur traust almennings og fjárfesta á fyrirtæki sem verður fyrir alvarlegri árás laskast verulega, og gengi hlutabréfa lækkað í kjölfarið.

Stefán segir bein tengsl milli þeirra fjármuna sem settir eru í netvarnir og möguleikum netvarnanna til að takmarka tjón þess sem verði fyrir árás. Póst- og fjarskiptastofnun fær 30 milljónir króna til að reka CERT-teymið, en sú upphæð er dropi í hafið í samanburði við það tjón sem getur hlotist af tölvuárás á fjarskiptafyrirtæki, fyrirtæki í orkuframleiðslu eða fjármála-fyrirtæki.

Kostnaður við íslenskt CERT-teymi var áætlaður um 45 millj-

ónir króna á ári að lágmarki fyrir hrún. Nú þegar tölvubúnaður og ferðalög hafa hækkað í verði með gengisfellingu krónunnar hefur sú tala hækkað.

„Auðvitað væri betra að hafa meira fjármagn í starfsemin, en við gerum okkar besta miðað við hvað við höfum til umráða,“ segir Stefán.

„Við skulum heldur ekki gera lítið úr því að ríkisstjórnin tók mjög mikilvæga ákvörðun fyrir ári síðan, þegar hún ákvað að setja þetta verkefni í gang,“ segir Þorleifur. „Það er meira en að segja það í miðri kreppu.“

Brjann Jónsson
brjann@frettabladid.is



Styðja öryggishópa fyrirtækja

Starfsmenn CERT-ÍS munu ekki sitja sveittir við tölvur og berjast með tölvukóðum gegn óvinveittum hökkurum, eins og einhver gæti ímyndað sér eftir ótæpilegt magn Hollywood-kvikmynda um hakkara.

Sé gerð netárás á íslenskt fjarskiptafyrirtæki munu starfsmenn hópsins ráðleggja sérfræðingum fjarskiptafyrirtækisins, en ekki fara inn í tölvukerfi þeirra til að bregðast við árásinni, segir Stefán.

„Við munum ekki taka yfir ábyrgðina á upplýsingaöryggi þessara fyrirtækja,“ segir Stefán.

„Við erum að styðja við netöryggishópa fyrirtækjanna, en ekki koma í staðinn fyrir þá. Við munum þvert á móti ýta undir að þeir verði styrktir, og munum gera ríkar kröfur til þeirra sem reka ómissandi upplýsingainviði um þekkingu, tæknibúnað og fleira,“ segir Þorleifur.

Íslenski hópurinn mun einnig hafa samskipti við erlenda hópa, enda upplýsingaflæði í sibreytilegum heimi tölvuheimsins afar mikilvægt.

Þá mun hópurinn taka þátt í alþjóðlegum æfingum, segir Þorleifur. Líklegt er að haldnar verði sérstakar æfingar hér á landi. Þær mætti halda með sambærilegum hætti við stórslysæfingar á öðrum sviðum, með því að sviðsetja tölvuárás á fjarskiptafyrirtæki, orkufyrirtæki eða annað fyrirtæki sem sinnir mikilvægru þjónustu.

KPMG

cutting through complexity

MORGUNVERÐARFUNDUR

Viltu verða stjórnarmaður?

Kynning á hlutverki og ábyrgð stjórnarmanna

6. og 7. desember | kl. 8:30

6. desember er fjallað um lestur og greiningu ársreikninga.

7. desember er fjallað um skil á sköttum og öðrum opinberum gjöldum, farið yfir upplýsingaskyldu gagnvart stjórnvöldum og opinberum eftirlitsaðilum.

Skráning fer fram á kpmg.is



TOYSRUS

IT DOESN'T GET BIGGER THAN THIS!



POLARIS
LICENSED MERCHANDISE

SKANNAÐU MYNDINA MEÐ
SNJALLSÍMANUM ÞÍNUM



5.999

SPARIÐ 1.000

471398
**POLARIS
SUMMIT SURFER**
Venjulegt verð
6.999

24.999

SPARIÐ 5.000

NÝTT

NÝTT

471399
POLARIS RUSH SNOW MOTO
Með fjöðrun. Hægt er
að stilla stýrishandföng
í 3 hæðarstöður.
Venjulegt verð 24.999
Verð í jólabækling 19.999

471397
POLARIS SNOW MX
Venjulegt verð
29.999

14.999

SPARIÐ 5.000

NÝTT

EINGÖNGU
LAUGARDAGINN
3. DESEMBER

WWW.TOYSRUS.IS

Tilboðin eiga aðeins við um 3.12.2011. Verðin eru með virðisaukaskatti.
Fyrirvarar eru gerðir við mögulegar prentvillureða uppselda vöru.

Fag- og hagkvæmnisjónarmið eiga að ráða staðsetningu nýs fangelsis, ekki byggðapólitík.

Úr fangelsi kjördæmapotsins

Aform um nýtt fangelsi á höfuðborgarsvæðinu, sem verið hefur á teiknborðinu í ýmsum myndum í hálföld án þess að rísa nokkurn tímann, lentu enn í uppnámi í vikunni. Að þessu sinni vegna þess að stjórnarmeirihlutinn í fjárlaganefnd Alþingis, undir forystu Sigríðar Ingibjargar Ingadóttur, hafði efasemdir um að fangelsið sem áformað er á Hólmsheiði ætti að verða jafnstórt og stefnt hefur verið að. Fjárveiting til að ljúka hönnun þess var því í óvissu, en Fréttablaðið segir frá því í dag að líkast til náist lending í málinu.

SKOÐUN

Ólafur P. Stephensen
olafur@frettabladid.is



Meirihlutinn í fjárlaganefnd virtist hafa vit sitt úr meirihluta allsherjar- og menntamálanefndar, en í umsögn um fjárlagafrumvarpið til fjárlaganefndar lýsti hann miklum efasemdum um fangelsisbygginguna á Hólmsheiði, vildi minni framkvæmd á höfuðborgarsvæðinu en hins vegar byggja nýja öryggisálmu með því sem henni tilheyrir við fangelsið á Litla-Hrauni.

Þessi afstaða gengur þvert á allar niðurstöður Fangelsismálastofnunar og innanríkisráðuneytisins, þar sem málið hefur verið í undirbúningi árum saman. Hún kemur hins vegar ekki sérstaklega á óvart.

Formaður allsherjar- og menntamálanefndar er Björgvin G. Sigurðsson, sem undanfarið hefur ástundað óskammfeilið og grímulasta kjördæmapot, meðal annars í umræðum um flutning réttargeðdeildar frá Sogni á Klepp, hugsanlegan flutning Landhelgisgæzlunnar til Suðurnesja og byggingu nýs fangelsis. Þingmaðurinn hefur borið brigður á alla útreikninga og röksemdir sem leiða til annarrar niðurstöðu en þeirrar að viðkomandi starfsemi væri bezt komin í Suðurkjördæmi.

Stundum hefur ákafinn hlaupið með þingmanninn í gönur, eins og þegar hann sakaði innanríkisráðherrann um að hafa lekið í Fréttablaðið upplýsingum um aukakostnað sem því fylgdi að byggja frekar á Litla-Hrauni en á Hólmsheiði. Þessar háleynilegu upplýsingar voru úr minnisblaði Deloitte, sem þá hafði verið aðgengilegt á heimasíðu innanríkisráðuneytisins í átta mánuði.

Það er alveg sjálfsagt að þingnefndir kalli eftir ýtarlegum upplýsingum um mismunandi valkosti þegar fé almennings er ráðstafað. Það á líka við í þessu máli. Tvennt skiptir hins vegar miklu máli þegar tekin er ákvörðun um að veita fé til hönnunar nýs fangelsis.

Annars vegar að málið tefjist ekki frekar en orðið er. Ástandið í fangelsismálum er algjörlega skelfilegt og felur í sér margvísleg mannréttindabrot. Það verður alls ekki umflúið að koma byggingu nýs fangelsis á rekspöl og varla er hægt að taka mark á röksemdum um að 56 pláss séu of mörg, þegar hátt á fjórða hundrað manns bíða boðunar í afplánum.

Hins vegar að fagleg sjónarmið, þar á meðal um rekstrarhagkvæmni, ráði för við ákvörðunina. Það er fullkomlega óþolandi hvernig þingmenn, fyrst og fremst þeir sem sitja á þingi fyrir Suðurkjördæmi, hafa komizt upp með að stilla málinu upp sem spurningu um atvinnu á Suðurlandi. Það er þess vegna full ástæða til að fagna því að þingheimur hafi áorkað að brjótast út úr fangelsi kjördæmapotsins, sem hefur verið undirrót svo margra vitlausra ákvarðana.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFLAG: 365 miðlar eht. STJÓRNARFORMAÐUR: Ingibjörg S. Pálmadóttir FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI: Ari Ewald RITSTJÓRI: Ólafur P. Stephensen olafur@frettabladid.is AÐSTODARRITSTJÓRI: Steinunn Stefánsdóttir steinunn@frettabladid.is Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871

FRÁ DEGI TIL DAGS

Sótt í söguna

Guðni Ágústsson er hamrammur þegar svo ber undir. Fáum er betur gefið að sækja í fornsögurnar máli sínu til stuðnings og oft og tíðum er eins og Guðni sé ekki þessa tíma; hann eigi að spóka sig um með hjálm og skjöld um bleika akra og slegin tún. Eins og slíkum manni sæmir sækir Guðni í fortíðina í líkingum sínum og vill meina að „aðför“ að Jóni Bjarnasyni minni mest á Jón Arason, síðasta kápólska biskupinn, „sem galt skoðana sinna sem píslarvottur einn haustdag í Skálholti og dó fyrir kóngsins mekt“. Svo mörg voru þau orð.

Jón og séra Jón

En hvað gerði Jón Arason? Jú, í stuttu máli má segja að samþykkt hafi verið að taka upp lútherskan sið á Íslandi. Jón var mikill höfðingi og hafði her manns. Í krafti þeirrar stöðu sinnar þráðist hann við réttmætu valdboði og fór í vonlausu uppreisn og lét lífið á höggstokknum.

Hvort Jón Bjarna kann Guðna þakkir fyrir samanburðinn skal ósagt látið.



„Sleeper“ sögunnar

„Sleeper“ er hugtak yfir njónsara sem plantað er komið er fyrir í óvinalandi. Þar leynist hann árum og stundum áratugum saman áður en hans innsta eðli brýst út og hann hefur undirröðurstarfsemi fyrir sinn sanna herra. Björn Bjarnason hefur nú fundið einn slíkan „sleeper“, nefnilega Svandís Svavarsdóttir. Hann upplýsir á síðu sinni að þræðir kommúnista liggja í innsta valdakjarna Vinstri grænna. Það megi meðal annars sjá á því að Svandís gekk í Leikskóla í Austur-Þýskalandi. Stasi stendur sig greinilega vel.

kolbeinn@frettabladid.is

SPOTTIÐ



Allir tapa

Lífeyrissjóðir



Arnaldur Loftsson
Framkvæmdastjóri Frjálsa lífeyrissjóðsins

Halldór Kristinsson
Framkvæmdastjóri Íslenska lífeyrissjóðsins



Gunnar Baldvinsson
Framkvæmdastjóri Almenna lífeyrissjóðsins

Haraldur Yngvi Pétursson
Rekstrarstjóri séreignarsjóðsins Lífeyrisauka

Stjórnvöld hafa lagt til að heimildir launþega til greiðslu á frádráttarbæru iðgjaldi til viðbótarlífeyrissparnaðar lækki úr 4% af launum í 2%. Rökin fyrir þessari tillögu eru að þannig muni neysla aukast og þá um leið hagvöxtur. Meginástæðan fyrir tillögunni er þó sú að með þessari aðgerð aukast tekjur ríkissjóðs til skamms tíma um 1,4 milljarða eða 0,3% af heildarskatttekjum næsta árs.

Með tillögunni er horft fram hjá þeirri staðreynd að þörfin fyrir viðbótarlífeyrissparnað hefur aldrei verið meiri en núna. Mannfjöldaspár gera ráð fyrir gerbreyttri samsetningu þjóðarinnar og því breyttu þjóðfélagi á næstu áratugum með auknu vægi lífeyrisþega. Í dag eru til dæmis rúmlega fimm vinnandi einstaklingar á móti hverjum lífeyrisþega en eftir 20 ár er því spáð að þeir verði þrjár og eftir 40 ár aðeins tveir. Af þessu leiðir að í framtíðinni verða mun færri sem greiða skatta af atvinnutekjum til að fjármagna samneysluna, á sama tíma og velferðarkerfið þarf að vaxa með fjölgun lífeyris-

þega og hækkandi lífaldri þeirra.

Kosturinn við viðbótarlífeyrissparnað er að einstaklingar ráða því sjálfir hvort þeir nýta sér hann til að búa í haginn fyrir framtíðina. Þegar kreppir að geta þeir hætt tímabundið með sparnaðinn og byrjað svo aftur þegar svigrúm eykst á ný. Allir hagnast ef einstaklingar geta nýtt sér þessa heimild. Einstaklingurinn sjálfur fær hærri eftirlaun, ríkið fær skatta af eftirlauninum og þörfin fyrir opinberan stuðning verður minni. Það myndi lýsa mikilli skammsýni ef ríkið gripi nú til þess ráðs að minnka heimildir til sparnaðar til að auka tekjur til skamms tíma. Með því er einnig vegið að kerfi sem tekist hefur að byggja upp frá árinu 1999. Inngrip af þessu tagi eru óheppileg þegar kemur að sparnaði og það er óvíst að einstaklingar byrji aftur að spara þó svo að heimildir verði auknar á ný.

Vonandi bera þingmenn gæfu til að hafna tillögu stjórnvalda um að minnka heimildir til viðbótarlífeyrissparnaðar. Það er öllum fyrir bestu.

Þorsteinn Pálsson er í tímabundnu leyfi frá Kögunarhólsskrifum.

AÐVENTUKVÖLD FRÍKIRKJUNNAR VIÐ TJÖRNINA



Hugljúf og skemmtileg jólastemning.
Sunnudagskvöld 4. desember kl. 20.

Hinn ungi og hæfileikaríki kór Fríkirkjunnar býður upp á fjölbreytta tónlistardagskrá, undir stjórn Önnu Sigríðar Helgadóttur söngkonu og við undirleik Aðalheiðar Þorsteinsdóttur organista.

Ræðumaður kvöldsins er Þráinn Bertelsson, rithöfundur og þingmaður.

Prestarnir Séra Hjörtur Magni og Séra Bryndís stýra dagskránni og flytja ritningalestur.

Hefðbundinn aðventuguðspjónusta kl.14.

Allir hjartanlega velkomnir.

BOSS
HUGO BOSS

SAND

strellson

eterna

VAN KOLLEM
MADISON PARK • NY

gardeur®

HUGO
HUGO BOSS

GANALI

PETER VAN HOLLAND

POLO
RALPH LAUREN

FINUCCI
collezione

bugatti

MARRUN

LLOYD

BELLINI
collezione



Herra
Lagerinn
outlet

Lika fyrir konur

**Troðfull
verslun af
merkjavöru!**

30-70%

**afsláttur af öllum
herravörum**

60%

**afsláttur af öllum
barnavörum frá**

ENGLABÖRNIN

Falleg fót á stelpur og stráka...

70%

**afsláttur af öllum
kvenvörum**

OPIÐ VIRKA DAGA
FRÁ KL. 11 TIL 18
LAUGARDAGA
FRÁ KL. 11 TIL 17
S'JNNUDAGA
FRÁ KL. 13 TIL 17

SÍMI 568 9512 SUÐURLANDSBRAUT 54 BLÁU HÚSIN (VIÐ FAXAFEIN)

Jólin í Betra Bak!

Opið
alla helgina!

Tempur® heilsukoddar



15.885
með 20%
afsl.

Original heilsukoddanum mælum við sterklega með fyrir þá sem þurfa á sérstökum stuðningi að halda. Styður við mænu og hrygg til að veita þér fullkomna næturhvíld.



EXTRA
MJÚKUR

19.900
Jólatilboð

Comfort heilsukoddinn er úr TEMPUR® ES (Extra Soft) efni og veitir einstakt jafnvægi í mýkt og stuðningi. Þú verður að prófa þennan!



Heilsuinniskór



Aðeins
3.900,-

Vinsælasta jólagjöfin í Betra Baki. Inniskór sem laga sig að fætinum og dreifa þyngd jafnt undir allt fótasvæðið.

Sendum frítt út á land - betrabak.is

Parið kr. 3.900,-
2 pör kr. 6.980,-
3 pör kr. 9.990,-



Stillanleg heilsurúm



Aðeins
19.550,
á mánuði*

Stillanlegu heilsurúmin sem Betra Bak býður uppá eru ein þau vönduðustu sem í boði eru. Komdu og skoðuðu möguleikana!

Jólatilboð
Verðdæmi

2 x 90x200
kr. 569.000,-

TEMPUR Original eða
- Cloud heilsudýna.

Charlotte & Julien
Dream your world™

*Meðalgreiðsla miðað við raðgreiðslur í 36 mánuði.

Skoðu nýja Tempur® bæklinginn á betrabak.is

Jólagjöf



Chiro Collection heilsurúm



20% afsláttur

af Chiro Deluxe og Chiro Royal heilsudýnum og rúmum !

Chiro heilsudýnan er uppbyggð til að veita hámarksslökun og hvíld í svefni. Gormakerfið er stífar á mjaðmasvæði og mýkra á axlasvæði.

Sjá nánar á betrabak.is

Jólatilboð

Verðdæmi

160x200
kr. 177.520,-

Miðast við Deluxe með tauklæddum botni.


Sængin sem breytir öllu !



100% gæsadúnn
140x200

Jólatilboð kr. 37.900,-

Dúnsæng með byltingakenndu efni sem heitir Outlast®. Efnið var upphaflega þróað fyrir búninga geimfara NASA, geimvísindastofnunar Bandaríkjanna, og veitir einstaka hitajöfnun yfir nóttina.



TempraKON dúnsokkar

Fyrir kaldar tær!
Ótrúlega vinsæl
jólagjöf!



Astma-Allergi Forbundet

Til í hvítu og svörtu

Kr. 5.990,-

TempraKON®



Opið virka daga frá kl. 10-18

Laugardag frá kl. 11-17

Sunnudag frá kl. 13-17



Leggur grunn að góðum degi

betrabak@betrabak.is • www.betrabak.is

Faxafeni 5, Reykjavík • Sími 588 8477

Skeiði 1, Ísafirði • Sími 456 4566

AF NETINU

Kastljós á Bjöggana

Kastljósið er með góða spretti í rannsóknablaðamennsku. Nánari upplýsingar um fjárglæfra Bjögganna reynast vera mesti reyfari jólavertíðarinnar. Veldi þeirra byggist á stolnu brugghúsi í Sankti Pétursborg. Fór þaðan um spillta Búlgaríu til Actavis og Landsbankans á Íslandi. En sagan er lengri en þetta. Ævintýralegt er, hvernig feðgarnir sneru forustumönnum Sjálfstæðisflokksins um fingur sér, einkum Geir H. Haarde. Bjöggarnir og Flokkurinn voru tífandi tímasprengja. Makalaust er að sjá, hvernig tengslí stjórnmála og viðskipta gátu framkallað blöðru, sem sprakk framan í þjóðina í októberbyrjun 2008.

jonas.is

Jónas Kristjánsson

Byggðamál í höndum stjórnenda HSU

Það að viðunandi heilsugæsla sé til staðar getur vel verið ein af forsendum þess að barnafjölskylda ákveði að flytjast í ákveðið byggðarlag. Ég velti því fyrir mér hvort lýðræðislega kjörnir fulltrúar á Alþingi telji það ekki vera sitt hlutverk að taka stefnumarkandi ákvarðanir um velferð fólks og byggðir í landinu. Stjórnendur heilbrigðisstofnana hafa það hlutverk að láta rekstur stofnana ganga upp miðað við fjárveitingar. Ég veit að stjórnendur stofnana gera sitt besta og ég vænti ekki meira af þeim. Þeir horfa hins vegar aðeins á excel skjalíð á meðan kjörnir fulltrúar eiga að horfa á stærri mynd og samfélagsleg áhrif ákvarðana. Þannig kaus ég ekki stjórnendur HSU til að taka ákvarðanir í byggðamálum og velferðamálum til þess kaus ég fulltrúa á Alþingi.

blogg.smugan.is/disuarmur

Arndís Soffía Sigurðardóttir

Tími óðagotsins er liðinn

Heilbrigðismál

Ingimar Einarsson

Ráðgjafi um stefnumótun í heilbrigðismálum



Undanfarin ár hefur athygli margra frumkvöðla á sviði heilbrigðisvísinda og velferðar beinst að alþjóðavæðingu heilbrigðisþjónustunnar. Fólk hefur ekki aðeins sjálft leitað sér í vaxandi mæli lækninga og heilsuþótar utan síns heimalands, heldur hafa borgarar í mörgum ríkjum heims nú þegar lögbundinn rétt til að sækja sér heilbrigðisþjónustu til annarra landa, hafi þeir beðið í tiltekinn tíma eða ef ekki er unnt að veita þeim þjónustu heima fyrir. Margir hafa séð í hillingum alþjóðlegan heilbrigðismarkað þar sem þúsundir leiti sér lækninga á þeim stöðum sem það væri faglega sem fjárhagslega hagstæðast.

Stærð markaðar

Það vekur athygli að í greinum og úttektum um stærð þessa alþjóðmarkaðar er engin samstaða um lykiltölur. Hinir bjartsýnustu telja að fjöldi þeirra sem leiti sér lækninga erlendis í heiminum í dag sé árlega á bilinu 30-50 milljónir manna. Aðrir telja að hér sé um ofmat að ræða og hinn raunverulegi fjöldi sé um þessar mundir á bilinu 60-85 þúsund sjúklingar. Ræður þar vafalaust miklu við hvaða skilgreiningar er stuðst. Í nýrri skýrslu OECD – „Medical

á hilluna, óvissa ríkir um framtíð tveir bandarískir sérfræðingar, Jerome Mee og Mark Quigley, frá ráðgjafafyrirtækinu ATLANTIC GROUP í Houston, Texas. Þeir kynntu sér m.a. áform um uppbyggingu heilbrigðisþjónustu fyrir erlenda sjúklinga og í skýrslu þeirra um heimsóknina kemur fram að íslensk heilbrigðisþjónusta eigi helst möguleika á því að hasla sér völl á alþjóðavísu á sviðum þar sem Íslendingar geti sýnt fram á að hafa náð árangri, t.d. á sviði hjartalækninga og bæklunarlækninga. Ein meginforsenda þess að starfrækja árangursríka heilbrigðisþjónustu fyrir erlenda aðila væri sú að hún byggði á grunni þeirrar starfsemi sem fyrir er í landinu og hefði unnið sér tiltrú og traust innanlands sem utan. Sú niðurstaða þeirra felur í sér að Landspítalinn hljóti að verða þungamiðjan í uppbyggingu og þróun alþjóðlegrar spítalaþjónustu á Íslandi. Auk þess má gera ráð fyrir að aðilar eins og Læknastöðin Orkuhúsið muni í krafti reynslu og faglegs árangurs á sviði bæklunaraðgerða geta lagt sitt lóð á vogarskálarnar.

Raunsæri nálgun

Svo virðist sem þeir frumkvöðlar, sem hafa ætlað að byggja upp sjúkrahúsþjónustu fyrir útlendinga



Sjúkrahússtarfsemi fyrir erlenda borgara verður að uppfylla yftrú gæða- og öryggiskröfur.

Tourism: Treatments, Markets and Health System Implication: A scoping review.“ – segir að ekki verði skorið úr þessu fyrr en öll útgjöld vegna þjónustu við erlenda borgara verða tekin upp í reiknisskilakerfi þeirra SHA – „System of Health Accounts.“ (OECD, 2011). Þó eru menn sammála um að þessi markaður muni fara stækkandi á næstu árum og áratugum.

Inn á sviðið

Heilbrigðisstofnanir á Íslandi hafa þegar byrjað að feta sig inn á alþjóðlegan heilbrigðismarkað. Enn eru þó fleiri íslenskir sjúklingar sem leita sér lækninga erlendis en þeir erlendu sjúklingar sem gangast undir meðferð á sjúkrahúsum hér á landi. Utan sjúkrahúsanna hafa það einkum verið augnlæknastöðvar og tæknifjórðunarstöðin ART Medica sem hafa haslað sér völl í þjónustu við erlenda viðskiptavini.

Jafnframt hafa ýmsir aðilar erlendir sem innlendir unnið að því að koma á laggirnar einkasjúkrahúsum og tannlæknastofum fyrir erlenda borgara á Íslandi. Þar er helst að nefna Lava Clinic í gamla hersjúkrahúsinu á Keflavíkflugvelli, PrimaCare í Mosfellsbæ og tannlæknastofuna Nordic Smile í Reykjavík. Forsvarsmenn þessara aðila hafa einkum nefnt að þau muni sérhæfa sig í liðskiptaáðgerðum í hné og mjöðm ásamt aðgerðum vegna offitu og sérhæfðri endurhæfingu. Þau áform hafa sennilega í tilvikum Lava Clinic verið lögð

á Íslandi, hafi ekki alveg tekið réttan pól í hæðina. Sjúkrahússtarfsemi fyrir erlenda borgara verður að uppfylla yftrú gæða- og öryggiskröfur og jafnframt verður sú heilbrigðisþjónusta sem veitt er á hverju sviði fyrir sig að byggja á sannreindri hæfni og traustu orðspori. Bandarísku læknasamtökin ráðleggja til dæmis þeim sem leita sér lækninga erlendis að kanna vel hvort viðkomandi stofnun uppfylli kröfur vottunaraðila eins og Joint Commission International (JCI) og aflagi jafnvel upplýsinga um viðkomandi lækna og árangur þeirra. Það virðist því nokkuð viðvansleg nálgun að ætla að reisa eða innrétta sjúkrahús á metfima og reka það svo aðallega með verktakalæknum erlendis frá.

Í stað þess að ana af stað í óljós verkefni þarf að hugsa heilbrigðisþjónustu fyrir erlenda borgara sem þátt í framtíðarstefnumótun og skipulagi íslenska heilbrigðiskerfisins. Hér þarf að hugsa í áratugum en ekki aðeins í fáeinum mánuðum eða misserum. Sömu leiðis er mikilvægt að læknar og aðrir heilbrigðisstarfsmenn fái tækifæri til þess að taka virkan þátt í uppbyggingu alþjóðlegrar heilbrigðisþjónustu á Íslandi. Þegar hefur náðst töluverður árangur í markaðssetningu íslenskrar heilbrigðisþjónustu í Færeyjum og á Grænlandi og ef vel gengur að byggja upp gott orðspor eru alþjóðleg verkefni örugglega handan við hornið.

Sendið okkur línu

Fréttablaðið og Vísir hvetja lesendur til að leggja orð í belg um málefni liðandi stundar. Greinar og bréf skulu vera stutt og gagnorð, að hámarki um 4.500 tölvuslög með bilum. Aðeins er tekið við yfirlausnum og villulausnum texta. Greinahöfundar eru beðnir að hafa í huga að því styttri sem greinin er, þeim mun líklegri er að hún fái skjóta birtingu.

Eingöngu er tekið við raunverulegum umræðugreinum, en ekki greinum sem eru fyrst og fremst kynning á til dæmis fyrirtæki eða félagasamtökum, ráðstefnu eða átaki. Tekið er á móti efni á netfanginu greinar@frettabladid.is eða á vefsíðu Vísis, þar sem finna má nánari leiðbeiningar. Ritstjórn ákveður hvort efni birtist í Fréttablaðinu eða á Vísí eða í báðum miðlum að hluta eða í heild. Áskilinn er réttur til leiðréttinga og til að stytta efni.

Gallerí Fold · þekkt fyrir trausta þjónustu

Jólauppboð
í Gallerí Fold

Helgi Þorgils Fríðjónsson

mánudaginn 5. desember, kl. 18, í Gallerí Fold, á Rauðarárstíg

Á uppboðinu verður gott úrval verka samímalistamanna svo og fjöldi frábærra verka gömlu meistaranna.

Verkin verða sýnd laugardag 11–17, sunnudag 12–17, mánudag 10–17

Hægt er að skoða uppboðsskrána á myndlist.is

Rauðarárstígur 14 · sími 551 0400 · www.myndlist.is

Gæði í starfsmenntun
og framhaldsfræðsluMorgunfundur 9. desember 2011,
Icelandair Hótel Reykjavík Natura

Dagskrá:

08:00	Skráning og morgunverður
08:15	Opnun ráðstefnunnar, Ólafur Grétar Kristjánsson deildarsérfræðingur hjá mennta- og menningarmálaráðuneyti
08:30	Gæðastarf og gæðakerfi; kynningar íslenskra fræðsluaðila: Markvisst vinnustaðanáam Helen Williamsdóttir Gray, forstöðumaður starfsmenntadeildar hjá IÐUNNI fræðslusetri EQM, European Quality Mark; gæðakerfi framhaldsfræðsluaðila Örn Alexandersson M.Ed., sérfræðingur hjá BSI á Íslandi Gæðakerfi og -starf í Menntaskólanum í Kópavogi Helene Pedersen, fagstjóri hjá Menntaskólanum í Kópavogi Hvað finnst notendum um gæði náms- og starfsráðgjafar? Andrea Dofradóttir, verkefnisstjóri hjá Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands Gæðastarf hjá Þekkingarneti Þingeyinga Helena Eydís Ingólfssdóttir, sviðsstjóri hjá Þekkingarneti Þingeyinga
09:45	Kaffihlé
10:15	Potential synergies between the European instruments promoting lifelong learning Tormod Skjerve, aðalráðgjafi hjá Virke, Noregi
11:15	Hópastarf: Reynsla og framtíðarsýn við innleiðingu gæðakerfa Hróbjartur Árnason, lektor hjá Menntavísindasviði Háskóla Íslands leiðir umræður og hugarflug í hópum
12:15	Samantekt og ráðstefnulok Hróbjartur Árnason Fundarstjóri: María Guðmundsdóttir, upplýsinga- og fræðslufulltrúi Samtaka ferðaðþjónustunnar

Verndum æskuna – Já takk

Áfengis- auglýsingar

Árni
Guðmundsson

Formaður
foreldrasamtaka gegn
áfengisauklýsingum



Áfengisauklýsingar virka ekki, Ásegja framleiðendur og heildsalar, en hafa þá einstöku sérstöðu, að hafa aðeins þau áhrif, að þeir sem þegar eru neytendur skipti um tegund? Viðkomandi auglýsa síðan hvað af tekur í miðlum sem höfða sérstaklega til barna og ungmenna? Samkvæmt þessu þá eru það yfirlýst markmið framleiðenda og innflytjenda að fá börn og ungmenni til að skipta um áfengistegund?

Áfengisauklýsingar hafa enga sérstöðu og eins og aðrar auglýsingar þá virka þær vel. Annars væru viðkomandi ekki að auglýsa dag út og dag inn. Hagsmunaaðilar hafa haldið því fram að ekkert orsakasambandi sé milli auglýsinga og aukinnar neyslu í samfélaginu, vitandi það að það er ekki hægt að meta áhrif auglýsinganna með slíkum aðferðum, eins og samfélagið sé lokuð, einangruð og dauðhreinsuð rannsóknarstofa sem byggir á klassískum rannsóknum um virkni lyfja versus lyfleysu. Slíkar aðferðir er ekki nýtilegar í þessum tilgangi. Hins vegar eru til rannsóknir þar sem kannað hefur verið hvaða þættir hafa áhrif á neyslu barna og ungmenna sem hafa lent illa í áfengisneyslu. Einn af þeim þáttum, sem þar hafa veruleg áhrif, eru áhrif áfengisauklýsinga, bæði hvað varðar aldur er neysla hefst, tegundir, magn og tíðni neyslu.

Önnur rök hagsmunaaðila eru þau að „allt má erlendis“ þegar vitað er að í mörgum löndum er ströng

löggjöf eða reglur um áfengisauklýsingar sem m.a byggja að velferðarsjónarmiðum um vernd barna og ungmenna. Í Noregi er að mörgu leyti sambærileg lög-
gjöf og hólendis, í Frakklandi gilda ákveðin lög t.d. um algert auglýsingabann á íþróttaleikvöngum, Bretar eru að velta fyrir sér breytingum m.a vegna óhóflegrar áfengisneyslu ungmenna, sama á við um í Danmörku, sem státar af þeim vafasama heidri að eiga heimsmet í unglindrykkju. Á vettvangi Evrópusambandsins er umræða um verulega aukni aðhald bæði út frá heilbrigðisjónarmiðum og ekki síður út frá velferðarsjónarmiðum barna og ungmenna og svona mætti lengi telja. Fullyrðingar um að „allt megi erlendis“ eru því fyrst og fremst byggðar á óskhyggju hagsmunaaðila í áfengisbransanum og sem slíkar með öllu óbrúklugar við uppeldi æskunnar og eða sem siðferðisviðmið í samfélaginu almennt.

Nýlegar rannsóknir Rannsóknar og greiningar um áfengis – og vímuefnaneyslu framhaldsskólanema sýna að ástand er með ágætum en ef bætt er við niðurstöðum er ná til sama aldurshóps sem eru utan skóla þá gjörbreytast niðurstöður til hins verra svo um munar. Að meta drykkju unglinda á tilteknum tímupunkti/um þarf ekki að segja allt m.a. vegna þess að unglingar lenda almennt ekki í vanda við fyrsta sopa og forsagan þeirra sem neytenda er stutt. Neysla og neyslumynstur er ferli. Hlutfallslega meiri fjöldi ungs fólks (20+) í meðferð hjá SÁA

gæti hugsanlega átt rætur sínar að rekja til „vel heppnaðra“ áfengisauklýsinga fyrri ára.

Kjarni málsins er að áfengisauklýsingar eru bannaðar samkvæmt 20. grein áfengislaga. Hinn siðferðilegi boðskapur laganna er skýr. Með grímulausum áfengisauklýsingum og eða heimskulegum útútsnúningum úr lögum eru þau brotin margsinnis dag hvern. Hagsmunaaðilar sýna í verki afar einbeittan og einlægan brotavilja sem þeir komast upp með tiltölulega óáreittir af hálfu yfirvalda (Sjá dómasafn www.foreldrasamtok.is).

Áfengisauklýsingar eru boðflennur í tilveru barna og unglinda sem þau eiga fullan og lögvarðann rétt á að vera laus við. Lögin eru sett á grundvelli velferðarsjónarmiða og í tengslum við réttindi barna og unglinda til þess að verða laus við áróðri af þeim toga sem kemur fram í áfengisauklýsingum. Auglýsingarnar stríða og vinna markvisst gegn samfélagslegum markmiðum eins og vímu-
lausum grunnskóla. Markmiðum sem foreldrar, forráðamenn og allir sem að uppeldis-
málum vinna í þessu landi eru einhuga um. Yrtrustu viðskiptahagsmunir áfengisbransans um frelsi til þess að beina markvissum áfengis-
áróðri að börnum og ungmennum eru í hróplegu ósamræmi við það. Sorglegt að fólk skuli í opinberri umræðu nefna slíkt sé dæmi um að „fjandskapur núverandi stjórnvalda gagnvart íslensku atvinnulífi og störfum fyrir vinnufúsar hendur eigi sér engin takmörk“.



Hagsmunaaðilar sýna í verki afar einbeittan og einlægan brotavilja sem þeir komast upp með.

Framtíðarsýn fyrir sjávarútveg – takk!

Sjávarútvegsmál

Ári
Skúlason

Framkvæmdastjóri
Landsvaka hf.



Mikið hefur verið rætt og ritað M á undanförunum mánuðum um meðferð stjórnmalanna á endurskoðun laga um stjórn fiskveiða. Þrátt fyrir allan orðaflauminn sér ekki enn fyrir endann á málinu og viðvarandi sátt um stöðu greinarinnar – þrátt fyrir að flestir sem að málinu koma lýsi sig sammála helstu markmiðum ríkisstjórnarinnar.

Mikilvægi íslensks sjávarútvegs er óumdeilt og á síðustu árum hefur greinin nálgast fyrri stöðu sína hvað varðar mikilvægi fyrir þjóðarbúið, t.d. hlutdeild í þjóðarframleiðslu og gjaldeyriskjör. Sú arðsemi sem greinin gefur af sér, að hluta til byggt á auðlindinni, hefur því mikil og bein áhrif á lífskjör landsmanna.

Sjávarútvegurinn hefur sýnt mikinn styrk og sveigjanleika á síðustu árum og tekist að halda sér að mestu leyti á floti miðað við mjög breytilegar aðstæður. Rekstur sjávarútvegsfélaga getur klárlega gefið af sér góða og stöðuga arðsemi við núverandi skilyrði en auðvitað er helsta vandamál greinarinnar í dag of mikil skuldsetning.

Sé litið á stöðuna frá sjónarhóli fjárfesta er augljóst að fáir fjárfestingarkostir eru í boði, m.a. vegna gjaldeyrishaftanna. Skráning félaga í kauphöll gengur hægt þannig að ekki er um auðugan garð að

gresja. Skráning sjávarútvegsfélaga á hlutabréfamarkað er ekki líkleg á næstunni, til þess eru þau flest of lítil og of veikburða. Engu að síður hlýtur fjárfesting í sjávarútvegi að teljast áhugaverð á hverjum tíma svo framarlega sem aðstæður og horfur séu traustar.

Á næstu vikum og mánuðum mun endurskipulagningu efnahagsreikninga margra sjávarútvegsfélaga ljúka. Við það munu myndast tækifæri til að fjárfesta í greininni þar sem þörf verður á auknu eigin fé inn í mörg þeirra. Félög sem koma út úr þessari endurskipulagningu eru mörg mjög skuldsett og gætu þurft samstarfsaðila sem kæmu inn með eigið fé. Mikil fjárfestingarþörf hefur safnast upp í greininni og geta flestra félaganna til fjárfestinga er örugglega takmörkuð miðað við óbreytta stöðu þeirra. Þarna kunna því að myndast góð tækifæri fyrir fjárfesta. Um margar leiðir er að ræða, t.d. gæti sjóðaform hentað vel. Þannig mætti ímynda sér að sjávarútvegssjóður væri góð leið inn í greinina þar sem sjóðurinn færi í samstarf við viðkomandi fyrirtæki og um leið væri boðið upp á dreifingu áhættu fyrir fjárfesta.

Það er hins vegar deginum ljósara að viðunandi lending varðandi löggjöf um sjávarútvegsmál er grundvallarforsenda fyrir því að fjárfestar hafi trú á greininni. Það þarf að skapa stöðuga framtíðarsýn fyrir íslenskan sjávarútveg til þess að fjárfestingar geti og vilji vera með. Fjárfestarnir eru til og tækifærin líka, spurningin snýst um framtíðarsýn og minnkun óvissu. Þær aðstæður verða stjórnmalamenn okkar einfaldlega að skapa.



BRÉF TIL BJARGAR LÍFI

Á hinu árlega bréfamaraþoni Amnesty International kemur fólk saman og skrifar undir bréf og sendir jólakort í þágu pólanda mannréttindabrota. Fyrir pólandur og fjölskyldur þeirra eru bréfin tákni um alþjóðlega samstöðu fólks sem lætur sér annt um réttindi þeirra og mannlega reisn.

Við bjóðum þér að koma til okkar laugardaginn 10. desember á alþjóðlegum degi mannréttinda og taka þátt í að breyta heiminum með því að nota öflugasta vopnið sem þú átt: **NAFNID ÞITT.**

Frekari upplýsingar eru á www.amnesty.is

Það verður heitt á könnunni hjá okkur og boðið upp á piparkökur á þessum stöðum laugardaginn 10. des:

Reykjavík
Þingholtsstræti 27
kl. 13–18

Akureyri
Amtsbókasafnið
kl. 11–16

Egilsstöðum
Hús handanna (Nían)
kl. 10–17

Ísafirði
Edinborgarhúsinu
kl. 14–17

AMNESTY
INTERNATIONAL



Offita – Hvað er til ráða?

Heilbrigðismál

Elva Gísladóttir

Hólmfríður Þorgeirsdóttir

næringarfræðingar hjá Landlæknisevni



Aðgerðir sem skapa aðstæður sem hvetja til heilsusamlegra lífnaðarháttá eru ætlaðar öllum óháð því hvort viðkomandi er í kjörþyngd eða ekki. Allir þurfa að hreyfa sig og borða hollan mat óháð holdafari.

Ljóst er að margt í okkar samfélagi hefur ýtt undir óheilsusamlega lífnaðarhætti og til að snúa þeirri þróun við er mikilvægt að opna augun fyrir þeim staðreyndum og bregðast við. Á undanförunum áratugum hefur framboð á orkuríkum matvörum stórkæmt og matarskammtar farið stækkandi. Þetta, auk ágengrar markaðssetningar orkuríkrar fæðu, hefur hvatt til ofneyslu. Á sama tíma hefur dregið úr hreyfingu við athafnir



Aðgerðir sem miða að því að gera fólki auðvelt að velja hollustu fram yfir óhollustu er samfélagsmál sem skilar sér í bættri heilsu og betri líðan.

daglegs lífs vegna tæknivæðingar og breyttra samgönguhátta.

Gos og sælgæti eru orkuríkar vörur en veita litla næringu

Framboð og aðgengi hefur mikil áhrif á neyslu. Gosdrykkjaneysla er mjög mikil hér á landi, en samkvæmt fæðuframboðstölum drekka

Íslendingar tæplega 150 lítra af gosdrykkjum á mann á ári eða tæplega þrjú lítra á viku, en vitað er að margir drekka aldrei gosdrykki þannig að neysla annarra er mun meiri t.d. ungmenna.

Mikill afsláttur af sælgæti um helgar sem sett er fram á spennandi hátt í svokölluðum nammibörum

dregur til sín börn og fullorðna sem fylla poka af sælgæti. Tímariðið Frjáls verslun (3. tbl. 2011) gerði úttekt á sölu sælgætis hér á landi og kemur þar fram að um 800 tonn séu seld úr nammibörum sem bland í poka. Fæðuframboðstölur sýna að Íslendingar neyta nú um 6000 tonna af sælgæti á ári sem gerir um 19 kg af sælgæti á íbúa á ári og þá er miðað við hvern Íslending.

Hvernig er hægt að snúa þessari þróun við?

Mikilvægt er að hafa í huga að offita og ofneysla er samfélagslegur vandi og því þarf fjölbættar aðgerðir á viðum grundvelli til að bregðast við honum þar sem allir axla ábyrgð. Slík vinna krefst aðkomu margra, t.d. stjórnvalda, sveitarfélaga, skóla, íþróttafélaga, matvælaframleiðenda og Samtaka verslunar og þjónustu, frjálsra félagasamtaka og einstaklinga. Hér þarf að hafa í huga að margt smátt getur gert eitt stórt og ekki á að gera þá kröfu að stakar aðgerðir leysi vandann heldur sé frekar rætt um þær sem skref í rétta átt.

Skólar, frístundaheimili og íþróttamannvirki eru kjörinn vettvangur til að efla heilsu barna og ungmenna. Með heilðrænni stefnu um næringu hjá þessum stofnunum er hægt að stuðla að góðum neysluvenjum nemenda og starfsfólks. Börn á leið í skipulagt íþróttastarf þurfa oft að ganga framhjá sjoppu og sjálföldum áður en komið er að fatakleanum. Að æfingu lokinni er óhollustan stundum það eina sem í boði er. Það er mikilvægt að skapa aðstæður í umhverfi barnanna sem auðveldar þeim að velja hollari kostinn í stað þess að hvetja þau til neyslu á óhollum mat- og drykkjavörum.

Sem dæmi um aðgerðir í rétta átt er upptaka samnorræns hollustumerkis, Skráargatsins. Markmiðið með Skráargatinu er að við innkaup geti neytendur á skjótan hátt valið hollari matvörur með tilliti til mettáðrar fitu, viðbættis sykurs, salts og trefja. Neytendur geta þá treyst því að vara sem ber hollustumerkið sé hollari en aðrar vörur í sama flokki sem ekki uppfylla skilyrði til að bera merkið.

Annað dæmi er verðstýring með sköttum eða vörugjöldum. Í grein sem birtist í New England Journal of Medicine á árinu 2009 er talað um að aukin neysla sykraðra gos- og svaladrykkja geti verið ein helsta orsök offitufaraldursins. Þar er talað um að verðstýring með sköttum eða vörugjöldum á sykraða gosdrykki geti verið áhrifarík leið til að minnka neyslu á slíkum vörum og að slík verðhækkun gæti haft áhrif þar sem þöfn er brýnst, þ.e. hjá börnum og ungmennum og öðrum þeim sem drekka mest gos.

Aðgerðir sem miða að því að gera fólki auðvelt að velja hollustu fram yfir óhollustu er samfélagsmál sem skilar sér í bættri heilsu og betri líðan um leið og það dregur úr kostnaði vegna sjúkdóma sem tengjast óheilbrigðum lífnaðarháttum.

AF NETINU

Markaðsmisnotkun

Svo má reyndar spyrja varðandi Haga – þetta er verslunarveldi sem hefur haft einokunarstöðu á markaði hér. Það hefur margsinis verið talað um nauðsyn þess að leysa upp félagið í núverandi mynd – og hefði í raun verið upplagt að gera það eftir hrúnið. Það er þó örugglega ekki vilji bankans sem tók yfir félagið af Baugi. Því er haldið áfram – það er reynt að hafa business as usual.

En þegar félög eru sett á hlutabréfamarkað er það yfirleitt í þeirri trú og von að þau muni stækka og eflast – þannig bera hluthafarnir eitthvað úr býtum. En er virkilega vilji til þess að Hagar verði stærri en þeir eru?

eyjan.is/silfuregils
Egill Helgason

Verslun
Ármúla 26

522 3000

Opið:
virka daga
9.30–18
laugardaga
12–17

NÝTT Í HÁTÆKNI KYNNINGARVERÐ Á TÖLVUM

ASUS 13,3" i3-2330 m 2.2 GHz

Nýjasta völin frá Asus með 13,3" LED-skjá, 2.2 GHz i3 Intel örgjörva og 500 GB hörðum disk. Gott þráðlaust netkort ásamt Bluetooth 3.0 stuðningi.

Fullt verð:
149.995

Verð:
129.995



ACER TravelMate 15,6"

Acer TravelMate er 15,6" fartölva með skýrum og björtum LED-skjá. Er með öllu því helsta sem þrýðir góða fartölvu til daglegra nota. Frábært verð!

Fullt verð:
94.995

Verð:
69.995



LENOVO IdeaPad Z370 13,3"

Frábær létt og nett fartölva með 13,3" LED-skjá, 500 GB hörðum disk, góðum Intel-örgjörva, öflugri 2 Mpixla netmyndavél, DVD-skrifara og góðu þráðlausu netkortu ásamt Bluetooth stuðningi.

Fullt verð:
149.995

Verð:
109.995



ACER Aspire 17,3" 2.1 GHz 500GB

Acer Aspire er öflug heimavél með 17,3" stórum og björtum skjá. Hentug vél í alla helstu heimavinnu og sem margmiðlunarvél. Frábært verð fyrir 17,3" vél.

Fullt verð:
149.995

Verð:
129.995



Motorola Xoom 10,1" spjaldtölva

Motorola Xoom er sú spjaldtölva sem vakti mesta athyggili á CES 2011 tæknisýningunni. Android stýrikerfi, 1 GHz örgjörvi, HD-myndavél, GPS og fleira og fleira. Til í Wi-Fi og 3G útgáfu.

Verð frá:
79.995



Jólagjöfin í ár!

Apple iMac 21,5" 2.5 GHz Quad i5

2,5 GHz fjögurra-kjarna Intel Core i5 4 GB DDR3 vinnsluminni, 500 GB harður diskur, AMD Radeon HD, 6750 M 512 MB. Þráðlaust íslenskt lykklaborð og mús. Fleiri stærðir fánlegar.

Fullt verð:
234.995

Verð frá:
229.995



Apple MacBook Air 11" 64 GB

Ný og endurhönnuð MacBook Air. Skjár með hárra upplausn og hröðu flash-minni í stað harðs disks. 1.6 GHz dual-core Intel Core i5 með 3 MB deildu L3 minni, 64 GB flash, 2 GB vinnsluminni. Aðeins 1kg.

Fullt verð:
179.995

Verð:
169.995



Spjallaðu við starfsmenn okkar til að fræðast meira um þessi frábæru greiðslukjör.



Hátækni



Ábyrgð fyrirtækja

Fjármál

Ingvar Linnét
viðskiptafræðingur



Mikið hefur verið rætt um Ábyrgð hluthafa á fyrirtækjum sínum. Takmörkuð ábyrgð hefur oft verið talin af hagfræðingum vera besta uppfinning síðari ára en hún ýtir undir nýsköpun í samfélaginu. Þó er það barnaskapur að átta sig ekki á því að á henni eru vankantar, mýmörg dæmi eru um að eitt félag í eigu ákveðinna aðila fer í þrot og lætur eftir sig milljarða skuldir meðan annað félag er skilið eftir. Eða dæmi þar sem eignir eru færðar á milli og skuldir skildar eftir. Hér þarf greinilega að finna einhverja málamiðlun.

Í 67. grein ársreikningalaga er móðurfélögum gert skylt að semja samstæðureikning fyrir öll dótturfélög sín, óháð því hvar þau eru skráð. Móðurfélag er svo skilgreint meðal annars sem félag sem á eignarhlut í öðru félagi og hefur ákvörðunarvald um rekstur og fjárhagslega stjórn þess. Skilgreining á móðurfélagi er frekar þröng og því ekki mikil hætta á að slíkt félag sé skikkað til að gera samstæðureikningsskil hafi það ekki raunverulega stjórn á öðrum félögum innan samstæðunnar. Ef eitthvað er, þá er það á hinn veginn.

Nú vil ég kynna til sögunnar hugtak sem ég hef ekki heyrt nefnt áður, samstæðuábyrgð. Í því felst að ef félag í þinni samstæðu fer í þrot, mun hlutfall af skuld félagsins sem samsvarar eignarhluta þínum færast yfir á eignarhluti þína í samstæðunni. Það er, ef þú átt 100% í félagi A sem fer í þrot og skilur eftir sig 10 milljarða í skuldir, en þú átt 50% í félagi B, sem er metið á 50 milljarða, missirðu 40% af eignarhlut þínum í félagi B til kröfuhafa félags A.

Önnur breyting á hluthafalögum varðar færslu eigna, óheimilt sé að flytja eignir úr félagi A í félag B og meta það aðeins á 2% af raunvirði. Erfitt er að útfæra þetta þar sem raunvirði er oft óþekkt og aðeins

mat þeirra sem að viðskiptunum koma, ásamt því að ef það þyrfti að kalla til óháðan matsmann við öll viðskipti milli lögaðila kæmi þar til sögunnar óheyrilegur kostnaður á íslenskt athafnalíf. Tvær heimildir ættu að vera kynntar til sögunnar:

1. Að Fjármálaeftirlitið geti upp á sitt eindæmi og án frekari rökstuðnings krafist allra gagna frá hlutaðeigandi aðilum varðandi söluna og hvernig eignir voru verðmetnar og skipað óháðan matsmann til að verðmeta eignirnar. Ef verulegar aðfinnslur koma í ljós hefur Fjár-

málaeftirlitið heimild til að rifta kaupunum.

2. Að kröfuhafar þeirra fyrirtækja sem standa að viðskiptunum geta farið fram á við Fjármálaeftirlitið að það kalli til sín þau gögn sem teljast nauðsynleg og skipi matsmann til að verðmeta eignirnar líkt og í lið eitt.

Báðar þessar heimildir þyrftu að hafa þröngan tímaramma enda geta lögaðilar ekki beðið mánuðum saman eftir að viðskipti eiga sér stað hvort FME eða kröfuhafar efist um lögmæti gjörningana. Ef viðskiptin eru af þeim mælikvarða að óvissa, jafn-

„Enda er það svo þegar litið er til svo stórra málefna sem snerta svo marga að það er ómögulegt að koma með gallalauða útfærslu.“

vel í stuttan tíma, sé fjárhagslega skaðleg fyrir þá aðila sem koma að sölunni geta þeir óskað eftir því að FME kalli til mats-

mann áður en salan á sér stað. Ef sá matsmaður kemst að því að eðlilega hafi verið staðið að öllu missa bæði FME og kröfuhafar þá rétti sem nefndir voru í grein eitt og tvö.

Engin þessara hugmynda er gallalaus, enda er það svo þegar litið er til svo stórra málefna sem snerta svo marga að það er ómögulegt að koma með gallalauða útfærslu. Vel má vera að heimildir fyrir einhverju af þessu séu núna í gildandi lögum enda er höfundur ekki lögmenntaður, en ef svo er virðist vera skortur á framkvæmd.

Jóladagatal Sprotanna

Listahátíðin

Fylgstu með Sprotu og vinum hans á hverjum degi til jóla í spennandi ævintýri um listahátíðina. Sagan er skrifuð og lesin af Felix Bergssyni og Kári Gunnarsson myndskreytir.

Ævintýrið er einnig flutt á táknmáli.

Sprotarnir eru talsmenn barnþjónustu Landsbankans og eru skemmtilegir og skynsamir í fjármálum.

Fylgstu með á Sproti.is

AF NETINU

Reyka Vodki og Einstök



Ísland er í huga margra land hreinna afurða og sérstæðrar náttúru. Íslensk útflutningsfyrirtæki og erlend fyrirtæki nýta sér þessa ímynd við

markaðssetningu og virðisaukningu á erlendum mörkuðum. Í því felast mikil verðmæti fyrir Ísland. Sterk ímynd náttúru, hreinleiki og verndun náttúru eru að skapa mikil efnahagsleg verðmæti í öllum greinum útflutnings og vaxtarmöguleikarnir eru miklir. Þessi nánu tengsl ímyndar landsins og virðisaukningar fyrirtækjanna sýna vel hvernig hagsmunir náttúruverndar og viðskiptalífs fara saman. Þannig virðist samkeppnisforskot efnilegustu útflutningsfyrirtækjanna að einhverju leyti byggja á ímynd landsins, það er öflugri náttúruvernd og verndun umhverfis. Hér kallar nýja atvinnulífið á aðra forgangsröðun en gamla atvinnulífið. Í atvinnulífi framtíðarinnar á Íslandi eru verndun umhverfisins og öflug uppbygging atvinnulífs ekki andstæðir pólar. Þannig kallar nýja atvinnulífið eftir nýjum áherslum í umhverfismálum á Íslandi.

magnusorri.is

Magnús Orri Schram



Samfélagsábyrgð fyrirtækja á Íslandi

Fyrirtæki

Regína Ástvaldsdóttir

framkvæmdastjóri
Þekkingarseturs um
samfélagslega ábyrgð
fyrirtækja



Á síðustu vikum hefur verið unnið að undirbúningi þekkingarseturs um samfélagsábyrgð fyrirtækja. Nokkur af stærstu fyrirtækjum landsins eru stofnaðilar setursins, en það er rekið sem sjálfstætt félag með eigin stjórn, samþykktum og síðareglum.

Samfélagsleg ábyrgð fyrirtækja er ekki einhlítt hugtak. Bæði hefur merking þess tekið breytingum í tímans rás og einnig hafa verið mismunandi skoðanir á því hvort og þá hvernig fyrirtæki eigi að taka ábyrgð á því samfélagi sem þau starfa í. Í því sambandi má minnst orða Miltons Friedman sem sagði að eina samfélagslega ábyrgð fyrirtækja væri að hámarka hagnað eigenda

sinna og láta öðrum til þess hæfari að sinna velferð samfélagsins.

Flest fyrirtæki hafa þó í gegnum tíðina lagt sitt af mörkum til samfélagsins og þá sérstaklega með því að veita styrki til mannúðar- og menningarmála.

Á síðari tímum hefur hugtakið tekið á sig breiðari mynd og nær til allra þátta í starfsemi fyrirtækja, þ.e. hvernig fyrirtækin afla teknanna. Þá er lítið til stjórnarháttá, síðareglna, umhverfismála, jafnréttis- og mannréttindamála, svo dæmi séu tekin en ekki einungis hvernig þau ráðstafa hagnaðinum.

Stjórnvöld í mörgum ríkjum hafa sett sér stefnu um samfélagsábyrgð og hvetja fyrirtækin með virkum hætti til að sýna ábyrgð. Í Danmörku er 1100 stærstu fyrirtækjunum skylt að skila inn upplýsingum í ársreikningi um stefnu og aðgerðir í samfélagsmálum.

Evrópusambandið hefur nýlega sett fram endurnýjaða stefnu um samfélagsábyrgð, þar sem æ ríkari áhersla er lögð á skyldur ríkis og sveitarfélaga þar sem þau eru

stærsti einstaki kaupandinn að vörum og þjónustu. Stjórnvöld geta í krafti þess gert ríkar kröfur til fyrirtækja sem þau skipta við. Evrópusambandið leggur enn fremur áherslu á skyldur opinberra aðila þegar kemur að því að bjóða út þjónustu sem þau sinna að jafnaði sjálf, til dæmis í

löndum sem við lítum gjarnan til. Í dag hafa tæplega 7 þúsund fyrirtæki um allan heim skrifað undir hnattræn viðmið Sameinuðu Þjóðanna um samfélagsábyrgð (UN Global Compact). Fyrirtækin skuldbinda sig til að starfa samkvæmt tíu viðmiðum sem snúast um mannréttinda-



Það er eitt að hafa uppi áform um samfélagslega ábyrgð og annað að setja saman raunhæfa áætlun um innleiðingu

mennta- og velferðarmálum.

Þekkingarsetrið var stofnað með það að markmiði að efla þekkingu og hvetja til umræðu um samfélagslega ábyrgð fyrirtækja hér á Íslandi. Slíkt er ekkert áhlaupaverk og verður einungis unnið með þolinmæði og þrautseigju að leiðarljósi.

Ein leið til að hvetja fyrirtæki til góðra verka er að skoða hvað aðrir eru að gera og hafa verið að gera í þessum efnunum í þeim

mál, umhverfismál, vinnuvernd og aðgerðir gegn spillingu. Sem dæmi má nefna að fyrirtæki skulu virða rétt fólks til þess að vera í verkalýðsfélögum, vinna að því að afnema barnaprælkun og sýna frumkvæði í umverfisvernd.

En það er eitt að hafa uppi áform um að sýna samfélagslega ábyrgð og annað að setja saman raunhæfa áætlun um innleiðingu á slíkri stefnu í fyrirtækinu.

Dagana 6. og 7. desember

næstkómandi mun þekkingarsetrið standa fyrir námskeiði um aðferðafræði við innleiðingu á stefnu um samfélagslega ábyrgð í samvinnu við sérfræðinga frá evrópska ráðgjafafyrirtækinu Grontmij. Námskeiðið er fyrsta sinnar tegundar hér á landi en kennt er samkvæmt svokölluðum GRI viðmiðunum (Global Reporting Initiative) en Grontmij er samstarfsaðili GRI á Norðurlöndunum. Það er gleðilegt að segja frá því að fullbókað er á námskeiðið og komust færri að en vildu. Leiðbeiningar GRI innihalda leiðarvísi um hvernig fyrirtæki geta skilgreint þá þætti sem eru þýðingarmestir varðandi samfélagsábyrgð og innihalda jafnframt fyrirframskilgreinda mælikvarða á sviði samfélagsábyrgðar (umhverfi, samfélag, efnahagur).

Við sem stöndum að þekkingarsetrinu erum stolt af því að bjóða upp á fyrsta námskeiðið af þessum toga á Íslandi og væntum góðs af samstarfi við íslensk fyrirtæki með það í huga að bjóða upp á frekari fræðslu og umræðu á þessu sviði.

Hvers vegna er mikilvægt að hætta að reykja á meðgöngu?

Reykingar

Karítas Ívarsdóttir

Ljósmyndir

Póra Steingrimsdóttir

Fæðingalæknir

ekki reykja. Talið er að reykingar á meðgöngu séu orsök 20-30% af öllum léttburafæðingum.

- Minni líkur eru á því að barnið fæðist fyrir tímann.
- Konur sem reykja á meðgöngu eru í meiri hættu á að fæða fyrir tímann, fá fylgjuos eða blæðingu á meðgöngu. Það hefur áhrif á líflíkur barnsins og þroska þess. Talið er að reykingar á meðgöngu séu orsök 10-15% fyrirburafæðinga.
- Þegar að fæðingu kemur er barnið betur búið undir fæðinguna ef móðirin reykir ekki. Blóðflæði

létinum sem fylgir því að hætta að reykja og þær upplifa betri tengsl við ófædda barnið. Þær finna fyrir jákvæðari tilfinningum og hafa minni áhyggjur af meðgöngunni. Flestir verðandi foreldrar vilja einnig vera góðar fyrirmyndir fyrir barnið sitt. Við reykbindindi eru meiri líkur á að meðgangan verði eðlileg og þar með ánægjulegri upplifun fyrir báða foreldra. Þá er reykkingalyktin á bak og burt, fjármunir sparast og framtíðin virðist bjartari.

Áhættan sem fylgir reykingum á



Allir verðandi foreldrar óska þess að ófætt barn þeirra verði heilbriggt og hraust.

Þegar von er á barni gefst gott tækifæri til að endurskoða daglegar venjur og huga að heilbrigðu lífni með velferð og heilsu barnsins í huga. Allir verðandi foreldrar óska þess að ófætt barn þeirra verði heilbriggt og hraust og heilbriggt lífni stuðlar að vellíðan foreldra á meðgöngunni.

Margir verðandi foreldrar velta fyrir sér áhrifum reykinga á föstríð og barnið og hver ávinningurinn sé af því að hætta að reykja á meðgöngu.

Ávinningurinn af reykbindindi er ótvíæður:

- Ófædda barnið fær meira súrefni vegna þess að blóðflæði um fylgjuna til barnsins eykst og meiri líkur eru á að fæðingarþyngd barnsins verði eðlileg.
- Börn mæðra sem reykja á meðgöngu verða fyrir vaxtarskerðingu vegna þess að súrefnisflæði til barnsins er skert. Vaxtarskerðingin verður að miklu leyti í mikilvægustu líffærum barnsins m.a. heila og beinum en tekur annars til flestallra líffæra. Mælingar á höfuðmáli, búk og lengd barnsins sýna að þau fæðast að meðaltali með minna höfuð (minni heila) og eru léttari og styttri en börn þeirra sem

til barnsins verður betra og það fær meira súrefni.

- Eftir fæðingu er líklegra að barnið komist heim af fæðingardeildinni á sama tíma og móðirin. Meiri líkur eru á að lungnastarfsemi verði eðlileg og minni hættu er á því að barnið verði fyrirburi. Barnið verður hraustara og værara þannig að líkur eru á að foreldrarinn fái betri svefn og hvíld.
- Þegar fram líða stundir fær barnið síður ofnæmi, astma eða önnur lungnavandamál. Hætta á á vöggudaða minnkar sé reykingum á meðgöngu hætt.
- Ávinningurinn fyrir verðandi móður og foreldra er einnig mikill. Reykingum á meðgöngu fylgir oft sektarkennd og vanlíðan. Verðandi mæður hafa lýst

meðgöngu er vel þekkt hvort sem um beinar reykingar er að ræða eða óbeinar. Reykingurinn sem stígur upp af glóð sigarettu annarrar manneskju er líka hættulegur fyrir barnshafandi konur. Ef kona hættir áður en hún verður barnshafandi eða meðan á meðgöngu stendur minnkar hættan á ofangreindum heilsufarsvandamálum.

Verðandi foreldrar ættu alltaf að veita og meta áhættuna sem þeir taka með reykingum á móti ávinningnum af því að hætta. Vilji þeir búa barni sínu bestu skilyrði ættu þeir ekki að reykja.

Í mæðraverndinni er hægt að fá stuðning til reykleysis. Einnig er veitt ráðgjöf um reykbindindi í grænu númeri: 8006030 eða www.8006030. Sjá einnig: www.reyklaus.is eða www.frjals.is.



Allt fyrir matgæðingana

Eirvík hefur eldhústæki og fylgihluti fyrir alla sem unna góðri matargerð.

Kynntu þér málið hjá sölumönnum Eirvíkur

EIRVÍK

Suðurlandsbraut 20, Reykjavík | Sími 588 0200 | www.eirvik.is

BYLGJAN 25 ÁRA 989

Hemmi Gunn
– og svaraðu nú!
Fjölbreyttur og fjörugur þáttur

alla sunnudaga klukkan 16.
Njótið vel



OPIÐ ALLA HELGINA

OPIÐ LAUGARDAG 11-18 OG SUNNUDAG 13-17



42"
LCD

Philips 42PFL4506H
 • 42" Full HD LCD
 • Pixel Plus HD
 • 400Hz Picture motion rate
 • 3 HDMI og USB tengi

TILBOÐ
149.995
 FULLT VERÐ 179.995



47"
LCD

PIXEL PLUS HD

Philips 47PFL4606H
 • 47" Full HD LCD sjónvarp
 • Pixel Plus HD
 • 400Hz Picture motion rate
 • 3 HDMI og USB tengi

TILBOÐ
179.995
 FULLT VERÐ 249.995



32"
LED

Philips 32PFL5206H
 • 32" örþunnt LED
 • Pixel Plus
 • 100 Hz Perfect Motion Rate
 • HDMI og USB tengi

TILBOÐ
99.995
 FULLT VERÐ 119.995

PHILIPS

Philips HTS3111
 Flott 100w RMS Soundbar heimabíó-kerfi með Dolby Digital og DTS.



Soundbar

TILBOÐ
49.995
 FULLT VERÐ 59.995

Nikon

TASKA OG 2GB KORT FYLGJA!

Nikon S3100
 14 milljón punkta uppl. með 2,7" LCD skjá, NIKKOR linsu, 4x skerpu, EXPEED myndvinnslu, 5x Optical og 7x Digital Zoom, hreyfiskynjun, AF-eltifókus, VR titringsjöfnun, ISO-3200, 18 umhverfisstillingum, hreyfimyndatöku, 45MB minni, kortarauf, USB, ísl. leiðarvísi ofl.



TILBOÐ
22.995
 FULLT VERÐ 29.995

Nikon D5100

Nikon D5100KIT1855VR
 D-SLR myndavél með 16.2 milljón punkta upplausn, CMOS-myndflögu á DX-sniði, AF-S DX NIKKOR 18-55 mm VR linsu f/3,5-5,6, ISO-100-6400 (allt að 25.600), D-Movie FHD hreyfimyndataka, Active D-Lighting, EXPEED 2, TTL ljósmælingu, 11 Punkta autofókus, 3.0" skjá, Life View, raðmyndataka (allt að 4 rammar á sek.), tvöföldu rykhreinsikerfi, fókuslæsingu, HDMI C út ofl. Íslenskur leiðarvísir.



FLASS FYLGIR



Nikon School námskeið og hreinsun á myndflögu 1 sinni á ári í 3 ár fylgir.



VERÐ
149.995
 FRÁBÆRT VERÐ

PHILIPS



Philips MC147
 Hljómgóð mikkrosamstæða með geislaspilara og FM útvarpi með stöðvaminnum, Dynamic Bass Boost, heyrnartólstengi ofl.

TILBOÐ
12.995
 FULLT VERÐ 19.995

PHILIPS



Philips DCM2020
 20W RMS mikkrosamstæða með iPod/iPhone/iPad vögg, geislaspilara, FM útvarpi með 20 stöðvaminnum, Dynamic Bass Boost, vekjara sem spilar af FM/CD/USB/iPod vögg, MP3 link, heyrnartólstengi ofl.

VERÐ
34.995
 FRÁBÆRT VERÐ

PHILIPS



Philips DCM3060
 Glæsileg 40w RMS mikkrosamstæða með iPod/iPhone/iPad vögg, geislaspilara, wOOx hljóðtækni, FM útvarpi með 20 stöðvaminnum, Dynamic Bass Boost, Digital Sound Control, WMA-C, heyrnartólstengi ofl.

VERÐ
49.995
 FRÁBÆRT VERÐ



OPIÐ ALLA DAGA TIL JÓLA

Heimilistæki ht.is

SUÐURLANDSBRAUT 26 REYKJAVÍK S: 569 1500

BONUS BONUS BONUS BONUS BONUS

LAUGARDAGUR OPNUM KLUKKAN 10 LAUGARDAGUR OPNUM KLUKKAN 10 LAUGARDAGUR OPNUM KLUKKAN 10



Neutral STORVASK
2479 kr. 8kg.
HAGKVÆM INNKAUP - 68 ÞVOTTAR



ARIEL ÞVOTTAEFNI
50 ÞVOTTAR
1998 KR.PK



Jólasmjör 500g
239 KR.



498
KR. 600 G
BEST QUALITY 600 GRÖMM
FERSKAR DÖDLUR



30% MEIRA MAGN SAMA VERÐ
MYLLU HEIMILISBRAUÐ 1 KG.
295
KR. 1 KG



298
KR. BAKKINN
UNGAEGG 12 STK.



129
KR. 165 G
EMMESS
JÓLA JÓGÚRT



598
KR. 500 G
HEIMA 500 GRÖMM
MÖNDLUR M. HYÐI



98
KR. PAKKINN
MAGGI PAKKASÚPUR MARGAR TEG.



198
KR. STK
PREMIUM
RÚÐUSKAFA



459
KR. 5 LTR.
5 LTR. -9 GRÁÐU
RÚÐUVÖKVI



259
KR. 300 G
GÓÐKAUP 300 GRÖMM
SÚÐUSÚKKULAÐI



749
KR. 2.3 KG
ROBIN KLEMETÍNUR
2.3 KG. KASSI



498
KR. 540 G
KÚTTER JÓLASÍLDIN 540 GRÖMM



798
KR. 12 RL.
NICKY ELITE 12 RÚLLUR
SALERNISPAPPIR

FYRSTA FLOKKS FROSIÐ KJÖT FRÁ ÞÝSKALANDI



2598
KR. KG
FROSIN ANDABRINGA



2598
KR. KG
FROSIÐ NAUTARIBEYE



1395
KR. KG
FROSNA GRÍSÁLUNDIR

BONUS BÝÐUR BETUR

Hér færðu veitunögða
VILDARPUNKTA
VISA Vildarkúbbur



695
KR. KG

FERSKUR HEILL KJÚKLINGUR



1995
KR. KG

FERSKAR KJÚKLINGABRINGUR



SÉRSKORIÐ BÓNUS LAMBALÆRI ÞAR SEM EFSTI HLUTI MJADMABEINS OG RÓFUBEINIÐ ER SKORIÐ FRÁ OG ÞVÍ ER **MEIRA KJÓT** OG **MINNA BEIN** Á LÆRINU!

1395
KR. KG

LAMBALÆRI FERSKT SÉRSKORIÐ



998
KR. KG

FERSK GRÍSAPURUSTEIK

GJAFAKORT BÓNUS

Gjafakort Bónus er gjöf sem kemur að góðum notum fyrir alla. Kortið er hægt að nota í verslunum Bónus um land allt. Sparaðu tíma og fyrirhöfn, gefðu gjafakort Bónus.

Gjafakortið fæst á skrifstofu Bónus, Skútuvogi 13 sími 527 9000



1498
KR. KG

KOFAREYKT HANGILÆRI M.BEINI



998
KR. 9 LTR. COKE
COKE-TILBOÐ
6 FL. X 1.5 LTR
KAUPAUKI: 4 DÓSIR AF HÁTÍÐARBLÖNDU

SEX 1.5 LTR. COKE FLÖSKUR = 9 LTR. AUK ÞESS: 4 DÓSIR HÁTÍÐARBLANDA (MALT+APPELSÍN) = 2 LTR. ALLT ÞETTA FYRIR AÐEINS 998 KR.



1798
KR. KG

LÉTTREYKTUR LAMBAHRYGGUR



STEINAR BRAGI Hann gengur um í snjónum, sólbrúnn á skóm úr kambódískum krókóðil. Steinar Bragi hefur verið á ferðalagi undanfarna mánuði en er kominn heim til að fylgja eftir nýju skáldsögunni sinni, Hálendinu.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Með eigið lík í eftirdragi

Rithöfundurinn **Steinar Bragi** hefur ekki sérstakan áhuga á að skrifa hrollvekjandi skáldskap en ýtir ekki frá sér heillandi hugmyndum sem sækja á hann, í fegurð sinni eða viðbjóði. Hann lýsir fyrir *Hólmfríði Helgu Sigurðardóttur* baráttunni við krabbamein, stöðugri dauðahræðslu og hugmyndinni að baki nýju skáldsögunni Hálendinu, sem hefur hlotið mikið lof gagnrýnenda.

Pað þarf að koma fram að ég er á skóm úr kambódískum krókóðil sem var drepinn eftir að hafa ráðist á hermenn. Það tekur enginn eftir þessu og þeir bíta í kuldanum!“

Steinar Bragi gengur ekki bara um í svívirðilega dýrum skóm í jólasnjónum sem fyllir göturnar. Hann er líka óvenjulega hraustlegur, sem hefur ekki beinlínis verið hans aðalsmerki, og það er greinilegt að hann hefur ekki búið við skort á sólarljósi í nokkra mánuði eins og við hin. Hann er nýkominn heim úr sex mánaða Asíureisu með kærustu sinni, Kristínu Eiríksdóttur rithöfundu. Saman ferðuðust þau víða, meðal annars til Suður-Ameríku, Kanada, Bandaríkjanna, Kambódíu, Taílands og Búrma. „Veistu hvað er það fyrsta sem ég tek alltaf eftir þegar ég kem heim?“ spyr Steinar Bragi. „Agnaradönu!“ svarar hann sjálfur. „Þú mætir einhverri manneskju og þið eruð vöðulega meðvitað hvort um annað. Þú labbar inn í búð, þar eru þrír aðrir, og það eru allir á einhvern hátt meðvitaðir um stöðu allra hinna. Maður fær svo ógeðslega innilokunarkennd af þessu. Ég skima oft 50 metra á undan mér þegar ég er að ganga Laugavegin, hvort mig nálgist kannski einhver kunningi úr grunnskóla. Sting af þegar hvað verst liggur á mér. Guðbergur talaði um að verslun við Laugavegin gengi út á þetta, að fólk væri að skjótast inn hér og þar til að sleppa við að mæta fólki sem það vildi ekki hitta.“

Ekki það að fólk gefi sig mikið á tal við hann úti á götu. „Þeir sem þekkja mig á annað borð virðast vera frekar hræddir við mig. Það er aldrei nokkur maður sem gefur sig á tal við mig og ræðir listir og fagra menningu eða neitt slíkt. Enda tek ég ekki þátt í fagurmenningunni.“

Skrifar hrollvekjurnar alveg óvart

Bækur Steinars Braga hafa gjarnan þann eiginleika að láta lesandanum líða illa. Þeir viðkvæmari finna fyrir móðursýki og myrkfælnin lætur á sér kræla. Það er léttir að leggja þær frá sér að lestri loknum og snúa sér aftur að birtunni.

Nýjasta bók Steinars Braga, Hálendið, gerir einmitt þetta. Gagnrýnendur eru yfir sig hrifnir af henni. Hún er meðal fárra bóka sem hafa fengið fimm stjörnur í Frétta-

blaðinu og gagnrýnandi blaðsins sagði Steinar Braga hafa ofurmannleg tök á skrifunum. Annar gagnrýnandi kallaði hana „tveggja martraða bók“. Taugatryllingur og hryllingur eru orð sem sjást víða.

„Ef það er satt að ég skrifi hrollvekjur þá er það ekki af því mig langi sérstaklega til þess að skrifa þá bókmenntategund. Þetta eru bara einhverjar myndir sem mér finnst heillandi, í fegurð sinni eða viðbjóði, sem eru yfirleitt tvær hliðar á því sama. Ég finn samt að ég hef löngun til að plata lesendur. Leiða þá áfram inn í eitthvað sem þeir vilja ekki sjá, en geta ekki staðist frásögnina. En þetta eru auðvitað allt saman helvítis lygar,“ segir Steinar Bragi.

Bókin hefur sínar tengingar við hrúnið og er spottin úr reynslu Steinars Braga árið 2006, þegar hann var nálægt því að kaupa sér fallett hús á Njarðargötunni á 29 milljónir með fyrrverandi kærustu sinni. „Við fengum leiðsögn um húsið, ég skoðaði það og mér fannst það hrífandi. Ég vildi ekkert heitar en að eignast það. Svo gengum við niður stigan, inn í stofuna og þá varð ég fyrir efnislegri vitrun. Ég sá að þetta hús var gert úr timbri, nógllum, rörum og bárujárni. Ég sá hvað naglenn og spýtan kosta og hvað það var víðs fjarri að þetta væri 29 milljóna virði. Ég vildi ekki eyða næstu 40 árum ævi minnar í að borga þennan draum sem var búið að hlada ofan á spýturnar og naglana. Þetta bjargaði mér frá myntkórfuláninu sem var búið að ræða við mig – og gjaldþroti tveimur árum síðar. Bókin er eiginlega um þetta.“

Eins og kanarífugl í búri

Ári eftir þetta augnablik var Steinar búinn að brenna allar brýr að baki sér. „Mér fannst ég dauður frá enninu og niðrúr. Ástarsambandi var lokið og ég var algjörlega dofinn. Ég fann að ég varð að breytast, annars færi dauði minn í starfi og persónulegu lífi saman. Það er skipbrot þegar þú hefur enga lífsgleði lengur. Skilur ekki af hverju þú ættir að halda áfram að lifa og finnst þú búinn að prófa allt þúsund sinnum, ekkert fram undan nema endurtekning á því sama. Það var annaðhvort að halda áfram í einhverju óhöfi, sem dræpi mig, eða gera það ekki og drepa mig, eða reyna að lifa.“

Óg þá fór hann til Kína. „Þetta voru einu öfgarnar sem mér datt í hug að gætu leitt til einhvers annars en dauða. En um leið og

ég mætti á staðinn fékk ég viðbjóð á sjálfum mér og var fljótt búinn að loka mig af, aleinn inni á herbergi að lesa bók, eða að skrifa eitthvað bull á fartölvuna. Fyrir varði var ég búinn að panta mér flug til Víetnam og var kominn upp í flugvél nær samtundis. Þegar ég kom til Víetnam kom í ljós að ég hafði verið svo uppnuminn yfir hugmyndinni, að ég gæti farið á þetta svæði, að ég hafði gleymt að fá vegabréfsáritun. Þá var ég settur í stofufangelsi af víetnamska ríkinu. Þeir ætluðu fyrst að láta mig í alvöru fangelsi þangað til ég bauð þeim smá dollara. Þá fékk ég að vera í stofufangelsi á fjögurra stjörnu hóteli. Mér fannst það hryllilegt. Ég var þarna eins og kanarífugl í búri.“

Hann eyddi tímanum í að horfa á Víetnam út um gluggann. Þegar hann losnaði úr stofufangelsinu rauk hann til Kambódíu. Örlögin leiddu hann svo áfram, meðal annars til Laos, Taílands, Búrma, Malasíu og Indónesíu. Hann fór líka til Suður-Ameríku, þar sem hann hitti töfralækna og drakk ofskynjunarlyf. Hann hafði heyrt að þetta væri hræðilegasta reynsla, sem líktist því að deyja. Sumir myndu ekki reyna að koma sér í slíkar aðstæður. „Þetta var skömmu eftir hrúnið. Ég varð að gera eitthvað annað en að vera bara heima á Íslandi og lesa Eyjuna,“ segir hann til útskýringar.

Horfst í augu við meinið

Persónulegt skipbrot Steinars og stöðugt daður hans við dauðann rekur hann til erfiðrar reynslu, sem hann er nýfarinn að horfast í augu við að hafi verið dómínerandi áhrifavaldur í lífi hans lengi. Þegar hann var 25 ára vissi hann í hjarta sér að hann væri alvarlega veikur. Reyndar var það ekki bara hjartað sem gaf það til kynna, því líkaminn var farinn að kvarta sárlega. Steinar Bragi var ídulega farinn að finna rafstraum ganga niður eftir lærinu á sér. Þegar það gerðist sagði hann „helvítis krabbameinið“, hló tryllingslega og lét þar við sitja. Þegar hann drattaðist loks til heimilislæknis, með háan hita og suð fyrir eyrum,

var hann sendur með sjúkrahúsið til rakkleidis upp á sjúkrahús. Hann var með krabbamein í eista, sem hafði dreift sér víðar um líkamann, meðal annars í lungun. „Ég var algjörlega að því kominn að drepast. Þetta er ekki endilega sú gerð af krabbameini sem er hættulegust, en það var bara svo langt gengið. Ég veit ekki hvað mér gekk til, eða hvað mér fannst svona fyndið við þetta. Það var eins og það væri í mér einhver dauðalöngun. En hafi verið í mér einhver löngun til að deyja hvarf hún snarlega eftir að ég fékk greininguna.“

Við tók mjög erfið tveggja mánaða lyfjameðferð, þar sem Steinar Bragi sat inni á spítala, lét dæla í sig eitri frá 9 á morgnana til 4 á daginn, þyngdist um 7 kíló af vökva á augabragði, og fannst hann upplifa elli á unga aldri. „Ég þurfti að halda undir höndina á kærustunni þegar ég gekk stuttan spöl og svo leið yfir mig af mæði, einhvers staðar á miðjum Laugaveginum. Þetta var algjörlega eyðileggjandi fyrir heimsmynd ungs manns. Óttinn við að deyja eyðileggur alla heilbrigða lífsgleði. Óttinn fylgdi mér lengi. Það var eins og ég drægi líkið af sjálfum mér á eftir mér í fleiri ár.“

Engu nær um kærleikann og guð

Líkami Steinars Braga brást svo vel við lyfjameðferðinni að það var kraftaverki líkast. Á tveimur mánuðum hurfu öll ummerki um æxlin og hann gat farið að byggja sig upp á ný. Algengt er að þeir sem ganga í gegnum álíka reynslu finni nýjan tilgang með lífinu. Því var ekki fyrir að fara með Steinar Braga. „Mér tókst að læra ekki neitt á þessu ferli. Ég fann hvorki kærleikann né guð. Ég viðurkenni þetta lengi ekki einu sinni sem áhrifavald í mínu lífi.“

Dauðinn hefur heldur ekki sama heljar-takið á honum og áður. „Ég hef gert ýmislegt til að hætta að vera drifinn áfram af ótta. En um leið hugsa ég um dauðann allan daginn. En þetta er ekki jafn morbid og það hljómar. Gegnum formið sem leysist upp og hverfur, skín guð.“



Það er aldrei nokkur maður sem gefur sig á tal við mig og ræðir listir og fagra menningu. Enda tek ég ekki þátt í fagurmenningunni.

LOFAÐAR BÆKUR Á LOFSAMLEGU VERÐI

tilboð gildir til 8. des.



18.399



4.790



5.590



5.590



2.690
hvor
fyrir sig



4.190



4.690



4.190



4.790



7.190



4.690



3.999



BÓKABÚÐ
MÁLS & MENNINGAR
LAUGAVEGI 18

Opið til 22.00 öll kvöld. Sími 580-5000

Við getum breytt heiminum

Pau **Halldóra Geirharðsdóttir** og **Páll Óskar Hjálmtýsson** hafa bæði tvö ferðast til fjarlæggra landa með UNICEF, hún til Úganda og Haítí, hann til Síerra Leóne. Pau sögðu **Hólmfríði Helgu Sigurðardóttur** frá því hvernig ferðirnar hafa breytt lífi þeirra. Bæði eru þau heilluð af heimssýn UNICEF – að öll börn eigi rétt á að lifa, þroskast og njóta verndar gegn ofbeldi og misnotkun.

Pau Páll Óskar Hjálmtýsson og Halldóra Geirharðsdóttir hafa hvort um sig leikið margvísleg hlutverk í gegnum sinn listaveril. Undanfarið hafa þau þau spreytt sig á nýju og krefjandi hlutverki sem tók verulega á, um leið og það gaf þeim nýja sýn á lífið. Halldóra heimsótti Úganda í fyrra og Haítí í október síðastliðnum en Páll Óskar fór til Afríkukisins Síerra Leóne. Fyrirnefnda landið er í sárum eftir náttúruhamfarir, það síðarnefnda eftir borgarastyrjöld. Á báðum stöðum vinnur UNICEF nauðsynlegt starf við að bæta lífs-skilyrði barna og standa vörð um réttindi þeirra.

Halldóra: „Ef við viljum breyta heiminum þá byrjum við í grunninum. Þess vegna er eitthvað svo rökrétt að einbeita sér að börnunum.“

Páll Óskar: „Þetta er einmitt inntakið í textanum sem ég var að klára við UNICEF-lagið. Það var dálítil áskorun. Hún fólst í því að fara ekki í klisjurnar: „Save the world, save the children“. Ég held mér hafi tekist þetta ágætlega.“ [Hér lokar Páll Óskar augunum og fer með textann við nýja lagið sem hann gerði fyrir UNICEF: „Megi það byrja með mér.“]

Halldóra: „Þetta er alveg gæsa-húð!“

Páll Óskar: „Þetta er bæn í sjálfu sér. Þetta ferðalag mitt, að fá að fara til Síerra Leóne, varð til þess að ég umturnaðist úr því að vera vanmáttugur í það að vera máttugur. Það er mjög einfalt. Maður gerist heimsforeldri!“

Halldóra: „Einmitt. Við sem erum hérna megin og borgum þurfum ekki að vita allt sjálf. Til þess er UNICEF-skrifstofan, milliliðurinn, þar sem er greint hvar neyðin er mest og hvað þarf að gera. Við Palli höfum séð að fólki hjá UNICEF er eldhugar, bæði sjálfboda-liðarnir í löndunum sjálfum og starfsfólkið. Heimurinn er fullur af góðu fólki og við viljum öll það sama. Við viljum að hvert einasta barn fái að þroskast og fái grunnlífs-skilyrði. Þetta tekur tíma. Þess vegna þurfum við að hugsa í þrjátíu árum. Ekki í hálfu ári.“

Hér er barn, við þangað!

Bæði hrifust þau Páll Óskar og Halldóra af þeirri einföldu sýn sem UNICEF starfar eftir, að öll börn eigi rétt á að lifa, þroskast og njóta verndar gegn ofbeldi og misnotkun.

Páll Óskar: „Mér finnst algjör snilld að UNICEF hefur engar trúarlegar eða pólitískar skoðanir. Fókúsin hjá þeim er algjörlega á barnið: „Hér er barn. Það hefur ákveðin réttindi. Við þangað!“

Sagan á bak við samtökin sló mig. Í seinni heimsstyrjöldinni var ráðist á konur og börn. Hún var ekki háð uppi á einhverri hæð milli tveggja fylkinga karlanna. Eftir sat heimurinn í sárum og spurði sig: „Bíddu, hvað gerðist eiginlega?“ Og þá kom þessi spurning upp – hafa börn engan rétt? Börn voru réttlaust fólk á þessum tíma. Í framhaldinu bjuggu Sameinuðu þjóðirnar barnasáttmálann til. Þar er kveðið á um að öll börn í heiminum, sama hvar þau búa, eiga rétt á því að lifa, nærast, fá heilsugæslu, menntun, að leika sér... Ef UNICEF grunar að einhvers staðar sé gengið á rétt barnsins – þau þangað! Ef UNICEF hefði einhverjar pólitískar eða trúarlegar skoðanir gætu þau ekki starfað.“

Halldóra: „Einmitt. Enda er UNICEF oft á meðal þeirra hjálpar-samtaka sem fá að aðstoða börn í löndum þar sem öðrum er meinað aðengi.“

Páll Óskar: „Þetta eru stærstu barnahjálpar-samtök í heimi og þau fá að fara alls staðar inn. Við Halldóra fengum aðgang að hlutum sem

venjulegt fólk fær aldrei að sjá. Ég er endalaust þakklátur fyrir það. En þetta var áfall. Þetta var eins og að fá að verða vitni að umferðarslysi. Eins og einhver hefði komið til mín og sagt: „Ég veit það verður umferðarslys hérna á morgun. Ég ætla að bjóða þér að sjá það.“

Gátu skilið vonina eftir

Pau urðu bæði tvö vitni að ólýsanlegri þjáningu og eynd á ferðalög-unum. En þau upplifðu líka þakklæti fólksins yfir því að þau væru þarna og létu sig líf þeirra varða.

Halldóra: „Eitt af því sem ég velti fyrir mér, áður en ég tók ákvörðun um að fara, var þetta: Hver er ég, hvít kona frá Íslandi, sem býr við allsnægtir, á nóg að borða og getur sent börnin sín í skóla, hver er ég að fara þangað? Verð ég ekki eins og boðflennan með konfektmolann í munnum að fylgjast með fátæka fólkinu? En svo upplifði ég einmitt hið gagnstæða. Þegar það kemur hvít kona inn í fátækrahverfi, horfir í augu barns og spyr: „Hvernig líður þér?“ getur kviknað vonarneisti hjá því. Þó það sjái aldrei þessa hvítu konu aftur veit það að það er ekki öllum alveg sama. Þetta getur skipt mjög miklu máli. Eina sem maður getur skilið eftir sig er von. Von gefur þér kraft.“

Páll Óskar: „Ég hafði miklar áhyggjur af þessu sama áður en ég lagði af stað. En börnin tóku það burtu frá mér um leið. Alls staðar þar sem ég kom var mér fagnað, börnin föðmuðu mig, dönsuðu og sungu. Ég passaði mig líka alltaf á því, þegar myndavélin var hætt að rúlla, að segja: „Takk fyrir að segja mér þessa sögu. Þú verður að vita það að þessi saga kemur í sjónvarpinu á Íslandi, þar sem fullt af fólki fær að heyra hana. Við vonum að þetta fólk gefi síðan peninga til UNICEF. Þannig að sagan þín er að fara að bjarga fullt af fólki sem þú þekkir ekki neitt.“ Að gefa þeim þetta, vissu um að þau hefðu verið að gera gagn, var meiri háttar. Ég sá ljósið í augum þeirra kvikna. Þau tóku að blika.“

Mikilvægi hreina vatnsins

Páll Óskar: „Ég heimsótti nokkur þorp og fann á viðtökunum að þar höfðu góð verk verið unnin. Og hvað fæ ég að sjá? Skóla sem er byggður af UNICEF, vatnsbrunna sem dæla hreinu vatni djúpt neðan úr jörðinni, hannaða af UNICEF.“

Halldóra: „Þau hjá UNICEF eru sérfræðingar í vatni. Þau hreinsa vatn, sem er algjör grunnforsenda fyrir börn á aldrinum 0 til 2 ára. Það getur verið óbætanlegur skaði fyrir barn að drekka eittrað vatn og lenda í því að fá niðurgang. Hann er önnur algengasta dánarorsök barna í heiminum. Hugsið ykkur það! Það kostar tíu krónur, svona lítið bréf með nauðsynlegum söltum til að binda vatn í líkamanum svo barnið þorni ekki upp og deyi.“

Páll Óskar: „Þessi hjálp sem við getum veitt er ekki flókin. Við gerumst heimsforeldrar. Það kostar 2.000 krónur á mánuði. Það er dregið af reikningnum þínum og þú tekur varla eftir því. Ég veit að margir hér á Íslandi eiga um sárt að binda og að hver hundrað kall skiptir það máli. En hvað ef það er sett í það sambengi að hundrað kallinn þinn getur bjargar þremur til fjórum mannslífum? Þarna liggur okkar máttur, búandi í velferðarsamfélagi. Við megum ekki drukna í okkar eigin kreppu.“

Halldóra: „Ég upplifði svo sterkt á Haítí hvað verðmæti menntunar eru mikil. Það að fá menntun, hafa aðgang að hreinu vatni og heilbrigðisþjónustu segir mér að við erum í grunninn svo rík hér á Íslandi. Hér er nóg til. Kreppan verður afstæð í þessu sambengi.“

FRAMHALD Á SÍÐU 34



FUNDU MÁTT SINN Halldóra Geirharðsdóttir og Páll Óskar Hjálmtýsson fóru bæði tvö frá því að upplifa sig vanmáttug yfir í að finna til máttar síns þegar þau urðu vitni að því hvernig stuðningur heimsforeldra skilar sér beint í betri afkomu barna á hrjáðum svæðum.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN



Halldóra: „Ef við viljum breyta heiminum þá byrjum við í grunninum. Þess vegna er eitthvað svo rökrétt að einbeita sér að börnunum.“

LANDSSÖFNUN UNICEF NÆSTA FÖSTUDAG

Dagur rauða nefnsins verður haldinn 9. desember næstkomandi. Dagurinn er landssöfnun fyrir UNICEF, Barnahjálpar Sameinuðu þjóðanna.

- Fjöldi grínara og listamanna sam-einar krafta sína í skemmti- og söfnunarbætti sem sýndur verður í opinni dagskrá á Stöð 2.
- Aðalkynnar kvöldsins verða Þorsteinn Guðmundsson og Ilmur Kristjánsdóttir en auk þeirra koma fjölmargir listamenn að þættinum. Þeirra á meðal eru Spaugstofan, Steindi Jr., Ari Eldjárn, Ólafía Hrönn Jónsdóttir, Guðlaug Elísabet Ólafsdóttir og margir fleiri.

- Þetta verður í fjórða skiptið sem dagur rauða nefnsins er haldinn á Íslandi. Í undan-gengin skipti hafa þúsundir Íslendinga bæst í hóp styrktarforeldra UNICEF – heimsforeldra. Þeir fjármunir sem hafa safnast hafa verið notaðir til að bæta aðstæður barna um allan heim.



- Rauðu nefin eru seld um land allt og skátar bjóða þau til sölu. Í ár er um að ræða þrjá mismunandi karaktera: Skottu, Skjóðu og Skreppu.

Betra bílverð í desember!

Komdu í dag. Takmarkað magn.



mazda

Mazda6 Premium 4 dyra

**Kauptu í desember
kr. 4.390.000**

2,0i bensín. 155 hð. Sjálfskiptur,
fáanlegur einnig 5 dyra og station
Eldsneytisnotkun 7,6 L/100 km
Koltvísýringur CO₂ 176g/km

Desemberverð kr. 4.390.000
Verð áður kr. 4.610.000
Desemberafsláttur kr. 220.000

Mánaðargreiðsla kr. 51.398*



Tækifæri til að losna við gamla bílinn!
Settu gamla bílinn þinn upp í nýjan Mazda
á góðu verði í desember. Erum í jólasþápi.
Tökum allar gerðir bíla uppí nýjan Mazda.



**Auka jólabónus
Verðmæti
kr. 153.000**

**Þú staðfestir kaupin fyrir 24. desember
- og þú færð 4 ný vetrardekk undir nýja
flotta Mazda bílinn þinn. Sumardekkinn
fylgja með í skottinu!**

Mazda3 Advance 5 dyra

**Kauptu í desember
kr. 3.190.000**

1,6i bensín. 105 hð. Beinskiptur,
fáanlegur einnig dísil.
Eldsneytisnotkun 6,5 L/100 km
Koltvísýringur CO₂ 149g/km

Desemberverð kr. 3.190.000
Verð áður kr. 3.340.000
Desemberafsláttur kr. 150.000

Mánaðargreiðsla kr. 37.422*



Tækifæri til að losna við gamla bílinn!
Settu gamla bílinn þinn upp í nýjan Mazda
á góðu verði í desember. Erum í jólasþápi.
Tökum allar gerðir bíla uppí nýjan Mazda.



**Auka jólabónus
Verðmæti
kr. 106.000**

**Þú staðfestir kaupin fyrir 24. desember
- og þú færð 4 ný vetrardekk undir nýja
flotta Mazda bílinn þinn. Sumardekkinn
fylgja með í skottinu!**

Mazda2 Advance 5 dyra

**Kauptu í desember
kr. 2.370.000**

1,3i bensín. 84 hð. Beinskiptur,
fáanlegur einnig sjálfskiptur
Eldsneytisnotkun 5,1 L/100 km
Koltvísýringur CO₂ 119g/km

Desemberverð kr. 2.370.000
Verð áður kr. 2.490.000
Desemberafsláttur kr. 120.000

Mánaðargreiðsla kr. 26.939**




Tækifæri til að losna við gamla bílinn!
Settu gamla bílinn þinn upp í nýjan Mazda
á góðu verði í desember. Erum í jólasþápi.
Tökum allar gerðir bíla uppí nýjan Mazda.



**Auka jólabónus
Verðmæti
kr. 89.000**

**Þú staðfestir kaupin fyrir 24. desember
- og þú færð 4 ný vetrardekk undir nýja
flotta Mazda bílinn þinn. Sumardekkinn
fylgja með í skottinu!**



Komdu hingað
Mazda
Bildshöfða 8
Opíð 12 til 16 í dag

Mazda eru japanskir gæðabílar. Þekktir
fyrir áreiðanleika, lága bilanatiðni og frábæra
endursölu. Komdu í Mazda Brimborg,
Bildshöfða 8. Kauptu Mazda á lækkuðu verði.
Vertu Mazda í dag.

Varahlutaverslun opin 12 til 16
Kynntu þér sýningartilboðin

Verðlækkun í dag Mazdasýning

Komdu á sýningu í dag
Opíð 12 til 16

Fáðu þér jólakaffi og kakó og smákökur

FRAMHALD AF Síðu 32



VILTU STYRKJA UNICEF?

Með því að gerast heimsforeldri með mánaðarlegum framlögum kemur þú börnum til aðstoðar og hjálpar þeim að öðlast mann-sæmandi líf.

UNICEF vinnur að því markmiði að veita börnum vernd, öryggi og umhyggju. Hvert barn eigi að fá þá barnæsku sem það á skilið, það er tækifæri til að leika sér, læra og láta sig dreyma. Á hverjum degi snerta samtökin líf bágstaddir barna í yfir 150 löndum.

Meðal þess sem heimsforeldrar gera UNICEF kleift að gera er að bólusetja börn, reisa skóla, dreifa moskítónetum, byggja brunna, veita börnum sálrænan stuðning eftir stríðsátök og hamfarir, og svo mætti lengi telja.

Einnig er hægt að gefa svokallaðar „sannar gjafir“ sem vert er að muna eftir nú þegar velja á jólagjafirnar. Gjöfunum, sem þú kaupir í vefverslun UNICEF, er dreift til barna og fjölskyldna þeirra í samfélögum þar sem þörfin er mest. Þegar keypt er sönn gjöf fær viðtakandinn persónulegt gjafabréf með ljósmynd eða lýsingu á gjöfinni. Varan er því næst send frá vöruhúsi UNICEF í Kaupmannahöfn til einhvers af þeim 155 löndum sem Barnahjálpin starfar í, allt eftir því hvar þörfin er mest.

Meðal þess sem hægt er að gefa eru bóluefni, ormalyf, moskítónet og margt fleira, sem allt kemur í góðar þarfar. Þar er líka hægt að kaupa stærri gjafir á borð við reidhjól, sem getur gert gæfumuninn í að bæta líf barna með því að útvega greiðari aðgang að menntun og heilsugæslu. Eða jafnvel brunn og vatnsdælur, sem geta dugað heilu þorpi til að verða sér úti um hreint vatn.

Á vefsíðu UNICEF, www.unicef.is, má lesa allt um hvernig má gerast heimsforeldri og kaupa sannar gjafir.

MEGI ÞAÐ BYRJA MEÐ MÉR

Lag: Redd Lights/Páll Óskar

Texti: Páll Óskar

Ef að ég gæti breytt öllum heiminum myndi ég kannski byrja hjá börnunum

Gefa þeim sól sumaryl þau lifa í heimi sem að þau bjuggu ekki til Ég hélt að ég gæti ekkert leyst en nú hef ég sjálfur breyst

Ég bið að megi megi þessi heimur hér verða aðeins betri en hann er Og megi megi megi það byrja með mér

Hvernig get ég svo breytt þessum heimi hér?

Held ég verði að byrja á sjálfum mér Hvað get ég gert fyrir þau þau sem lifa í sárustu fátækt og nauð

Ég hélt að ég gæti ekkert leyst en nú hef ég sjálfur breyst

Ég bið að...

Gleymir aldrei ungu eldhugunum

Það eru sérstaklega þeir eldhugar sem ég hitti þarna úti sem ég mun aldrei gleyma,“ segir Páll Óskar Hjálmtýsson, þegar hann rifjar upp för sína til Sierra Leóne á vegum UNICEF í októbermánuði. Landið er eitt það fátækasta í Afríku og í 180. sæti á skýrslu Þróunaræztunar Sameinuðu þjóðanna um lífsgæði, af 187 löndum sem þar eru skráð. Þar er Ísland í 14. sæti. „Fyrsti eldhuginn var Júlíus, þrettán ára strákur með HIV. Hann smitaðist með blóðgjöf þegar hann var fimm ára og var á þeim tíma vart hugað líf. Í dag mætir hann í tékk og sprautur í hverjum einasta mánuði og það sér ekki á honum. Hann lifir fullkomlega eðlilegu lífi – eins eðlilegu lífi og hægt er að lifa í Sierra Leóne – gengur í skóla á vegum UNICEF, á sína leikfélaga og spilar sinn fótbolta. En HIV fylgir skömm, svo enginn veit að hann er HIV-jákvæður, nema amma hans og mamma hans. Hann var æði! Eitt besta viðtalið sem ég tók í þessari ferð var við hann.“

Þrettán ára ólétt götustelpa

Eldhugi númer tvö var fimmtán ára stelpa, sem bar nafnið Princess. „Hún var tólf ára gömul þegar hún fór að stunda vændi, því það voru ekki nægir peningar á heimilinu. Þær voru nokkrar saman í hóp, fimm eða sex vinur, sem brugðu á þetta ráð. Þær voru ekki með neinn melludölg, þær voru að gera þetta sjálfar, því þær trúðu að einfalda leiðin út úr fátæktinni væri að stunda vændi.“

Afleiðingin fyrir Princess var að hún varð ólétt eftir viðskiptavin. Viðbrögð foreldranna voru að fleygja henni á dyr. Hún var því ein, heimilislaus og ólétt, þrettán ára gömul. „Í dag er hún aktivisti,“



MEÐ BÖRNUM FRÁ SIERRA LEÓNE Páll Óskar Hjálmtýsson hitti marga unga eldhuga í ferðinni til Sierra Leóne. Hann var agndofa yfir þeim styrk sem börn geta sýnt í ólýsanlega erfiðum aðstæðum.

MYND/ARNAR ÞÓRISSEIN

segir Páll Óskar og leynir ekki hrifningu sinni. „Hún ferðast á milli skóla og segir öðrum stelpum að fara alls ekki að á götuna að selja sig. Það leysi ekki vandamálin. Hún er brjálæðislega sterk. Hún ítrekaði við mig að nú væri gamla lífi hennar lokið, framtíðin biði hennar og hún þakkaði UNICEF fyrir.“

Ótrúlegur viljastyrkur

Þriðja eldhugann hitti Páll Óskar í fátækrahverfi sem hann heim-

sótti. „Þetta hverfi er algjör endastöð. Þarna býr fólk sem hefur leitað til höfuðborgarinnar í von um betra líf en enda þarna, í slömmínu. Þarna er ekkert hol-ræsakerfi, engin sorphirða, engin hreinlætisaðstaða. Það er lítil lækur sem rennur þarna í gegn. Börnin nota þennan læk sem klósett og baða sig upp úr honum líka. Fólk tekur svo oft þetta sama vatn, sýður það og drekkur. Þarna er engin lýsing og því svartamyrkur á kvöldin. Á þessum stað

fékk ég að heyra sögu af strák sem vann sig upp úr þessu með því að læra að lesa sjálfur. Viljastyrkur hans var svo mikill að hann klifraði upp á hæðina, þar sem einn ljósastaur var, og las í birtunni frá honum í einn og hálfan tíma á dag. Nú er hann kominn með námsstyrk. Allir þessir krakkar eru ótrúlegir eldhugar. Þau hafa náð að rífa sig upp úr aðstæðum sem við getum ekki einu sinni ímyndað okkur. Þeim tókst það með hjálp UNICEF.“

Ef þau fá aðstoð eiga þau von

Um 220 þúsund manns létust og yfir 300 þúsund særðust í jarðskjálftanum sem reið yfir Haítí hinn 12. janúar árið 2010. Ríkið var, fyrir jarðskjálftann, það fátækasta á vesturhveli jarðar og þar voru allar grunnstöðir samfélagsins laskaðar. Eftir skjálftann eru þær í lamasessi og uppbyggingarstarfi langt því frá lokið. Um hálf milljón manna býr þar í búðum, margir við mjög erfiðar aðstæður.

Halldóra Geirharðsdóttir leikona dvaldi á hamfarasvæðunum í Haítí í viku í október síðastliðnum. Þangað fór hún á vegum UNICEF, til að tala við íbúa í tengslum við söfnunarátakið dag rauða nefnsins. Viðtölin verða sýnd sem innslög í skemmti- og söfnunarþættinum á Stöð 2 næstkomandi föstudag. Þetta er í annað sinn sem Halldóra fer utan á vegum UNICEF. Í fyrra fór hún til Úganda, sem hún segir að hafi verið mjög erfið reynsla.

Ógleymanleg móðir

Skjálftinn átti upptök sín nálægt Port-Au-Prince, höfuðborg Haítí, en þar er nú hvert einasta opna svæði, hver einasti Melavöllur og Austurvöllur, fullur af fólki, eins og Halldóra kemst að orði. Það býr í bráðabirgðatjaldbúðum úr plasti, hvert ofan í öðru. Því líkir Halldóra við að búa í plastpoka. Þarna var til að byrja með ekkert hreint vatn, ekkert skólp og enn í dag er þar ofboðsleg sýkingarhætta. Í heimsókn á heilsugæslustöð sem UNICEF styrkir í einu slíku hverfi, hitti Halldóra móður með sjö daga gamalt barn. „Þessi kona býr í svona bráðabirgðatjaldbúðum með 11 ára gömlum syni sínum, en maðurinn hennar dó í kólerufaraldrinum sem braust út í kjölfar skjálftans. Þá var hún komin 16 vikur á leið. Klukkan ellefu um kvöldið sunnudaginn 26. september fékk hún síðan fyrstu hríðir. Aðstæður í búðunum eru þannig að það kom ekki til greina



Á GÖTU ÚTI Í PORT-AU-PRINCE Halldóra Geirharðsdóttir sá með eigin augum þá eyðileggingu sem enn blasir við á Haítí í kjölfar jarðskjálftanna sem riðu yfir í byrjun árs 2010. Vinstra megin á myndinni glittir í rústir fjármálaráðuneytisins.

að senda son hennar út í myrkið eftir aðstoð. Hún átti því engra annarra kosta völ en að eiga barnið án hjálpar í tjaldinu. Maður þessarar konu hafði verið bílstjóri, svo þetta var millistéttarkona í þessu samfélagi, en bjó nú við hræðilegar aðstæður sem hún valdi sér ekki sjálf.“

Von í harmleiknum miðjum

Sögur á borð við þessa, af manlegum harmleik, er hvarvetna að finna á Haítí, rétt eins og í Úganda. Þrátt fyrir það upplifði Halldóra meiri von á Haítí. „Ef það má segja að eitthvað jákvætt hafi fylgt þessum skjálfta er það að hann setti fókus heimsins á Haítí. Þetta gæti því verið spyrnan af

botninum fyrir þetta land. Eitt af því sem maður reynir að gera í svona aðstæðum er líka að búa til spegil heim til Íslands. Ég hitti yfirmann UNICEF í landinu, sem sagði mér frá því verkefni sem mikil áhersla er lögð á núna. Það er að koma börnum, sem hefur verið komið fyrir hjá vandalausum eftir að annað foreldri hefur fallið frá, aftur til fjölskyldu sinnar. Þetta hét að vera niðursetningur hér á Íslandi fyrir hundrað árum. Afí minn var niðursetningur. Það er sami hugsunarháttur á Haítí núna og var hér fyrir 80 árum, þegar ASÍ-lögin voru sett. Með þeim var foreldrum í fyrsta skipti gert kleift að halda börnum sínum þegar annað foreldri féll frá, í stað þess

að þurfa að dreifa þeim um allt land. Fólkíð á Haítí er á sama stað og við vorum í afstöðu til barna á þessum tíma. Þetta gaf mér svo mikinn kraft, að bera saman hver þau eru og hver við vorum. Kraft til að trú á því að þau komist upp úr þessu.

Við erum þar sem við erum í dag, því við fengum aðstoð. Þau þurfa líka aðstoð. Það er 50 prósent ólæsi á Haítí og tæplega helmingur barna gengur í skóla. Það þarf að laga grunnstöðirnar í þessu samfélagi. Það er ekkert hægt nema með aðstoð. Við vitum það, því við erum sjálf svona þjóð. Við eignum að vera þakklát fyrir þann stuðning sem forfeður okkar fengu og við eignum að láta það ganga áfram.“

netto

Kræsingar & kostakjör...
...um jólin


40%
afsláttur

33%
afsláttur



MÁLVERKID
ÓLAFUR JÓHANN ÓLAFSSON
4.013kr
MERKT VERÐ 5.990 KR

40%
afsláttur




EINVÍGIÐ
ARNALDUR INDRIÐASON
3.594kr
MERKT VERÐ 5.990 KR



GÓÐUR MATUR - GOTT LÍF
INGA ELSA & GÍSLI EGILL
3.594kr
MERKT VERÐ 5.990 KR

32%
afsláttur




KONAN VIÐ 1000°
HALLGRÍMUR HELGASON
4.073kr
MERKT VERÐ 5.990 KR

33%
afsláttur




TRÚIR ÞÚ Á TÖFRA
VIGDÍS GRÍMSDÓTTIR
4.013kr
MERKT VERÐ 5.990 KR

32%
afsláttur




BERNSKUBÓK
SIGURÐUR PÁLSSON
4.073kr
MERKT VERÐ 5.990 KR

30%
afsláttur




STÓRA SAUMABÓKIN
PÉTUR GUÐJÓNSSON
5.593kr
MERKT VERÐ 7.990 KR

34%
afsláttur



HUGSAÐU ÞÉR TÖLU
JOHN VERDON
3.755kr
MERKT VERÐ 5.690 KR

31%
afsláttur



GÖTUMÁLARINN
ÞÓRARINN LEIFSSON
3.788kr
MERKT VERÐ 5.490 KR

33%
afsláttur



LANDNÁM
GUNNAR GUNNARSSON
4.683kr
MERKT VERÐ 6.990 KR

36%
afsláttur



ÚKK & GLÚKK
GEORG SKEGGJAS. & HARALDUR
2.234kr
MERKT VERÐ 3.490 KR

Skráðu þig á póstlistann á www.netto.is

Mjódd - Salavegur - Hverafold - Akureyri - Höfn - Grindavík - Reykjanesbær - Borgarnes - Egilsstaðir

Tilboðin gilda 3. - 4. desember

eða meðan birgðir endast



Á SVIÐ Helgi Björnsson stendur í ströngu þessa dagana við æfingar á upp færslu Vesturports á Axlar-Birni, sem frumsýnt verður í Borgarleikhúsinu í byrjun janúar. Hann segir gott að fá almennilega útrás fyrir listhneigðina eftir nokkurra ára búsetu ytra.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Listamaðurinn vildi brjótast út

Eftir nokkurra ára búsetu í Berlín er tónlistarmaðurinn og leikarinn **Helgi Björnsson** nánast alfluttur heim á klakann og niðursokkinn í hin ýmsu verkefni. Hann sagði *Kjartani Guðmundssyni* frá umdeildu jólalagi og júðóbúningum á níunda áratugnum.

Jólalög frá öllum heimshornum hljóma á kaffihúsinu þegar blaðamaður sest niður með Helga Björnssyni á hrollköldum vetrarmorgni. Óhjákvæmilega leiða söngvarnir hugann að Ef ég nenni, einu af mörgum lífseigum lögum söngvarans, sem hljómar iðulega á öldum ljósvakans á þessum árstíma.

„Það er ótrúlegt hversu vinsælt Ef ég nenni er, þetta lag sem ítalski tónlistarmaðurinn Zucchero gerði fyrst vinsælt“, segir Helgi, en bætir við að hann hafi ekki farið varhluta af því í gegnum tíðina að hinn íslenski texti lagsins fari í taugarnar á ýmsum. „Textinn er eftir Jónas Friðrik og mig grunar að þetta hafi verið brandari hjá honum á sínum tíma. Sumum finnst þessar vangaveltur, um hvort sögumaðurinn í textanum nenni þessu stússi yfirleitt eða ekki, ríma illa við jólaboðskapinn. Eðlilega. En þetta virðist hafa virkað. Reyndar hef ég ekki enn heyrt lagið á þessu ári, enda hef ég ekki tíma til að hlusta mikið á útvarpið þessa dagana.“

Klakinn togar í mig

Vitanlega eru engin nýmæli að Helgi eigi annríkt. Í þessari jólavertíð liggur fyrir að fylgja eftir útgáfu tveggja glænýrra breiðskífa: Annars vegar mynd- og hljódupptöku frá tónleikum Helga í Hörpu á þjóðhátíðardaginn síðasta, þar sem hann og gestir á borð við Ragnheiði Gröndal, Mugison, Högn Egilsson, Eivöru Pálsdóttur, Bogomil Font og Karlaóróinn Þresti syngja íslenskar dægurlagaperlu ásamt einvaliði undirleikara, og hins vegar tvöfaldrar safnskífu með öllum vinsælustu (og tveimur nýjum) lögum ísfirsku sveitarinnar Grafíkur, en með henni lét Helgi fyrst að sér kveða á níunda áratugnum. Þá er þriðja plata Reiðmanna vindanna, Ég vil fara upp í sveit, sem kom út í vor, enn á vinsældalistum og virðist lítið lát á lýðhylli þess hestamennsku- og ferðalagabálks. Mestur tími Helga fer þó í stífar æfingar fyrir upp færslu Vesturports á Axlar-Birni, nýju verki eftir Björn Hlyn Haraldsson sem frumsýnt verður í Borgarleikhúsinu í janúar.

„Eins og þú heyrir var ég orðinn ansi þyrstur“, segir Helgi, sem hefur verið meira og minna búsettur í Berlín síðustu sex árin, þar sem hann átti meðal annars og rak leikhúsið Admirals Palast. Hann segist nú vera nánast alfluttur heim þótt víðræður um framleiðslu tveggja verk efna í Þýskalandi (leiksyningar og stórtónleika í tengslum við heimsmeistararnót íslenska hestsins 2013) séu í gangi, enda sagði hann fyrir nokkur skilið við Admirals Palast eftir að rekstrarfélag leikhússins fór á hliðina.

„Þetta er svo erfiður bransi“, segir Helgi. „Af hverjum tíu upp færslum heppnast kannski tvær og þá þurfa menn að hafa djúpa vasa til að standa af sér áföllin. Svona er þetta bara, en lífið heldur áfram. Í Berlín var ég mikið í skrifstofuvinnu, að stjórna, rýna í viðskiptaáætlanir og slíkt, en listamaðurinn í mér langaði að brjótast út. Þrátt fyrir allt er ég í grunninn listamaður, tónlistarmaður og leikari, og það var kominn tími á það. Svo togar klakinn óneitanlega í mig.“

Hinsta verk Rabba

Með safnplötunni Grafík 1981-2011 fylgir heimildarmyndin Stansað dansað öskrað (samnefnd fjórðu breiðskífu sveitarinnar frá 1985) eftir Frosta Runólfsson og Bjarna Grímsson, en myndin var frumsýnd á víðeigandi hátt á Ísafirði í síðustu viku. Helgi segist ánægður með útkomuna, en ekki síður að tekist hafi að uppfylla ósk Rafns Jónssonar heitins, trommara Grafíkur, sem lést árið 2004.

„Við vorum hálfpartinn búnir að lofa honum þessu“, segir Helgi og útskýrir að vinna við myndina hafi hafist árið 2004, þegar Rafn hafði forgöngu um að skipuleggja endurkomutónleika með Grafík í tilefni tveggja áratuga útgáfuafmælis plötunnar Get ég tekið djón. „Þá var Rafn orðinn mjög veikur en linnti ekki látum fyrr en hann hafði komið bandinu saman. Svo þegar hann sá fram á að þetta væri allt orðið klárt kvaddi hann, og var jarðaður daginn áður en tónleikarnir voru bókaðir. Þetta var í raun hans síðasta verk og tónleikarnir urðu í raun minningartónleikar, eins og hann hefði skipulagt sína eigin útför. Því var afar mikilvægt fyrir okkur að þessi mynd liti dagsins ljós“, segir Helgi.

Grafík stenst tímans tón

Í heimildarmyndinni um Grafík gefur að líta ýmislegt efni frá mektarárnum sveitarinnar á níunda áratugnum, með sínum sérstöku sveiflum í tali, tónum og tísku. Helgi segir þennan tíma hafa verið skrautlegan, en ekki síður skemmtilegan.

„Við vorum með túberað hár, í sokkabuxum, júðóbúningum og ég veit ekki hvað. Einu sinni kom ég fram í pils í tónleikum í Laugarðalshöllinni fyrir framan mörg þúsund manns, sem þótti mjög skrítið. Dóra Einars fatahönnuður var í miklu stuði á þessum árum og saumaði meðal annars á mig jakka sem var með svo risavöxnum axlapúðum að ég líktist helst amerískum fótbolta-kappa“, segir Helgi og skellir upp úr. „Þessar múnderingar hafa örugglega verið mun skemmtilegri fyrir áhorfendur en svart stuttermabulurinn sem er einkennisbúningur flestra tónlistarmanna í dag.“



Einu sinni kom ég fram í pils í tónleikum í Laugarðalshöllinni fyrir framan mörg þúsund manns, sem þótti mjög skrítið

Enn fremur segir Helgi yfirferðina yfir sögu Grafíkur rifja upp fyrir sér sérstöðu sveitarinnar, tónlistarlega séð og þó sérstaklega hvað sándið varðar.

„Íslensk tónlist frá þessum tíma hefur oft ekki sama slagkraftinn og gengur og gerist í dag, en mörg af þessum gömlu lögum okkar hljóma eins og þau hafi verið tekin upp í gær. Algjört dúndur. Það er ekki sjálfgefið. Við hlustuðum töluvert á The Cure og Robert Fripp, gitarleikari King Crimson, var mikill áhrifavaldur. Áður en ég kom inn í grúppuna var hún mjög framsækin og strákarnir hlustuðu til dæmis mikið á Brand X, tilraunakenna hljómsveit sem Phil Collins var í samhlíða Genesis og áður en hann gerðist ballödupoppari. Þegar ég kom inn læddust með áhrif frá The Police, en líka sterkari melódíur og meira rokk og ról.“

Fyrirferðarmikill söngvari

Helgi söng með Grafík árunum 1983 til 1986, en þá tók Andrea Gylfadóttir við hljóðnemanum og Helgi stofnaði Síðan skein sól, sem síðar varð SSSól, skömmu síðar. Söngvarinn segir ástæðuna fyrir brotthvarfi hans úr sveitinni margþætta.

„Ég var ansi fyrirferðarmikill þegar ég gekk til liðs við bandið. Rúnar Þórisson og Rafn höfðu starfrækt sveitina í tvö ár, gefið út tvær plötur, og líklega þótti þeim þeir ekki hafa eins góð tök á málunum eins og þeir vildu. Það var smá kergja í mannskapnum, en slettist þó aldrei alvarlega upp á vinskapi. Veigamesta ástæðan var þó hversu upp tekin ég var í leiklistinni. Ég lék í gríðarlega vinsælum sýningum á borð við Land míns föður og Djöflaeyjuna, sem stundum voru sýndar sex kvöld í viku. Þá komst fátt annað að á meðan.“

Aðspurður segist Helgi þó aldrei hafa íhugað að gefa tónlistina alfarið upp á báttinn.

„Þetta var mikið álag en tónlistin togadi svo sterkt í mig. Svo í kringum 1990 var orðið allt of mikið að sinna bæði tónlistinni og leiklistinni. Þá var ég að leika allar helgar, hneigði mig klukkan ellefu

og keyrði svo strax upp á Skaga eða til Keflavíkur á ball með Síðan skein sól. Og svo var önnur sýning daginn eftir. Ég þurfti hreinlega að velja á milli og sá fram á að það yrði auðveldara að endurvekja leiklistarferilinn síðar en rokkið. Segja má að það sé að koma í ljós núna tuttugu árum síðar, þótt auðvitað hafi ég dottið inn í einstaka verkefni inn á milli.“

Má allt í leikhúsinu

Verkið Axlar-Björn er byggt á þjóðsögunni um þekktasta fjöldamorðingja Íslands, en um hann skráði séra Sveinn Níelsson, „eptir gömlum manni og greindum, innlendum“ eins og þar stendur. Atli Rafn Sigurðarson og Helgi leika öll fjórtán hlutverkin í sýningunni, en sá síðarnefndi lék síðast á leiksviði fyrir heilum ellefu árum.

„Það er eins og fleira sé leyfilegt í leikhúsinu í dag, en líklega á það við um flestar listir“, segir hann um endurkomuna á sviðið. „Það má allt í dag, engin ein stefna sem ræður, sem er hið besta mál og býður upp á endalause möguleika í túlkun. Axlar-Björn er smá „sækódrama“ með ýmsum flækjum sem vissara er að skýra ekki nánar frá að svo stöddu.“

Ólafur Kárasón í upphaldi

Þar sem bæði leik- og tónlistarferill Helga eru á fullu gasi á ný liggur nánast óþægilega beint við að inna hann eftir eftirlætislagi sínu og -hlutverki.

„Upphaldshlutverkinu er fljótsvarað“, segir hann og nefnir hlutverk sitt sem Ólafur Kárasón ljósvíkingur í Ljósi heimsins, opnunarsýningu Borgarleikhússins árið 1989. „Það var frábær sýning og mér tókst vel upp, þótt ég segi sjálfur frá. Af þessum aragrúa af lögum sem ég hef sungið þykir mér einna vænst um Síðan hittumst við aftur með Síðan skein sól. Lagið er vel heppnað og textinn líka, en hann samdi ég til konunnar minnar þegar við bjuggum á Ítalíu á sínum tíma. Ég skrapp alltaf heim öðru hvoru og nýtti náttúruöflin til að túlka söknuðinn.“

■ TOPPURINN AÐ VERA Í TEINÓTTU

Faðir Helga, Björn Helgason, lék á sínum tíma sem tengiliður með líbí (Íþróttabandalagi Ísafjarðar) og komst í landsliðið í knattspyrnu, sem þá var fáheyrt um leikmenn sem léku utan efstu deildar. Um tíma söðlaði Björn um og lék með Fram, sem gerði það að verkum að sonurinn Helgi er harður Framari. Bláðamanni leikur því forvitni á að vita hvernig söngvarinn brást við þegar stuðningsmenn erkijfjendanna í KR tóku eitt laga SSSól, Toppurinn að vera í teinóttu, upp á arma sína og gáfu út á sérstakri KR-plötu fyrir áratug eða svo. „Er nokkur ástæða til að banna KR-ingunum það? Þetta hefur að

minnsta kosti ekki truflað mig sérstaklega. Ekki geta Framararnir notað lagið“, segir Helgi og hlær, en sjálfur söng hann stuðningslag Fram fyrir nokkrum árum. „Raunar er dálítið merkilegt með Toppinn að vera í teinóttu að það er líklega fyrsta íslenska rapplagið sem kemur út á plötu, þótt það sé ekki alveg orginal rapp. Lagið hófst sem stuð í rútunni hjá okkur og svínvirkaði svo þegar við tókum það upp. KR-ingarnir eru að minnsta kosti ánægðir með það. Og Landsbankinn var ánægður með það á tímabili, þegar þar var eigandi sem var hrifinn af því að vera í teinóttu.“

Allt fínt fyrir jólin



KAUPAUKI
Jólastjarna
fylgir öllum
lífandi jólatrjám
um helgina

JÓLASKÓGURINN Í SKÚTUVOGI

Komdu með börnin og keyptu jólatréd timanlega í ár í notalegri jólastemningu með kakó, mandarinum og skemmtilegum uppákomum.

JÓLATRÉN eru komin í Skútuvog

**SKOPPA
OG SKRÍTLA**
skemmta og gefa ís

í Jólalandinu Skútuvogi
laugardag kl. 14:00

og bjóða öllum að smakka á nýja hátíðarísnum sínum frá Emmessís.



**Maggi Kjartans og
Brokkórinn**

Skemmta í Skútuvogi sunnudag
kl. 14:00 og kl. 16:00.

Jólastjarna
999

Hýasinta
199

Jólaskreyting
999

Öll kerti
25%
afsláttur

Tilboðin gilda í Blómavali um land allt

blómaval

HÚSASMÍÐJAN





**SPARIÐ
2.000**

FULLT VERÐ: 6.995
4.995

SWEET DREAMS amerísk dýna
Vönduð og góð dýna með sterkri
hliðarstyrkingu. Í efra lagi er áföst
10 sm. þykk yfirdýna úr hágæða
svampi. Í neðra lagi eru u.þ.b.
140 BONELL gormar pr. m².
Fætur fylgja með. Stærð:
90 x 200 sm.

Sweet Dreams

ÁFÖST
YFIRDÝNA



**SPARIÐ
30.000**

THERMO LUX sæng og kodd
Góð sæng, fyllt með 2 x 550
gr. af silikonmeðhöndluðum
holtrefjum. Má þvo á 90°C.
Sæng: 140 x 200 sm. Kodd: 50
x 70 sm.



90 x 200 SM. FULLT VERÐ: 69.950
39.950



1 STK. FULLT VERÐ: 3.995
NÚ 2 STK AÐEINS:
5.990

INDIA sængurverasett
Efni: 100% gæðabómull.
Stærð: 140 x 200 sm. og 50 x 70 sm.

**SPARIÐ
2.000**

STEPHEN hægindastóll
Góður hægindastóll með
innbyggðum fótkefli.
Faánlegur í svörtu og brúnu
PU efni og í sandlit í
mikrófíberefni.

FULLT VERÐ: 39.950
29.995

JACK skrifborðsstóll
Skrifborðsstóll með stillanlegu baki
og setu. Hægt að rugga.
Litur: Svartur/grænn.

FULLT VERÐ: 16.950
9.995



**SPARIÐ
6.955**



**SPARIÐ
10.000**



STÆRÐ: 153 x 203 sm.
FULLT VERÐ: 12.950
7.950

**SPARIÐ
5.000**

VELOUR COMFORT gestarúm
Sniðug lausn fyrir þá sem þurfa að taka á móti gestum en hafa lítið pláss.
Auðveldara getur þetta ekki verið! Vindsæng með innbyggðri rafmagnspumpu.
Taska fylgir. Stærð: B157 x L203 x H47 sm.



JÓLA LEIKUR

SKRÁÐU ÞIG Á PÓSTLISTANN Á
WWW.RUMFATALAGERINN.IS

OG ÞÚ GÆTIR UNNIÐ

50.000 KR.

GJAFABRÉF HJÁ OKKUR

DRÖGUM VIKULEGA TIL JÓLA

**SPARIÐ
30.000**



FULLT VERÐ: 89.950
59.950

LAVIA kofa með vinnuáðstöðu
Glæsileg kofa með vinnuáðstöðu. Hér ertu með allt í sama húsgagninu á frábæru
verði! Rúm, hillur, skrifborð, skúffur og skápur. Litur: Hlynur og grár. Stærð: B203 x
D136 x H180 sm. Dýnustærð: B90 x L200 sm.



2.495

Snjópota með bremsum
Góð snjópota með bremsum.
Fæst í nokkrum litum.



**SPARIÐ
3.000**

FULLT VERÐ: 12.995
9.995

SOFI baunapoki
Flottur 400 ltr. baunapoki á frábæru verði!
Stærð: 135 x 160 sm. Tilvalin jólagjöf!



2 PÖR

MAGIC GLOVES vettlingar
Flottir barna- og unglíngavettlingar
fyrir stelpur og stráka. 2 pör saman í
pakka á frábæru verði!

2 PÖR Í PAKKA
499



St. 10 x 15 sm.
299

HUA myndarammar
Fallegir, silfraðir
myndarammar.
Stærð: 10 x 15 sm. **299**
Stærð: 13 x 18 sm. **399**
Stærð: 20 x 25 sm. **499**



Veisluskálar 6 stk.
Flottar veisluskálar í 6 hlutum sem
mynda blóm þegar þær liggja allar saman.

6 stk.
1.995

**SPARIÐ
500**



NÝTT

FULLT VERÐ: 5.495
4.995

Kuldaskór
Góðir kuldaskór
á börnin.
Stærðir: 25-35.



**20%
AFSLÁTTUR**



Borðlampi
Fæst í 3 litum.

FULLT VERÐ: 1.995
1.595

TILBOÐIN GILDA 03.12 - 04.12



HERBERGIÐ • BAÐIÐ • HEIMILIÐ

www.rumfatalagerinn.is



Útivistarfatnaður
Peysa og buxur
saman í pakka. Nokkrar
mismunandi stærðir
fáanlegar á
frábæru verði!

2.995



Flispeysur
Góðar flispeysur á frábæru verði!
Nokkrir mismunandi litir og stærðir
fáanlegar.

FLÍSPEYSA
1.995



**35%
AFSLÁTTUR**

VERÐ FRÁ:
965

Loðhúfur
Mjög góðar loðhúfur á fullorðna
í svörtu og brúnu.
Stærðir: 57 og 59 áður **2.495**
nú **1.595**
Loðhúfur í barnastærðum.
Stærðir: 52 og 54 áður **1.495**
nú **965**



995

FLORA flísteppi
Mjúk og góð flísteppi á frábæru verði! Stærð: 130 x 180 sm.



**26%
AFSLÁTTUR**



Mannbroddar
Stærðir: 38 - 48.

FULLT VERÐ: 2.695
1.995

**20%
AFSLÁTTUR
AF ÖLLU KING
COLE GARNI!**



KING COLE garn
Mikið úrval af flottu garni,
nú á frábæru tilboði!



7 ára ábyrgð á öllum
nýjum Kia bílum

FRUMSÝNING

NÝR RIO

Einn sparneytnasti bíll í heimi!

Eyðir aðeins **3,2** lítrum á hundraðið



Þér er boðið á frumsýningu
á nýjum Kia Rio í dag, laugardag, kl. 12-16

Nútímatækni og hönnun hefur ekki einungis skilað glæsilegum gæðabíl, heldur er hann einn sparneytnasti fjöldaframleiddi bíll í heimi. Nýr Rio eyðir frá aðeins 3,2 lítrum á hundraðið í blönduðum akstri og magn CO₂ í útblæstri er með því allra minnsta sem þekkist eða aðeins 85 g/km.

Komdu við í sýningarsal Öskju að Krókhálsi 11 eða hjá umboðsmönnum okkar á Akranesi, Akureyri, Reykjanesbæ og Selfossi. Kynntu þér þennan framúrskarandi bíl, við tökum vel á móti þér.



mánaðargreiðsla*
30.477 kr.

Verð frá **2.497.777** kr.

* Miðað við grænan, óverðtrygðan bílasamning Ergo til 84 mánaða og 30% innborgun. Árleg hlutfallstala kostnaðar er 9,39%.



ASKJA · Krókhálsi 11 · 110 Reykjavík · Sími 590 2100 · askja.is
Viðurkenndur sölu- og þjónustuaðili KIA á Íslandi.



Þú finnur „Kia Motors Island“ á Facebook

www.kia.is

HVITA HUSBÍLJA - 11-1713

Fyrstu sex árin mikilvægust

Segja má að leikskólakennarar séu mikilvægustu móðurmálskennarar barna, að mati **Sigríðar Sigurjónsdóttur**, prófessors við Íslensku- og menningardeild HÍ. Sigríður útskýrði fyrir **Hólmsfríði Helgu Sigurðardóttur** hvernig grunnurinn er lagður að máltilfinningu barna strax á síðustu mánuðum í móðurkviði og fram til sex ára aldurs. Þetta séu lykilárin í málþroska barna.

Menn hafa áskapaða hæfileika til máltöku í æsku, enda á mannlegt mál sér líffræðilegar forsendur. Í vinstra heilahveli eru sérhæfðar málstöðvar sem sjá um mismunandi þætti móðurmálsins. Þessar málstöðvar þarf að örva á tilteknu tímarskeiði til þess að máltakan gangi eðlilega fyrir sig. Máltökuskeið manna hefst á síðustu vikum meðgöngu, þegar fóstrið fer að heyra, og því lýkur þegar börn komast á kynþroskaaldur. Börn eru hins vegar langnæmst í upphafi máltökuskeiðsins, fram til um sex ára aldurs.

Sigríður Sigurjónsdóttir, prófessor við Íslensku- og menningardeild Háskóla Íslands, telur mikilvægt að ung börn hafi góðar málfyrirmyndir, hvort sem litið er til heimilis eða skóla, og fái nauðsynlega málörvun. „Við erum aldrei jafn móttækileg fyrir máli eins og á þessum fyrstu sex árum. Við búum að þeirri tilfinningu, sem þróast með okkur á þessum árum, alla ævina. Máltækið „lengi býr að fyrstu gerð“ á vel við hér. Það gildir hvort sem við erum að tala um að reisa hús eða leggja grunn að málkennd barna. Málnotkunin sem barn elst upp við á fyrstu sex árunum mótast málkennd þess fyrir lífstíð.“

Börn sem eru heilbrigð og eiga í samskiptum við fullorðna ná valdi á máli, að því er virðist ósjálfrátt og án nokkurrar fyrirhafnar. Það, hversu góðir málnotendur þau verða, fer hins vegar eftir máluppeldinu sem þau hljóta. „Gott máluppeldi veltur að miklu leyti á því hversu mikinn tíma við gefum börnunum okkar. Lykilatriði til þess að örva þau eru gagnkvæm samskipti í samtölum, þar sem barnið talar og sá fullorðni bregst við með því að umorða eða endursegja það sem barnið sagði. Að lesa fyrir börn og ræða við þau um það efni sem lesið er, eflir einnig málþroska barna. Samskipti er lykilhugtak.“



SIGRÍÐUR SIGURJÓNSDÓTTIR Leikskólakennarar og aðrir sem koma að máluppeldi barna þurfa að vita hvernig máltaka barna gengur fyrir sig, að mati Sigríðar Sigurjónsdóttur, prófessors við Íslensku- og menningardeild HÍ. Aðeins þannig geti þeir örvað málþroska barnanna á frjóan og skapandi hátt.

Áhrif tungunnar á heilann

Eftir því sem rannsóknum á sviði málvísinda fleygir fram kemur betur í ljós hversu djúpstæð áhrif tungumálið hefur á fólk. Það hefur alvarlegar afleiðingar

ef máltaka móðurmáls gengur ekki sem skyldi. „Það er margt sem bendir til þess að máltakan sjálf hafi áhrif á heilann, svo sem verkaskiptingu heilastöðva. Það hefur lengi verið þekkt að ef eitthvað kemur fyrir málstöðvarnar í vinstra heilahveli hefur það áhrif á máltökuna. En þessu má einnig snúa við. Ef eitthvað kemur fyrir máltökuna, við fáum til dæmis ekki nauðsynlega málörvun eða eigum ekki samskipti við fólk á máltökuskeiðinu, þá hefur það bein áhrif á gerð heilans.“

Mikið sjónvarpsáhorf er einn utanaðkomandi þátta sem virðist geta truflað málþroska barna. „Á mörgum heimilum er alltaf kveikt á sjónvarpinu. Erlendar rannsóknir benda til að börn sem horfa og hlusta mikið á sjónvarp séu seinni til máls en jafnaldrar þeirra. Börn yngri en tveggja ára virðast ekkert græða á því í málþroska að horfa á sjónvarp og það er jafnvel hættu á að það valdi þeim skaða,“ segir Sigríður.

Þegar kveikt sé á sjónvarpi, með hljóðinu á, tali börn og full-

orðnir minna saman og börnin fá minna mállegt áreiti. Að þessu sögðu tekur Sigríður fram að börn sem eru eldri en tveggja ára geti lært ný orð af sjónvarpi, sérstaklega ef þau horfa á sjónvarpsefni sem miðast sérstaklega við þeirra aldurshóp og er gert til að auka orðaforða þeirra.

Mikilvægustu kennarnir

Þar sem börn eru næmst á fyrstu sex árum ævinnar má auðveldlega færa fyrir því rök að leikskólakennarar séu mikilvægustu móðurmálskennarar barna, í það minnsta þegar kemur að því að efla málkennd og máltilfinningu þeirra. „Í rauninni má segja að framtíð íslenskrar tungu velti á þessum fyrstu árum,“ segir Sigríður. Hún segir skjóta skökku við að í núverandi skipulagi fái leikskólakennaranemar ekki næga kennslu í íslensku máli og málnotkun. Þá sé áhyggjuefni hversu stór hluti starfsmanna á leikskólum hafi ekki íslensku að móðurmáli. „Auðvitað er gott að leikskólar landsins nýti þann auð

sem felst í starfsfólki af erlendum uppruna. Það kynnir börnunum aðra menningu og tungumál. En til þess að ung börn nái góðum tókum á íslensku verða þeir sem móta málkennd barna á þessum tíma, þegar þau eru hvað móttækilegust, að tala íslensku. Út frá þessu sjónarmiði má segja að meginþorri starfsmanna á leikskólum verði að hafa íslensku að móðurmáli.“

Þessi fyrstu ár eru líka mikilvæg þegar kemur að því að læra að lesa. „Móðurmálið sprettur fram sjálfkrafa, en það gegnir öðru máli um lestur. Við tileinkum okkur ekki lestur á sama hátt og talmál. Þegar börn læra að lesa búa þau að þeirri málkunnáttu og málskilningi sem þau hafa þegar tileinkað sér. Rannsóknir sýna að þegar börn eru að byrja að læra að lesa geta þau ekki lesið orð sem þau skilja ekki. Þess vegna er svo mikilvægt að það sé unnið markvisst að því í leikskólum að byggja upp orðaforða ungra barna og efla málskilning þeirra. Leikskólakennarar gegna þarna lykilhlutverki. Þeir þurfa að þekkja málkerfið og vita hvernig máltaka barna gengur fyrir sig, til að geta örvað málþroska barna á frjóan og skapandi hátt.“

Áhyggjur af íslenskunámi

Íslenskukennarar við Háskóla Íslands sendu nýlega frá sér ályktun, þar sem þeir hvöttu til þess að fylgt verði eftir tillögum Íslenskrar málnefndar um að hlutur íslenskukennslu verði aukinn í menntun kennara. Í íslenskrar málstefnu, sem var samþykkt á Alþingi árið 2009, var komið inn á mikilvægi þess að leik- og grunnskólakennarar séu góðar málfyrirmyndir og þeir fái nauðsynlega kennslu í íslensku í kennaranámi sínu. Árið 2007 voru gerðar breytingar á skipulagi grunnskólakennaranáms þar sem íslenska var tekin út úr kjarna námsins. Eins og staðan er nú geta grunnskólakennaranemar, sem ekki velja íslensku sem kjörgrein, fengið fulla kennararéttindi, án þess að hafa tekið nokkurt íslenskunámskeið. Þeir hafa þó réttindi til að kenna hvað sem er, þar með talið íslensku, upp í 10. bekk.

Sigríður stendur fyllilega á bak við ályktunina. „Uppeldis- og kennslufræðin er orðin svo ríkjandi í kennaranámi, með þeirri stefnu að það eigi að mennta kennara til að kenna. Það er að sjálfsögðu mjög mikilvægt. En það segir sig sjálf að kennarar verða að hafa nauðsynlega málfræðiþekkingu til að geta miðlað henni áfram til nemenda og eflt færni þeirra í móðurmálinu. Þess vegna skiptir ekki síður máli að faggreinin sé kennd. Íslenska er þjóðtunga okkar. Þetta er í raun og veru spurning um hvort við ætlum að tala íslensku í framtíðinni eða ekki.“

uno

cucina italiana

Jólaveislan á UNO er byrjuð

- Fordrykkur Prosecco
- Smakk að hætti kokkanna
- Mini borgari með léttrykri önd, rauðlaukssultu og ítalskri capers-gúrkusósu
- „Hrefnucarpaccio“ með fenniku, ólifum, fennel mayo, prosciutto mulningi og ilmriki sitrónuolíu
- Hvítlauksbakaðir humarhalar með ítalskri steinseltu og grilluðu brauði
- Villisveppa-risotto með gorgonzola
- „Hangikjötscarpaccio“ með baby mozzarella, hnetum, parmesan og klettakálspestói
- Kalkúnabringa með rósmarín kartöflu, gulrótar mauki, hægelduðum fennel og pancettasósu
- Svart cappellini með humar, bláskel, hvítlauk og chili
- Dádýrafillet með rósti kartöflu, parmaskinku vafinni fikju, svartrót og rósmarynsósu
- Tiramisu, klassískur eftirréttur að hætti itala
- Skeyr Panna cotta með hvítu súkkulaði, jarðaberjum og lime
- Súkkulaði brownie með ítölskum jólais
- Tuborg jólabjör
- Kaffi og Nóa konfekt

UNO | Hafnarstræti 1-3 | 101 Reykjavík | Tel. 561 1313 | uno.is

HVERNIG GETUR ÞÚ STUÐLAÐ AÐ GÓÐUM MÁLÞROSKA BARNINS ÞÍNS?

1. Talaðu mikið við barnið þitt

Mikilvægt er að gefa sér tíma til að tala við börn um það sem þeim liggur á hjarta. Lykilatriði í því að örva málþroska barna er að skiptast á orðum við þau í samtali, þar sem barnið talar og sá fullorðni bregst við með því að umorða eða endursegja það sem barnið sagði. Slík endurgjöf virðist skila mestum árangri þegar hún miðast við þroskastig barnsins. Til dæmis þegar barn segir: „Hundurinn hlaupti“ svarar sá fullorðni með því að segja: „Hvað segirðu, hljóp hundurinn?“

2. Lestu bækur fyrir og með barninu


Að lesa bækur fyrir börn sem hæfa þroska þeirra og áhugasviði er áhrifaríkt máluppeldi. Það er hins vegar ekki nóg að lesa, heldur þarf að staldra við iðulega, ræða við barnið um efni bókarinnar og útskýra þau orð sem það ekki skilur. Það er ekki síður mikilvægt að halda áfram að lesa fyrir börn eftir að þau eru sjálf orðin læs. Þá má lesa fyrir þau bækur á erfiðara máli en þau ráða við sjálf. Orðaforði barna eykst þegar lesið er fyrir þau.

3. Slökktu á sjónvarpinu

Erlendar rannsóknir sýna að börn sem horfa og hlusta mikið á sjónvarp eru seinni til máls en jafnaldrar þeirra. Börn eldri en tveggja ára geta að visu lært ný orð af sjónvarpi, en það sama á ekki við um yngri börn og mikið sjónvarpsgláþ getur beinlínis skaðað málþroska þeirra. Þegar kveikt er á sjónvarpi, með hljóðinu á, tala foreldrar og börn minna saman og mállegt áreiti í umhverfi barnanna verður þar af leiðandi minna. Þar sem samskipti eru lykilatriði fyrir eðlilegan málþroska er því farsælast að takmarka sjónvarpsáhorf barna.

„ÆSISPENNANDI“

Kristjana Guðbrandsdóttir, DV



**TRYLLINGUR YRSU
„AF BESTU GERÐ“**

VERÖLD 

Háir vextir fylgifiskur fallvaltrar krónu

Af hverju eru vextir hér á landi svona mikið hærri en í nágrannalöndum okkar, spyrja **Gylfi Arnbjörnsson**, forseti ASÍ, og **Ólafur Darri Andrason**, deildarstjóri hagdeildar ASÍ, í annarri af tveimur greinum sem þeir skrifa.

Mikil og heit umræða hefur verið hér á landi um vexti og verðtryggingu húsnæðislána í kjölfar efnahagshrunsins haustið 2008. Hrun krónunnar leiddi til mikillar hækkunar á verðbólgu sem aftur leiddi til mikillar hækkunar á vöxtum – bæði vegna verðtryggingar og mikillar hækkunar nafnvaxta. Fram að hruni hafði skuldsetning heimilanna vaxið hröðum skrefum. Bankarnir voru ágengir í markaðssetningu sinni og buðu allt að 100% fjármögnun á bíla-kaupum, féllihýsum, sumarbústöðum og íbúðarhúsnæði til viðbótar við mikið úrval neyslulána í formi veltikorta, kreditkorta og annarra skammtímalána. Og lánin var hægt að taka í alls kyns erlendri mynt. Landsmenn voru því illa búnir undir gengishrun og verðbólgu-skot.

Hvers konar lán hafa verið í boði?

Í raun má segja að almenningur hafi staðið frammi fyrir þremur ólíkum kostum þegar um húsnæðislán er að ræða.


1. Óverðtryggt lán með breytilegum nafnvöxtum. Misjafnt er hversu oft vextir breytast. Í seinni tíð hafa bankarnir boðið upp á lengri vaxtavíðmiðanir og nýverið allt að fimm ár í senn.
2. Verðtryggt lán þar sem grunnvextir (raunvextir) eru ýmist fastir til langs tíma eða breytanlegir á nokkurra ára fresti. Verðtryggt kerfið hefur aðallega verið notað fyrir löng lán, 5-40 ára húsnæðislán.
3. Erlend húsnæðis- og bílalan, þar sem miðað er við erlenda markaðsvexti að viðbættu áhættu- og þjónustulagi innlendu bankanna. Þessi lán voru dæmd ólögmet og greiddendum gert að greiða lægstu vexti sem Seðlabankinn gefur út.

Vextir á Íslandi undanfarna áratugi 10-25%


Ef horft er til þróunar verðtryggðra og óverðtryggðra vaxta hér á landi síðastliðin 20 ár (byggt á upplýsingum Seðlabanka Íslands), má sjá að vextir hafa oftast legið yfir 10% á ári. Þrisvar á þessum 20 árum hafa þeir nálgast 20% og nú síðast farið yfir 25%. Það er athyglisvert að á þessum árum hafa nafnvextir óverðtryggðra

SKÝRINGARMYNDIR


Vaxtamunur milli Íslands og Evrusvæðis 1990-2011



Verðbólga á Íslandi og gengi ísl. krónunnar 1991-2011



Hækkun greiðslubyrði í verðbólgu-skoti



lána yfirleitt verið nokkru hærri en nafnvextir verðtryggðu lánanna (þ.e. raunvextir að viðbætti 12 mánaða verðbólgu). Undantekningarnar eru þau ár sem krónan hefur fallið mjög mikið. Þá hækka nafnvextir verðtryggðra lána fyrr en óverðtryggðara.

Raunvextir verðtryggðu lánanna hafa verið 1-3% lægri en þeirra óverðtryggðu. En hver er ástæðan fyrir þessum mikla vaxtamun? Þegar bankarnir ákvarða nafnvextina eru þeir í raun að spá fyrir um þróun verðlags á næstu mánuðum og misserum. Reynolds sl. 20 ár sýnir okkur að í slíkum spám hafa þeir iðulega reiknað sér óvissuálag vegna ófyrirséðra atburða, einkum óvissu um áhrif af breytingum á gengi krónunnar. Í verðtryggða kerfinu er þessari óvissu um þróun verðbólgu eytt með því að samið er um raunvexti, en lántakandinn axlar ábyrgð á verðbólgunni. Þegar krónan fellur hafa heildarvextir (þ.e. raunvextir að viðbætti verðbólgu) síðan hækkað í samræmi við aukna verðbólgu, og þó það eigi bæði við um verðtryggða og óverðtryggða vexti gerist það fljótar á verðtryggðu lánunum vegna beintengingar við vísitölu neysliverðs.

Eftir hrúnið 2008 hefur þetta snúist við og nú eru raunvextir á óverðtryggðum lánunum ríflega 2% hagstæðari en á verðtryggðum lánunum. Ólíklegt er að það ástand

sé varanlegt. Gjaldyrishöftin hafa læst mikið fjármagn inni í hagkerfinu á bankabókum eða ríkisbréfum, þar sem vextir hafa verið mjög lágir. Af þeim ástæðum hafa bankar og sparissjóðir getað boðið tiltölulega hagstæð óverðtryggð lán á kostnað sparifjáreignenda en sjálfir fengið ríflegan vaxtamun.

Af hverju eru vextir háir á Íslandi?

Engum blöðum er um það að fletta að vextir upp á 10-12% að jafnaði, sem öðru hvoru hoppa upp í 20-25%, eru meginorsök þess greiðsluvanda sem heimilinn glíma við. En af hverju eru vextir hér á landi svona mikið hærri en í nágrannalöndum okkar? Svarið er ekki einfalt en tengist þeim sveiflum sem einkennir gengis- og verðlagsmál okkar því vaxtakjör einstakra landa ráðast í grunninn af:

- ávöxtunarkröfu fjármagnseignenda, sem ávallt er mæld með raunvöxtum
- verðbólgu og verðbólguvæntingum
- eftirspurn eftir fjármagni
- samkeppni á fjármálamarkaði
- áhrifum stýrivaxta Seðlabankans á fjármálamarkaðinn

Ef lítið er til þróunar verðbólgu sl. 20 ár og hún sett í samhengi við þróun gengis íslensku krónunnar má sjá mikla fylgni. Breytingar á gengi íslensku krónunnar er meginorskyrningin á óstöðugu

verðlagi og miklum sveiflum í verðbólgu. Ástæðan fyrir þessu er einföld; hlutdeild erlendra neyslvara og innflutt hráefni íslenskra framleiðenda er um 40% af endanlegri neyslu almennings.

Áratugum saman var þjóðfélagið fast í vítahring gengis-, verðlags- og launabreytinga. Með þjóðarsáttarsamningnum 1990 gerðu aðilar vinnumarkaðarinnar með sér samkomulag um að brjótast út úr þessum vítahring og fengu stjórnvöld með sér í þá vegferð. Lykilatriði þessarar stefnu var að tekið var upp fastgengisstefna. Einblínt var á kaupmátt launa fremur en launahækkunina sjálfa og að halda verðbólgu í skefjum. Með þessu samkomulagi lækkaði verðbólgan úr 25-30% niður í 2-3% á tiltölulega skömmum tíma og lagði grunn að nýrri sókn í efnahags- og atvinnuálag. Forsenda þessarar stefnu var agi og ábyrgð í hagstjórn og við gerð kjarasamninga.

Tilraunin með fljóttandi gengi mistókst

Eftir að fjármagnshreyfingar voru gefnar frjálslar 1995 og einkavæðing bankanna 1997 fór að reyna verulega á getu Seðlabankans til að verja fastgengisstefnuna. Forsendur hennar brustu sumarið 2000. Eftir afar takmarkaða umræðu var fyrirkomulagi gengismála breytt vorið 2001 og

tekið upp fljóttandi gengi með verðbólgu markmiði. Seðlabankanum var með lögum gert að halda verðbólgu í skefjum með stjórnstækjum peningamálastefnunnar. Þar gegndu stýrivextir lykilhlutverki.

Þrátt fyrir þessa breytingu á stjórn peningamála varð engin breyting á stefnu stjórnvalda. Lausatök voru í ríkisfjármálunum þrátt fyrir mikinn vöxt í atvinnulífnum. Seðlabankinn hækkaði stýrivexti mikið og jókst vaxtamunur milli Íslands og nágrannalöndanna verulega. Fór munurinn milli Íslands og evrusvæðisins í 17,5% þegar mest var árið 2008 en minnstur var þessi munur 3,5% árið 2003. Gengi íslensku krónunnar sveiflaðist mjög mikið. Á þessum tíu árum sem liðin eru frá því að við hurfum frá fastgengisstefnunni og tókum upp fljóttandi gjaldmiðil hefur krónan fallið þrívægis; 2000-2001 um fjórðung, 2006 um fimmtung og 2008 um helming.

Á mynd 2 má sjá vaxtamuninn milli Íslands og evrusvæðisins með tilliti til ávöxtunarkröfu á óverðtryggðum ríkisbréfum til 5-10 ára. Bréf sem samkvæmt kenningunni ættu að leggja grunninn að vöxtum viðkomandi lands eða landa. Vaxtamunurinn hefur verið 7,7% að meðaltali þessi 12 ár til viðbótar við 1-3% álag bankanna vegna óvissunnar um þróun gengis- og verðlagsmála.

Íslensk hönnun
Íslenskt handverk

Metal design

Metal design • Skólavörðustígur 2 • sími 552 5445

Skóli fyrir þig?

Handverks- og hústjórnskólinn
Hallormsstað

Langar þig að stunda skemmtilegt nám:

- í heimavistarskóla?
- í góðum félagskap?
- í fögru umhverfi?

Vegna forfalla getum við bætt við nemendum á komandi önn

Uppl. www.hushall.is eða í síma 471 1761

VERÐTRYGGÐ LÁN EÐA ÓVERÐTRYGGÐ?

Hvernig fara íslensk heimili að því að standa undir miklu hærri vöxtum en þekkjast í nágrannalöndum okkar? Svarið við því er í sjálfu sér einfalt. Við höfum gert það með því að lengja stöðugt í húsnæðislánunum og útfæra mismunandi leiðir til þess að dreifa vaxtabyrðinni á fleiri ár. Afleiðingin er að eignamyndun er mun hægari hér á landi en í nágrannalöndunum og skuldsetningin meiri.

Verðtryggingin var tekin upp í lok 8. áratugarins eftir að fjármálakerfi landsins var komið í miklar ógöngur. Þjóðhagslegur sparnaður var í lágmarki og lífeyriskerfi landsmanna var að þrotum komið þar sem sparnaður launafólks brann upp á verðbólguþálinu.

Verðtryggingarkerfið var einkar ógagnsætt í byrjun og erfitt að átta sig á raunverulegri stöðu lána. Heimili og fyrirtæki áttu einnig í erfiðleikum með að standa í skilum með greiðslur af þessum lánunum, því verðbólgan var gríðarleg og staðgreiða varð verðbótarpátt vaxta.

Eftir slæma reynslu af þessari fyrstu útfærslu var aðferðafærðin endurskoðuð. Sú aðferð sem tekin var upp fólst í því að bæta verðbótum við höfuðstól lánsins og dreifa þannig verðbótapætti vaxtanna á restina af lántímanum. Kostur þessarar aðferðar felst í því að þegar verðbólgu-skoti verða, leggst hækkun vaxtanna við höfuðstólinn í stað þess að gjaldfalla strax. Áhrifin verða þau að greiðslubyrði lánsins hækkar minna í kjölfar verðbólgu-skotsins en á móti er hækkun greiðslubyrðarinnar varanleg til loka lántímans.

Samanburður á tveimur kostum

Til að átta sig betur á því hvaða áhrif verðbólgu-skoti hefur á íslensk lán má skoða dæmi um tvö 24 milljóna króna lán til 40 ára, annað verðtryggt og hitt óverðtryggt. Verðbólga

er 2,5% allan lántímann nema hvað að það kemur verðbólgu-skoti með 12% verðbólgu í tvö ár og 5,5% í næstu tvö ár þar á eftir.

Ólafur Darri Andrason

Ólafur Darri Andrason
Deildarstjóri hagdeildar Alþýðusambands Íslands

Ólafur Darri Andrason

Gylfi Arnbjörnsson
Forseti Alþýðusambands Íslands

Ólafur Darri Andrason

Ólafur Darri Andrason
Deildarstjóri hagdeildar Alþýðusambands Íslands

Ólafur Darri Andrason

Ólafur Darri Andrason
Deildarstjóri hagdeildar Alþýðusambands Íslands

Ólafur Darri Andrason

Ólafur Darri Andrason
Deildarstjóri hagdeildar Alþýðusambands Íslands



25% AF ÖLLUM SÓFUM OG SÓFASETTUM

1. - 4. DESEMBER



OG VIÐ MEINUM ÖLLUM SÓFUM OG SÓFASETTUM!



HANNAÐU ÞINN EIGIN HOUSTON EININGASÓFA



- 10 mismunandi einingar
- 4 mismunandi armpúðar
- 4 mismunandi viðarfætur eða krómfætur
- 80 mismunandi áklæði



Samloka m/skinu og osti
Borið fram m/salati

Verð 495,-



VISA Lán
- VAXTALAUST
Bjódum uppá
vaxtalaust
lán til 6 mánaða

ILVA
sendum um allt land

ILVA Korputorgi, s: 522 4500 www.ilva.is
mánudaga - föstudaga 11-18:30 laugardagur 3.des 10-20
sunnudagur 4. des. 12-20

40

MILLJÓNIR



FULLT HÚS AF MILLJÓNUM!

Fimmfaldur Lottópottur stefnir í 40 milljónir.
Leyfðu þér smá Lottó!



Skráðu þig sem aðdáanda Lottó á
facebook.com/lotto.is



25 AFMÆLIS LEIKUR 1.000.000

Íslensk getspá fagnar 25 ára afmæli í ár. Af því tilefni bætum við **25 vinningum við í desember, einni milljón** fyrir hvert ár. Ef þú kaupir **10 raðir** í Lottó eða Víkingalottó, eða ert í **áskrift**, áttu möguleika á að vinna einn eða jafnvel fleiri af þessum veglegu afmælisvinningum.

Geymdu lukkunúmerið þitt vel – við drögum á aðfangadag!



Kolka í aðgerð

Kolka, fimm mánaða gömul tík, þjást vegna misvaxtar á beinum í framfæti og gekkst undir aðgerð á Dýraspítalanum í Víðidal. Anton Brink ljósmyndari fylgdi henni þangað.

Svona lagað er fremur sjaldgæft og oft mjög erfitt viðureignar,“ segir Ólöf Loftsdóttir, dýralæknir á Dýraspítalanum í Víðidal. Ólöf er ein þeirra sem gerði aðgerð á Kolku, fimm mánaða gamalli border collie-tík, í síðasta mánuði.


Ástæða þess að gera þurfti aðgerð á Kolku var misvöxtur á beinum í öðrum framfætinum. Vaxtalína annarrar pípunnar í fætinum lokaðist og þvingaði þannig vöxt hinnar pípunnar, sem sveigðist og byrjaði að afmynda fótinn. Án aðgerðar hefði komið sífellt meiri sveigja á beinið eftir því sem það stækkaði.

„Aðgerðin gekk út á að losa um þessa spennu,“ segir Ólöf. „Við söguðum í sundur pípunna sem var of stutt svo hin pípan geti rétt úr sér. Vonandi hefur tekist að rétta þessa afmyndun á framfætinum, en líklega gengur þetta aldrei alveg til baka. Sennilega á Kolka alltaf eftir að finna eitthvað fyrir þessu.“

Eigandi Kolku er Þórhildur María Bjarnadóttir, fimmtán ára nemi í Hvassaleitisskóla, sem er mikill dýravínur og útilokar ekki að leggja dýralækningar fyrir sig í framtíðinni. Bergþóra Arnarsdóttir, móðir Þórhildar Maríu, segir dóttur sína ítrekað hafa beðið um hund á heimilið síðustu ár, en sjálf segist Bergþóra ekki sérlega mikil hundamanneskja. „Ég var á leiðinni út í búð eitt kvöldið þegar sá mjög fallegan hund og eigandi hans gaf mér símanúmer hjá fólkinu sem hann fékk hundinn hjá. Daginn eftir skelltum við okkur upp í Hvalfjörð og þá kom þessi litli engill hlaupandi beint í fangið á okkur og knúsaði. Það var ást við fyrstu sýn, því hún Kolka er alveg yndisleg. Eftir aðgerðina líður henni vel þótt hún verði líklega alltaf örlítið hölt, en Kolka bætir það bara upp með öllu öðru,“ segir Bergþóra.

FRAMHALD Á SÍÐU 50

VÍSIR Fleiri myndir má sjá á visir.is



RÝNT Í MYNDIRNAR Dýralæknarnir ráða ráðum sínum yfir röntgenmynd af framfæti Kolku, en misvöxtur beina hamlaði eðlilegum vexti.



Í VÍÐIDAL Jóhanna Íris Hjaltadóttir, aðstoðarmaður á Dýraspítalanum, tók vel á móti Kolku þegar hún kom í aðgerðina.



UNDIRBÚNINGUR Dýralæknarnir Ólöf Loftsdóttir og Katrín Harðardóttir búa sig undir að létta Kolku lífið. Alls starfa sex dýralæknar á Dýraspítalanum í Víðidal og auk þess fjórir aðstoðarmenn.



POLINMÓÐ „Kolka er mikil félagsvera. Hún heilsar öllum og leikur sér oft við læðuna Lúffu sem dvelur stundum á heimili okkar. Stundum hleypur Lúffa upp í tré og þá skælir Kolka,“ segir Bergþóra Arnarsdóttir.

5.–8. desember 2011

Almennt hlutafjárútbod

Eignabjarg ehf., dótturfélag Arion banka hf., hyggst selja þegar útgefna hluti í Högum hf. með almennu útbóði.

Markmiðið er að útbóðið geri Högum hf. kleift að uppfylla skilyrði NASDAQ OMX Iceland um dreifingu hlutafjár og marki þannig grunninn að dreifðu eignarhaldi á Högum, en þá er bæði horft til þess að almenningur og fagfjárfestar eignist hlut í félaginu, og jafnframt er markmið seljandans að fá ásættanlegt verð fyrir eign sína.



Fyrirtækjaráðgjöf Fjárfestingabankasviðs Arion banka hefur umsjón með almenna útbóðinu.

Stærð útbóðsins nemur 20% af útgefnum hlutum, eða 243.517.168 hlutum, en seljandi áskilur sér rétt til að stækka útbóðið í allt að 30% af útgefnum hlutum eða samtals í allt að 365.275.752 hluti. Seljandi óskar eftir áskriftum á verðbilinu 11–13,5 krónur á hlut og mun eftir lok áskriftartímabils ákvarða eitt endanlegt útbóðsgengi til allra kaupenda í útbóðinu, en það mun verða á framangreindu verðbili. Andvirði útbóðsins getur þannig numið á bilinu 2,7–4,9 milljörðum króna.

Peir sem vilja fjárfesta fyrir 100 þúsund krónur til 25 milljónir króna eru beðnir að skila áskrift sinni rafrænt á vef Arion banka, www.arionbanki.is. Til þess notar fjárfestir notandanafn sitt og lykilorð að netbanka Arion banka, eða kennitölu sína og lykilorð sem hann pantar á áskriftarvefnum og fær sent um hæl sem rafrænt skjal í netbanka sinn hjá hvaða íslenska viðskiptabanka sem er.

Peir sem vilja fjárfesta fyrir 25-500 milljónir króna eru beðnir að hafa samband við fyrirtækjaráðgjöf eða hlutabréfamíðlun fjárfestingabankasviðs Arion og skila áskrift sinni á sérstöku formi sem nálgast má hjá þessum söluaðilum.

Útbóðið er til aðila (einstaklinga og lögaðila) með íslenska kenntölu sem eru fjárráða og ráða búi sínu sjálfir. Það þýðir m.a. að einstaklingum undir 18 ára aldri er ekki heimilud þátttaka í útbóðinu.

Úthlutun: Komi til þess að eftirspurn í útbóðinu verði meiri en sem nemur stærð útbóðsins, þá verða annarsvegar áskriftir að andvirði 0,5–25 milljónum króna skertar um allt að 50%, en lægstu áskriftir látnar halda sér, og þurfi að koma til frekari niðurskurðar verður hámark netáskrifta lækkað frekar með flötum niðurskurði og hinsvegar verða áskriftir yfir 25 milljónum króna skertar samkvæmt einhliða ákvörðun seljanda sem taka mun mið af framangreindum markmiðum útbóðsins.

Áskriftartímabil stendur frá mánudeginum 5. desember 2011 klukkan 10.00 til fimmtudagsins 8. desember 2011 klukkan 16.00.

Eindagi kaupverðs: 14. desember 2011

Stefnt er að því að 15. desember 2011 verði fyrsti dagur viðskipta með hluti Haga hf. í Kauphöllinni.

Minnt er á að fjárfesting í hlutabréfum felur í sér áhættu og að áskrift í útbóðinu er bindandi.

Fjárfestar eru hvattir til að kynna sér vel upplýsingar um Haga og skilmála útbóðsins sem er að finna í lýsingu Haga dagsettri 26. nóvember 2011 sem gefin er út á íslensku. Fjárfestum er sérstaklega bent á kafla um áhættuþætti í lýsingunni.

Lýsinguna má nálgast rafrænt á www.hagar.is og www.arionbanki.is. Hana má einnig nálgast innbundna í höfuðstöðvum Haga að Hagasmára 1 í Kópavogi og hjá Arion banka í Borgartúni 19 í Reykjavík.

FRAMHALD AF SÍÐU 48




GÓÐMENNT Katrín, Ólöf og Jóhanna í miðri aðgerð. „Starfsfólkið á Dýraspítalanum er allveg frábært og manni hlýnar bara um hjartarætur þegar maður kemur þarna inn, því viðtökurnar eru svo góðar,“ segir Bergþóra.




SVÆFING Auk dýralæknanna tveggja sem framkvæma aðgerðina er ávallt einn sem vaktar svæfingu, eins og í tilfalli Kolku.



AÐGERÐIN Önnur pípan í framfæti Kolku, sem óx ekki eðlilega, er klípt í sundur til að draga úr frekari afmyndum á hinni pípunni.



AÐ AÐGERÐ LOKINNI Randy Baldvina Friðjónsdóttir gætir þess að vel fari um Kolku eftir aðgerðina á Dýraspítalanum í Víðidal.



KOMIN HEIM „Við erum alsæl með að Kolka er komin heim og líður betur,“ segir Bergþóra. „Við þurfum að passa rosalega vel upp á hana, sérstaklega meðan hún var enn á verkjalyfjum, en hún virkar brött á okkur og fóturinn getur nú stækkað eðlilega.“

SPJALDTÖLVUR

&MYNDAVÉLAR

Kynningarblað Android, dokka, sími, myndavél, USB, kortalesari, hugbúnaður, forrit, jólagjafir, tölvuleikir.

Spjaldtölvur verða vinsælar jólagjafir

Tölvulistinn hefur opnað stærstu tölvuverslun landsins í Heimilistækjahúsinu við Suðurlandsbraut 26. Verslunin býður upp á vinsælustu spjaldtölvurnar frá Apple, Asus, Acer og Toshiba.

Salan á spjaldtölvum hefur stóraukist á undanförunum vikum og ljóst að margir eiga eftir að verja jóladegi með nýja spjaldtölvu í fanginu með bros á vör,“ segir Gunnar Jónsson sölustjóri Tölvulistans. Spjaldtölvur hafa verið mikið í umræðunni eftir að Rannsóknarsetur verslunarinnar veðjaði á að spjaldtölvur yrðu vinsælasta jólagjöfin í ár.

Hvað er það sem gerir spjaldtölvur svona vinsælar til jólagjafa? „Spjaldtölvur eru mjög skemmtileg blanda af tölvu og snjallsíma. Fyrst og fremst eru þær mjög léttar og meðfærilegar og auðvelt að taka þær með sér hvert sem er. Snertiskjárninn gerir þær líka mjög notendavænar,“ segir Gunnar. Hann bendir á að fólk leiti helst eftir því að geta hvar sem er farið á netið, skoðað tölvupóstinn, hlustað á tónlist, lesið rafbækur, horft á kvikmyndir og tekið ljósmyndir.

Í spjaldtölvum er hugbúnaður yfirleitt svokölluð smáforrit eða app sem hægt er að kaupa beint í gegnum spjaldtölvurnar. „Þegar maður byrjar að nota spjaldtölvur dagsdaglega verður maður hreinlega gáttaður á því hvað er til mikið af spennandi og skemmtilegum spjaldtölvuforritum fyrir allt milli himins og jarðar í gegnum App Store eða Android-market,“ segir Gunnar. Forritin sem hægt er að nálgast á þessum markaðstorgum skipta hundruðum þúsunda og hægt er að finna ótal forrit sem tengjast áhugasviði hvers og eins.

Tölvulistinn opnaði nýlega



Tölvulistinn opnaði nýlega stærstu tölvuverslun landsins við Suðurlandsbraut 26. Gunnar Jónsson sölustjóri segir verslunina þrívörð sinnum stærri en þá sem Tölvulistinn var með í Nóatúni.

MYND/GVA

stærstu tölvuverslun landsins í Heimilistækjahúsinu við Suðurlandsbraut 26. Verslunin er þrefalt stærri en verslunin sem var í Nóatúni og spjaldtölvudeildin stækkaði mikið í kjölfarið að sögn Gunnars. „Við erum mjög ánægðir með það úrval sem við erum að bjóða okkar viðskiptavinum, enda allar okkar vinsælustu spjaldtölvur margverðlaunaðar og frá traustum vörumerkjum eins og Apple, Asus, Acer og Toshiba.“

Hvaða spjaldtölvur eru vin-

sælastar núna fyrir jólin? „Það eru tvær áberandi söluhæstar hjá okkur. iPad 2 spjaldtölvun frá Apple er mjög vinsæl hjá okkur og mikil ánægja með hana. Auk þess að bjóða lægra verð á henni, þá fylgir taska með í kaupunum til jóla,“ svarar Gunnar. Hin vélin er Asus eEE Pad Transformer 101 með Android-stýrikerfinu. „Við höfum frábæra reynslu af Asus-höfumerkinu og þessi spjaldtölvu hefur verið að raka að sér viðurkenningum undanfarið og var

meðal annars valin besta Android-spjaldtölvun hjá TrustedReviews.com. Hægt er að fá dokku fyrir vélina sem einnig er lykklaborð og með USB tengimöguleikum og rauf fyrir mini SD kort. Hægt er að leggja dokkuna saman við spjaldtölvuna, þannig að hún verði eins og fartölva og með því lengist rafhlöðuending hennar í rúmlega 14 tíma.“


Nánari upplýsingar um framboð Tölvulistans má nálgast á www.tl.is



ASUS EEE PAD TRANSFORMER

Vinsælasta spjaldtölvun í Tölvulistanum með Android-stýrikerfi. Hægt er að fá bæði 16GB og 32GB útgáfu. Kemur með öflugum NVIDIA Tegra 250 Dual Core-örgjörva. Örpunn og vegur aðeins 680 grömm. Hraðvirk í öllum aðgerðum. Myndavél að framan og aftan.

Hægt er að fá dokku með lykklaborði sem eykur endingu rafhlöðunnar í allt að 14 tíma og kemur með lykklaborði, tveimur USB-tengjum og SD-kortalesara.



APPLE IPAD 2

iPad 2 hefur farið sigurför um heiminn. Hann er 33% þynnri og um 15% léttari en fyrri útgáfa en með tveggja kjarna A5-örgjörva. Tölvvert af hugbúnaði kemur með honum og þ.m.t. FaceTime með HD-upptöku, netvafra, pósthforriti, margmiðlunarspilara og dagatali. Hægt er að nálgast tugþúsundir alls kyns forrita í gegnum App Store.



VINSÆLU SPJALDTÖLVURNAR

í nýrri verslun okkar í Heimilistækjahúsinu við Suðurlandsbraut

VERÐ FRÁ: 82.990

VERÐ FRÁ: 79.990

79.990

69.990

iPad ASUS acer TOSHIBA

tl.is

REYKJAVÍK
SUÐURLANDBRAUT 26
Sími 414 1700

AKUREYRI
GLERÁRGÖTU 30
SÍMI 414 1730


EGILSSTAÐIR
MIÐVANGI 2-4
Sími 414 1735

KEFLAVÍK
HAFNARGÖTU 90
Sími 414 1740

SELFÓSS
AUSTURVEGI 34
SÍMI 414 1745

HAFNARFJÖRÐUR
REYKJAVÍKURVEGI 66
Sími 414 1750

TÖLVU LISTINN



SPENNANDI NÝJUNGAR

iPad Smart Cover

iPad Smart Cover-hlífin var hönnuð með iPad 2 í huga og þau eru því fullkomið par. Hlífin er þunn og úr endingargóðu efni sem festir sig auðveldlega með seglum. Hún vekur iPad sjálfkrafa þegar þú opnar hana og auk þess er hægt að rúlla henni upp til að nota sem stand fyrir aukin þægindi við lestur, áhorf á vídeó og ritun. Hlífin fæst í ýmsum litum.

Apple Digital AV Adapter

Leyfðu iPad að njóta sín á stórum skjá.

Apple Digital AV Adapter gefur þér kost á að hafa myndasýningu, kvikmyndir, ljósmyndir og allt það sem birtist á iPad 2 skjánum í HD sjónvarpinu, myndvarpanum eða skjá sem er með HDMI-tengi.



iPad Camera Connection Kit

Myndavélatengi sem gefur þér kost á að flytja inn myndir beint úr stafrænu myndavélinni með USB-tengi eða úr SD-minniskorti. iPad styður stöðluð myndasnið, eins og JPEG og RAW, og er því samhæft við flestar myndavélar á markaðnum í dag.



ION iCade Upplifðu

fyrsta alvöru tölvuleikjatímabilið með iCade og iPad. iCade minnir mann einna helst á gömlu

spilakassana með stýripinum og tökkum. Kassinn er einfaldur í uppsetningu, en hann tengist þráðlaust við iPad og hægt að nota hann til að stjórna m.a. 100 klassískum Atari-leikjum eins og Asteroids, Centipede og Battlezone sem fást á App Store. Farðu aftur í tímann og fáðu þér iCade!



Crayola ColorStudio HD

Gerðu iPad að lifandi teiknibók! Með þessum magnaða penna, sem er sérhannaður fyrir litlar hendur, er hægt að notast við sýndarpenna á borð við tússpenna, vaxlitni, pensla, trélitni og blekpenna. Ýmsar útfærslur af litabókum fylgja sem hafa að geyma ýmsar hljóð- og tæknibrellur, hreyfimyndir og tónlist þegar maður litar.

iPad2 er uppspretta óþrjótandi möguleika

Bandaríski tölvurísinn Apple setti iPad 2 spjaldtölvuna á markað á árinu. Hún þykir taka fyrirrennara sínum og öðrum tölvum fram í hraða, afköstum og notkunarmöguleikum, að sögn Bjarna Ákasonar, framkvæmdastjóra Apple á Íslandi.

Í stuttu máli sagt uppfyllir hún allar kröfur sem gerðar eru til venjulegrar tölvu og tekur flestum öðrum fram í hraða og afköstum ásamt því að bjóða upp á óþrjótandi notkunarmöguleika,“ segir Bjarni Ákason, framkvæmdastjóri Apple á Íslandi, um spjaldtölvuna iPad 2 sem hefur notið mikilla vinsælda um allan heim síðan hún kom á markað fyrir á árinu.

Allt frá því að bandaríski tölvurísinn Apple kynnti iPad 2 í febrúar var ljóst að mikil eftirvænting var fyrir tölvunni. Til marks um það mynduðust langar biðraðir óþreyjufullra viðskiptavina víða um heim þegar hún kom fyrst í verslanir.

Bjarni segir notendur ekki hafa orðið fyrir vonbrigðum enda sé tölvun mun fullkomnari en fyrirrennari hennar, iPad frá árinu á undan. „Því auk þess að vera bæði hraðari og afkastameiri en fyrsta týpan er önnur kynslóðin líka þynnri og léttari, vegur ekki nema 600 grömm, þannig að hún er fislétt og auðvelt að ferðast með á milli staða. Svo er hún líka búin myndavélum að framan og aftan og hægt að eiga vídeósamtöl í gegnum hana við vini og vandamenn.“

Þá segir Bjarni óupptalinn þann fjölda spennandi forrita sem notendum iPad 2 stendur til boða. „Í sumar fengu Íslendingar aðgang að vefverslun Apple í Bandaríkjunum, apple.com, og í kjölfarið opnaðist okkur heill heimur af alls kyns spennandi forritum. Allt frá ferðaforritum með GPS-staðsetningartækjum og upp í sérhæfðari forrit, til dæmis fyrir fólk sem stríðir við sykursýki. Þetta eru forrit fyrir allt sem hugsast getur og ódýr að auki. Við getum keypt þau á sama verði og Bandaríkjamenn og mörg kosta ekki nema einhver 99 sent.“

Traust og á hagstæðu verði

Inntur út í þá gagnrýni að iPad 2 sé eingöngu dýrt leikfang, segir Bjarni margt mæla á móti þeirri staðhæfingu. „Í fyrsta lagi myndi ég segja að iPad væri frem-

ur ódýr miðað við margar tölvur þegar horft er til söluverðs og viðhaldskostnaðar. Við sjáum það einfaldlega af því hversu sárasjaldan er komið með ein-tök í viðgerð á verkstæðið. Enda er viðhaldið náttúrulega miklu minna þegar sami framleiðandi er að hugbúnaði og vélbúnaði.

Þá er leikfang ákveðið rangnefni þar sem iPad 2 má hæglega nýta sem fullkomna vinnutölvu. Hraðinn, afkastagetan, góð rafhlöðuending, minni og ógrynni vinnutengdra forrita eru vitnisburður um það. Auk þess er hægt að bæta við tölvuna þráð- eða þráðlausu lyklaborði, upphækkun og stuðningi þannig að hún minnir á hefðbundna fartölvu eða jafnvel borðtölvu nema að músina vantar. Hún er auðvitað óþörf þar sem skjárin er snertiskjár,“ segir hann.

iPad 2 fæst í tólf gerðum, þar sem meðal annars er hægt að velja á milli svartrar og hvítrar útgáfu, um þráðlausu staðarnet-in 3G eða Wi-Fi og þrjár gagnastærðir: 16, 32 og 64. Í öllum tilvikum segir Bjarni Apple hafa lagt gríðarlega alúð í útlitið. „Glæsileg hönnun er auðvitað eitt helsta einkenni á öllu sem frá Apple kemur og það á ekki eingöngu við tölvur heldur alla fylgihluti, tæki, tól, töskur og fleira,“ segir hann og vísar á vefsíðu Apple á Íslandi þar sem nánari upplýsingar er að finna. Slóðin er www.epli.is.



Bjarni Ákason, framkvæmdastjóri Apple á Íslandi, segir notendur iPad 2 ekki hafa orðið fyrir vonbrigðum. Tölvun slái fyrirrennara sínum við að flestu leyti og öðrum sambærilegum tölvum á markaði.

MYND/STEFÁN



Lipur og létt í hendi

Lófatölvun iPod Touch hefur átt gríðarlegum vinsældum að fagna frá því að hún kom á markað á árinu. Tölvun er búin helstu eiginleikum iPad og iPhone Tough nema léttari.

Renna þínir punktar út um áramót. Óska eftir að kaupa vildarpunkta. S: 840 1616.

Sjónvarp

Sjónvarps/videoviðgerðir. Afsl. til Elli/ Öryrkja. Sækjum. Litsýn - Síðumúli 35. - S. 552 7095.

Til bygginga

Lagerhreinun

Gólfdukar frá 500kr. pr.fm. Innihurðir frá 15.000kr stk. Gólflistar og frágangslistar mjög gott verð. Harðviðarval, Krókháls 4 sími 567 1010

Verslun



Verða í Álfheimum (hjá Ísbúðinni) 4. des kl. 11-17. Glæsileg fót og flottir skór.



Klassískur gítar full stærð poki,neglur og kennsludiskur Kr:16.900,-

Gítarinn ehf, Stórhöfða 27 Sími: 5522125, www.gitarinn.is, gitarinn@gitarinn.is.



Trérennibekkir, 3/4 Hp+hraðastíring, Kynningarverð. www.trelist.web.officelive.com S.5531580

Líkamsræktartöðvar og Íþróttahús ATH!

Professional, antistatic dúkar fyrir hlaupabretti. Traust þjónusta. Gsm 666 1025.

Ýmislegt

NOTAÐ SKIÐI OG SKÓR TIL SÖLU Við erum í Kolaportinu 04.12.2011 (sunnudagur) sími. 8430859 www.sevenshop.is

Heilsuvörur

Taktu þér tak! Með HERBALIFE nærðu árangri. Erla Bjartmarz S. 899 4183 www.eco.is Ný netverslun: www.betriheilsa.is/erla

Árangur með Herbalife í yfir 30 ár. Hringdu og fáðu frian prufupakka. Edda Borg S. 896 4662 www.lifstill.is

Léttast um 10 kg á 12 vk. Þú getur það líka með Herbalife. Reyksla í heilsuráðgjöf. Kaupauki fylgir. www.heilsuval.topdiet.is Rannveig s. 862 5920.

Fæðubótarefni

Viltu léttast? Eða þyngjast? Prófaðu Herbalife! Ólóf 861 5356, osa@ismennt.is

Nudd



TANTRA NUDD Snerting heilar líkaman og sál. Ekta vísla í leyndardóma Tantra með Tantra nuddi. Einstæð upplifun fyrir þér, konur og karla. Nálægt Foldatorg. Tímapiðntun nauðsynleg. Sími: 698 8301 www.tantra-temple.com

Jólagjöf nuddarans. Nokkrir ferðanuddbekkir til sölu á 50 þ.kr. S. 891 6447, Óli.

Þjónusta



Viðar Aðalsteinsson dáleislufræðingur og sérfræðingur í EFT www.theta.is



Dóra Dröfn Skúladóttir, geðhjúnarfræðingur, hefur opnað samtalsmeðferðarstofu að Skipholti 50b. Með Diploma í Hugrænni atferlismeðferð. Viðtalspantannir alla daga í síma 841-7010. Netfang: hamir@simnet.is.



Næsta BYRJENDANÁMSKEIÐ Í YOGA hefst 03. janúar. Yogastöðin Heilsubót www.yogastodin.com S: 5885711 og 6918565

Ökukennsla

www.aksturinn.is S. 694 9515

Öku og bifhjólaennsla. Tek einnig að mér akstursmat. Uppl. í s. 694 9515 Haukur Vigfússon.

Til sölu

Flott hársnyrtistofa

Stórglæsileg stofa fyrir 6 stóla í 80 fm, húsnæði í austurborginni. Er með 4 klippistöla og 2 vaskstöla. Flott stofa á ótrúlega góðu verði. Til afh. Strax. Leitið uppl. í síma 773-4700 eða á atv.is Fyrirtækjasala Ísl. S: 520-3500 www.atv.is

Ökukennsla, aðstoð við endurtökupróf og akstursmat. Kenni á BMW 520D. S. 893 1560 og 587 0102, Páll Andrésson.

Kennsla




Viltu verða stílisti?

The Academy of Colour and Style býður upp á nám í fatastíl, litgreiningu og fördun. Skráning hafin í vorönn. Nánari upplýsingar í síma 533-5101. www.utlit.is

Dýrahald



3 yndislegir 9 vikna Yorka strákar leita að góðum framtíðarheimilum. Þeir eru örmerktir, sprautaðir, tryggðir hjá Vis og með ættbók frá Hundarættarfélagi Íslands. Upplýsingar gefur Klara í síma 8450009



HRFÍ Siberina Husky hv

Tilbúningur til afhendingar. Uppl. í s. 693 0098 og á http://www.facebook.com/miaandcasper

Litill og sætir Chihuahua hvolpar með ættbók. Tilb. til afhendingar. Uppl. í s. 897 8848.

ENGLISH SPRINGER SPANIEL Hvolpar til sölu. S. 896 9478 Gunnar.

Tek smáhunda í dag- og langtímagæslu í heimahúsi. Opið um jól og áramót. S:820 0878.

Elvis og Presley

Eru sorrel Abyssiniu fress ketlingar til sölu. Kelnir og falllegg. Þórunn s:896 6601 kisor.dyraland.is

Ýmislegt

Mikið úrval af glæsilegum Kristal og Postulini til sölu í Víkurharvi 2 í Kópavogi. Komið og gerið góð kaup fyrir jólin. Opið föstudag frá 15-19 og laugardag frá 11-16. Upplýsingar í síma 898-5878.

Hestamennska



Kuldagallarnir komnir. Stærði XXS - XXL Verð kr. 29.900 HESTAR OG MENN SÍMI 567 3300 www.hestarogmenn.is

Til leigu mjög góð hesthúsuppláss í Viðaldnum Gott hesthús með góðri aðstöðu. Uppl í S. 6975090 og 8996555.

Húsnæði í boði

Leigjendur, takið eftir!

Þið eruð skrefi á undan í leit að réttu íbúðinni með hjálp Leigulistans. Kiktu inn á www.leigulistinn.is eða hafðu samb. við okkur í s. 511 1600.

Herbergi til leigu með eldhúsi og baði með þvottavél. Mið Reykjavík. Sími: 661 5219.

Til leigu góð 2ja herb. íbúð í Breiðholti. Uppl. s. 848 9051.

Til leigu 3ja herb. íbúð í Meðalholti RVK, leiga 125þús. Frekari uppl. sendist á liljagudny@msn.com

Tv. herb. íbúð til leigu, í 101, í sex mán, m.húsg. netfang tucasa102@gmail.com

Til leigu nýuppgerðar 90 pg 100 fm. íbúðir við Armúla, 3ja og 4ra herbergja.

Minni íbúðin er samþykkt íbúð. Mánaðarleiga 140.000, einn mánuður fyrirfram auk 3ja mánaða bankatryggingar eða tryggingarfjár. Reglusemi og reykleysi skilyrði. Dýrahald ekki leyft. Sendið tölvupóst til 4@4. is með upplýsingum um fjölskyldustærð, atvinnu osfrv.

Gistiheimili - Guesthouse

www.leiguherbergi.is

1-2 manna herb.og stúdíó Funahöfða 17a -19 Rvk og Dalshraun 13 Hfj M/ baði. eldh., þurrkara og þvottavél. 824 4535.

Room for rent 1-2 person and studio. Funahöfða 17a -19 Rvk and Dalshraun 13 Hfj Whith Bath, kitch, washing room incl. Uppl/info í s. 824 4535. www.leiguherbergi.is

Óska eftir meðleigjanda í Hafnafirði.

Vantar 3ja aðila í samþylli, með 2 karlmönnum 32-34 ára. Viðkomandi þarf að vera edru eða virða það að ekkert áfengi er haft um hönd á heimilinu. Íbúðin er 190 fm og snyrtileg, stór herbergi, baðherbergi, stofa og eldhús. Stutt í strætó og verslunarkjarna. Uppl. í síma: 845 2292.

Húsnæði óskast


Fertugan karlmann bráðvantar 3. herb. íbúð í 220 Hfj. fyrir 15. des. Starfar hjá löggreglunni og við kennslu í Hl. Getur útvegað góð meðmæli. Uppl. í síma 694 3963.

vantar íbúð til leigu í Kópavogi sem fyrst. Er einstæð móðir með einn strákk. upplýsingar í s: 8684557 Ingileif

Hjón með eitt barn óska eftir 2-3 herb. íbúð í Árbæ eða Hólaværvi. Greiðslug. 110 þús. og langtímal. S: 690 3431

Fjölskyldu vantar 3-4 herbergja íbúð til leigu, til140 þ. upl.ís 6630317

Gisting



Stórt sumarhús til leigu í Grímsnesi!

Gistiðstaða f. 10-12 manns. Helgarleiga 60þús. sun-föst 5 nætur 75þús. Heitur pottur og sauna. Uppl. 898 1598 sjá heimasíðu og myndir á www.sumarhus.edicypages.com

Atvinnuhúsnæði

Til leigu 70m2 iðnaðarb. í Garðabæ góð aðkoma góð hurð v 85þ uppl 892 7858

Geymsluhúsnæði

Geymslur.com

Frá kr. 3990 hjá Ikea í Garðabæ og Fiskilóð í Reykjavík. S. 555 3464

Eigum enn laus örfá pláss fyrir húsbíla, ferðavagna, báta eða fornbíla í upphitðu húsnæði á Suðurnesjum. s. 898 7820

www.buslodageymsla.is

Búslóðageymsla Olivers 150 kr. á dag hvert bretti. Starfað í yfir 25 ár. S. 567 4046 & 892 0808.

Bílskúr

Bílskúr til leigu við Safamýri. Vinsamlegast hafið samband við safbilskur@gmail.com.

Atvinna í boði

Veitingahús Nings - Framtíðarstarf

Veitingahús Nings óskar eftir vaktstjóra í fullt starf og starfsfólki á vaktir. Unnið er á 15 daga vöktum. Skilyrði: starfsmaður þarf að hafa góða þjónustulund, vera röskur, 20 ára eða eldri og íslenskumælandi. Áhugasamir setji inn umsókn á www.nings.is

Áhugasamir setji inn umsókn á www.nings.is



Benz-Sprinter árgerð 2007, ekin 78,000 km,verð,4,7 mil +vsk. Simmi:8614943



VANAN Pizza bakara

vantar/Pizza baker needed

Vantar vanan pizzubakara sem fyrst.

20 ára og eldri.

Áhugasamir hafi samband við Sollu kl 11-18 S. 663 2502 rizzo@rizzo.is

„Amma“ óskast til að gæta 5 mánaða barns ca 2 daga í viku frá miðjum janúar. Uppl. í síma 8452266

Veitingahús!

Starfsstúla óskast til ca. 80-90% vaktavinnu. Frá kl. 7.30-14.30 ca. 5 daga. og 11.30-18.30 ca. 16 daga. Þarf að geta byrjað 2. Janúar 2012. Uppl. í s. 843 9950.

Rafvirkja eða nema vantar í heilsdag eða hlustastarf. Uppl. í s. 896 4630

Vinna heima

Frábært til framtíðar sem krefst vilja og tíma. Tekjur: auka eða aðal. Þú ræður ferðinni. 2 klst á dag 5 daga vikunnar s. 421 4445

Óska eftir starfsmanni til afgreiðslu í verslun á næturnar Starfsmaður þarf að vera 20 ára stundvís og snyrtilegur. Umsóknir sendist á ncs@ncs.is

Atvinna óskast

Smiður laus fyrir jólin. Tek lítill og stór verk. Vandvirkur og traustur. Uppl. í s. 847 1728.

Stýrimaður-Háseti óskar eftir plássi á sjó. Vanur ýmsu. S. 868 7522 og 551 2213.

Smiður með mikla reynslu óskar eftir vinnu. Margt kemur til greina. Er reyklaus og ekki á sakaskrá. Uppl í 698 0628

Tilkynningar



Erum mættar aftur eftir fæðingarorlof Hlökkum til að sjá ykkur Halla og Harpa Touch Hárfosta Sími 553-7171.

Jólasveinar

Hurðaskellir og Gluggagægir koma með harmonikkuna og syngja með börnunum. Fyrirtæki-Stofnanir-Heimili. Uppl. S. 8917711

Einkamál



Spjalldömur 908 5500 Opið þegar þér hentar. Engin bið nema þegar talað er.

Traktorar, töfrar og tímamótaverk á aðventutilboði í Iðu

tilboð gildir til 7. des

IÐA




kr. 11.490



Tilnefnd til íslensku
bókmenntaverðlaunanna

kr. 4.790



kr. 4.290



kr. 4.490



kr. 3.990



Tilnefnd til íslensku
bókmenntaverðlaunanna


kr. 4.290



kr. 5.290




kr. 4.490



kr. 4.490



kr. 4.490



Tilnefnd til íslensku
bókmenntaverðlaunanna

kr. 4.990



Tilnefnd til íslensku
bókmenntaverðlaunanna

kr. 4.290

Gjafabréf frá IÐU á alltaf erindi

Lækjargata 2a 101 R. sími 511-5001 opið alla daga til 22

Ódýrari áskrift af tímaritum

Spjaldtölvur munu eflaust rata ofan í margan jólapakkann í ár en þessi nýja tækni hefur fengið góðar viðtökur hér á landi eins og um allan heim. Sverrir Jónsson, sölustjóri hjá Bræðrunum Ormsson ehf., segir spjaldtölvur skemmtilega viðbót í flóru upplýsingatækninnar enda spennandi nýjung sem geti nýst á margan hátt.

Hjá Bræðrunum Ormsson bjóðum við tvær gerðir af spjaldtölvum, annars vegar 10,1 tommu sem er vinsæl hjá þeim sem lesa mikið rafbækur, og 8,9 tommur fyrir þá sem eru mikið á ferðinni og vilja nettari og léttari spjaldtölvu," segir Sverrir Jónsson, sölustjóri hjá Bræðrunum Ormsson.

Spjaldtölvur hafa fengið góðar viðtökur um allan heim og ekki síst hér á Íslandi. En hvað er svona sniðugt við þessa nýju tækni? Sverrir segir marga nota spjaldtölvuna eins og stjórnstöð fyrir önnur tæki á heimilinu ásamt því að vera sí tengdur við netið.

„Allar Samsung spjaldtölvur geta talað sjálfkrafa við önnur Samsung tæki, eins og síma, sjónvörp, Blu-ray spilara og aðrar ferðavélar. Þetta eru allt þráðlaus samskipti og er hægt að stjórna tónlist og myndum gegnum spjaldtölvuna. Það sem er einnig mjög áhugavert við spjaldtölvuna er að hægt er að vera áskrifandi að tímaritum rafrænt, hvaðan sem er úr heiminum í gegnum hana og áskriftin kostar talsvert minna en í lausasöu blaða, fyrir utan að þú týnir aldrei blaðinu og þarft ekki að farga því," segir Sverrir. „Margar af þeim bókum sem gefnar eru út í dag koma út í kiljum á ódýrum pappír og í mjög smáum letri. Spjaldtölvur henta því til dæmis lesblindum mjög vel því auðveldlega er hægt að stækka letrið að vild. Þá eru inni í mörgum raftímaritum



Sverrir Jónsson rekstrarstjóri hjá Bræðrunum Ormsson ehf segir spjaldtölvur spennandi nýjung.

MYND/GVA

lítill myndskaið, allt upp í 90 sekúndur að lengd og það eykur enn meira ánægjuna við lesturinn að geta séð atburðinn sem um ræðir á myndskaiði líka.“

Munu spjaldtölvur jafnvel leysa bókina af? „Ég skal ekki segja en útgáfa rafbóka er mun hagstæðari en hefðbundin prentútgáfa og umhverfisvænni. Sumstaðar í heiminum hefur prentun skólabóka á pappír þegar verið hætt og sumir háskólar hafa hætt allri útgáfu á námsefni og láta spjald-

tölvuna leysa það mál. En hvort sem spjaldtölvur verða það sem notað verður til að lesa allt náms efni er annað mál, en þróunin er hafin í þessa átt.“

Sverrir segir stærstan hóp kaupenda spjaldtölvu vera á aldrinum tuttugu til fjörutíu og fimm ára. Þá kaupir þó nokkuð stór hópur á aldrinum fimmtíu og fimm og yfir spjaldtölvur til að hafa með í bústaðinn til að fylgjast með fréttum, vafra á netið, lesa eða horfa á kvikmyndir. „Rafhlaðan end-

ist í 9 tíma ef horft er á kvikmyndir eingöngu en í um 72 klukkustundir ef bara er hlustað á tónlist," segir Sverrir. „Einnig er hægt að fá mikið af íhlutum fyrir spjaldtölvur, dokkur, lyklaborð og fleira.“ Spurður hvort spjaldtölvun muni þá jafnvel leysa

fartölvuna af segist hann reyndar eiga von á nýrri spjaldtölvu sem sé fullvaxin tölvu og sé líklegri kandidat en núverandi spjaldtölvur í að geta leyst fartölvuna af hólmi.

„Hún heitir Samsung Slate PC og er væntanleg til okkar í febrúar. Hún sameinar eiginleika spjaldtölvu og fartölvu. Sú vél er með 11,6 tommu skjá, Intel i-5 örgjörva og SSD drif en keyrir í Microsoft-umhverfi. Hún gæti leyst ferðavélina af í skólann og verið spennandi kostur fyrir þá sem vilja öflugna vél með eiginleika spjaldtölvunnar en er kannski ekki beinn arftaki heimilistölvunnar. Þó er því spáð að spjaldtölvun muni taka stóran hluta af sölu fartölvu á markaðnum í framtíðinni og sú þróun virðist þegar vera hafin samkvæmt rannsókn markaðsfyrirtækja.“



Rafbókin hefur ótal kosti en pappírsunnendur efast

Bylting hefur orðið í útgáfu rafbóka á undanförunum árum og sumir óttast um líf hinnar prentuðu bókar. Það eru þó væntanlega óþarfar áhyggjur. Þrátt fyrir auknar vinsældir rafbóka halda bókaormar fast í prentuðu bækurnar.

Orðabókin The Oxford Dictionary of English skilgreinir hugtakið rafbók sem „rafræn útgáfa prentaðrar bókar“ en nú orðið eru margar bækur einungis gefnar út á rafrænu formi og aldrei prentaðar. Mikil umræða hefur átt sér stað um þá ógn sem prentuðum bókum standi af rafbókunum og margir hafa gengið svo langt að lýsa yfir dauða bókarinnar á því formi sem við þekkjum. Það eru þó væntanlega óþarfa áhyggjur, hin hefðbundna bók mun vafalítið halda velli, þótt aukin eftirspurn eftir rafbókum þýði kannski færri prentuð eintök af hverri bók og færri útgefna titla. Rafvæðing bókarinnar býður hins vegar upp á mikla möguleika í útgáfumálum og ætti að auðvelda rithöfundum og öðrum bókaskrifurum að koma verkum sínum á framfæri.

Ævintýrið byrjaði árið 1971 þegar Michael S. Hart, tölvugúru hjá Háskólanum í Illinois, skráði bandarísku sjálfstæðisyfirlýsinguna á tölvutækt form. Í framhaldinu var hrundið af stað verkefni sem nefndist Project Gutenberg og gekk út á það að skrá sem flestar bækur sem þegar höfðu verið gefnar út á tölvutækt form.

Síðan hafa orðið miklar framfarir í rafrænni útgáfu bóka og í ágúst 2009 var hægt að nálgast yfir 2.000 ókeypis bækur á hinum ýmsu vefsíðum. Þar fyrir utan hefur orðið bylting í útgáfu rafbóka sem greitt er fyrir, enda hefur tækninni í tölvugeiranum fleygt ansi hratt fram síðan. Nú lesa menn bækur í spjaldtölvum, farsímum og kjöltölvum hvar sem þeir eru staddir og ekki er lengur í öllum tilfellum nauðsynlegt að hlaða bókinni niður heldur hægt að lesa hana í sístreymi. Þar fyrir utan benda forsvarmenn rafbókanna á að í því plássi sem venjuleg vasakilja taki sé hægt að geyma diska með þúsundum rafbóka og spara þannig dýrmætt plássið inni á heimilinu svo ekki sé nú minnst á léttari farangur á ferðalögum bókaormna. Þar að auki sé hægt að lesa rafbækurnar án þess að hafa lýsingu sem sé stór kostur á ferðalögum.

Auk alls þessa benda rafbókormarnir á að möguleikarnir í útgáfu slíkra bóka séu nánast ótæmandi og meðal annars sé hægt að endurvekja gamla framhaldssöguformið sem Dostojevskí og fleiri stórkanónur skrifuðu sínar bækur

í sem framhaldssögur í dagblöðum. Höfundur geti þá birt hvern kafla bókarinnar um leið og hann hafi verið skrifaður og þannig haldið lesendum í spennu. Margar rafbókavefsíður bjóða einnig upp á þann möguleika að þýða bækurnar jafnóðum og þannig ætti rafbókavæðingin að gefa lesendum færi á að lesa bækur eftir höfunda sem skrifa á tungumálum sem þeir skilja ekkert í. Allt eru þetta góðir kostir sem bókaormar um allan heim taka fagnandi, en raunverulegir bókaelskendur munu þó seint fórna pappírseintökunum fyrir rafræna strauma.



Bókaormar munu væntanlega halda fast í prentuð eintök bóka, þótt framboð rafbóka aukist.



JÓLAGJAFIR

SEM ÞÚ LEST SPJALDANNA Á MILLI



12 MÁNADA VAXTALAUS LÁN



99.900 kr.

159.900 kr.

81.900 kr.

109.900 kr.

Motorola Xoom

Skjár: 800 x 1280 pixels
Með Wi-Fi tengingu
Android OS stýrikerfi

HTC Flyer 3G 32GB

Skjár: 600 x 1024 pixels
Með Wi-Fi tengingu
Android OS stýrikerfi

iPAD 2 16GB

Skjár: 1024 x 768 pixels
Með Wi-Fi tengingu
Hraðvirkari, þynnri og léttari!

Samsung Galaxy Tab

Skjár: 800 x 1280 pixels
Með Wi-Fi tengingu
Android OS stýrikerfi



89.900 kr.

HP Pavilion dm1-4035eo

Skjár: 11,6" High-Definition HP
BrightView LED display
Örgjörvi: AMD Dual-Core E-450
Vinnsluminni: 4GB DDR3



169.900 kr.

MacBook Air

Skjár: 11,6" LED breiðtjaldsskjár
Örgjörvi: Intel Core i5
Vinnsluminni: 2 GB 1066MHz,
DDR3



179.900 kr.

HP TouchSmart borðtölva

Skjár: 23"
Örgjörvi: Intel © Core T i3-2120
Vinnsluminni: 4 GB DDR3
Harður diskur: 1 TB SATA 7200 rpm

* Skv. Gartner.

- MEST SELDU TÖLVUR Í HEIMI*

Opin kerfi eru dreifingar- og þjónustuaðili HP á Íslandi.
HP tölvubúnaður fæst hjá samstarfsaðilum um land allt.

Opunartími: mán - fös. kl. 9 - 18
kl. 11-15 alla laugardaga fram að jólum.



OK

búðin

OK búðin | Höfðabakka 9 | 110 Reykjavík | Sími 570 1140 | www.okbudin.is



BETRI JÓLAMYNDIR

Námskeið í ljósmyndun eru ekki bara fyrir þá sem vilja verða útlærðir atvinnumenn í smíði fallegra mynda heldur eru slík styttri námskeið líka sniðug fyrir þá sem langar einfaldlega að jóla- og sumarfrímyndirnar heppnist betur. Annað slagið eru ljósmyndanámskeið í boði hérlandis og gætir þar oft ýmissa grasa.



HVAÐ ER SPJALDTÖLVA?

Spjaldtölvan hefur slegið í gegn frá því hún kom á markað en þó eru ekki allir sem vita hvers konar fyrirbæri spjaldtölvan er. Í stuttu máli er spjaldtölva tölva með helstu einkenni heimilistölvu en í stað þess að notast sé við lykklaborð og tölvumús er henni stjórnað með snertiskjá og snertipenna. Sumar spjaldtölvur eru þó einnig til með utanálggjandi lykklaborði sem hægt er að festa á. Tölvurnar eru þannig gerðar að hægt er að skrifa á þær eins og skrifblokk en þær eru mjög léttar.

Heimild: wikipedia.org



MYNDSÍMAR BANNAÐIR

Alltaf annað slagið er gripið til þess ráðs að banna myndsíma og myndavélar í opinberum byggingum eða við tækifæri sem stjórnendur vilja ekki að séu fest á filmu. Stofnanir og byggingar í Bandaríkjunum sem alltaf banna myndatökur eru meðal annars Pentagon, réttarsalur, söfn, skólar, leikhús og líkamsræktarstöðvar. Í Sádi-Arabíu var öll sala á mynd-símum bönnuð frá því í apríl 2004 og þangað til í desember sama ár. Í Suður-Kóreu og Japan er einungis leyfð sala á mynd-símum sem gefa frá sér greinilegt hljóð í hvert sinn sem mynd er tekin. Með lögunum er meiningin að koma í veg fyrir að teknar séu myndir af fólki án þess að það viti af því.

EITT LANDSINS MESTA ÚRVAL MYNDAVÉLA OG TÖKUVÉLA

JVC

Nikon

OLYMPUS

Panasonic



**STAFRÆNAR
MYNDAVÉLAR**
VERÐ FRÁ 14.990



**STAFRÆNAR SLR
MYNDAVÉLAR**
VERÐ FRÁ 89.990



7 - 24 x AÐDRÁTTUR


**STAFRÆNAR MYNDAVÉLAR
MEÐ ALVÖRU AÐDRÁTTARLINSU**
VERÐ FRÁ 23.990



**STAFRÆNAR VATNSHELDAR
MYNDAVÉLAR TIL Í ALLT**
VERÐ FRÁ 32.990



**STAFRÆNAR SPEGLALAUSAR
MYNDAVÉLAR**
VERÐ FRÁ 89.990



**STAFRÆNAR TÖKUVÉLAR
VIÐ ALLRA HÆFI**
VERÐ FRÁ 29.990

AUKAHLUTIR Í MIKLU ÚRVALI
TÖSKUR, MINNISKORT, MYNDARAMMAR, ÞRÍFÆTUR OG FLEIRA.



Sjónvarpsmiðstöðin 40 ára

RAFTÆKJAVERSLUN • SÍÐUMÚLA 2 • SÍMI 568 9090 • www.sm.is

UMBOÐSMENN UM LAND ALLT ► REYKJAVÍKURSVÆÐIÐ: Hagkaup, Smáralind. VESTURLAND: Hljómsýn, Akranesi. Hagkaup, Borganesi. Blómsturvellir, Hellissandi. Skipavík, Stykkishólmi. VESTFIRDIR: Kaupfélag Steingrímsfjarðar, Drangnesi. Snerpa Ísafirði. NORÐURLAND: KF Steingrímsfjarðar, Hólmavík. KF V-Húsvetninga, Hvammstanga. Smárabær, Blönduósi. Skagfirðingabúð, Sauðárkróki. Hagkaup, Akureyri. Heimilistæki, Akureyri. Öryggi, Húsavík. AUSTURLAND: Tölvulistinn, Egilsstöðum, Kauptún, Vopnafirði. Nettó, Höfn Hornafirði. SUÐURLAND: Mosfell, Hellu. Fosshaf, Selfossi. Geisli, Vestmannaeyjum. REYKJANES: Heimilistæki, Reykjanesbæ. Hagkaup, Njarðvík.

Í FYRSTA SINN Á ÍSLANDI ER LÁGVÖRUVERÐSVERSLUN OPIN ALLAN SÓLARHRINGINN



nettó

mjódd

opið dag & nótt til jóla



HRIFNIR AF LANDINU David Benioff (t.v.) og D.B. Weiss eru hrifnir af Íslandi og útiloka ekki að tökulið Game of Thrones komi aftur hingað til lands. Þeir segja þættina ákaflega feminíska og þeir séu vandfundnir þættirnir sem búi yfir jafnmörgum sterkum konum.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Enginn öruggur í Game of Thrones

Handritshöfundarnir og framleiðendurnir **David Benioff og D.B. Weiss** veðjuðu á réttan hest þegar þeir fóru saman á fund HBO fyrir sex árum og kynntu fyrir sjónvarpsrisanum sjónvarpsþáttaröð byggða á fimm bókum George R.R. Martin, A Song of Ice and Fire. Og til varð Game of Thrones. *Freyr Gígja Gunnarsson* ræddi við David Benioff og D.B. Weiss um framtíð þáttanna og dvölinu á Íslandi.

Þér finnst ég sennilega vera algjör aumingi, ég er í sérstökum sokkum svo mér verði ekki kalt á tánum," segir D.B. Weiss þegar blaðamaður Fréttablaðsins hittir á hann og David Benioff uppi á Svínafellsjökli þar sem tókur á Game of Thrones fóru fram. Það var kalt í veðri, sólin varla komin upp og þeir Benioff og Weiss klæddust báðir hnausþykkum úlpum, þeir voru vel græjaðir. Ekki var hægt að segja Weiss vera kveif heldur ákaflega skynsaman því framleiðendurnir sátu ekki inni í hlýjum bíl og fylgdust með tókunum þaðan heldur stóðu úti í kuldanum eins og allir aðrir. Samlokurnar sem þeir gæddu sér á voru við það að frjósa og rjúkandi heitt kaffið þeirra var ferjað með fjórhjóli.

Vill vinna meira með Sigurjóni

David Benioff tekur að sér að svara spurningum blaðamanns að mestu leyti þótt Weiss skjóti inn einni og einni setningu, yfirleitt nokkuð sköndnum. Benioff er einn eftirsóttasti handritshöfundur Hollywood og Game of Thrones-ævintýrið á síst eftir að draga úr vinsældum hans. Fyrsta mynd hans var 25th Hour eftir Spike Lee en Benioff skrifaði handritið að þeirri mynd upp úr eigin bók.

Næsta mynd var hin fokdýra Troy með Brad Pitt í hlutverki Akkilesar og svo Flugdrekaflauparinn sem byggði á samnefndri skáldsögu Khaleds Hosseini. Til að ljúka þessari glæsilegu upptalningu verður síðan að nefna X-Men Origins: Wolverine og loks kvikmyndina Brothers sem Sigurjón Sigvatsson framleiddi. „Sigurjón er einstakur karakter, ég kynntist honum fyrir tíu árum þegar ég var að skrifa grein fyrir tímaritið GQ um Ísland, hann var þá eini Íslendingurinn sem ég vissi um í Hollywood. Ég hringdi bara í hann og við höfum haldið góðu

sambandi síðan. Okkur langar að gera eitthvað meira saman sem gæti verið virkilega skemmtilegt," segir Benioff.

D.B. Weiss hefur hins vegar ögn minni reynslu af stóra sviðinu í Hollywood, en Game of Thrones er hans fyrsta verkefni. Hann sendi frá sér sína fyrstu skáldsögu árið 2003 sem heitir Lucky Wander Boy en samkvæmt fréttum frá Hollywood er hann að skrifa handrit að framhaldsmynd I Am Legend og They Live. Og þar með er formlegri kynningu á Weiss og David lokið.

Frábærar pitsur, frábært land

Félagarnir eru orðlausir yfir íslenskri náttúru og segja dvölinu hafa verið mikið ævintýri. „Þetta er eini staðurinn í heiminum sem lítur svona út, þetta er eins og önnur plánetu," segir Benioff. Þættirnir bjóða upp á ólíkt landslag, norðan Virkisvegsins svokallaða ríkir frost og snjór en það er stutt í eyðimerkur, sand og sól. „Við reyndum að skapa þetta kalda og norðlæga á Norður-Írlandi og tókst ótrúlega vel upp. En þúsund ára jarðfræðisaga Íslands gegn pappírstætlum er bara ójafn leikur," segir Weiss.

Eins og Chris Newman sagði frá í Fréttablaðinu er ekki loku fyrir það skotið að tökulið Game of Thrones komi hingað aftur. „Það er margt í næstu þáttaröðum sem á eftir að gerast í kulda og snjó og við viljum gjarnan koma aftur. Við höfum verið með tökulið í þremur löndum, á Norður-Írlandi, í Króatíu og á Íslandi og dvölin hér hefur frábær. Starfsfólkið er frábært, maturinn er stórkostlegur, meira að segja pitsurnar eru góðar, á því átti ég ekki von," segir Weiss og bætir því við að Íslendingar setji hráefni ofan á flatbökurnar sem hann sjálfur hefði aldrei látið sér detta í hug að nota á pitsur. „Miklu skiptir líka að HBO sé ánæggt og þá einnig að þar á bæ séu menn sátir við dvöl okkar hér.“



Kynlíf og ofbeldi eiga alltaf eftir að verða umdeild umfjöllunarefni, sumum á eftir að finnast of mikið af því, öðrum alltof lítið.

Höfuðlaus stórstjarna

Vinsældir Game of Thrones hafa verið lyginni líkastar. Þættirnir voru tilnefndir til fjölda Emmy-verðlauna og hlutu tvenn. Benioff segir að vinsældir þáttanna megi rekja að stórum hluta til frábærra bóka George R.R. Martin. „Þær hafa náttúrulega verið þýddar á fjölda tungumála og hafa eignast mjög tryggan aðdáendahóp. Bækurnar eru stórkostlegar, lesendur verða hugfangnir af persónunum og óttast um örlög þeirra því þetta er mjög hættulegur heimur sem Martin hefur skapað og fólk deyr," útskýrir Benioff.

Hann bætir því við að þeir hafi jafnframt verið mjög heppnir með það leikaralið sem gætt hefur persónurnar lífi á sjónvarpsskjánum. „Ég hef verið lengi í þessum bransa og þetta hefur verið mjög gleðilegur og gefandi tími," segir Benioff. Weiss skýtur því inn að allir í tökuliðinu virðist vera mjög meðvitaðir um að þeir séu með eitthvað einstakt í höndunum. „Og þeir leggja sig extra mikið fram hverju sinni, maður finnur ástríðuna hjá öllum," segir Weiss.

Varla er þó hægt að sleppa handritshöfundum án þess að spyrja þá út í örlög stærstu stjórnna þáttanna, Seans Bean, sem lék Ned Stark. Í lok fyrstu seríu var hann leiddur fyrir dóm og loks háls höggvinn fyrir landráð. „Auðvitað var mjög erfitt að sjá á eftir Bean og Stark. Hann var mjög vinsæll. En þetta er það sem er svo magnað við bækurnar, enginn er öruggur, allir eru feigir og þær persónur sem eru kannski minnstu hetjurnar eiga eftir að lifa lengst," útskýrir Benioff. „Sean var líka svo ánægður að fá eftirmynd eigin höfuðs að við gátum eiginlega ekki svikið hann um það.“

Sterkar konur

Það þýðir lítið að spyrja Benioff og Weiss út í það hvað gerist í næstu seríu. Fréttablaðið fékk ekki einu sinni að mynda eina af aðalpersónum næstu þáttaraðar, nærvera hennar var

algjört hernaðarleyndarmál. Þeir vara hins vegar sjálfskipaða sérfræðinga í Game of Thrones við, þeir geti ekki básuna sína bókaþekkingu á torgum úti og sagst vita nákvæmlega hvað gerist næst. „Sumar þær persónur sem lifa í bókunum deyja í þáttunum," segir Benioff, mjög dularfullur. Bækur Martins eru fimm en til þess að klára sögunnar þarf að öllum líkindum átta þáttaraðir til. „En við ráðum þessu ekki heldur HBO. Og við verðum örugglega þeir síðustu til að fréttu ef þættirnir verða slegnir af.“

Umræðan tekur því u-beygju og kynlíf berst í tal en opinískar kynlífs-senur voru áberandi í fyrstu þáttunum. „Ef þær hefðu ekki verið nauðsynlegar þá hefðu þær ekki verið þarna," segir Weiss og Benioff heldur áfram. „Það er mikið kynlíf og mikil kynferðisleg spennu í bókunum og þegar við kynntum þetta verkefni fyrir HBO fyrir sex árum tókum við skýrt fram að þetta væri ekki Lord of the Rings eða epísk barátta milli góds og ills. Bækurnar eru skrifaðar fyrir fullorðna og þær fjalla ekki um álfa og tröll. Og eins mikið og ég elska Lord of the Rings þá eiga kynlíf og Fróði Baggi lítið sameiginlegt. Game of Thrones fjalla um alvöru manneskjur sem búa í ævintýraveröld og alvöru manneskjur hafa tilfinningar og kynhvöt," segir Benioff. „Kynlíf og ofbeldi eiga alltaf eftir að verða umdeilt umfjöllunarefni, sumum á eftir að finnast of mikið af því, öðrum alltof lítið," skýtur Weiss að.

Ólíkt því sem flestir kynnu að halda eru þættirnir hins vegar mjög feminískir. Konur á borð við Daenerys Targaryen, Stark-systurnar tvær og móður þeirra, Catelyn, ráða miklu um framvindu sögunnar. Weiss segir að fáir, ef nokkrir, þættir bjóði upp á jafnmikinn fjölda af sterkum konum. „Það er mýta að stærsti hluti lesenda bóka George R.R. Martin sé karlar, það eru konur sem lesa bækurnar.“



OPIÐ
í Smáralind
til kl. 22 öll
kvöld til jóla

JÓLAILMURINN KEMUR ÞÉR Í SANNKALLAÐ HÁTÍÐARSKAP

**NANNA GEFUR SMAKK OG
GÓÐ RÁÐ Í HAGKAUP Í DAG**

- Skeifunni kl. 14-15
- Smáralind kl. 16-17

**SÍGILDAR
UPPSKRIFTIR
& SPENNANDI
NÝJUNGAR**

TILBOÐ
30% AFSLÁTTUR
3.490,-
VERÐ ÁÐUR
4.990,-



ÆDALRÉTTIR, MEÐLÆTI,
EFTIRRÉTTIR, FORRÉTTIR
OG SVO AÐVITAÐ ALLT
AÐVENTUGÓÐGÆTIÐ.



NANNA RÖGNVALDARDÓTTIR



BÓK SEM ER ALGJÖRLEGA ÓMISSANDI Í AÐDRAGANDA JÓLANNA



Gildir til 6. desember.



Bestu og verstu plötuumslögin

Að gömlum og góðum sið fékk *Fréttablaðið* hóp valinkunnra andans manna til að velta fyrir sér kostum og göllum íslenskra plötuumslaga sem komið hafa út á árinu. Fjöldmörg umslög voru nefnd til sögunnar og niðurstöðurnar gefur að líta hér.

BESTA UMSLAGIÐ

Gus Gus Arabian Horse


Umslag: Paul McMenamin

„Hrikalega flott mynd, svalir litir og frábær títógráfía. Geðveikt umslag.“
Atli Fannar Bjarkason

„Það gæti verið vond hugmynd að skella hrossi framan á plötu sem heitir Arabian Horse. Það gæti líka verið snillið.“
Kolbrún Björt Sigfúsdóttir

„Að ná augnsambandi við arabíska gæðing utan á plötuumslagi er hrikalega svalt eins og afurðin í heild sinni. Glæsileg leturgerð og óheyrilegt jafnvægi í myndbyggingunni, þó svo að þar sé allt á iði. Myndin af hljómsveitinni á bakhlið vínulútgáfunnar er með þeim flottari og einstaklega „erlendis“.“
Kristinn Pálsson

„Úff. Þetta er sjúklegt umslag. Mig langar svo að eiga þennan hest þó ég sé skíthædd við skepnuna. Hann er svo fallegur. Dramatískt umslag. Ég elska dramatík.“
Lilja Katrín Gunnarsdóttir



ANNAÐ SÆTI

Sykur Mesópótamía

Umslag: Siggí Odds

„Flottasta umslagið í ár. Fallett, ágengt og ævintýralegt listaverk sem gefur fyrirheit um spennandi, fjölbreytta og metnaðarfulla músík. Litaáferðin er þægilega mött.“
Jens Guð

„Einstaklega litríkt og hresst umslag Sykurættbálksins sem skilar vel stemningu plötunnar. Loforð um blússandi fíling og dansalgleymi.“
Bergþóra Jónsdóttir

„Svalastir í bransanum í dag, bæði umbúðir og innihald.“
Addi Knúttsson

„Þetta huggulega symmetriska furðuportrett er daleiðandi. Galdurinn er í frekjuskarðinu.“
Stígur Helgason




ÞRIÐJA TIL FJÓRÐA SÆTI

Björk Biophilia

Umslag: M/M (Paris)

„Björk er mannlegt sólkerfi. Hönnun, stíliserung og ljósmynd undirstrika það.“
Gréta V. Guðmundsdóttir

„Íburðarmikill og framandi klæðnaður og hárkolla Bjarkar laða fram sterka tilfinningu fyrir undraheimi plötunnar. Þetta er undirstrikað með líkamstjáningu og myndvinnslu. Hvítar svífandi doppur og skýjuð strik tengja við geiminn (stjörnur, stjörnuþokur, stjörnuþyk). Svartur bakgrunnur innrammar glæsileikann.“
Jens Guð




Hjálmar Órar

Umslag: Bobby Breiðholt

„Umslag sem passar ekki músíkinni – merkilega ólífrænt umslag miðað við hvað Hjálmar er lífrænt band. Þetta fær mann til að hugsa og það er gott.“
Dr. Gunni

„Hjálmar leika sér meira með hljóðgervla á plötunni og umslagið er því einstaklega vídeigandi. Litirnir eru líka töff og skipulögð hrúgan af rafrásam kemur vel út.“
Atli Fannar Bjarkason



UMDEILDASTA UMSLAGIÐ

Lay Low Brostinn strengur

Umslag: Bobby Breiðholt

Jafn margir álitsgjafar voru hrifnir og lítið hrifnir af umslagi plötu Lay Low.

„Einstaklega fallett hulstur sem gefur tóninn fyrir tónlistina á plötunni. Lay Low beinir sjónum að kveðskap annarra kvenna og því vídeigandi að athyglin er dregin að bókinni á myndinni með því að hafa hana í afgerandi rauðum lit. Myndbygging og áferð fyrsta flokks.“
Jón Agnar Ólason

„Mér finnst þetta eitt mest „boring“ plötuumslag sem ég hef séð lengi, sem er skítt því innihaldið er svo langt frá því að vera „boring“. Söngkona með lokuð augu, haldandi á bók í svörtum sófa. Í alvöru? Var ekki hægt að finna eitthvað betra? Þoruð málning máske?“
Lilja Katrín Gunnarsdóttir



VERSTA UMSLAGIÐ



Birgitta Haukdal Straumar

Umslag: Björgvin Guðnason

„Fótósjoppklisja með augljósum erlendum fyrirmyndum. Fær þó plús fyrir að vera í samræmi við innihaldið.“
Tryggvi Þór Hilmarsson

„Frú Haukdal hádramatísk og slepjuleg í sjónum. Upp úr með hana, nýja leturgerð og fisk í sullið, þá væri þetta allavega fyndið.“
Rán Flygenring

„Heillandi kona en ekki eins heillandi umslag.“
Bertel Andrésson

„Æi nei.“
Kolbrún Björt Sigfúsdóttir

ANNAÐ SÆTI

Friðrik Ómar og Jógvan Hansen Barnalög fyrir börn á öllum aldri

Umslag: Ólöf Erla

„Eru ekki einhver ákvæði í barnalögum um vernd gegn þessu?“
Stígur Helgason

„Þessi mynd er ofur fótósjoppuð. Mér finnst það ekki passa fyrir börn. Það er eitthvað krípí við þetta.“
Hildur Hermannsdóttir

„Var ekki hægt að ná af þeim mynd þar sem þeir litu ekki út fyrir að vera á leiðinni að bróka aumingja feita strákinn í hinum bekknum?“
Kolbrún Björt Sigfúsdóttir



ÞRIÐJA SÆTI

Björgvin Halldórsson Gullvagninn

Umslag: Villi Warén

„Leturgerð og mynd spila illa saman. Útkoman verður gamaldags og flöt.“
Gréta V. Guðmundsdóttir

„Ekkert sérlega slæmt, þannig séð. Ég bara skil ekki af hverju það er mynd af Agli Ólafssyni framan á umslaginu!“
Dr. Gunni



ÁLITSGJAFAR

Addi Knúttsson, veidimaður og framleiðandi
Arnór Bogason, grafískur hönnuður
Atli Fannar Bjarkason, á Fréttablaðinu
Bertel Andrésson, tónlistaráhugamaður
Bergþóra Jónsdóttir, grafískur hönnuður

Dr. Gunni, tónlistargagnrýnandi
Gréta V. Guðmundsdóttir, grafískur hönnuður
Hildur Hermannsdóttir, grafískur hönnuður
Jens Guð, grafískur hönnuður
Jón Agnar Ólason, á Morgunblaðinu
Kolbrún Björt Sigfús-

dóttir, tónlistaráhugamaður
Kristinn Pálsson, tónlistaráhugamaður
Lilja Katrín Gunnarsdóttir, ritstjóri
Rán Flygenring, grafískur hönnuður
Stígur Helgason, á Fréttablaðinu
Tryggvi Þór Hilmarsson, grafískur hönnuður

Frumstýnum um helgina **Dethleffs** 2012 hjólhýsi

Í tilefni 80 ára afmælis **Dethleffs** bjóðum við sérstakar afmælisútgáfur, Eighty I og Eighty II með ríkulegum aukabúnaði og miklum afmælis afslætti.



Dethleffs Eighty Beduin II 565 DB



Allt að
990.000 kr
Afmælis
afsláttur*



Opið laugardag & sunnudag
frá kl 12 til 17

Opnunartími:
Mán-Fös. kl: 12-18
Laug-Sun. kl: 12-17

Fossháls 5-7 | 110 Reykjavík
Sími 551 5600 | utilegumadurinn.is



Útilegu
maðurinn®

Á mörkum raunsæis og fantasíu

Í vikunni var **Guðrún Eva Mínervudóttir** rithöfundur tilnefnd til Íslensku bókmenntaverðlaunanna fyrir nýjustu skáldsögu sína, *Allt með kossi vekur*, þar sem myndasögum og texta er blandað saman. *Fréttablaðið* birtir hér kafla úr bókinni.

Á þessum síðum mun ég skrásetja sögu sem ykkur kann að þykja ótrúleg eða kannski þykir ykkur það ekki. Hún fjallar ekki um mig nema að því leyti sem hún fjallar um þörf mína fyrir að komast að raun um hvað væri satt og hverju logið um atburðina sem áttu sér stað fyrir þrettán árum, veturinn 2003 þegar gosið í Kötlu stóð sem hæst. Þá var ég átján ára, ráðvilltur og reiður.

Á sínum tíma reyndi ég að fá botn í allt sem gerst hafði en gafst á endanum upp og ákvað, þvert á innri sannfæringu, að ekkert af þessu kæmi mér við. Ég bældi niður forvitnina og einbeitti mér að öðrum hlutum.

En það var í fyrria, á dimmu og blautu haustkvöldi líku því sem nú blasir við út um gluggann, að ég fékk símtal sem rauf sáttmála minn við tilveruna.

Er það Davíð? Elísabetarson? spurði gamalleg kvenrödd.

Það er hann, svaraði ég.

Sæll, vinur, þetta er María, mamma hans Þorláks.

Ef ég kveikti ekki strax á perunni var það vegna þess að rödd hennar var breytt; hljómaði eldri og óstyrkari en í minningunni. Ég hafði svo sem ekki hitt hana oft, enda bjó hún á Akureyri og hvorki mamma né Láki voru gefin fyrir langar bílferðir. Síðast hitt-

umst við í jarðarför Láka, en þá ræddum við ekkert saman, ég tók aðeins utan um hana og hún klappaði mér á herðablöðin, stíf í fram- an af bældri sorg.

Sæl og blessuð, sagði ég.

Ég hringi nú vegna þess að ég er að flytja í þjónustuíbúð fyrir aldraða.

Já, það er... Ertu ánægð með þá tilhögun? spurði ég, vandræðalegur yfir ellinni. Yfir dauðanum.

Verður maður ekki að vera það? svaraði hún. En systurdóttir mín hefur verið að hjálpa mér að pakka niður og ég var svona að vandræðast með dótið frá honum Láka. Ég tek það ekki með mér í gröfina. En ég get heldur ekki hugsað mér að henda því og þú varst nú nánast eins og sonur hans...

Já, svaraði ég.

Á ég ekki bara að senda þér þetta? Fornhagi 20, er það rétt heimilisfang?

Já, hérna, þakka þér fyrir. Hvernig dót er þetta annars?

Aðallega teikningar, sumar hverjar ansi fallegar. Þú ræður hvað þú gerir við þetta. En mér

datt svona í hug að þú vildir halda upp á þær.

Það var rétt til getið. Ég hef alltaf haft gaman af sögunum hans Láka. Mér þótti líka vænt um hann, þótt hann væri í mínum huga fyrst og fremst skósveinn móður minnar. Hann kom inn í líf mitt þegar ég var tólf ára og vildi allt fyrir mig gera. Nema þá helst að standa uppi í hárinu á mömmu, en það þorði hann ekki, frekar en aðrir.

Um það bil viku eftir símtalið frá Akureyri fékk ég stærðar kassa sendan í pósti. Það var kassi undan banönum, merktur Chicquita í bak og fyrir og vandlega bundinn aftur með fingurdu snæri. Hann fékk að dúsa í bílskottinu

hjá mér í nokkra daga eða þar til ég mundi eftir honum á laugar- dagsmorgni, eftir að við höfðum lokið við að drekka kaffið og lesa blöðin. Stelpurnar voru inni í herbergi að leika sér, Védís var lögst í sófann með bók og ég hafði ekkert sérstakt fyrir stafni.

Ég gekk frá inni í eldhúsi og þurrkaði af borðinu áður en ég skellti á það kassanum og tindi upp úr honum: Teikningar, blaðaúrklippur, ljósmyndir af mér og mömmu, Kötlu í ham og óskugrári eyðileggingunni fyrir austan, drög að myndasögum og laus blöð með þéttri skrift Láka.

Eftir að hafa blaðað í gegnum þetta góða stund mundi ég eftir

þeim gögnum sem ég átti í fórum mínum en hafði ekki litið á síðan við fluttum hingað í Fornhagann. Þau voru líklega í einhverjum svipuðum kassa inni í geymslu, hélt ég. En ég var meira en klukkutíma að finna þetta í öllu draslinu og það var ekki í neinum kassa heldur plastpokum á víð og dreif í geymslunni.

Ég fór með pokana inn í eldhús og tók til við að flokka, svo mér liði eins og ég hefði einhverja stjórn á hlutunum. Þarna voru glósubækur Jóns, bláar stílabækur, fimm talsins, ásamt dagatalsbók Indi sem hún hafði skráð í bókannir viðskiptavina sinna með blekpenna.

Upp úr pokunum komu líka myndir sem mamma hafði gefið mér á sínum tíma: Af henni sjálfri, Láka, Jóni og Indi. Og blaðaúrklippur um Kötlugosið sem stóð í tuttugu og fimm mánuði, frá lokum nóvember 2001 fram í ársbyrjun 2004, og setti mark sitt á allt á þeim tíma. Nú orðið finnst mér merkilegt hversu fljótt maður vandist öskunni. Suma daga var maður strjúkandi drulluna úr



GUÐRÚN EVA MÍNERVUDÓTTIR Allt með kossi vekur, sjötta skáldsaga Guðrúnar Evu Mínervudóttur, þykir sverja sig í ætt við fyrri bækur hennar. Bókin hefur hlotið mikið lof gagnrýnenda.

augnkrókunum, hóstandi henni upp úr sér og bryðjandi milli tannanna. Mistrið faldi fyrir okkur himininn en samfélagið hélt áfram að snúast um pólitík og efnahag með góðum skammti af persónulegum harmi og sigrum. Fólk dó og börn fæddust.

Yngri dóttir mín, Sólveig, ráfaði

inn í eldhúsið til mín og rak upp stór augu þegar hún sá gulnandi hrúguna á eldhúsbörðinu. Hvað ertu að gera, pabbi? spurði hún, og greiddi svartan hártoppinn til hliðar með litlum, iðandi fingrum. Svart-hærð og brúneyg eins og ég en húðin ljósari.

Ég er að rifja upp hluti sem gerðust í gamla daga, áður en þú fæddist, svaraði ég og tók hana í fangið. Eg sýndi henni nokkrar af saklausari teikningum Láka og furðaði mig á því, enn einu sinni eftir að ég varð sjálfur faðir, hvernig Elísabet fékk af sér að vanrækja mig eins og hún gerði. Þetta eru Adam og Eva, sagði ég. Þau eru allsber! skríkti Sólveig og benti á typpið á Adam.


Hér er Bláskeggur konungur, þú skalt passa þig á hans líkum þegar þú verður eldri og þetta er Elísabet amma þín, sagði ég og rétti henni mynd af Elísabetu og Indi hlæjandi með vín í glösum.

Er hún dain? spurði hún.

Nei, elskan, svaraði ég.

Er það þessi? spurði hún og benti á Indi.

Nei, en þessi kona heitir samt



BLÁSKEGGUR Sunna Sigurðardóttir á heiðurinn af teikningunum í bókinni.

Ingibjörg eins og systir þín.

Heitir Ingibjörg þá í höfuðið á henni, eins og ég heiti í höfuðið á Sólveigu ömmu?

Já, elskan, svaraði ég og það var engin lygi. Ég skýrði frum- burð minn í höfuðið á konu sem ég þekkti sama og ekkert. Mér fannst það lágmarksvirðing úr því að mamma varð óbeinn valdur að endalokum hennar.



Hvað ertu að gera, pabbi? spurði hún, og greiddi svartan hártoppinn til hliðar með litlum, iðandi fingrum.

Sígræna jólatréð -eðaltré ár eftir ár!



Skátahreyfingin hefur um árabíl selt sígræn eðaltré í hæsta gæðaflokki og prýða þau þúsundir heimila og fyrirtækja.

Frábærir eiginleikar:

- 10 ára ábyrgð
- 12 stærðir (90-500 cm)
- Stálfótur fylgir
- Ekkert barr að ryksuga
- Veldur ekki ofnæmi
- Eldtraust
- Þarf ekki að vökva
- Íslenskar leiðbeiningar



Sígrænu jólatrén eru seld í Skátamiðstöðinni Hraunbæ 123 í Reykjavík, s: 550 9800 og á skátavefnum: www.skatar.is

Skátarnir



At the heart of the image



I AM MERRY CLICKMAS

D5100 18-55VR kit

Frábær stafræn SLR myndavél með 16.2 megapíxla C-MOS myndflögu og AFS18-55VR linsu. D-Movie kvikmyndataka í fullri háskerpu (1920x1080) ásamt 11 punkta sjálfvirku fókus kerfi, HDR myndatöku, háu ljósnæmi (ISO 100-6400) sem má framlengja í 25800, Live View og stórum hreyfanlegum 3" LCD skjá.

Verð 149.995.-

TILBOÐ! MEÐ NIKON D5100 18-55VR KIT
FYLGIÐ NÚ SB-400 FLASS (VERÐMÆTI 34.995 kr.)



Með öllum Nikon vélum
fylgir íslenskur leiðarvísir.

www.nikon.is

SÖLUAÐILAR Á HÖFUÐBORGARSVÆÐINU

Heimilistæki – Suðurlandsbraut 26, 108 Reykjavík – 569 1500 - www.ht.is
Sjónvarpsmiðstöðin – Síðumúla 2, 108 Reykjavík – 568 9090 – www.sm.is
Beco – Langholti 84, 104 Reykjavík – 533 3411 - www.beco.is
Fotoval – Skipholti 50b, 105 Reykjavík – 553 9200 – www.fotoval.is
MAX – Kaupþún 1, 210 Garðabær – 412 2200 – www.max.is
Hagkaup – Smáralind, 201 Kópavogur – 563 5000 – www.hagkaup.is
Tölvulistinn – Reykjavík, Hafnarfirði – 414 1700 – www.tl.is

SÖLUAÐILAR Á LANDSBYGGÐINI

Hljómsýn – Akranesi; Blómsturvellir – Hellissandi; Hrannarbúðin – Grundarfirði;
Skipavík – Stykkishólmi; Snerpa – Ísafirði; Kaupfélag V-Húvetninga – Hvammstanga;
Smárabær – Blönduósi; Skagfirðingabúð – Sauðárkróki; SR Byggingavörur – Siglufirði;
Valberg – Ólafsfjörður; Kaupþún – Vopnafirði; Verslunin Pan – Neskaupstað;
Geisli – Vestmannaeyjum; Mosfell – Hellu; Heimilistæki – Reykjanesbæ, Selfossi,
Akureyri og Húsavík; Tölvulistinn – Akureyri, Egilstaðir, Selfoss og Reykjanesbæ;
Omnis – Akranes, Borgarnes og Reykjanesbæ.



Innifalið í kaupum á stafrænni SLR myndavél er 2,5klst
byrjendanámskeið að verðmæti kr 10.000.-




Krossgáta

Lárétt

- Senda útlím kínversks veitingamanns til ungmennis (7)
- Fylgja dyn fjallsnafar á slóð skithæls (7)
- Last er ekki létt (8)
- Gjörbylti rekstri sjoppa (9)
- Kusum hann aldrei en sendum þrisvar á Ólympiuleika þrátt fyrir innbyrðis átök (10)
- Uppnefna útgangsmann eftir núðlu (9)
- Hinn fúli afpakkar með ljóði (8)
- Skrapaði fléttu (4)
- Kippur undir Hvalfjörð (6)
- Gangjð um bakdyrnar síðdegis (8)
- Gift biður bæn (5)
- Slyng, en fáid þó ekki flúið fjöllin fyrir rest (8)
- Ber bolann og apann (8)
- Sveltu týpuna í eldamennskuna (12)
- Þetta bar Gunnar litli í æsingnum (7)
- Leita reglulegra, viðtekinna brota á reglum (13)
- Mikilvægust eru klúr og kviknakin smáaldin (10)
- Fikta við þetta gamla bras og finn blóm fyrir ungvíði (9)
- Ráfa á rolluskít, það er meðalvegurinn (10)
- Rennifærið í færifandaframleiðslu (10)

Lóðrétt

- Ganga hægt því taut truflar (8)
- Snyrtum harðhaus með litlum skærum (12)
- Er sælkerinn með tóman sælusekk? (15)
- Skjótur riðlar skrauti úr strái (14)
- Anna starfaði í skugga áminninga (9)
- Öflugt mælitæki í þyngra lagi (9)
- Hinn óviðeigandi óri um stund og stað (9)
- Fjölmiðill sendi staðfestingu með símbréfi (7)
- Sæki plögg lon en ekki don (10)
- Elti skyggna skutlu frá Skagaströnd upp á fjall en dett í lokin (11)
- Er sá stórskrítu afhuga vökva? (11)
- Detox-meðferð felst í áti gimbrar í fituflokki A (8)
- Fyrirgefir þeim sem þú fangaðir fyrir háttatíma (5)
- Talandi il í eilífðarþrasi (7)
- Sólarhringsmótið ræður úrslitum (10)
- Óvitlaus merki fædd börn (9)
- Greiningin sýnir að þetta er rassfiskurinn (8)
- Sætta sig við andvara ef þau fá stigið (7)
- Óbeint farartæki ógnar konungi (6)
- Borðaði allt, jafnvel augnkvilla (6)
- Ylfa Björns rifur kjaft á barnum (5)
- Hlæ upphátt að þessari auðveldu vís-bendingu (3)



V	I	S	V	I	T	A	N	D	I	Ó	S	K	I	L	V	I	S	A
O	Ú	N	N	N	F	E	I	R										
R	R	N	D	S	T	É	T	T										
K	V	I	A	R	N	A	R	L	L	Ú	Ð	U	L	A	K	I		
E	N	É	G	A	Ö													
N	T	A	B	G	G	S	A	B										
N	A	B	I	T	U	R	L	A	K	J	Ö	R	B	Ú	Ð			
I	L	A	G	R	Á	B	R	Ó	K	Ó								
H	Á	M	E	R	I	S	Ó	L	V	A	F	J	A	R	A	Ó		
A																		
S	T	R	O	K	K	I	N	N	L	S								
K	Ó																	
A	S	M	Á	P	O	L	L	A	R	U	Ó	A	Ö					
M	A	S	I	Á	T	R	Ó	S	K	U	N	T						
M	I	N	N	I	S	M	I	Ð	I	V	A	T	U					
S	D	T	P	I	V	E	I	F	A	R								
Y	E	Ó	O	R	Ð	Æ	Ð	A	N	N								
N	A	G	L	A	L	A	K	K	Æ	T								
I	A	L	I	Ð	I	Ð	E	N	G	I	F	E	R					

BLÓÐ -
BANKINN

Lausnarorð síðustu viku var blóðbankinn.

Vegleg verðlaun

Vikulega er dregið er úr innsendum lausnarorðum og fær vinningshafi gjafakörfu frá Te og kaffi að verðmæti 5.000 kr.. Vinningshafi síðustu viku var **Gunnur Ringsted, Strandgötu 41, Akureyri.**



--	--	--	--	--	--	--	--	--	--	--	--	--	--	--	--	--	--	--	--

Lausnarorð

Ef bókstöfunum í skyggðu reitunum er raðað rétt saman birtist nokkuð sem er á borðum fjölmargra Íslendinga þessa dagana. Sendið lausnarorðið fyrir 7. desember næstkomandi á krossgata@frettabladid.is merkt „3. desember“.

Veturinn er kominn

Vertu klár í vinsælu Ecco vatnsheldu kuldaskónum

Track Uno - barna Verð kr. 11.995 Stærðir: 20 - 28 Vörunr. 75076151707	Track Uno - barna Verð kr. 11.995 Stærðir: 20 - 28 Vörunr. 75077156033	Snowride - barna Verð kr. 13.995 Stærðir: 26 - 30 Vörunr. 75101156111	Snowride - barna Verð kr. 13.995 Stærðir: 26 - 30 Vörunr. 75102151707
Snowboarder - barna Verð frá kr. 14.995 Stærðir: 27 - 40 Vörunr. 721002/353859	Winter Queen - barna Verð frá kr. 17.995 Stærðir: 33 - 40 Vörunr. 720782/3 56119	Snowboarder - barna Verð kr. 14.995 Stærðir: 27 - 35 Vörunr. 72100255955	Sierra - barna Verð kr. 15.995 Stærðir: 36 - 40 Vörunr. 7048353960
Xpedition II - dömu & herra Verð kr. 29.995 Stærðir: 36 - 48 Vörunr. 810024/3 52570	Xpedition II - dömu Verð kr. 29.995 Stærðir: 36 - 42 Vörunr. 81002355634	Xpedition II - dömu & herra Verð kr. 27.995 Stærðir: 36 - 48 Vörunr. 810014/3 55634	Xpedition II - dömu & herra Verð kr. 25.995 Stærðir: 36 - 48 Vörunr. 810004/3 52570



EINTÓM HAMINGJA Fundur Mikáils Gorbatsjev og George Bush við stendur Möltu árið 1989 er talinn marka lok kalda stríðsins, enda var járnjaldrið svo gott sem fallið. NORDICPHOTOS/AFP

Í ÞÁ TÍÐ: Árið 1989

Leiðtogarnir tveir boðuðu endalok kalda stríðsins

Gorbatsjev og Bush sömdu frið milli stórveldanna á fundi á Möltu

Á þessum degi fyrir réttum 22 árum, hinn 3. desember árið 1989, Aurðu sannkölluð straumhvörf í samskiptum stórveldanna. George Bush Bandaríkjaforseti og Mikhaíl Gorbatsjev, leiðtogi Sovétríkjanna, gáfu þá út yfirlýsingar um að ósættid sem lá að baki kalda stríðinu væri að mestu búið.

Margir hafa kallað þessar yfirlýsingar, sem komu í kjölfar fundar leiðtoganna tveggja á Möltu, hin formlegu lok kalda stríðsins, þó að engar formlegar samþykktir þess efnis hafi verið samþykktar.

Stórviðburður höfðu átt sér stað í aðdraganda fundarins þar sem fall Berlínarmúrsins bar hæst, kommúnistastjórnir í Tékkóslóvakíu og Austur-Þýskalandi hrökkludust frá völdum og Ungverjaland opnaði landamæri sín til vesturs. Skömmu síðar var harðstjórinn Ceausescu settur af í Rúmeníu og tekinn af lífi og Þýskaland var sameinað árið eftir. Sovétríkin áttu svo eftir að liðast í sundur áður en langt um liði.

Þar áður höfðu Gorbatsjev og Ronald Reagan átt nokkra fundi, meðal annars í Reykjavík, og samið um takmörkun á notkun meðal-drægra kjarnaflauga.

Á blaðamannafundi sögðust Bush og Gorbatsjev hafa samið um enn frekari afvopnun og fækkun í herliði í Evrópu. Bush sagði að stefnan hafi verið tekin á samvinnu milli austurs og vesturs í stað átaka og Gorbatsjev sagði að nýir tímar væru fram undan.

„Við erum nú við upphaf langrar vegferðar í átt að varanlegum friði. Ógn um valdbeitingu, vantraust og átök, hvort sem þau eru sálfræðileg eða hugmyndafræðileg, ættu að heyra fortíðinni til.“

- Þj Heimildir: BBC og History.com





ALLT Í EINNI BÓK

- uppskriftir
- brauðbakstur
- söltun
- ostagerð
- reyking
- villibráð
- og margt, margt fleira ...

Eldum í takt við árstíðirnar



„Uppskriftir eru jarðbundnar og skýrar, þar sem leiðbeiningar eru flóknar eru verkferlar raktir í myndum og allt efni sett fram á persónulegan, jákvæðan og ljósan máta.“

PÁLL BALDVIN BALDVINSSON / FRÉTTATÍMINN



Uppskriftir eru jarðbundnar og skýrar, þar sem leiðbeiningar eru flóknar eru verkferlar raktir í myndum og allt efni sett fram á persónulegan, jákvæðan og ljósan máta.



Lærðu að rækta, tína, veiða, verka, nýta og elda í takt við árstíðirnar



Gísli Egill og Inga Elsa verða í verslunum Eymundsson í dag, laugardag, að kynna bókina:

Eymundsson **Smáralind kl. 14**

Eymundsson **Skólavörðustíg kl. 16**

Komdu við, fáðu góð ráð og gómsætt smakk.



ÍSLENSKU
BÓKMENNTA
VERÐLAUNIN

Tilnefning

OPIÐ
í Smáralind
til kl. 22 öll
kvöld til jóla



betta verð
2.499.-

SVEPPI ÁRITAR
Smáralind kl. 14 í dag
Kringlunni kl. 14 sunnudag

ALGJÖR SVEPPI
OG TÖFRASKAPURINN



2.699.-



2.499.-



2.499.-



2.499.-



OPIÐ
allan sólarhringinn
Garðabær, Skeifan
& Eiðistorg

Gildir til 5. desember á meðan birgðir endast.



VINSÆLAR JÓLAGJAFIR



2.799

STEINDI JR. ÁRITAR
& SKEMMTIR

Smáralind kl. 16 í dag
Smáralind kl. 15 sunnudag

PÁLL ÓSKAR & SINFÓ

Sérstök viðhafnarútgáfa er nú fáanleg. Umslagið er úr stáli og aukadiskur fylgir með. Aukadiskurinn inniheldur vinsæl lög sem aldrei áður hafa komið út á plötum Páls Óskars. Takmarkað magn.



2CD+DVD

VIÐHAFNAR
ÚTGÁFA
3.999



2.699



4CD+DVD

3.999

~~4.499~~



2.499



2.499

~~2.799~~



2CD

3.199

~~3.499~~

GEIR ÓLAFS ÁRITAR/SPILAR
Kringlunni kl. 16 Í DAG
Smáralind kl. 14 SUNNUDAG

KK OG ELLEN ÁRITA
& SPILA SUNNUDAG
Kringlunni kl. 15

PAPAR ÁRITA & SPILA
Í DAG
Smáralind kl. 15



2.699



2CD+DVD

3.499



2CD+DVD

3.499



2.699



2.699



2.699




2.699



5CD

4.299

~~4.499~~



2.699



2CD

3.499



CD+DVD

3.499



CD+DVD

2.699



3CD

3.399



3CD

3.399



CD+DVD

3.199

~~3.399~~

HAGKAUP
Ein ferð betra verð



THOR JENSEN athafnamaður (1863-1947) fæddist þennan dag.
 „Fjáraflamenn eru frekar ráðsmenn yfir fé sínu en fullkomnir eigendur. Því ber þeim að verja fé sem þeir hafa aflögu til framfara og menningarbóta.“



80 ára afmæli JÓN BOÐI BJÖRNSSON

Gleðigjafinn siungi, dansarinn Jón Boði Björnsson (Boði), matreiðslumeistari og bryti frá Sjónarhóli í Hafnarfirði, nú að Löngufit 24 í Garðabæ er 80 ára, sunnudaginn 4. desember 2011.

Það mun gleðja hann mikið að sjá sem flesta samferðamenn, vini og fjölskyldumeðlimi gefa sér tíma til þess að samgledjast honum.

Byrjað verður á marseringu að hætti Boða, naglasúpan margfræga verður á sínum stað, dansað, sungið og glæðst saman.

Staðsetningin er Sjónarhóll á Kaplakrika frá kl. 15.00-18.00, Boði afþakkar blóm og gjafir en sparibaukur verður staðsettur við hljómsveitarpallinn og eru framlög vel þegin sem munu renna í ferðasjóð unga mannsins.



Eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og bróðir,

Jón Lindberg Friðbjólfsson

lést að heimili sínu í Pennfield, New Brunswick, þann 19. nóvember. Útför fór fram frá Dartmouth Chapel N.S. 28. nóvember.

Fyrir hönd aðstandenda,
Sigríður Bertelsdóttir.



Faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,
Gunnar Guðmundur
Guðjónsson
vélstjóri

frá Eyri við Ingólfsfjörð, Strandasýslu, lést sunnudaginn 27. nóvember á Höfða dvalar- og hjúkrunarheimili, Akranesi. Jarðarförin fer fram frá Akranesirkirkju þriðjudaginn 6. desember kl. 14.00.

Sigríður E. Gunnarsdóttir Sveinn T. Þórólfsson
Ásdís Gunnarsdóttir
Guðrún A. Gunnarsdóttir Ásgeir G. Jónsson
Helga Gunnarsdóttir Sigtryggur Karlsson
barnabörn og barnabarnabörn



Frá Vegagerðinni

Mánudaginn 5. desember verða afgreiðsla og skrifstofur Vegagerðarinnar í Borgartúni lokaðar frá kl. 12 á hádegis, vegna jarðarfara Auðar Eyvinds.



Vönduð og
personuleg
þjónusta



Inger Steinsson



Inger Rós Ólafsdóttir



Ólafur Örn Pétursson

Sími: 551 7080 • 691 0919 • athofn@athofn.is • www.athofn.is

ÞETTA GERÐIST: 3. DESEMBER 1990

Sandgerðisbær verður til

Á þessum degi árið 1990 fékk Miðnes-hreppur kaupstaðarréttindi og nefndist eftir það Sandgerðisbær. Miðnes-hreppur var stofnaður árið 1886 þegar Rosmhvalaneshreppi var skipt í tvennt eftir endilöngu nésinu. Hélt hinn hlutinn gamla nafninu áfram en hann náði yfir byggðirnar Garð, Leiru og Keflavík. Sandgerðisbær nær yfir alla vesturströnd Miðness, allt út að Garðskaga.

Sandgerði var upphaflega útvegsjörð í betra lagi og bjuggu þar góðbændur, sem aðallega höfðu fiskinn í sjónum að bústofni. Eins og nafnið gefur til kynna er jarðvegur þar mjög sendinn og ekki vel fallinn til ræktunar. Sandurinn var að miklu leyti heftur með umfangsmikilli ræktun melgresis og hleðslu mikils sjóvarnargarðs á fyrri hluta 20. aldar.

Heimild: Wikipedia



VIÐ HLIÐ NANSENS í tilefni þess að 150 ár eru frá fæðingu heimskautafarans Fridtjof Nansen hefur verið sett upp sýning um Nansen í Ráðhúsi Reykjavíkur. Hér er menningarfulltrú norska sendiráðsins, Per Landro, við mynd af Nansen.

150 ÁR FRÁ FÆÐINGU FRIDTJOFNS NANSEN: SÝNING Í RÁÐHÚSI REYKJAVÍKUR

Landkönnuður og mannvínur

„Þetta ár er svokallað Nansen/Amundsen ár í tilefni þess að 100 ár eru frá því að Roald Amundsen varð fyrstur manna á Suðurlpólnum og 150 ár eru frá fæðingu heimskautafarans Fridtjofs Nansen,“ segir Per Landro menningarfulltrúi norska sendiráðsins. Margir viðburðir hafa verið skipulagðir á árinu í tilefni þessa og í gær var opnuð sýning í Ráðhúsi Reykjavíkur um Fridtjof Nansen.

„Þessi sýning var fyrst sett upp í Hofi á Akureyri í haust í tengslum við heimsókn utanríkisráðherra Noregs, Jonas Gahr Støre,“ segir Per, en tilefni heimsóknarinnar var stofnun Nansen prófessorsstöðu við Háskólann á Akureyri. „Háskólanum var síðan gefin þessi sýning og hún hefir hangið þar uppi. Hins vegar fannst okkur tilvalið að leyfa Reykvikungum að njóta hennar líka,“ útskýrir Per en um er að ræða yfirlitssýningu um líf og störf Nansens

á veggspjöldum með myndum og texta á ensku.

En hver var þessi Nansen? „Hann var norskur heimskautafari, vísindamaður og mannvínur,“ byrjar Per að útskýra. Sem ungur maður var hann afreksmaður á skíðum og skautum en árið 1888 vann hann það afrek að fara fyrir flokki manna á skíðum yfir Grænlandsjökul. „Þá vann hann sér það til frægðar að komast norðar en nokkur annar maður hafði áður gert á árunum 1893 til 1896,“ segir Per.

Þó að Nansen hafi ekki stundað heimskautafaralög eftir þetta voru margir heimskautafarar sem tóku hann sér til fyrirmyndar enda hafði Nansen notast við nýjungar bæði í klæðnaði og útbúnaði á ferðum sínum.

„Nansen var doktor í dýrafræði og einbeitti sér að haffræði eftir 1896. Hann fór af því tilefni í margar vísinda-

ferðir, aðallega á Norður-Atlantshafi,“ segir Per en Nansen var afar þekktur í Noregi bæði meðan hann lifði og ekki síður í dag.

Hann var þekktur í þjóðfélaginu enda talaði hann fyrir sjálfstæði Noregs og lagði meðal annarra grunn að aðskilnaði landsins frá Svíþjóð.

Síðasta hluta ævinnar einbeitti Nansen sér að starfi innan Þjóðabandalagsins. Árið 1922 hlaut hann friðarverðlaun Nóbels fyrir vinnu sína fyrir fórnarlömb fyrri heimsstyrjaldarinnar og vinnu með flóttamönnum sem hann sinnti allt til dauðadags árið 1930.

Því er ljóst að um afar merkan mann er að ræða og ekki úr vegi að skella sér í Ráðhúsið og fræðast nánar um hann. Sendiherra Noregs á Íslandi, Dag Wernø Holter, opnaði sýninguna í Ráðhúsinu í gær og mun hún standa fram yfir júl.

solveig@frettabladid.is



Elskulegur eiginnmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,
Sveinn Ragnar Björnsson
skipstjóri, Framnesvegi 20, Keflavík,
áður Garðbraut 56, Garði,

lést á Landspítalanum v/Hringbraut, 25. nóvember. Útförin fer fram frá Keflavíkurkirkju, þriðjudaginn 6. desember kl. 13.00.

Loftveig Kristín Sigurgeirsdóttir Guðlaug Þóra Sveinsdóttir Sigurgeir Borgfjörð Sveinsson Björn Sveinsson Rósa Sveinsdóttir barnabörn, barnabarnabörn.
Baldvin Sigurðsson Elín Gunnarsdóttir Elísa Rakel Jakobsdóttir



Elskuleg móðir okkar, dóttir og systir,
Vera Siemsen,
hjúkrunarfræðingur,
Lágholti 9, Mosfellsbæ,

andaðist á Landspítalanum við Hringbraut 1. desember.

Helgi Siemsen Sigurðarson Guðmundur Siemsen Sigurðarson Ólafur Siemsen Sigurðarson Gústav Magnús Siemsen Ólöf Guðfinna Siemsen
Ásbjörn Sigurgeirsson Baldur Bjartmarsson

Loksins snýr hann aftur!

Íþróttta- og útivistar- markaðurinn

Í Perlunni 1. - 11. desember


PUMA


asics


CINTAMANI


speedo


TEVA

casall

Verðdæmi:

Vara

Puma dömuhettupeysa

Verð áður

13.990 kr.

Verð nú

4.990 kr.

Puma götuskór

Verð frá 3.990 kr.

Asics herrabolur

6.990 kr.

3.500 kr.

Asics Kayano 16

34.990 kr.

15.000 kr.

Cintamani Kolbrún

22.990 kr.

11.990 kr.

Cintamani Jarprúður

16.990 kr.

7.990 kr.

Cintamani Svavar fjólublár

23.990 kr.

11.990 kr.

Speedo dömusundbolur

9.990 kr.

4.990 kr.

Speedo watershorts

Verð frá 990 kr.

Casall íþróttatoppur

7.990 kr.

3.990 kr.

Casall æfingapeysa

12.990 kr.

6.000 kr.

**Gerðu
frábær
kaup**

Opið alla dagana kl. 12 - 18



Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

Elín Sigurðardóttir

Hjúkrunarheimilinu EIR, áður Hraunbæ 103,

andaðist í faðmi dætra sinna á EIR að morgni 19. nóvember. Útför hefur farið fram í kyrrþey að ósk hinnar látnu. Innilegar þakkir til ættingja og vina fyrir hlýjar kveðjur og samúð. Starfsfólki á 3-N og Ólafi Samúelssyni lækni á EIR færum við hjartans þakki fyrir ómetanlega umönnun, nærveru og virðingu í hennar garð.

Sigurlaug Anna Sigtryggsdóttir Erla Sigtryggsdóttir og fjölskyldur

Gunnar Halldórsson Gunnar Jónsson



Elskuleg eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir, amma, langamma og systir,

Helga Dóra Skúladóttir,

Ársölum 3, Kópavogi,

lést á Líknardeild Landspítalans í Kópavogi 26. nóvember. Útför hennar fer fram frá Bústaðakirkju, mánudaginn 5. desember kl.13:00.

Alexander Jóhannesson Skúli Þór Alexandersson, Kristinn Alexandersson, Sigríður Skúladóttir, Hallfríður Skúladóttir, Auður Skúladóttir, barnabörn og langömmubarn.

Gyða Breiðfjörð, Ragna Sigurðardóttir,



Móðir okkar, tengdamóðir, amma og systir,

Æska Björk Jóhannesdóttir Birkiland

lést á Landspítalanum Fossvogi 28. nóvember sl. Útför hennar fer fram frá Fossvogskapellu þriðjudaginn 6. desember nk. kl. 11.00.

Jóhanna Björk Halldórsdóttir Davíð Bjarki Jóhannuson Þorsteinn Þorsteinsson Þórdís Björk Sigurgestsdóttir Sigurgestur Jóhann Rúnarsson Ósk Elín Jóhannesdóttir Birkiland Ólafur Sverrisson Unnur Ragnhildur Jóhannesdóttir Birkiland Ingibjörg Albertsdóttir



Okkar ástkæra móðir, tengdamóðir, amma, langamma og langalangamma,

Anna Gunnlaugsdóttir

lést í faðmi fjölskyldunnar á dvalarheimilinu Hornbrekku þriðjudaginn 29. nóvember. Útförin auglýst síðar.

Gunnlaugur E. Þorsteinsson Jónasína Dómhildur Karlsdóttir Sigursveinn H. Þorsteinsson Valgerður K. Sigurðardóttir Guðbjörg Þorsteinsdóttir Guðbjörn Arngrímsson Ingibjörg Þorsteinsdóttir Róbert Pálsson Þórhildur Þorsteinsdóttir Páll Pálsson Elín Rún Þorsteinsdóttir Bjarni Tómasson og fjölskyldur

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið timamot@frettabladid.is.

Edda Heiðrún sýnir málverk

Edda Heiðrún Backman sýnir olíu- og vatnslitaverk í verslun og veitingastofu Þjóðmenningarhússins á Hverfisgötu 15.

Fuglar hafa alltaf verið Eddu Heiðrúnu hugleiknir og er spóinn í aðalhlutverki á sýningunni. Þannig birtist hann ýmist sem draumkennnd vera, móðir sem vakir yfir ungu sínum eða leikari á sviði.

Edda Heiðrún er landsþekkt leikkona og leikstjóri. Hún ákvað að takast

á við nýja listgrein síðla árs 2008 og hóf þá að mála með pensil í munni. Þess má geta að haustið 2009 hlaut Edda Heiðrún inngöngu í hin alþjóðlegu samtök The Association of Mouth and Foot Painters. Leiðbeinandi hennar og aðstoðarmaður við listmálun er Derek K. Mundell.

Sýningin nefnist Spóinn og stendur til 29. febrúar 2012. Enginn aðgangseyrir er að henni og verkin eru til sölu.



HÆFILEIKARÍK Edda Heiðrún Backman sýnir verk sem hún hefur málað með pensil í munni.



ADVENTA Jólalegt er um að litast í Grasagarðinum um þessar mundir.

Jól í Grasagarðinum

Ýmislegt verður um að vera í Grasagarðinum um helgina. Kaffihúsið Café Flóra og jólabasar verða opin frá 12 til 18. Í dag klukkan 14 mun séra Bjarni Karlsson, sóknarprestur í Laugarneskirkju, flytja jólahugvekjuna „Jólin sem tengsla-hátíð“ og Svavar Knútur spilar á gítar. Bæði í dag og á morgun kl. 16 mun svo skartgripahönnuðurinn og rithöfundurinn Hendrikka Waage lesa upp úr nýjustu bók sinni „Rikka og töfrahingurinn í Japan“. Meðan á upplestri stendur verður tilbod á kakó og smákökum fyrir börnin. Á morgun milli kl. 14-16 verður ungt tónlistarfólk úr Skóla-hljómsveit Austurbæjar á ferð og flugi um Laugardalinn og gleður gesti með jólatónum. Í Café Flóru hefur einnig verið sett upp lítið Umhyggjutré en gestum á öllum aldri býðst að fönndra origami-skraut og skreyta tréð til styrktar Umhyggju, félagi langveikra barna.



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

Ása Gissurardóttir

lést 24. nóvember. Útförin fer fram frá Digraneskirkju föstudaginn 9. desember kl. 15.00.

Hrafnhildur Guðmundsdóttir Ólafur Lárusson Kolbrún Guðmundsdóttir Gissur Guðmundsson Svanhildur Pétursdóttir Jón Guðmundsson Oddný B. Hólmbergsdóttir ömmu- og langömmubörn



Elskuleg eiginkona mín,

Sjöfn Sigurðardóttir

er látin. Útför hennar fer fram mánudaginn 5. desember kl. 15.00 frá Fossvogskirkju. Þeim sem vilja minnst hennar er bent á líknarstofnanir.

Fyrir hönd aðstandenda, Ragnar Sigfússon Sléttuvegi 13.



Þökkum hlýhug og samúðarkveðjur vegna andláts og útfarar okkar elskulega eiginmanns, föður, tengdaföður, afa og langafa,

Jónasar Finnbogasonar

islenskufraeðings.

Kristín Arnalds Einar Arnalds Jónasson Maria Louise Wind Ari Jónasson Hildur Jónsdóttir Elín Lilja Jónasdóttir Egill Pálsson barnabörn og barnabarnabarn



Þökkum hlýhug og samúðarkveðjur vegna andláts og útfarar okkar ástkæra eiginmanns, föður, tengdaföður og afa,

Sigþórs Sigurjónssonar

veitingamanns Brúnalandi 21, Reykjavík.

Kristín Auður Sophusdóttir Sophus Auðun Sigþórsson Hjördís S. Björgvinsdóttir Kristín Auður, Sophus Ingi, Dagur Auðun Kristín María Sigþórsdóttir Ben Moody Iris Æsa María



Ástkær eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

Nanna Haraldsdóttir

lést á líknardeild Landspítalans í Kópavogi þriðjudaginn 29. nóvember. Útförin fer fram frá Digraneskirkju mánudaginn 12. desember klukkan 13.00.

Einar Sigurðsson Haraldur Einarsson Súsanna Jónsdóttir Sigurður Einarsson Guðbjörg Svanlaug Árnadóttir Kristján Einarsson Berglind Þráinsdóttir barnabörn og barnabarnabörn



Ingibjörg Þórunn Rafnar

hæstaréttarlögmaður, Háteigsvegi 46,

sem lést sunnudaginn 27. nóvember, verður jarðsungen frá Hallgrímskirkju þriðjudaginn 6. desember kl. 13.00. Þeim sem vildu minnst hennar er bent á Hjálparstarf kirkjunnar eða önnur líknarfélög.

Þorsteinn Pálsson Aðalheiður Inga Þorsteinsdóttir Skúli Fr. Malmquist Páll Rafnar Þorsteinsson Þórunn Rafnar Þorsteinsdóttir Höskuldur D. Magnússon

netto

Kræsingar & kostakjör...
...um jólin

UNDIRBÚUM JÓLIN TÍMANLEGA Í ÁR!

markhomin.is

40%
afsláttur



**HAMBORGAR-
HRYGGUR**

1.197 kr/kg

áður 1.995 kr/kg

BAYONNESKINKA

40%
afsláttur

1.199 kr/kg

áður 1.998 kr/kg

GRÍSABÓGUR HRINGSKORINN, NÝR

29%
afsláttur

498 kr/kg

áður 698 kr/kg

KJÚKLINGABRINGUR OKKAR

2.295 kr/kg

Tilboðsverð!

LAUFABRAUÐ 8.STK.

**LAUFA
BRAUÐ**

798 kr/pk.

áður 998 kr/pk.

BLEIKJUKABARETT SP

25%
afsláttur

2.998 kr/kg

áður 3.989 kr/kg

CADBURY ROSES 800 G DÓS

1.989 kr/ds.

Tilboðsverð!

TOBLERONE TABELLE 160 G

699 kr/pk.

Tilboðsverð!

JAMBAL JUICE 3 TEG. 227 G

2 FYRIR 1

398 kr/2pk.

2 fyrir 1 tilboð

Skráðu þig á póstlistann á www.netto.is

Mjódd - Salavegi - Hverafold - Akureyri - Höfn
Grindavík - Reykjanesbær - Borgarnes - Egilsstaðir

Tilboðin gilda 1. - 4. desember

eða meðan birgðir endast

BIRT MED FYRIRARA UM PRENTVILUR OG MYNDAVIL



WWW.JIGSAWPLANET.COM er vefsíða þar sem hægt er að púsla á netinu. Púslin eru miserfið.

Fjallabúinn Róbert fer til byggða

11

Bragi Halldórsson

Veturinn var kominn og þykkt lag af snjó lá yfir öllu. Eftir að hafa skemmt sér við leik í snjónum mundi Konráð eftir einu mikilvægu. „Við verðum að gefa smáfuglum eitthvað að borða. Þeir eiga svo erfitt með að finna sér æti í svona miklum snjó.“ Lisaloppa, Konráð og Róbert fóru því og fundu góðan stað fyrir fuglana að matast á. Þar sópuðu þau burtu mesta snjónum og stráðu fuglafræjum á jörðina. „Svo er líka gott að gefa þeim epli.“ sagði Lisaloppa. „Það finnst þeim svo gott.“ „Því miður er ég búinn að borða öll eplin.“ viðurkenndi Róbert skömmustulegur. „En við erum með nóg af korni.“ sagði Konráð. „Svo það er allt í lagi.“

Sérð þú hversu margir fuglar eru komnir til að gæða sér á fuglafóðrinu?



BRANDARAKISTAN

Drengur var í sundi þegar sundlaugarvörðurinn flautaði í flautuna sína og kallaði: „Hey, hættu að pissa í laugina!“ Þá kallaði drengurinn: „En allir gera það.“ „Ekki af stökkbrettinu.“ svaraði þá vörðurinn.

Hvað heldur sig úti í horni og ferðast um allan heim?
Svar: Frímerki.

Af hverju hnerraði tölvan?
Svar: Hún var með vírus. Hvað kallar þú bjúgvörp sem kemur ekki til baka þegar þú kastar honum?
Svar: Prik.

Hvað sagði stóri skorsteinninn við litla skorsteininn?
Svar: Þú ert of ungur til að reykja.

Þú getur sent brandara til krakkar@frettabladid.is

AMMA PRJÓNAÐI ALLTAF NÝJA OG NÝJA PEYSU

Mesta prakkarastrik Geirs Ólafs frá barnæsku var þegar hann tók lopapeysurnar sem amma hans hafði prjónað á hann og seldi þær í hverfinu sínu. Nú hefur hann í fyrsta skipti sungið inn á barnaplötu sem heitir Amma er best.

Hvað kemur til að þú ert að gefa út barnaplötu? Ég tel það bara skyldu mína að sinna eitthvað börnunum í þjóðfélaginu. Á plötunni eru ný lög og nýir textar.

Finnst þér ekkert skrítið að syngja barnalög eftir að hafa sungið fyrir fulloröna í áratugi? Jú, það er öðruvísi og mjög gefandi því ég fékk að finna fyrir barninu í sjálfum mér og var glaður að hafa ekki yfirgefið það. Fannst ég geta leikið mér eins og barn í stúdíóinu.

Hvernig tónlist hlustaðir þú á í uppvextinum? Platan með Dýrunum í Hálsaskógi var í upphaldi en fyrsta lagið sem ég man eftir að hafa sungið hástöfum er Hæ, Stína stuð!

Áttir þú þér uppáhaldssöngv-ara eða hljómsveit þegar þú varst krakki? Ég byrjaði svona þriggja ára að hlusta á djass, Oskar Peterson, Charles Davis og fleiri. Svingið heillaði mig strax, enda var það mikið spilað á heimilinu. En fyrsta hljómsveitin sem ég hélt upp á var Kiss. Þá var ég svona sjö, átta ára.

Hvenær söngst þú fyrst opinberlega? Það var þegar ég var fimmtán ára og kom fram í vinsælum sjónvarpsþætti hjá Hemma Gunn sem öll þjóðin horfði á. Ég söng lagið Eltu mig uppi eftir Guðmund Jónsson í Sálinni hans Jóns míns.

Platan þín heitir Amma er best. Af hverju? Ég vil bara leggja áherslu á hvað ömmur eru góðar og hlýjar manneskjur. Átt þú börn sjálfur? Nei, ekki svo vitað sé.

Hvernig varst þú þegar þú varst lítill? Ég var ofvirkur eins og mörg önnur börn sem voru talin eðlileg þá. Ég átti góða félagi í Efra-Breiðholtinu og við höfðum alltaf eitthvað fyrir stafni úti við, sama hvernig



Ég byrjaði svona þriggja ára að hlusta á djass, Oskar Peterson, Charles Davis og fleiri. Svingið heillaði mig strax.

viðraði. Við spiluðum mikið fótbolta og svo var stundum farið með stelpunum í brennó.

Dreymir þig stundum að þú sért lítill strákur? Nei, ekki minnst ég þess. Ég á það bara inni.

Ferðu oft í tölvuleiki? Nei, ég er mjög lítið í þeim. Tölvuleikir eru eflaust þroskandi í hófi en ég hugsa að of mikil spilun á

þeim geti neikvæð áhrif á börn. Ég vil að þau tengist frekar náttúrunni og tel að hreyfing og hollt mataræði sé grundvallaratriði fyrir krakka.

Hvert er þitt mesta prakkarastrik? Það var þegar ég tók lopapeysurnar mínar og seldi þær í hverfinu. Ég var lopapeysuvíkingur og amma prjónaði alltaf nýja og nýja peysu á mig.



KRAKKAKYNNING

Halldór Jakobsson 11 ára

- Í hvaða skóla ertu: Lágafellsskóla.
- Í hvaða stjörnumerki ertu: Sporðdrekki.
- Áttu happatölu? Nei.
- Helstu áhugamál/hvað gerirðu í frístundum þínum? Fótbolti og gítar.
- Eftirlætissjónvarpsþáttur: Ég horfi eiginlega aldrei á sjónvarpið.
- Besti matur? Lambalæri.
- Eftirlætisdrykkur? Malt og appelsín.
- Hvaða námsgrein er í eftirlæti? Stærðfræði.
- Áttu gæludýr – ef svo er, hvernig dýr og hvað heitir það? Köttur=Snotra, köttur=Salka, hundur=Títla.

Skemmtilegasti dagurinn og af hverju? Laugardagur, nammidagur.
Eftirlætistónlistarmaður/hljómsveit? Steindinn okkar.

Uppáhaldslitur? Gulur.

Hvað gerðirðu í sumar? Fór á fótbolta-mót á Akureyri, á reiðnámskeið í Mosó og spilaði fótbolta og lék við vini mína. Hékk líka í tölvunni, smá :-) fór tvisvar í útilegu. Svo æfði ég og spilaði golf í Bakkakoti.

Skemmtilegasta bók sem þú hefur lesið? Harry Potter og Fönixreglan.

Hvað ætlarðu að verða þegar þú ert orðinn stór? Byggingaverkfræðingur.



Fánleg í næstu verslun eða á www.edda.is

Það er sport að spara

FLOTT Í JÓLAPAKKANN fyrir alla sem elska snjóinn!

20%
AFSLÁTTUR
AF BRETTA- OG
SKÍÐAPÖKKUM!

BARNASKÍÐAPAKKI
29.990

(fullt verð 38.870)

TECHNOPRO XT TEMA JR

Skíði. Fullt verð: 14.990

TECHNOPRO TC45 JR

Bindingar. Fullt verð: 10.890

TECHNOPRO T40 JR

Skíðaskór. Fullt verð: 12.990

DÖMUSKÍÐAPAKKI

63.980

(fullt verð 79.980)

DÖMU- OG HERRA-
SKÍÐAPAKKI

63.980

(fullt verð 79.980)

DÖMUSKÍÐAPAKKI

75.980

(fullt verð 94.980)

TECHNOPRO SAFINE PRISTYNE Skíði og bindingar. Fullt verð: 44.990
SALOMON DIVINE Skíðaskór. Fullt verð: 34.990

TECHNOPRO FLYTE GT Skíði og bindingar. Fullt verð: 44.990
SALOMON MISSION LX Skíðaskór. Fullt verð: 34.990

TECHNOPRO SAFINE INFINITY+ Skíði og bindingar. Fullt verð: 49.990
SALOMON DIVINE 6 Skíðaskór. Fullt verð: 44.980



CÉBÉ SPYNER FLEX
Skíðahjálmur. Dömu- og herrastærðir.

15.990

CÉBÉ ECO DTG
Skíðagleraugu.
Passa yfir lesgleraugu.



CÉBÉ ECO Skíðagleraugu.

4.990

6.990



TECHNOPRO VECTOR / SAFINE
Skíðastafir. Dömu- og herrastærðir.

4.490

INTERSPORT

AKUREYRI / BÍLDSHÖFÐA / LINDUM / SELFOSSI / www.intersport.is / GILDISTÍMI: 3. – 9. DESEMBER

Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillu og/eda myndbrenslu.

krossgáta

1		2	3	4	5
6	7		8		
9		10		11	
12			13		
	14				15
16			17		
18		19		20	
21					

LÁRÉTT


2. hluta sólahrings, 6. ógrynni, 8. hald, 9. umrót, 11. leita að, 12. svölun, 14. gáleysi, 16. í röð, 17. skyggni, 18. súld, 20. holskrúfa, 21. masa.

LÓÐRÉTT

1. íþrótt, 3. strit, 4. alger, 5. hallandi, 7. agndofa, 10. eyða, 13. sár, 15. ármynni, 16. rökkur, 19. gangbófi.

LAUSN

LÁRÉTT: 2. dags, 6. of, 8. tak, 9. los, 11. gá, 12. fróun, 14. vanþ, 16. hi, 17. der, 18. úti, 20. ró, 21. mala.
LÓÐRÉTT: 1. golf, 3. at, 4. gagnger, 5. ská, 7. forviða, 10. sár, 13. und, 15. árs, 16. hóm, 19. il.



Með píslarvottorð í leikfimi

BAKÞANKAR
Atla Fannars
Bjarkasonar

Skólabörn í Reykjavík mega ekki fara með Faðir vorið í árlegum heimsóknunum sínum í kirkjur borgarinnar. Þau mega raunar ekki taka þátt í neinum helgiathöfnum á skólatíma. Sóknarprestur finnst það hvorki gott né blessað.

Í kristinni trú er m.a. að finna góðan boðskap sem er öllum hollur. Náungakærleikur og umburðarlyndi er á meðal þess sem kirkjunnarmenn predika, en þetta eru mannkostir sem börn eiga undir öllum kringumstæðum að tileinka sér heima fyrir og iðka í skólum (og annars staðar). Það er því algjör óþarfi að hleypa trúfélögum inn í skólana til þess að predika það sem börnin eiga að kunna.

BOÐ og bönn Reykjavíkurborgar fóru fyrir brjóstið á biskupi Íslands og prestum. Séra Þórhallur Heimisson var sérstaklega sár og skrifaði blogg færslu sem var veruleikafirtari en túlkun Fyrstu Mósebókar á sköpun heimsins (og meðfylgjandi teikningar sem sýna Adam og Evu með nafla. Hvernig meikar það sens?). Kokhraustur sagði séra Þórhallur að nú væri sjálf fyrirgefningin bönnuð í skólum Reykjavíkur

og að börnum væri hreinlega meinað að forðast hið illa og freistingar sem geta farið illa með þau í lífinu. Allt vegna þess að þau fara ekki með Faðir vorið í skólanum. Þórhallur var greinilega einn af þeim sem fengu píslarvottorð í leikfimi á grunnskólaárum sínum.

EKKI veit ég hvers börn múslima, búddista, hindúa, konfúsista, ásatrúarmanna, sjintóa og trúleysingja eiga að gjalda. Faðir vor er álíka viðeigandi vísa í eyrum þeirra og slagorðið *I'm loving it* er fyrir grænmetisætur. Samkvæmt Þórhalli Heimissyni fara þessi guðsvoluðu börn út í lífið blinduð á freistingar og berskjölduð gagnvart *hinu illa*. Almáttugur!

SAMSTARF skóla og þjóðkirkjunnar er tímaskekkja og Reykjavík er eina sveitarfélagið sem vill leiðrétta hana. Til upplýsingar eru sérstakar messur haldnar vikulega í krossmerktum glæsihúsum víða um land, einmitt svo fólk sem aðhyllist þessa trú geti iðkað hana. Fyrir hina er boðskapur Simpson-fjölskyldunnar alveg jafn vel til þess fallinn og Faðir vorið að teikna siðferðislínu fyrir börnin. En það er samt enginn brjáláður yfir því barnið sitt fái ekki að horfa á nógu marga Simpson-þætti í skólanum.

myndasögur

Pondus

Eftir Frode Øverli



Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman



Handan við hornið

Eftir Tony Lopes




Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



BONUS BONUS BONUS BONUS BONUS



BÓNUS Á SMÁRATORGI IO ÁRA

GLÆSILEG AFMÆLISTILBOÐ AÐEINS Á SMÁRATORGI



2998
KR. 2 KG.

NESTLÉ MACHINTOSH 2 KG.



2598
KR. KASSINN

NÓAKONFEKT KASSAR 940G



1298
KR. 650 G

NÓA BESTU MOLARNIR



159
KR 2 LTR.



998
KR. KG



59
KR 250 ML

ES ORKUDRYKKUR



198
KR. STK

BÓNUS 420 GRÖMM MÖNDLUKAKA



98
KR. 1/2 KG

BÓNUS KORNBRAUÐ 500 G



1395
KR. KG

KJARNAFÆÐI: FERSKT KRYDDAÐ HEIÐALAMB



598
KR. KG

ÍSLANDSGRÍS FERSKUR GRÍSABÓGUR



159
KR. 1 LTR.

TILBOÐSÍS: 1 LTR.



98
KR. 1 LTR

OPIÐ
10:00-20:00

BONUS BÝÐUR BETUR

Hér færðu veltutengda
VILDARPUNKTA
VISA Vildarklöppur

OPIÐ
10:00-20:00



TE OG TÓNLIST Næstu tónleikar í Te og tónlist tónleikaröðinni á Bókasafni Seltjarnarness verða mánudaginn 5. desember klukkan 17.30. Nemendur Helgu Þórarinsdóttur leika fyrir gesti og gleðja með adventu- og jólatónum. Helga Þórarinsdóttir er víóluleikari við Sinfóníuhljómshólf Íslands og kennir við Tónlistarskóla Seltjarnarness. Te og tónlist er samstarfsverkefni Tónlistarskóla Seltjarnarness og Bókasafns Seltjarnarness. Tónleikaröðin er í boði fyrsta mánudag í hverjum mánuði yfir vetrartímann.



BIRNA LÁRUSDÓTTIR Er aðalhöfundur og ritstjóri bókarinnar Mannvist – sýnisbók um fornleifar.

Sýnisbók um fornleifar

Bókin Mannvist – sýnisbók íslenskra fornleifa eftir Birnu Lárusdóttur fornleifafræðing er komin út hjá Opnu.

Bókin opnar heim fornleifa fyrir leikum og lærdum. Birna og samverkamenn hennar settu sér það markmið að beina sjónarhorninu frá helstu sögustöðum og valdasetrum að hversdagslegri minjum um daglegt líf almennings. Fornar leifar á Íslandi er að finna á ólíklegustu stöðum um allt land og frá ýmsum aldurs skeiðum því ekki eru allar fornleifar svo ýkja gamlar, samkvæmt skilgreiningu laganna er miðað við 100 ár. Bókin er með fjölda mörngum ljósmyndum sem styðja við textann.

Birna Lárusdóttir er fornleifafræðingur og hefur starfað hjá Fornleifastofnun Íslands frá árinu 1999. Hún er aðalhöfundur þessa mikla verks og jafnframt ritstjóri þess. Aðrir höfundar efnis eru Adolf Friðriksson, Árni Hjartarson, Bjarni F. Einarsson, Elín Ósk Hreiðarsdóttir, Guðmundur J. Guðmundsson, Hildur Gestsdóttir, Orri Vésteinnsson og Þóra Pétursdóttir.

FJÖLVARP


Discovery Channel

Alla virka daga kl. 18.00

MYTHBUSTERS

Discovery Channel er fánægj

FJÖLVARP ALLT FJÖLVARP FRÆDSLÁ FJÖLVARP TOPPUR FJÖLVARP LANDSBYGG



- DAGUR HARMONIKUNNAR -

Velkomin á léttu tónleika Harmonikufélags Reykjavíkur á morgun, sunnudaginn 4. desember, kl. 15, í Ráðhúsi Reykjavíkur.

Fjölmörg tónleikaatriði á dagskrá.

Harmonikufélag Reykjavíkur



LIFI LITASJÓNVARPSBYLTINGIN

Haukur Ingvarsson hefur vakið athygli fyrir sína fyrstu skáldsögu, Nóvember 1976, sem segir frá svaðilför Þórodds Ríkharðssonar þegar hann reynir að verða foreldrum sínum úti um litasjónvarp.

Nóvember 1976 er fyrsta skáldsaga Hauks Ingvarssonar, dagskrárgerðarmanns á Rás eitt. Sagan gerist á þremur dögum í nóvember 1976, þremur árum fyrir fæðingu höfundarins. Uppnám verður á heimili hjónanna Ríkharðs og Dórótheu þegar slokknar endanlega á sjónvarpstækinu þeirra. Litastjórarnir eru ekki á hverju strái og því leitar Ríkharður til reddarans Baldurs á neðri hæðinni, sem lofar engu en tekur son þeirra hjóna, Þórodd, með sér í afdrifaríka vinnuferð.

Sjónvarpsbyltingin

Haukur er bókmenntafræðingur að mennt og hefur áður sent frá sér ljóðabókina Niðurfal og bókina Andlitsdrættir samtíðarinnar, þar sem hann tekur fyrir síðustu skáldsögur Halldórs Laxness. Svo vill til að hugmyndin að skáldsögunni kviknaði við rannsóknir fyrir síðarnefndu bókina.

„Ég þurfti að grúska talsvert í gömlum dagblöðum í tengslum við rannsóknir mínar á Halldóri, fletta upp ritdómum um hann og því um líkt. Í þeirri vinnu rakst ég á greinar sem tengdust svart-hvíta sjónvarpinu; það voru harðar deilur á Alþingi á 8. áratugnum um hvort hefja ætti útsendingar í lit. Ég hafði verið að burðast með ákveðnar persónur í nokkurn tímann en vantaði beinagrind í sögu fyrir þær. Þarna fann ég söguvið sem var mjög heppilegt fyrir þær og var kominn með þungamiðju í sögu sem gat vísað út fyrir sig og verið mjög sterkt tákn fyrir tíðarandann.

Við í okkar samtíma erum gjörn á að tala um netið og byltingu þess en þegar maður skoðar þennan tíma sem var, áttar maður sig á hvað sjónvarpið hafði í för með mikla byltingu. Og hún varð í mörgum áföngum, litastjórarnir, útsendingar um allt land, beinar útsendingar og svo framvegis. Þetta gerist allt í mörgum þrepum.“

Þetta er eitt af þeim dæmum um hvernig bókin kallast á við samtímann. Haukur segist þó litlar áhyggjur hafa haft af því að bókin myndi ekki skírskota til nútímans, og varaðist frekar að



HAUKUR INGVARSSON „Við í okkar samtíma erum gjörn á að tala um netið og byltingu þess en þegar maður skoðar þennan tíma sem var áttar maður sig á hvað sjónvarpið hafði í för með mikla byltingu.“

draga upp sterkar hliðstæður en hitt.

„Líkíndin milli 8. áratugarins og dagsins í dag eru augljós. Ég hafði frekar áhyggjur af því að það gæti orðið klisjukennt og dólgslegt ef ég

koli til tíðarandans í bókmenntum á Íslandi á 7. og 8. áratugnum.

„Í bókinni er því ákveðin samræða við bókmenntir tímabilsins en þetta er samt ekki sú tegund af bókmenntum sem hefði verið

„Í bókinni er því ákveðin samræða við bókmenntir tímabilsins en þetta samt ekki sú tegund af bókmenntum sem hefði verið skrifuð á því, að því leyti að textinn er unninn með öðrum hætti og vísar í allar áttir. Það er til dæmis heill þráður í gegnum bókina sem er bara samtal við bíómyndir þessa tíma ...“

færi að benda á eitthvað sem var „alveg eins“ 1976 og 2011. Lesendur munu alltaf tengja við samtímann, það þarf ekkert að gera það fyrir þá. Ég vildi líka nálgast þennan tíma á eigin forsendum.“

Upprunasaga Todds Richardson

Persónurnar höfðu verið lengi í mótun, sérstaklega Þóroddur Ríkharðsson og byggir á karakter sem Haukur bjó til fyrir nokkrum árum undir nafninu Todd Richardson.

„Todd birti sagnabálka á vefsíðu Nýhil, orti ljóð á ljóð.is, skrifaði á Bjartsvefinn, átti í tölvupóstsamskiptum við fólk og þar fram eftir götum. Hann var svona rómantísk klisja um þetta 20. aldar skáld, sótti mikið til bítskaldanna og skrifaði lausan og ljóðrænan stíl.

En Todd var sumsé Vestur-Íslendingur og skrifaði á Nýhilvefinn um Ísland séð með augum útlendingansins. Ég ímyndaði mér að hann hefði yfirgefið Ísland í kringum 1980 og heitið Þóroddur Ríkharðsson. Á einhverjum tímapunkti fékk ég áhuga á að vita hver væri forsaga þessa manns og í tengslum við það fóru að fæðast persónur í kringum hann, þessi fjölskylda og nágrannar hennar á stigaganginum.“

Samtal við menningarsögu

Bókin er ofin mörgum þráðum. Á yfirborðinu er hún skrifuð í raunsæisstíl og kinkar þannig

sjálfsprottinn höfundur og enginn hafi haft áhrif á hann, þá viðurkenni ég fúslega að hann hefur haft mikil áhrif á mig.“

Ætlaði alltaf að verða rithöfundur

Haukur lifir og hrærist í bókmenntum beggja vegna borðsins svo að segja; sem fræðimaður rannsakar hann þær, sem útvarpsmaður fjallar hann um þær og sem rithöfundur skrifar hann þær. Er það kostur fyrir rithöfund að koma svona að þeim úr mörgum áttum eða getur það verið íþyngjandi?

„Margir íslenskir rithöfundar nú til dags hafa annaðhvort hafið nám eða lokið myndlistarnámi. Ég held að ein skýringin sé sú að lengi vel var engin formleg menntun hér á landi í því að verða rithöfundur. Mig hefur aldrei langað til að verða neitt annað en rithöfundur. Ástæðan fyrir því að ég fór í íslensku og lagði stund á bókmenntir var sú að ég vildi búa mig undir það starf; ég lít á námið sem praktískan grunn fyrir það starf sem ég hef kosið mér.

Dagvinnan mín er hins vegar herna upp á Útvarpi. Eðli málsins samkvæmt fylgist ég vel með bókmenntavettvanginum; ég veit vel hvað er að gerast, les mikið og ræði við höfunda. Það hafa aldrei verið eins margir vel skrifandi höfundar á Íslandi og nú og á síðustu árum hafa komið út fjölmörg skáldverk sem ég hygg að muni lifa. Vinnan í Útvarpinu er að vissu leyti mitt framhaldsnám og þeir höfundar sem ég hef kynnst í gegnum störf mín hafa kennt mér marga.“

Haukur segir óskastöðuna vita-skuld vera þá að geta gert ritstörfin að fullri dagvinnu.

„Ég fékk ritlaun í sex mánuði til að skrifa þessa bók og ákvað að reyna að nýta það tækifæri eins vel og ég gæti. Margir, sem langar til að verða rithöfundar, kvarta yfir því að fá ekki tíma til að sinna þessu og mörgum verður kannski lítið úr verki þegar þeir fá loksins tímann. Ég vildi ekki lenda í þeirri stöðu að kvarta bara, heldur líka skila mínu þegar ég fékk tækifæri til þess.“

bergsteinn@frettabladid.is



Tilboð gilda til og með 06.12.11

Alltaf pláss fyrir góða bók

Úrval nýrra og sígilda barnabóka.



Eymundsson.is





HAFSTEINN AUSTMANN

Hafsteinn Austmann í Studio Safni

Hafsteinn Austmann (f. 1934) verður með desembersýningu Studio Stafns í Ingólfsstræti í ár. Hafsteinn hefur lagt ötula rækt við vatnslitamálan á undanförunum áratugum. Á þessari sýningu sýnir hann nýjar myndir sem voru einnig til sýnis á sýningunni „Islandske modernister og Kai Nielsen“ í SAK Kunstbygging í Danmörku í sumarlok. Á sýningunni verða að auki myndir frá ýmsum tímabilum allt aftur til upphafs sjötta áratugarins.

Hafsteinn Austmann fellur í hóp svokallaðrar annarrar kynslóðar móðernískra málara, sem sótt hefur efnivið til fyrirrennara sinna en ávallt verið með tilraunir og nýsköpun í verkum sínum.

Sýningin stendur yfir dagana 3. til 10. desember og er opin milli 14 og 17 alla daga.

Fram og aftur blindgötuna

Bækur ★★★★★

Götumálarinn Skáldævisaga

Pórarinn Leifsson

Mál og menning

Nítján ára drengur er tekinn af lögreglunni í Ronda á Spáni. Hann er einn á ferð, hefur ráfað stefnulaust um og veit ekki hvert förinni er heitið. Veit aðeins að hana verður að fara. Eftir barning við lögregluna þar sem myndlistarhæfileikar hans verða honum til bjargað er hann sendur með lest til Sevilla, þar sem hann sofnað bak við lestarstöð. „Það er ágætt að vakna undir runna.“

Pórarinn Leifsson gerði það sem marga unga menn dreymir um, að gefa skít í hið hefðbundna, smáborgaralega líf og flakka frjáls um heiminn. Láta hverjum degi nægja sína þjáningu og lifa í núinu. Flestir heykjast á gjörningnum, en Pórarinn var aðeins 19 ára þegar hann lagði í hann árið 1985. Nú, 26 árum síðar, deilir hann þessari reynslu sinni með lesendum.

Og reynsla er það. Pórarinn dregur lesandann með sér í flakkid, við leggjumst við hlið hans undir runna, reykjum hass með



hústökufólki, sitjum í steikjandi sólarhita og málum Maríu mey á götusteinana eða bregðum okkur yfir til Marokkó.

Pórarinn dregur ekkert undan í sögunni og hann er fráleitt að rómantísra líf flökkumannsins. Stundum líða dagar án þess að hann fái að borða, hreinlæti er er lítið sem ekkert og félagsskapurinn misfélegur. Verst er að meira að segja í flakkinu verður ekki komist undan tilbreytingarleysi hversdagsins. Í raun liggur vegferðin um blindgötu, götumálarinn ráfar fram og aftur um hana og er jafn fastur í viðjum vanans og skrifstofumaður sem stendur grátandi yfir hjólinu sínu við runnann sem er svefnstaður Tóta.

Pórarinn sýnir og sannar með Götumálaranum að hann er listagóður rithöfundur. Textinn líður vel, hann er laus við alla tilgerð, gengur beint til verks og vinnur þannig með framvindu sögunnar. Stíllinn er blátt áfram, manni er steipt beint í söguna og fylgir söguhetjuni eftir í hans Bjarmalandsför. Inn í frásögnina er skotið sögu móður og systur hans sem eðlilega hafa áhyggjur af drengnum. Í þeim köflum skiptir höfund-



ur persónufornafninu ég út fyrir nafn sitt og fjarlægir sjálfan sig og lesandann þannig úr framvindunni, um leið og hann undirstrikar fjarlægð mæðgnanna við hann. Þetta gerir Pórarinn vel.

Einstaka minningabrot úr æsku sem hefur verið allt annað en auðveld stínga líka upp kollinum. Á blátt áfram hátt tekst Pórarinn að veita innsýn í oft og tíðum hörmuþegar aðstæður, án þess að gerast væmínn eða tilfinningasamur. Allt í stíl við söguna sjálfa. Þá

skipa frábærar myndir í upphafi hvers kafla stóran sess og kallast á við efni sögunnar.

Götumálarinn er stórgóð bók og vel skrifuð. Listilega spunninn þráður um heim sem flestum er hulinn, margir sjá í hillungum en höfundur sýnir eins og er.

Kolbeinn Óttarsson Proppé

Niðurstaða: Mögnuð saga af flakki unglings um Spán og Marokkó og hvernig hann þokast áfram á þroskaferlinum.

W.A. Mozart
TÖFRAFLAUTAN

Þökkum frábærar viðtökur
við fyrstu óperuuppfærslu okkar í Hörpu

Hlökkum til að sjá ykkur á næstu óperusýningu okkar
La Bohème eftir Puccini
Frumsýning í mars 2012

Minnum á gjafakortin okkar – tilvalin jólagjöf!

ÍSLENSKA ÓPERAN

Konur á ferð

Dans ★★★

Á

Höfundur: Valgerður Rúnarsdóttir. Dansarar: Snædís Lilja Ingadóttir, Unnur Elísabet Gunnarsdóttir og Valgerður Rúnarsdóttir. Tónlist: Þorgrímur Andri Einarsson.

Norðurlílinn

Á sviðinu í Norðurlílinn er lítill rauður bíll. Inni í honum situr þreytuleg kona í farþegasætinu. Önnur stígur út úr bílnum, kveikir sér í sigarettu og gengur óþolinmóð umhverfis bílinn. Það smellur í háum hælum þegar hún gengur. Seinna kemur í ljós að í aftursæti bílsins sefur sú þriðja.

Þannig byrjar nýtt dansverk eftir Valgerði Rúnarsdóttir sem ber það einfalda nafn „Á“. Dansverkið sýnir konurnar þrjár þar sem þær hafa fundið sér góðan áningarstað á annars óskilgreindu ferðalagi. Í leikskrá er talað um að „ferðalög [séu] tími umbreytinga – innri og ytri, ... þau geta tekið á og þá þarf að ... taka pásu. Frá ferðalaginu. Frá lífinu.“ Það er þessi litla pásu sem áhorfendum er boðið að fylgjast með.

Efni verksins er frumlegt. Það býður upp á sterka persónusköpun og spennubrúna frásögn. Hvaðan eru þær að koma, hvert eru þær að fara hver eru tengslin á milli þeirra? Textinn í leikskránni, þar sem segir að ferðalög geti tekið á, vekur upp vonir um átök og uppjör persónanna.

Persónusköpun verksins tókst mjög vel. Gleðipinninn, sú tékkaða og óþolinmóða og sú til baka, sem reynir í sífellu að fá viðurkenningu samferðakvanna sinna en þarf sífellt að vera í bakgrunni, allar eru þær mjög sannfærandi á sviðinu. Áhorfendur fengu að kynast hverri þeirra fyrir sig en einnig samskiptum þeirra á milli. Dansinn og tjáning hverra persónu var mjög skýr og bar færni dansaranna vitni. Það vantaði aftur á móti upp á dýpri vinnu efnislega þannig að sagan sem verið var að segja væri sterkari. Verkið varð þannig dans með sögu sem þó komst ekki alveg til skila vegna þess að verkið var líka dans án sögu.

Öll umgjörð verksins er vel gerð, tónlist, lýsing, búningar og svið allt passar ágætlega við dansinn og söguna og ljá verkinu skýra heildarmynd. Verkið var þannig vel unnið og skemmtilegt og það var unun að horfa á dansarana hreyfa sig.

Það er ákveðin tilhneiging hjá danshöfundum að skrifa háfleygan og flókinn texta í leikskrá um efni verksins. Þetta getur verið varasamt því stór orð í leikskrá vekja upp væntingar um stóra hluti á sviðinu svo ekki sé talað um að þau geta hreinlega virkað eins og danshöfundur sé að vinna út frá óljósu og ómarkvissu orðagjálfrí.

Í dansverkinu „Á“ bauð textinn í leikskránni upp á meiri spennu og átök en verkið stóð undir. „Á“ er samt mjög skemmtilegt verk með góðum dönsurum, fagmannlega unnið og í alla staði ánægjulegt til áhorfs.

Sesselja G. Magnúsdóttir

Niðurstaða: Snoturt dansverk sem færir okkur heim sanninn um það hversu sterka danslistamenn við eigum.



ÁLEITIN OG EFTIRMINNILEG



GUÐRÚN EVA
MÍNERVUDÓTTIR



JPV
JPV ÚTGÁFA

ÍSLENSKU
BÓKMENNTA
VERÐLAUNIN

Tilnefning

„Guðrún Eva hefur löngu sannað að hún er einn okkar frjóasti og frumlegasti höfundur og hefur einstakt lag á því að sýna samskipti fólks í nýju og óvæntu ljósi.“

FRÍÐRIKA BENÓNÝS / FRÉTTABLAÐIÐ

„Þetta fleygast inn í hausinn á manni og situr þar. Það er einkenni góðra bóka – maður gleymir þeim ekki strax.“

EGILL HELGASON / KILJAN

„Guðrún Eva er einn af okkar bestu rithöfundum ...“

ÞÓRARINN ÞÓRARINSSON / DV

„Stíll höfundar er SVO áhrifamikill að henni tekst áreynslulaust að miðla flóknum hugmyndum til lesandans.“

TIFEÓ

„Hún skrifar safaríkar bækur. En hjá henni stendur líka allt heima í rökrænni uppbyggingu.“

IJOMA MANGOLD

HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

Laugardagur 3. desember

→ Tónleikar

14.00 Minningartónleikar um frú Ástu Einarson pianóleikara verða haldnir í Dómkirkjunni í Reykjavík. Fram koma þau Sigríður Ósk Kristjánsdóttir mezzó-sópran, Andri Björn Róbertsson bas-sabarítón, Guðrún Dalía Salómundsdóttir pianóleikari og Magnús Ragnarsson organisti og kórstjóri.

16.00 Aðventutónleikar Karla-kórs Kjalnesinga og Kvinnakórs Reykjavíkur verða haldnir í Langholtskirkju í Reykjavík. Söngkvartettinn Vallargerðisbræður verða sérstakir gestir. Miðaverð er kr. 3.000.

18.00 Ingimar Oddsson og félagar í tríóinu The Old Spice verða á Bar 46, Hverfisgötu 46.

20.00 Víkingarokksveitin Skálmöld heldur tvöna tónleika á Græna hattinum, Akureyri. Miðasala fer fram í Eymundsson við göngu-götuna.



22.00 Valgeir Guðjónsson heldur tónleika á Obladí Oblada Frakkastíg 8. Góðir gestir munu koma í heimsókn. Aðgangseyrir kr. 1.500.

22.00 Andrea Gylfa og Bíobandið flytja perlu kvikmyndatónlistarinnar á Café Rosenberg. Aðgangseyrir kr. 1.500.

22.00 Mugison heldur tónleika á Gauk á Stöng til að kynna nýja plötu sína, Haglé. Aðgangseyrir er ókeypis

→ Leiklist

20.00 Leikritið Eftir lokin eftir Dennis Kelly er sýnt í Tjarnarbíói. Miðaverð kr. 3.200.

→ Opnanir

14.00 Hulda Hlín opnar vinnustofu við Tjörnina, að Tjarnargötu 40. Allir velkomnir.

→ Listasmiðja

14.00 Skapandi smiðja og notaleg samverustund fyrir börn og fullorðna verður haldin í Viðeyjarstofu undir heitinu Friður og fjölmening í Viðey.

→ Sýningar

13.00 Sýningin Neðanjarðar opnar í Kaffihúsinu Alafossi. Til sýnis eru verk eftir Einar Grétarsson. Sýningin er opin til 31. desember.

14.00 Anna Sigríður Sigurjónsdóttir myndhöggvari verður með innsetninguna Spegln í Gallerí 002, Þúfubarði 17 í Hafnarfirði. Sýningin er opin til kl.17.

16.00 Ómar Stefánsson opnar málverkasýningu á Gallery-Bar 46, Hverfisgötu 46.

→ Söfn

15.00 Nemendur Kvinnaskólans verða með leiðsögn um sýninguna Kjarval sneritir mig á Kjarvalsstöðum.

→ Upplestur

15.00 Eymundsson í Austurstræti býður til upplesturs úr barnabókum. Notaleg stemning á aðventu. Allir velkomnir.

→ Uppákomur

11.00 Hinn árlegi jólabasar Kattholts verður haldinn að Stangarhyl 2. Opnið til 16.00.

12.34 Jóladaatal Norræna hússins heldur áfram. Allir velkomnir.

14.00 Bókasafni í Hveragerði býður til kynningar á sænska ljóðskáldinu Tomas Tranströmer, sem hlaut bókmennta-

verðlaun Nóbels nú í ár. Boðið upp á kakó og piparkökur. Allir velkomnir.

→ Tónlist

00.00 DJ Krúsi heldur uppi stuðinu fram eftir nóttu á Prikinu.

15.00 Kristinn Sigmundsson og Víkingur Heiðar Ólafsson flytja Vetraförðina eftir Franz Schubert á tónleikum í Hamraborg, aðalsal Hofs Akureyri.

22.00 Plötusnúðurinn Hashi spilar tónlist á Bakkusi.



22.00 Bogomil Font og Öreigarnir troða upp á Kaffibarnum. Gísli Galdur stjórnar tónlistinni fram á nótt.

→ Fyrirlestrar

16.00 Guðrún Kristjánsdóttir flytur fyrirlestur í Gallerí Ágúst um vegglistaverkið Múrin í Peking.

→ Markaðir

12.00 Jóla Pop-Up markaður í Hörp-unnni á milli klukkan 12 og 18. Margir vinsælustu hönnuðir þjóðarinnar taka þátt. Allir velkomnir.

Sunnudagur 4. desember

→ Tónleikar

20.00 Árlegir aðventutónleikar Kórs Hjallakirkju verða haldnir í Hjallakirkju. Fjölbreytt efnisskrá og prestar kirkjunnar annast talað mál. Eftir tónleikana er boðið upp á heitt kakó og piparkökur. Aðgangur ókeypis.

→ Leiklist

14.00 Möguleikhúsið sýnir barnaleikritið Jólarsir Snúðru og Tuðru í menningarmiðstöðinni Gerðubergi. Sýningin er ætluð börnum á aldrinum 3ja til 10 ára. Miðaverð er kr. 2.000.



20.00 Nemendaleikhús Listaháskóla Íslands sýnir verkið **Jarðskjálftar í London** eftir Mike Bartlett í leikstjórn Halldórs E. Laxness. Sýningar verða í Leikhúsi Listaháskóla Íslands að Sölvhólgötu 13. Miðaverð er kr. 1.500.

→ Sýningar

14.00 Anna Sigríður Sigurjónsdóttir myndhöggvari verður með innsetninguna Spegln í Gallerí 002, Þúfubarði 17 í Hafnarfirði. Sýningin er opin til kl.17.

14.00 Magnús Halldórsson opnar sýningu á myndverkum sínum í Bog-anum, Gerðubergi. Sýningin stendur til 22. janúar.

→ Umræður

15.00 Rithöfundurinn Kristín Ómarsdóttir mun reifa hugleiðingar sínar um sýningu Óskar Vilhjálmssdóttur, Tígrisdýrasmjör, í Hafnarhúsi Listarsafns Reykjavíkur.

→ Sýningarspjall

15.00 Klara Þórhallsdóttir verður með sýningastjóraspjall um sýninguna Ham-skípti í Hamraborg.

→ Kvikmyndir

15.00 MÍR sýnir sovésku ævintýrmyndina Ashik-Kerib í sal sínum, Hverfisgötu 105. Aðgangur ókeypis.

22.00 Þynnukubíó Prikisins verður með sýningu á myndinni The Rock. Popp í boði.

→ Uppákomur

12.34 Nýr og spennandi viðburður verður í Jóladaatali Norræna hússins. Allir velkomnir.

13.30 Barnaspítali Hringins heldur sitt árlega jólakaffi á Broadway við Ármúla. Frábær skemmtiatriði landsfrægra skemmtikrafta, jólasveinninn kíkir í heimsókn og þær Skoppa og Skríttla koma og kæta börnin. Síðast en ekki síst er hið vinsæla happdrætti. Aðgangseyrir er Allur ágóði aðgangseyris og happdrættismiða rennur til stuðnings veikra barna á Barnaspítala Hringins

JÓLA BÍÓ
Stöð 2 Bíó sýnir yfir 200 úrvalskvikmyndir í hverjum mánuði og stöðin fylgir fritt með áskrift að Stöð 2.

JÓLAKORTIÐ Í ÁR
Gefðu áskriftarkort að Stöð 2 í jólagjöf. Það fæst hjá okkur í Skaftahlíðinni!

Njóttu jólanna í faðmi fjölskyldunnar

Við viljum öll njóta þess besta saman um jólin, hvort sem það er heitt súkkulaði og smákökur eða stórkostleg jóladagskrá Stöðvar 2. Styttum biðina fyrir þau yngstu með vönduðu talsettu barnafni, upplifum hátíðlega tónleika og hjúfrum okkur saman undir teppi og njótum þeirra fjölmörgu bíomynda sem eru á dagskrá Stöðvar 2 og Stöðvar 2 Bíó um jólin.

Skoðuðu stod2.is og kynntu þér frábæru jóladagskrána okkar til hlítar!

og BUGL Barna- og unglingsdeild Landspítalans.



14.00 Menningardagskráin Kexmas hefst á Kex Hostel við Skúlagötu. **Eva María Jónsdóttir** og Óskar Jónasson lesa upp úr bók sinni, Dans vil ég heyra. Klukkan 15 stigur hljómsveitin Pollapönk á stökk.

13.45 Skemmtipáttur þar sem Margrét Blöndal og Felix Bergsson bjóða til sín góðum gestum verður sendur út beint á Rás 2 af sviðinu í Hamraborg, Hofi Akureyri. Allir velkomnir og enginn aðgangseyrir.

→ Dansleikir

20.00 Dansleikur Félags eldri borgara í Reykjavík fer fram í félagsheimili þeirra, Stangarhyl 4. Danshljómsveitin Klassík leikur fyrir dansi til klukkan 23.00. Aðgangseyrir er kr. 1.500.

→ Tónlist

15.00 Í tilefni af degi harmonikunar heldur Harmonikufélag Reykjavíkur léttu tónleika í Ráðhúsinu við Vonarstræti.

16.00 Uni og Jón Tryggvi bjóða heim til sín að Merkigili á Eyrarbakka þar sem þau munu syngja ljúf og notarleg jóla-lög og skapa notalega jólastemningu. Aðgangur er ókeypis en frjáls framlög eru vel þegin. Allir velkomnir.

→ Listamannspjall

15.00 Í tilefni af sýningunni Endemis (Ó)sýn: Útgáfusýning í tilefni 2. tölublaðs Endemis verður samtal með Katrínu I. Hirt listamanni og listfræðingi í Listsafni Kópavogs-Gerðarsafni. Aðgangseyrir er kr. 500.

→ Markaðir

12.00 Jóna Pop-Up markaður í Hörpunni á milli klukkan 12 og 18. Margir vinsælustu hönnuðir þjóðarinnar taka þátt. Allir velkomnir.

→ Dans



20.00 Á, nýtt dansverk eftir **Valgerði Rúnarsdóttur** í flutningi þeirra Snædísar Lilju Ingadóttur, Unnar Elísabetar Gunnarsdóttur og Valgerðar Rúnarsdóttur verður sýnt í Norðurljónum, Sefgördum 3. Miðaverð er kr. 1.800.

Upplýsingar um viðburði sendist á hvar@frettabladid.is.

JÓL Í BRÚÐHEIMUM BORGARNESI



Pönnukakan hennar grýlu

Heitt súkkulaði og piparkökumálun fyrir börnin!
Sýningar allar helgar fram að jólum

BRÚÐHEIMAR

Sími 530 5000 www.bruduheimar.is

Árlegar Frostrósir í Færeyjum

Tónleikaferðalag Frostrósa hefur farið vel af stað. Níu jólatónleikum af 34 talsins er nú lokið og voru þeir síðustu í Reykjanesbæ í gærkvöldi.

Fernir tónleikar voru í Færeyjum á dögunum og gengu þeir framarsinn. „Þeir lukkuðust því líkt vel. Það hefur verið rosalega vel skrifað um tónleikana og það eru allir að biðja um að þetta verði árlegt. Við setjum stefnuna á það,“ segir skipuleggjandinn Samúel Kristjánsson.

Jógvan Hansen söng þar í fyrsta sinn með Frostrósum. Hann söng bæði dúett með Friðriki Ómari og jólagiði sigilda, Nóttin var sú

ágæt ein, með Eivöru Pálsdóttur með færeyskum texta. „Hann stóð sig mjög vel strákurinn og Eivör er náttúrulega mjög vinsæl úti í Færeyjum,“ segir Samúel.

Tvennir tónleikar hafa verið haldnir á Akranesi og einir í Ólafsvík. Ferðalagið heim frá Ólafsvík var nokkuð strembið og rútunni sem flutti hópinn heim til Reykjavíkur sóttist ferðin seint. „Það var blint og mikill bylur. Ég held að þau hafi komið í bæinn um tvöleytið,“ segir Samúel.

Einum tónleikum er lokið í Hörpu en alls verða þeir ellefu talsins, þar af sex þessa helgina.



GOTT GENGI Tónleikaferðalag Frostrósa hefur gengið mjög vel. Alls verða tónleikarnir 34 talsins. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON


Veiðisögur og villibráð

Villtin veislurétta á hátíðaborðið

Glæsilegt alfræðirit, fullt af fróðleik, og ómótstæðilegum sækerauppskriftum. Úlfar fjallar um meðhöndlun bráðarinnar og hvernig má nýta hráefnið sem best, búa til kæfu, pylsur, súpur, soð og sósur auk dásamlegra veislurétta á jólaborðið.



Páll Baldvin Baldvinsson, *Fréttatíminn*



Veidisögur í jólapakkann

Bubbi er ástríðuveiðimaður. Hér segir hann ævintýrlegar sögur um glímu við silung og lax. Sögurnar hrífa lesandann alla leið fram á árbakkann og Einar Falur styður frásögnina með óviðjafnanlegum ljósmyndum.



Steingrímur Sævarr Ólafsson, *Pressan.is*

Bubbi Morthens áritar og tekur lagið í verslun Hagkaupa í Smáralind, laugardaginn 3. desember, kl. 14



salka.is • Skipholti 50c • 105 Reykjavík

Kíktu á salka.is

PARTÝJÓL!



Ljósmyndun: Björg Vigfúsdóttir, www.studiobjorg.com

Gullbolur 10.990
Millipils 4.990

E-label kjóll
Gullleggings 5.990

E-label kjóll
Blúnduleggings 3.990

Gullbolur 8.990
Hjólabuxur 2.990



Kjöll 9.990
Leggings 2.990



Toppur 10.990
Leðurbuxur 6.990
Loð 3.990



Kjöll 11.990
Stórt loð 5.990

Carolina kjöll 9.990
Sokkabuxur 2.990



SMÁRALIND
KRINGLUNNI
LAUGAVEGI 25
SÍMI 571 1700



24 TÍMAR Á SÓLARHRING starfsfólks söngkonunnar Rihönnu fara í að gæta heilsu hennar. Hún ku vera dauðþreytt eftir vinnutörn síðustu mánaða og þarf að vera undir eftirliti allan sólarhringinn.



GENGUR VEL Stúlknasveitin The Charlies gaf nýverið frá sér svokallað mixteip með sex lögum sem hefur meðal annars lagst vel í MTV-bloggarann Bradley Stern.

MYND/GRÉTA KAREN

Líkja The Charlies við Britney Spears

Tónlist íslensku stúlknasveitarinnar The Charlies hefur vakið eftirtekt víða eftir að þær Klara, Alma og Steinunn sendu frá sér mixteipið Start a Fire í byrjun nóvember.

Í vikunni útnefndi MTV bloggarinn Bradley Stern lag sveitarinnar, Let That Body Breathe, sem eitt af lögum vikunnar. Stern nefnir fimm lög og eru stúlkurnar í The Charlies þar í hópi með Britney Spears, Rihönnu, bresku sveitinni The Saturdays og sænska dúóinu Rebecca og Fiona.

Stern er hrifinn af öllum lögum á mixteipinu svokallaða, en það inniheldur sex lög með stúlkunum, og tekur sérstaklega fram að honum þyki útgáfa sveitarinnar á laginu Yellow með Coldplay yndislegt.

Vefsíðan Sosogay.org hefur einnig tekið ástfóstri við nýja tóna The Charlies og hvetur lesendur sína eindregið til að hlusta á mixteipið. Vefsíðan líkir tónlist The Charlies við Britney Spears og segir að lag þeirra Monster (Eat Me!) sé svo gott að sjálf poppdrottningin hefði átt að taka sér það til fyrirmyndar þegar hún gerði plötuna sína Femme Fatale.

The Charlies eru því að fá góða viðtökur netverja en flest lög þeirra eru unnin í samvinnu við íslenska upptökuteymið StopWaitGo sem einnig er að hasla sér völl vestanhafs. Íslenskir aðdáendur sveitarinnar ættu ekki að örvænta því í samtali við Fréttablaðið fyrir í haust sögðust stúlkurnar ætla að eyða jóluunum á Íslandi.

- 4p

Ritstjórar verða fyrirsætur

Hlutverkum hefur verið víxlað í tískuheiminum þar sem ritstjórar tískutímarita eru farnir að prýða forsíður og ganga niður tískupallana.

Hlutverk ritstjóra hinna ýmsu blaða og tímarita er meðal annars að velja forsíðufyrirsætur og fjalla um hvaða fyrirsætur tískuhúsin velja í auglýsingaherferðir. Nú hefur hlutverkunum verið víxlað, því allt í einu eru ritstjórnarnir sjálfir komnir í hlutverk fyrirsæta. Á ljósmyndum, forsíðum og jafnvel á tískupöllum.

Anna Dello Russo er fastagestur á síðum annarra blaða en hennar eigin, en hún er ritstjóri japanska Vogue. Dello Russo er fræg fyrir íburðarmikinn fatastíl og fékk H&M hana til að ganga tískupallinn fyrir Lanvin-sýningu sína í fyrra. Einnig hefur fataskápur hennar, sem í eru um fjögur þúsund pör af skóm, verið myndaður bak og fyrir af ljósmyndaranum fræga Juergen Teller fyrir W Magazine. Nú síðast sýndi Dello Russo sumarlínu fatamerkisins Ungaro á nýafstaðinni tískuviku í París.

Ritstjóri bandaríska Vogue, Anna Wintour, hefur einnig gerst sek um að prýða forsíður annarra blaða en hún er nú á forsíðu nýja breska tímaritsins Industrie þar sem einnig má sjá ritstjóra Love, Katie Grand, inni í blaðinu.

Kate Lanphear, tiskuritstjóri breska Elle, er fyrirsætan í auglýsingaherferð skartgripaframleiðandans Eddie Borgo. Þessa þróun í tískuheiminum má líklega rekja til tiskublogganna en daglega má þar sjá myndir af ritstjórum stærstu blaðanna með greinargóðri lýsingu á því hvaða merkjum þeir klæðast. Ritstjórnarnir Carine Roitfeldt, Emmanuelle Alt hjá franska Vogue, Anna Wintour og Anna Dello Russo hafa tekið við sem tiskufyrirmyndir og fyrirsætur dagsins í dag.

alfrun@frettabladid.is



NORDICPHOTOS/GETTY

Í SVIÐSLJÓSINU

Anna Wintour, ritstjóri bandaríska Vogue (efst) prýðir forsíðu nýja breska tímaritsins, Industrie. Kate Lanphear ritstýrir tiskuumfjöllun í breska Vogue en hún sat fyrir í auglýsingaherferð fyrir skartgripaframleiðanda. Ritstjóri japanska Vogue, Anna Dello Russo (t.h.) hefur gengið eftir tiskupöllum fyrir bæði Ungaro og H&M.



Jólaandinn er hjá Vodafone

Frábær tilboð á snjöllum sínum



Samsung Galaxy Y

24.990 kr. staðgreitt

eða 2.083 kr. á mánuði í 12 mánuði

Fjölskyldu ALIAS fylgir*



Nokia 700

59.990 kr. staðgreitt

eða 4.999 kr. á mánuði í 12 mánuði

Fjölskyldu ALIAS fylgir*

Þín ánægja er okkar markmið

vodafone.is

* Gildir á meðan birgðir endast.

„HISPURSLAUS OG EINLÆG“

Hvaða spurningar brenna á vörum íslenskra stelpna? Í bókinni **Stelpur A-Ö** er að finna svör við öllum þessum spurningum um allt milli himins og jarðar. Ómissandi bók fyrir allar stelpur!



„Ég mæli hiklaust með henni. Bókin er skyldueign fyrir allar stelpur.“
★ ★ ★ ★ ★
—HARPA MJÖLL REYNISDÓTTIR, 15 ÁRA, DV

„Þjóðprífaverk.“
—PÁLL BALDVIN BALDVINSSON, FRÉTTABLAÐINU



„Ótrúlega ánægð.“
—HILDUR KNÚTSDÓTTIR, DRUSLUBÆKUR OG DOÐRANTAR



„Að öllu leyti vel heppnað verk ... flott verk.“
—PÁLL BALDVIN BALDVINSSON, KILUNNI

„Fin unglingsbók og dugar vel í yngri lesendur.“
★ ★ ★ ★ ★
—PÁLL BALDVIN BALDVINSSON, FRÉTTABLAÐINU

„FLOTT VERK“

Ný og æsispennandi saga eftir **Ragnheiði Gestsdóttur**, einn fremsta barna- og unglingsbókahöfund þjóðarinnar. Þrettán ára stúlka flýr úr lokaðri og ofverndaðri veröld út í harðan veruleikann þar sem nýr heimur bíður hennar og kynngimögnuð atburðarás fer af stað.

Heiðra minningu Hermanns

„Þetta verða stærstu X-mas tónleikar frá upphafi,“ segir Úlfar Linnet, einn vina Hermanns Fannars Valgarðssonar sem féll frá langt fyrir aldur fram í byrjun nóvember.

Hinir árlegu X-mas tónleikar X-ins verða að þessu sinni styrktartónleikar í minningu Hermanns, og verða haldnir í Kaplakrika hinn 20. desember næstkomandi. Allur ágóði mun renna óskertur til fjölskyldu Hermanns, en hann starfaði um árabil á útvarpsrásinni. Vinir og samstarfsmenn Hermanns sjá um alla skipulagningu og hafa fengið margar stærstu hljómsveitir landsins til að koma fram á tónleikunum. „Skipulagningin hefur gengið rosalega vel og þetta verður frábært kvöld. Það er náttúrulega vegna þess að Hermann hafði svo góða nærveru og svo mörgum þótti vænt um hann

sem svona margir vilja hjálpa til við þetta,“ segir Úlfar.

A meðal þeirra sem taka þátt er fpróttafélagið FH sem gefur afnot af Kaplakrika fyrir tónleikana, en Hermann var mikill stuðningsmaður liðsins. Listamennirnir sem munu heiðra minningu Hermanns eru meðal annars Mugison, Hjálmar, Of Monsters and Men, Dikta og Jón Jónsson. „Þetta verða frábærir tónleikar og gott tækifæri til að koma saman fyrir jólin og einfaldlega njóta þess að vera saman og hlusta á góða tónlist.“

Miðaverð er 2.000 krónur og miðasala fer fram á midi.is og í verslunum Brims og Maclands.

-bb



HEIÐRA MINNINGU HEMMA
X-mas tónleikarnir verða styrktartónleikar í minningu Hermanns Fannars Valgarðssonar. Hjálmar er ein þeirra hljómsveita sem troða upp.

Slasaðist í ræktinni

Ricky Gervais er ákaflega þjáður eftir að hafa tagnað í baki þegar hann var í ræktinni. Gervais segir frá þessu á bloggi sínu. Leikarinn, sem er hvað þekktastur fyrir gamanþættina Office og Extras, var að lyfta þegar bakið gaf sig og grínistinn segist vera ákaflega þjáður. Hann mætti meðal annars í upptöku fyrir viðtalsþátt Alan Carr og viðurkenndi að hann hefði gengið um myndverð, veinandi. Gervais verður kynnr á næstu Golden Globe-hátíð og mega stjórnmennar því fara að vara sig.



VEIKUR Í BAKI
Ricky Gervais tagnaði í baki í ræktinni og er að eigin sögn ákaflega þjakaður og þjáður.

Syngur á Grammy

Adele hefur staðfest að hún muni syngja á Emmy-verðlaunahátíðinni í Bandaríkjunum. Breska söngkonan er tilnefnd til sex verðlauna og mun væntanlega ekki hafa mikinn tíma til að undirbúa sig þar sem hún er enn að jafna sig eftir aðgerð á hálsi.

Adele er enn í Bandaríkjunum og bíður eftir því að lækna gefi henni grænt ljós. „Takk fyrir allar þær jákvæðu hugsanir sem þið hafið sent mér.

Allt gengur vel og ég er mjög jákvæð,“ skrifaði Adele á heimasíðu sinni.



NÆR GRAMMY
Adele ætlar að koma fram á Emmy-verðlaunahátíðinni.



GENGUR VEL Mel Gibson er óðum að ná tökum á lífi sínu.

Gibson á batavegi

Samkvæmt vefsíðunni TMZ.com er Mel Gibson í góðum bata. Það er að minnsta kosti álit dómara í Los Angeles, en Gibson og fyrrverandi eiginkona hans, Oksana Grigorieva, hafa átt í harðvítugum deilum um forræði dóttur þeirra.

Gibson játaði sig sekan um smávægileg brot gagnvart Oksönu og hefur verið á skil-orði síðan. Dómarinn Stephanie Sautner hrósaði Gibson fyrir ákveðni sína en hann hefur nú þegar sótt tvöfalt fleiri námskeið í reiðistjórnun en honum bar og er á góðri leið með að klára tólf spora-kerfi AA-samtakanna.

Gibson hefur sinnt samfélagsþjónustu fyrir Mending Kids í Bandaríkjunum, en fyrrverandi eiginkona hans, Robyn Gibson, var eitt sinn í forsvari fyrir þau.

elite

FASHION ACADEMY

REYKJAVÍK

MACNETIC NAILS NAGLAFRÆÐINGUR Á AÐEINS 12 VIKUM

Fashion Academy Reykjavík býður upp á nám fyrir einstaklinga sem vilja starfa sem naglafræðingar.

Unnið er með Macnetic Nails vörurnar sem eru rómaðar fyrir bæði gæði og sanngjarnt verð.

Námið tekur 12 vikur og kostar 269.900 kr.

Glæsilegur vörupakki frá Magnetic er innfalin í verðinu.

Kennarar okkar eru allir með meistarárætti frá Magnetic Nails og áralanga reynslu af kennslu í naglafræði.

Fyrstu tiskutengdu námskeiðin hefjast í janúar 2012. Rík áhersla verður lögð á samvinnu á milli deilda og að nemendur vinni að raunverulegum verkefnum.

- Ljósmynda Academy - Tisku og auglýsingaljósmyndun
- Make-Up Academy
- Módel Academy
- Stílista Academy

Áhugasamir hafið samband við lilja@elitemodel.is eða í síma 571 5151

Við erum á facebook elitefashionacademy

T Í S K A - H E I L S A - F E G U R Þ

Langar í barn

Russell Brand viðurkenndi í spjallþætti Ellen DeGeneres að hann langaði að eignast barn með eiginkonu sinni, bandarísku söngkonunni Katy Perry. Þær sögusagnir hafa lengi verið á kreiki að hjónaband þeirra tveggja stæði á brauðfótum en annað hefur komið á daginn því Fréttablaðið greindi nýverið frá því að þau hefðu fengið sér húðflúr saman.

Og Brand segist gjarnan langa í fjölskyldu. „Við Katy erum guðforeldrar tveggja barna. Í fyrstu voru þau reyndar bara leiðinleg og virtust bara framleiða vökva. En núna eru þau virkilega áhuga-



Í BARNAHUGLEIÐINGUM Katy Perry og Russell Brand virðast vera að hugsa um barneignir.

verð, þau brosa og rannsaka mann. Og ég rannsaka þau eins og vísindamaður,“ segir Brand.

Vinnan eyðilagði allt

Scarlett Johansson hefur viðurkennt í viðtali við Cosmopolitan að vinnuálagið hafi eyðilagt samband hennar og Ryans Reynolds. Þar að auki hafi hún ekki verið reiðubúin til að færa þær fórnir sem hjónaband krefjist.

Johansson og Reynolds slitu samvistum í lok 2010 og gengu frá skilnaðinum í júlí á þessu ári. Hann vakti mikla athygli enda voru hjónakornin ákaflega áberandi á meðal hinna ríku og frægu í Hollywood.

„Sambönd eru flókin og að vera í hjónabandi er samstarf. Ég var ekki fyllilega meðvituð um allir hæðirnar og lægðirnar og ég

var ekki reiðubúin til að takast á við það síðarnefnda. Við höfðum bæði ótrúlega mikið að gera og vorum mikið í sundur,“ segir leikkonan kunna.

Johansson sér hins vegar ekkert eftir hinu stutta sambandi. „Ég trúi á að þegar manni finnst eitthvað rétt þá eigi maður að gera það. Ég trúi á innsæið. Að giftast var rétt því það kom af sjálfu sér. Hjónabandið var ávöxtur ástar og rómantíkur og löngunar til að eiga framtíð með einhverjum. Og ég var heppin að giftast manni sem reyndist vera nákvæmlega sá sem ég hélt að hann væri.“



SÁTT Scarlett Johansson kveðst sátt við bæði hjónaband sitt og skilnað í nýju viðtali við Cosmopolitan.

Elton John bálreiður

Elton John segir löngu tímabært að fólk hætti að tengja sjúkdóminn AIDS við samkynhneigða, slíkar tengingar heyri sögunni til og eigi lítið skylt við staðreyndir. Það séu í raun bara fasistar og hálfvitar sem haldi slíku fram.

„Þetta er alheimsfaraldur,“ sagði Elton á samkomu í Ástralíu á dögnum. „Við skulum útrýma þessari fánalegu bábilju og láta þessa fasista og hálfvita skilja

að þetta fólk hefur rétt á því að lifa með sæmd.“

Laga- höfundurinn og poppstjarnan bætti því við að vísindamönnum hefði tekist að króa þennan sjúkdóm af en menn mættu alls ekki slaka á klónni. „Við skulum losa okkur við þessa vá í eitt skipti fyrir öll.“

FASISTAR OG HÁLFVITAR Elton John sagði fólk til syndanna í Ástralíu.



EKKI FARINN Charlie Sheen dó ekki í skíðaslýsi í Sviss í gær eins og vefsíðan Mediafetcher greindi frá.

Sögðu Sheen látinn í Sviss

Eitt það skemmtilegasta sem prakkarar á Twitter stunda er að lýsa yfir dauða einhvers frægs leikara eða poppstjörnu. Charlie Sheen er nýjasta fórnarlamb slíks hrekks, en hann átti að hafa slasast alvarlega á snjóbretti í skíðaferðalagi með fjölskyldu sinni í Sviss. Fréttin fór fyrst af stað á vefsíðunni Mediafetcher, en þar kom fram að Sheen hefði klesst á tré á miklum hraða. Vefsíðan birtí einnig ógreinilega mynd af sjúkraliðum að hjúkra sjúklingi en seinna kom í ljós að Sheen hefði ekki einu sinni verið í Sviss á þessum tíma.

JÓLAKÖTTURINN Í HOLTAGÖRÐUM

KRAKKAR!

KOMIÐ OG HITTIÐ JÓLAKÖTTINN OG 3 JÓLAKETTLINGA MILLI KLUKKAN 14 OG 16 LAUGARDAG OG SUNNUDAG

JÓLAKETTLINGARNIR VITA LEYNIORÐIÐ SEM JÓLAKÖTTURINN PARF AÐ HEYRA OG ÞÁ FÁIÐ ÞIÐ NAMMIPOKA HJÁ HONUM

FJÖLDI FRÁBÆRRA JÓLATILBOÐA

HVERGI MEIRA ÚRVAL AF JÓLAGJÖFUM FYRIR GÆLUDÝR

DÝRAVINIR ÓSKAST

Dýrahjálpin og dýr í heimilisleit í dag
Milli kl 13-17 í Holtagörðum

Dýrahjálp Íslands

www.dyrahjalp.is

DÝRARÍKIÐ

Holtagörðum ... fyrir dýravini

Stærsta og skemmtilegasta gæludýraverslun landsins

Sími 568 66 68 Opið 11-18 virka daga / 12-18 um helgar

Næg bílastæði á efra plani

Radcliffe er sóði



Kærasta Daniels Radcliffe, Rosie Coker, hefur gefið Harry Potter-leikaranum tvö ár til að bæta umgengni sína. Hann sé nefnilega ótrúlegur sóði heima fyrir. Radcliffe viðurkennir þennan ókost sinn í viðtali nýlega. „Ég held að þetta þýði að ég verði að geta eldað sjálfur og að ég geti ekki leyft mér að skilja við húsið okkar eins og ég geri þessa dagana. Hún hefur gefið mér þennan frest þannig að ég geti fúnkerað heima fyrir,“ bætir Radcliffe við.

Leikarinn býr um þessar mundir í New York og þegar kærastan kom í heimsókn fékk Radcliffe aðstoð hjá móður sinni við að taka til. „Mamma mín er hérna með ryksuguna á fullu,“ hefur breska blaðið Daily Mail eftir honum.

KANN EKKI HEIMLISSTÖRF Daniel Radcliffe fær tvö ár til að læra að taka til.



Hugleikur Dagsson og Hrafnhildur Halldórsdóttir flettu bókinni.



Baldvin, Vala og Gylfi brugðu á leik fyrir ljósmyndara Fréttablaðsins.



Brynjar og Gummi eru aðdáendur síðunnar.

Kolb in the Wild á Faktorý


Fjölmarginir mættu í útgáfufögnuð Flickmylife-bókarinnar sem útgáfufélagin Ókeibæ(!)kur og Forlagið héldu á skemmtistaðnum Faktorý á fimmtudagskvöldið. Bókin inniheldur rjómann af gríninu sem aðstandendur síðunnar hafa birt undanfarin þrjú ár, en tugþúsundir Íslendinga heimsækja hana á hverjum degi. Glatt var á hjalla þegar Hugleikur Dagsson, Dóri DNA og fleiri grínistar sýndu og spjölluðu um upphaldsmyndir sínar úr bókinni.



Kolb in the Wild-þema var í teitinu.



Dóri DNA og Kormákur voru ánægðir með kvöldið.



Hugleikur Dagsson var kynnrir kvöldsins.

the PIER
FOR YOUR HOME

Dásamlegar snyrtivörur úr Dauðahafinu sem fást aðeins í The Pier!

3990.-
Dagkrem sem styrkir, dregur úr hrukku-myndun og eykur ljóma húðarinnar.

3790.-
Augn og munnkrem - yndislegt krem sem dregur úr finum hrukku í kringum munn og augu. Mýkir varir.

GÓÐAR JÓLAGJAFIR
Vítamínhyli án oliu. Fyrir þá sem vilja enn mýkri og nærðari húð.

OPÍÐ TIL KL. 20:00 ÞESSA HELGI
laugardag og sunnudag á Smáratorgi og Korputorgi

5990.-

the PIER

SMÁRATORG 522 7880 • KORPUTORG 522 7870 • BLERÁRTORG 522 7880

JÓLAÚTLET
HEFST Í DAG Í VERSLUN OKKAR
Á LAUGAVEGI 25

40 - 60%
AFSLÁTTUR AF ÖLLU
ATH. MJÖG NÝLEGAR VÖRUR Í BOÐI



JÓL Í LAUGARDALNUM



#FJÖLSKYLDU- OG
HÚSDÝRAGARÐURINN
mu.is

Leitin að jólakettinum alla daga kl. 10 til 17

Jólalestin og/eða hringekjan opin um helgar kl. 13 til 16

Jólakakó og smákökur í Kaffihúsinu á kr. 250

Hestvagnaferðir um helgar kl. 14 til 15

Sauðfé fær jólaklippingu 4. des. Kl. 13 til 16

Stóðhesturinn Pristur kemur 10. des

Kattasýning Kynjakatta 10. og 11. des

Jólakötturinn 2011 krýndur 11. des



50. Grasagardur
Reykjavíkur
grasagardur.is

Opið í Café Flóru allar
helgar til jóla kl. 12 til 18
Bókaupplestur höfunda
Jólatónleikar
Umhyggjutré
Jólabasar
Jólalegar veitingar

SKAUTA
HÖLLIN
REYKJAVÍK

skautahollin.is

Skautað við jóladiskó í
kringum jólatré.
Listhlaupadeild
Skautafélags Reykjavíkur
sýnir listir sínar allar
helgar kl. 15

IR

laugardalslaug.is

...tilvalið að skella sér
í Laugardalslaugina eftir
góðan dag í dalnum.
Opið til kl.22 fram að jólum.

Jólaborgin Reykjavík
www.reykjavik.is



Hittast á leynilegum stefnumótum

Nicole Scherzinger og Lewis Hamilton hafa ákveðið að hittast á nokkrum leynilegum stefnumótum til að athuga hvort þau geti blásið lífi í fjögurra ára samband sitt.

Parið hætti saman í október en þar sem Formúlu 1-tímabilinu fer senn að ljúka hjá Hamilton gera þau sér nú vonir um að geta eytt góðum tíma saman.

„Það er erfitt að viðhalda blossanum meðan á Formúlu-tímabilinu stendur. Lewis er svo upptekinn því það er alltaf nýtt land í hverri viku. Og þau vilja ekki nota Skype því

það er bara ekki eins,“ hefur The Sun eftir heimildarmanni sínum. „Lewis getur varla beðið eftir að hitta hana á ný,“ bætir heimildarmaðurinn við.


Þrátt fyrir að parið hafi hætt saman nýverið viðurkenndi Lewis að hann bæri ennþá sterkar tilfinningar til söngkonunnar bandarísku. „Hver veit, kannski verðum við saman í náinni framtíð.“

SUNDUR OG SAMAN Nicole Scherzinger og Lewis Hamilton ætla eiga nokkur leynileg stefnumót þegar Formúlu 1-tímabilið er búið.



Hámaði í sig mat

Gary Barlow, söngvari í strákabandinu Take That, segist hafa leitað sér huggunar í mat eftir að sólóferill hans fór illa af stað árið 1998. „Það er eitt að fyrirlíta sjálfan sig í huganum. En þegar þú horfir í spegilinn og fyrirlítur líkamann þinn líka, hvað gerirðu þá?“ sagði Barlow, sem var orðinn 105 kíló á þessum tíma. „Það er þá betra að hata sjálfan sig og líta vel út eða líta hrika-



lega illa út en líða mjög vel. En að hata báðar hliðarnar fer alveg með mann,“ sagði Barlow, sem er fertugur. Hann er í fínu formi í dag en viðurkenndi að matur verði alltaf óvinur hans. „Ég hef alltaf elskað mat og það hefur vakið hjá mér sektarkennd.“

HUGGADI SIG MED MAT Gary Barlow fitnaði mikið þegar sólóferillinn klickaði.

Arion banki er aðalbakhjarl HSÍ

Arion banki óskar stelpunum okkar góðs gengis á HM í Brasilíu



arionbanki.is – 444 7000

 Arion banki



BRAD PITT Leikarinn hughreysti aðdáanda eftir sýningu á Moneyball.

Hughreysti aðdáanda

Brad Pitt hughreysti aðdáanda sinn sem hafði íhugað sjálfsvíg áður en hann sá nýjustu mynd leikarans, Moneyball. Pitt var viðstaddur sýningu á myndinni þar sem hægt var að spyrja hann út í söguþráðinn að henni lokinni. Aðdáandinn sagðist hafa glímt við sjálfsmorðshugsanir fyrr um daginn og að myndin hefði gefið honum von. Maður sem var viðstaddur sýninguna hafði þetta að segja: „Brad sagði: Heyrðu, lífið er fullt af hæðum og lægðum. Þú verður að setta þig við það. Þú verður kannski leiður en þegar þú hressist við geta hver mistök leitt til frama.“



BARNALÁN Kelly Rowland, fyrrverandi samstarfskona Beyoncé úr Destiny's Child, kom á dögnum upp um það að parið ætti von á dóttur.

Komin lengra á leið

Verið gæti að söngkonan Beyoncé sé komin lengra á leið með fyrsta barn sitt og rapparans Jay-Z en áður var haldið.

Parið hafði áður tilkynnt að fæðingardagur barnsins yrði í febrúar, en nýleg myndbandsupptaka af Beyoncé sem rataði á netið á dögnum hefur heldur betur ruglað fólk í ríminu. Í myndbandinu, sem tekið er í september, segist hún vera komin sex mánuði á leið og glöggir aðdáendur söngkonunnar áttuðu sig strax á að það leiddi af sér að von væri á barninu í desember.

Winehouse spáð toppsætinu

Ný plata frá hinni sálugu Amy Winehouse, Lioness: Hidden Treasures, kemur út á mánudaginn. Talið er að hún fari beint í efsta sæti vinsældalista úti um allan heim.

Platan hefur að geyma tólf lög með Winhouse sem hún hafði sum lokið við áður en hún lést. Það voru vinir hennar, upptökustjórnarnir Mark Ronson og Salaam Remi, sem völdu lögin.

Faðir söngkonunnar segir að platan hefði aldrei komið út ef fjölskylda hennar héldi að lögin væru ekki nógu góð. „Fjölskyldan taldi að ekkert yrði gefið út nema það

LAGALISTINN Á PLÖTUNNI:

- | | |
|------------------------------------|--|
| 1. Our Day Will Come (reggiútgáfa) | 7. Like Smoke (ásamt Nas) |
| 2. Between the Cheats | 8. The Girl from Ipanema |
| 3. Tears Dry | 9. Halftime |
| 4. Wake Up Alone (prufuupptaka) | 10. Best Friends |
| 5. Will You Still Love Me Tomorrow | 11. Body and Soul (ásamt Tony Bennett) |
| 6. Valerie (prufuupptaka) | 12. A Song for You |

væri sambærilegt við plöturnar Frank eða Back to Black,” sagði hann.

„Ef þetta væri ekki eins gott og

þær hefðum við aldrei leyft útgáfunna.“ Winehouse lést í sumar, aðeins 27 ára, eftir langa baráttu við áfengis- og eiturlyfjafíkn.



NÝ PLATA Nýrri plötu með Amy Winehouse hefur verið spáð toppsæti vinsældalista.

NORDICPHOTOS/GETTY



LEIKUR Í EXPENDABLES Tenniskappinn Novak Djokovic leikur í The Expendables 2.


Djokovic í Expendables

Tenniskappinn Novak Djokovic hefur fengið hlutverk í hasarmyndinni The Expendables 2. Hinn 24 ára Serbi fékk boð um að leika í myndinni frá framleiðandanum Avi Lerner og er þessa dagana á tókustað í Búlgaríu. Djokovic, sem er í efsta sæti heimslistans í tennis, fer með lítið hlutverk sem þorpari og mun leika á mótí sjálfum Sylvester Stallone. Myndin er væntanleg í kvikmyndahús á næsta ári. Fjöldi vöðvabúnta og hasarmyndahetja leikur í myndinni, þar á meðal

Jason Statham, Bruce Willis og Arnold Schwarzenegger.



HARÐUR Stallone fer fyrir helstu harðhausunum í Hollywood í Expendables.



GULLSMIÐJAN
 Guðrún Þórnadóttir
 Gullsmíður
 LÆKJARGATA 34C
 HAFNARFIRÐI
 565 4453

ora
 Ástríða í matargerð

Gleðileg íslensk jó!

Komdu og sjáðu risa jólatré úr Ora dósunum
í Nettó Mjódd
 Hvað eru margar ORA rauðkálsdósir í jólatrénu?
 5 heppnir þátttakendur sem hitta á rétt svar
 (eða verða næst því) fá glæsilegan jólaglaðning frá Ora!

nettó
 Kræsingar og kostakjör...
 ... um jólin

Kærastinn sýnir klærnar

Nýr kæra Jennifer Lopez, Casper Smart, ver samband sitt og stórstjörnunnar með kjafti og klóm. Á twitter-síðu sinni segir Smart að fólk eigi að forðast að dæma hluti sem það hafi ekki hundsvit á en fjölmiðlar þar vestra efast um að nokkur alvara búi að baki sambandinu, Lopez sé bara að nota hann á meðan hún nær sér eftir skilnaðinn við Marc Anthony.

Casper og Jennifer kynntust á tónleikaferðalagi Lopez um heiminn og hafa verið óaðskiljanleg síðan. Vinur dansarans segir að sambandið sé enn á fyrstu stigunum og það verði bara að koma í ljós hvort þarna sé einhver alvara á ferð. „Casper segir að J.Lo sé með ótrúlegan líkama og samband þeirra er mjög líkamlegt.“ Menn geta síðan bara lagt sínar merkingar í hvað þessi orð vinarins þýða. „Ginnur veit hins vegar hvað framtíðin ber í skauti sér en Casper skemmtir sér konunglega.“

GÓÐUR KÆRASTI Casper Smart ver samband sitt og Jennifer Lopez með kjafti og klóm á Twitter.



VILJA LÍKA SKÚFFUSKÁLDIN

Tveir áhugamenn um rafbækur og íslenska lestrarhefð hafa opnað nýja rafbókarveitu. Síðan heitir Emma.is og gefur öllum landsmönnum tækifæri til að gefa út sín eigin verk á rafrænu formi.

„Við sáum strax að það var mikill áhugi fyrir þessu,“ segir Óskar Þór Þráinsson, sem ásamt Fannari Frey Jónssyni hefur stofnað og opnað nýja rafbókaveitu, Emmu.is, þá fyrstu sinnar tegundar á Íslandi. Um er að ræða vefsíðu þar sem sjálfstæðir höfundar, útgefendur, fyrirtæki og réttshafar geta gefið út rafbækur fyrir íslenska lesendur, hvort heldur sem þeir eru þekktir eða ekki.

Gríðarstór markaður hefur myndast fyrir rafbækur erlendis, en þeir Íslendingar sem hafa viljað prófa fyrirbærið hafa hingað til þurft að láta sér nægja að lesa bækur á öðrum tungumálum. Viðbrögðin við möguleikanum á íslenskum rafbókum hafa verið geysilega góð að sögn Óskars. „Við opnum með fjórar bækur sem ekki hafa verið gefnar út áður. Annað, sem við erum sérstaklega ánægðir með, er að geta boðið upp á efni sem er ekki fáanlegt lengur á prenti, en mikil eftirspurn er eftir. Til dæmis hefur Þorgrímur Þráinsson fengið tækifæri til að gera bók sína, Allt hold er hey, aðgengilegt fyrir



lesendur aftur hjá okkur, en hún hefur verið ófánleg lengi og ekki fengist endurprentuð.“

Skiptar skoðanir eru um ágæti rafbóka og sumir eru hræddir við að þær muni bola prentuðum bókum út af markaðnum í náinni framtíð. Óskar segir það af og frá, enda séu þær hliðstæðar en alls ekki sami hluturinn. „Svo má ekki gleyma því að tilkoma rafbóka er algjör bylting fyrir marga hópa sem eiga erfitt með hefðbundinn lestur. Hægt er að stýra textanum og lestrinum mun meira og sjón-daprir og lesblindir geta nýtt sér rafbækur.“

Óskar vonast til þess að Emma muni skapa vettvang fyrir sköpunar- og lestrarglaða Íslendinga. „Við erum líka að leita að skúffuskáldunum. Það sem við erum kannski spenntastir fyrir er að þetta er opið öllum. Fólk sem er að skrifa smásögur, ljóð eða sértækar bókmenntir líkt og fantasur getur þarna gefið út sitt efni og náð til þeirra lesenda sem hafa áhuga. Ég held að þetta muni auka fjölbreytni í íslenskri bókaflóru.“

Og Óskar segir þetta vera næsta skrefið í aldalangri bókmenntasögu þjóðarinnar. „Nú þegar eiga rúmlega 90 prósent þjóðarinnar tæki til að lesa rafbækur. Það er hægt að nota spjaldtölvur, lófátölvur, snjallsíma og venjulegar tölvur til lestrarins. Þetta er bara spurning um kynna sér málið og læra á tæknina.“

berghthora@frettabladid.is

RAFBÓK Svona lítur forsiða bókar út hjá Emmu.is



FRUMKVÖDLAR Fannar Frey Jónsson og Óskar Þór Þráinsson segja lófabókaflóðið vera rétt að byrja.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA





DÝRABÆR 10 ára

Við erum í afmælis- og jólaskapi
20% afsláttur af öllum vörum um helgina







Ekki missa af þessu, mikið úrval af flottum jólagjöfum fyrir dýrin þín á góðu verði

Smáralind • 201 Kópavogi • Sími 553 3062 || Kringlunni • Sími 511 2022 || www.dyrabaer.is

HINN EINI SANNI

RISA

ÚTIVISTAR- SKÓ OG TÍSKU

MARKAÐUR



AÐ MIÐHRAUNI 2, GARÐABÆ

LOKADAGAR

Aðeins 2 dagar eftir

Laugardag frá 12:00 til 18:00

Sunnudag frá 12:00 til 18:00

Enn meiri verðlækkun!

Útsöluvörur frá

STEINAR WAAGE

Kaupfélagið

skór.is

ecco

NIKE

adidas

PUMA

hummel

Reebok

BLEND

ORIGINAL

SKECHERS



FORSÝND Tegilshöll
lau og sun kl. 10.30

A GOOD OLD FASHIONED
★★★★★
Time out New York
★★★★★
Time Entertainment
Frábær gamannmynd með Jason Statham í hálf þessum og Horrible Bosses.

ORGY

sýnd með íslensku og ensku tali
Every step counts.
HAPPY FEET TWO

breakin dawn

SMÁRABÍÓ				EGILSHÖLL			
A GOOD OLD FASHIONED	kl. 8 - 10:10	2D	16	HAPPY FEET TWO	kl. 12:30 - 3 - 5:30	3D	12
TRESPASS	kl. 5:50 - 8 - 10:10	2D	16	BREAKING DAWN PART 1	kl. 12:30 - 3 - 5:30 8 - 10:30 2D	2D	16
HAPPY FEET 2	kl. 1 - 3:30 - 5:50	3D	12	HAROLD OG KUMAR	kl. 10:30	3D	16
HAPPY FEET 2	kl. 1 - 3:30	2D	12	SEEKING JUSTICE	kl. 8 - 10:20	2D	16
BREAKING DAWN -PART 1	kl. 3 - 5:30 - 8 - 10:30	2D	16	HAPPY FEET TWO	kl. 1 - 3:20 - 5:40	2D	12
BREAKING DAWN -PART 1 VIP	kl. 9:20	2D	VIP	GOOD OLD FASHIONED ORGY 1	3:20 - 5:40 - 8 - 10:10 2D	2D	16
THE HELP	kl. 8	2D	16	THE IDES OF MARCH	kl. 8	2D	12
THE HELP VIP	kl. 3 - 6	2D	VIP	KRINGLUNNI			
TOWER HEIST	kl. 1 - 3:20 - 5:40 - 8 - 10:20	2D	12	RODELINDA	Opera / Óháð skemmtun	Laugardag kl. 5:30	L
THE INBETWEENS	kl. 5:40 - 10:45	2D	12	TRESPASS	kl. 8 - 10:10	2D	16
FOOTLOOSE	kl. 1 - 3:20	2D	10	HAPPY FEET 2	kl. 12:30 - 3 (Sun. kl. 12:30 - 3 - 5:30)	3D	12
JOHNNY ENGLISH REBORN	kl. 1	2D	L	HAPPY FEET 2	kl. 12:30 - 3 (Sun. kl. 12:30 - 3 - 5:30)	3D	12
AKUREYRI				KEFLAVÍK			
HAPPY FEET TWO 3D	kl. 2 - 4	3D	16	TRESPASS	kl. 10:20	2D	16
A GOOD OLD FASHIONED ORGY	kl. 6 - 8	2D	16	A GOOD OLD FASHIONED ORGY	kl. 5 - 10	2D	16
TRESPASS	kl. 10:20	2D	16	TWILIGHT - BREAKING DAWN PART 1	kl. 5:40 - 8	2D	12
BANGSÍMÓN	kl. 2 - 4	2D	12	HAPPY FEET 2	kl. 1:30 - 3:40	3D	12
THE TWILIGHT SAGA: BREAKING DAWN	kl. 5:40 - 8	2D	12	THE HELP	kl. 7	2D	16
SEEKING JUSTICE	kl. 10:20	2D	16	BANGSÍMÓN	kl. 2 - 3:30	2D	16
SELFOSS							
HAPPY FEET 2	kl. 1:30 - 3:40 - 5:50	3D	12				
WHAT'S YOUR NUMBER	kl. 5:40 - 8	2D	12				
THE THREE MUSKETEERS	kl. 2 - 10:10	2D	12				
IDES OF MARCH	kl. 8	2D	16				
SEEKING JUSTICE	kl. 10:10	2D	16				



Guðmunda Jóhannsdóttir, mamma Rúnars Þórissonar gítarleikara Grafíkur, ásamt Sigurði Gunnsteinssyni.



Í AUSTURBÆ Björgvin og Bjarnheiður voru á meðal gesta í Austurbæ. FRÉTTABLAÐIÐ/DANIEL

Grafík fagnaði í Austurbæ

Grafík hélt útgáfutónleika í Austurbæ á dögunum til að fagna nýrri safnplötu. Ný heimildarmynd um hlóm-sveitina var einnig sýnd.

Grafík fagnar þrjátíu ára afmæli sínu um þessar mundir og af því tilefni er kominn út safnplata með nýrri heimildarmynd í kaupbæti. Fjöldi fólks var samankominn í Austurbæ og skemmti sér hið besta.



Bárna Jónsdóttir og Ómar Eypórsson útvarpsmaður.



Nikulás, Maris og Sigvaldi voru á meðal gesta.



Í GÓÐU SKAPI Hanna, Þóra og Lauga voru í góðu skapi.



Þeir Davíð, Sverrir og Gunnar voru skyrtuklæddir og reffilegir á tónleikunum.



Pau Laufey og Benni sáu Grafík.

SMÁRABÍÓ FULLKOMIN GÆÐI! HÉFURDU VELT ÞVI FYRIR ÞÉR HVERNIG MAÐUR FER AD ÞVI AD AFHENDA TVO MILLJARÐA GJAFNA Á EINNI NÓTTU?

ARTÚR BJARGAR JÓLUNUM

BLITZ JASON STATHAM

JACK AND JILL ADAM SANDLER

TROPA DE ELITE 2

IMMORTALS

BORGARBIÓ

SMÁRABÍÓ	HÁSKÓLABÍÓ	BORGARBIÓ
ARTÚR BJARGAR JÓLUNUM 3D KL. 1 (TILBOÐ) - 3.40 - 5.50 L	ARTÚR BJARGAR JÓLUNUM 3D KL. 3.40 (TILBOÐ) - 5.50 L	ARTÚR BJARGAR JÓLUNUM 3D KL. 2 - 4 - 8 L / BLITZ KL. 8 16
ARTÚR BJARGAR JÓLUNUM 2D KL. 1 (TILBOÐ) - 3.40 - 5.50 L	ARTHUR CHRISTMAS 3D AN TEXTA KL. 5.50 L	JACK AND JILL KL. 8 - 10 L / IMMORTALS 3D KL. 10 16
ARTÚR BJARGAR JÓLUNUM 3D LÚXUS KL. 1 - 3.40 - 5.50 L	TROPA DE ELITE KL. 8 - 10.30 16	JACK AND JILL KL. 8 - 10 L / IMMORTALS 3D KL. 10 16
BLITZ KL. 8 - 10.10 16	IMMORTALS 3D KL. 8 - 10.30 16	JACK AND JILL KL. 8 - 10 L / IMMORTALS 3D KL. 10 16
BLITZ LÚXUS KL. 8 - 10.10 16	JACK AND JILL KL. 8 - 10.30 12	JACK AND JILL KL. 8 - 10 L / IMMORTALS 3D KL. 10 16
IMMORTALS 3D KL. 8 - 10.30 16	IN TIME KL. 8 - 10.30 12	JACK AND JILL KL. 8 - 10 L / IMMORTALS 3D KL. 10 16
TROPA DE ELITE KL. 10.20 16	ELDFJALL KL. 3.30 - 5.45 L	JACK AND JILL KL. 8 - 10 L / IMMORTALS 3D KL. 10 16
JACK AND JILL KL. 8 - 10.10 16	PÓR 3D KL. 3.30 (TILBOÐ) L	JACK AND JILL KL. 8 - 10 L / IMMORTALS 3D KL. 10 16
TINNI 3D KL. 1 (TILBOÐ)* ABEINS LAU - 3.20 - 5.40 - 8 7		JACK AND JILL KL. 8 - 10 L / IMMORTALS 3D KL. 10 16
PÓR 3D KL. 1 (TILBOÐ) - 3.40 - 5.50 L		JACK AND JILL KL. 8 - 10 L / IMMORTALS 3D KL. 10 16

Sími: 553 2075 - bara lúxus

Ódýrt í bíó

ARTÚR BJARGAR JÓLUNUM

HAPPY FEET TWO

ATH 700 KR. Í 2D

SÝND KL. 1.50 Í 3D

TILBOÐ Á FYRSTU SÝNINGAR DAGSINS

TILBOÐSBÍÓ

LAUGARDAGUR - SUNNUGAGUR

SMÁRABÍÓ	HÁSKÓLABÍÓ
ARTÚR 3D/2D KL. 1 L	ARTÚR 3D KL. 3.40 L
ÆVINTÝRI TINNA 3D KL. 1 (LAU) 7	JACK AND JILL KL. 3.40 L
PÓR 3D ÍSL.TAL KL. 1 L	PÓR 3D ÍSL.TAL KL. 3.30 L

facebook / smarabio • facebook / haskolabio

SPARBIÓ

tryggðu þér miða á sambio.is

MERKTAR MED GRÆNU OG APPELSINUGULU Í BÍOAGLÝSINGUM SAMBÍÓ KR. 1000 Á GRÆNT OG KR. 750 Á APPELSINUGULT

SAMBÍÓ SAMbio.is

midis.is LAUGARÁS BÍÓ

www.laugarasbio.is - bara lúxus sími 553 2075

Tilboð í bíó. Gildir á fyrstu sýningar dagsins.

LAUGARÁSBIÓ	Sýningartímar
BLITZ	8 og 10.15
ARTÚR BJARGAR JÓLUNUM 3D	1.50(950 kr), 4 og 6
ARTÚR BJARGAR JÓLUNUM 2D	1.50(700 kr) og 4
JACK AND JILL	6 og 8
HAPPY FEET 2 3D - ÍSL TAL	4 og 6
HAPPY FEET 2 2D - ÍSL TAL	1.50(700 kr)
IMMORTALS 3D	8 og 10
BORGRIKI	10.15

BÍÓ PARADÍS

MED STUÐNINGI REYKJAVÍKURBORGAR OG KVIKMYNDAMIÐSTÖÐVAR ÍSLANDS CAFÉ/BAR, opið 17-23 / www.bioparadis.is / midis.is

LAUGARDAGUR: HJEM TIL JUL (HEIM UM JÓLIN) 18:00 (2 FYRIR 1), 20:00, 22:00 ■ WE NEED TO TALK ABOUT KEVIN 20:00, 22:00 ■ FARIN (PARTIR) 18:00 ■ ERKIFJENDUR (SUPERCLÁSICO) 18:00, 20:00, 22:00 ■ BAKKA-BALDUR 18:00 ■ MIDNIGHT IN PARIS 20:00, 22:00

SUNNUGAGUR: HJEM TIL JUL (HEIM UM JÓLIN) (2 FYRIR 1), 20:00, 22:00 ■ WE NEED TO TALK ABOUT KEVIN 20:00, 22:00 ■ FARIN (PARTIR) 18:00 ■ ERKIFJENDUR (SUPERCLÁSICO) 18:00, 20:00, 22:00 ■ BAKKA-BALDUR 18:00 ■ MIDNIGHT IN PARIS 20:00, 22:00 [ÍSL. TEXTI / ENGLISH SUBTITLES.]

Heim um jólin HJEM TIL JUL

NÝ JÓLA-KLASSÍK!

KEVIN

MIKIÐ ÚRVAL AF BARNAFATNAÐI



Húfa, vettlingar og trefill,
3 – 13 ára.
kr 2.990



Bolur og pils (sett),
3 – 12 ára.
kr 5.990



Hettupeysa,
3 mán. – 5 ára.
kr 3.990



Hello Kitty náttföt,
3 – 12 ára.
kr 3.990



Kjöll, rauður,
3 mán. – 5 ára.
kr 5.990



Kápa fleece, rauð,
3 mán. – 5 ára.
kr 3.990



Mína mús hettupeysa,
3 mán. – 5 ára.
kr 3.990



Náttföt, Star Wars,
3 – 12 ára.
kr 3.990



Þrjónapeysa,
3 mán. – 12 ára.
kr 5.990



Kuldaskór, bleikir,
stærðir 19-31.
kr 3.990



Vesti og bolur (sett),
3 mán. – 5 ára.
kr 3.990



Skyrta með bindi,
3 – 12 ára.
kr 4.490



Húfa og trefill, hreindýr,
6 mán. – 6 ára.
kr 2.990



Mussa,
3 mán. – 5 ára.
kr 2.990



Úlpa, grá,
3 – 12 ára.
kr 7.990



Köflótt pils,
3 mán. – 5 ára.
kr 3.990

Gallabuxur og belti,
3 – 12 ára.
kr 4.990

NÝJAR DÖMU-, HERRA-
OG BARNAVÖRUR Í HVERRI VIKU



next

KRINGLUNNI
SÍMI: 5513200



ARENA SANTOS keppnishöllin þar sem A-riðill heimsmeistaramótsins fer fram tekur um 5.000 áhorfendur í sæti. Mótshaldarar hafa farið varlega í það að spá fyrir um hve margir áhorfendur muni mæta á leikina sem fram fara í Santos. Sumir hafa nefnt töluna 1.000 og aðrir eru aðeins bjartsýnni og búast við allt að 2.000 áhorfendum.



ÖFLUG Skyttan Bojana Popovic er ein allra besta handknattleikskona heimsins í dag. NORDIC PHOTOS/AFP

„Landslið“ Svartfjallalands: Meistarar í 20 ár í röð

HANDBOLTI Andstæðingur Íslands á HM í Brasilíu í dag, Svartfjallaland, er eitt sterkasta landslið heimsins. Liðið var nálægt því að komast í undanúrslit EM í Danmörku í fyrra en endaði með sex stig líkt og Rúmenía sem náði öðru sætinu í milliriðlinum og komst þar með í undanúrslit.

Allir leikmenn liðsins eiga það sameiginlegt að hafa á einhverjum tímupunkti leikið með félagsliðinu Buducnost frá Podgorica, höfuðborg Svartfjallalands. Og að sjálfsgöðu er þetta lið meistari í heimalandinu en yfirburðir liðsins undanfarna tvo áratugi eru ótrúlegir. Liðið hefur fagnað meistaratitlinum á hverju vori frá árinu 1992 eða í tuttugu skipti í röð.

Dragan Adžić er þjálfari landsliðsins og það kemur líklega ekki á óvart að hann er einnig þjálfari meistaraliðsins Buducnost. Nánast allir leikmenn Svartfjallalands hafa leikið í einhvern tíma undir stjórn Adžić hjá Buducnost.

- seth

„Þetta er stórt verkefni fyrir okkur“

Ísland fær risa prófraun í fyrsta leiknum á HM í Brasilíu en andstæðingurinn, landslið Svartfjallalands, er í raun eitt besta félagslið heims. Gríðarlega öflugt lið sem gæti farið alla leið á þessu heimsmeistaramóti.

HANDBOLTI Mótherjar Íslands í fyrsta leiknum á heimsmeistaramótinu er Svartfjallaland sem er til alls líklegt á þessu móti. Flestir gera ráð fyrir því að Evrópumeistaraárið Noregs undir stjórn Þóris Hergeirssonar og Svartfjallaland muni berjast um efsta sætið í A-riðlinum í Santos. Og þessi lið gætu jafnvel farið alla leið á þessu móti.

Ísland og Svartfjallaland áttust við í riðlakeppni Evrópumótsins í Danmörku í desember í fyrra þar sem Ísland tapaði með þriggja marka mun, 26-23. Forráðamaður Svartfellinga sagði í gær að markmiðin væru skýr. Að tryggja liðinu farseðil á Ólympíuleikana og þá kemur ekki margt annað til greina en að komast í sjálfan úrslitaleikinn – í það minnsta.

„Þetta lið sem við erum mæta er gríðarlega sterkt og í raun bara félagsliðið Buducnost sem endaði í öðru sæti í Meistaradeildinni í fyrra. Og það lið mun að mínu mati vinna Meistaradeildina í ár. Þetta er stórt verkefni fyrir okkur,“ sagði Ágúst Jóhannsson, þjálfari íslenska liðsins, í gær eftir æfingu liðsins í Arena Santos.

Ákefðin þarf að vera í lagi

„Við þurfum að leggja mikla áherslu á að ganga út í skytturnar þeirra, og vera með ákefðina í lagi. Það verður rauði þráðurinn í okkar leikskipulagi til þess að byrja með,“ bætti Ágúst við.

Íslenska liðið æfði af miklum krafti í gær á síðustu æfingu fyrir frumsýninguna í dag. Allir leikmenn liðsins eru heilir og einbeitingin skín úr augum þeirra. Það er alveg ljóst að leikurinn gegn Svartfjallalandi verður gríðarlega erfiður en Anna Úrsúla Guðmundsdóttir er hvergi smeyk.

„Við reynum að negla þær, þær eru hrikalegalega góðar og líklega með bestu leikmenn mótsins í



DAGINN FYRIR LEIK Íslensku landsliðskonurnar hafa æft í Santos í Brasilíu síðustu dagana en þar mætir Ísland sterku liði Svartfjallalands í frumraun sinni í úrslitakeppni heimsmeistaramóts í handbolta. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

sínum röðum. Við verðum allar að leggjast á eitt og sýna okkar styrk og það sem hefur leitt okkur hingað,“ sagði Anna í gær en það er ljóst að línumaðurinn mun standa í ströngu í vörn sem sókn gegn líkamlega sterku liði Svartfjallalands í leiknum í dag.

Fáir iðkendur en mikill áhugi

Íbúafjöldinn í Svartfjallalandi er aðeins um 700.000 en athygli vekur að aðeins eitt þúsund skráðir iðkendur eru í handbolta í landinu. Til samanburðar eru rúmlega sex þúsund skráðir iðkendur á Íslandi. Einn forsvarsmanna liðsins segir að um 50% af landsmönnum muni horfa á beinar útsendingar frá leikjum liðsins.

Svartfjallaland komst, líkt og

Þær eru hrikalegalega góðar og líklega með bestu leikmenn mótsins í sínum röðum. Við verðum allar að leggjast á eitt.

ANNA ÚRSÚLA GUÐMUNDSDÓTTIR
LEIKMAÐUR ÍSLANDS

Ísland, á HM í gegnum umspil. Svartfjallaland vann Tékká samantlagt 75-52 í tveimur leikjum. Ísland vann Úkraínu 61-42 samantlagt í tveimur leikjum. Svartfjallaland endaði í sjötta sæti á Evrópumeistaramótinu í Danmörku í desember á síðasta ári. Það var í fyrsta sinn sem Svartfjallaland komst inn í úrslitakeppni EM en

Íslendingar voru í sömu sporum á því móti, sem nýliðar.

Reynum að halda okkur á jörðinni

„Það er rosalega gott að vera komin á stórmót, HM, og allt. En við erum að reyna að halda okkur á jörðinni og líta á þetta sem venjulegan landsleik. Einn leik í einu og allt það. Þannig er stemningin í hópnum,“ sagði Hanna Guðrún Stefánsdóttir.

Sigurður Elvar Þórólfsson og Pjetur Sigurðsson
fjalla um HM í Brasilíu
seth@frettabladid.is – pjetur@365.is



Dreifnám Tækniskólans

Kvöld og fjarnám

Innritun stendur yfir í:

- Byggingagreinar. Húsasmíði og tækniteiknun
- Rafiðngreinar. Rafvirkjun og rafeindavirkjun
- Skipstjórnargreinar. A, B, C, D og E stig
- Upplýsinga- og fjölmiðlagreinar.
- Vélstjórnargreinar og málmiðngreinar.
- Meistaraskólan. Nám til iðnmeistarar í öllum iðngreinum

Dreifnám er samheiti yfir greinar sem kenndar eru utan dagskóla, ýmist í fjarnámi eða í staðbundnu kvöldnámi.

Nánari upplýsingar á tskoli.is

Tækniskólinn
skóli atvinnulífsins

www.tskoli.is

UTAN VALLAR

Sigurður Elvar Þórólfsson
segir sína skoðun

Nýr kafli í íslenskri íþróttasögu

Nýr kafli verður skrifaður í dag í íslenska íþróttasögu þegar kvendalandslið Íslands leikur sinn fyrsta leik á heimsmeistaramótinu í handbolta hér í Santos í Brasilíu. Ísland hefur aldrei áður komist í úrslitakeppni HM og er þetta í annað sinn sem kvendalandsliðið kemst í lokakeppni á stórmóti. Evrópumeistaramótið í Danmörku í fyrra var frumraunin en þar tapaði Ísland öllum þremur leikjum sínum.

Það er ekki sjálfgefið að Ísland sé í þessari stöðu að vera með lið í úrslitakeppni á stórmóti. Fyrirlíðinn Hrafnhildur Skúladóttir hefur t.d. beðið eftir þessu tækifæri í 14 ár. Það þarf allt að ganga upp til þess að Ísland sé í þessari stöðu. Það er því hið eina rétta að njóta augnabliksins og njóta þess að horfa á Ísland keppa í lokakeppni á stórmóti. Við Íslendingar erum reyndar góðu vanir. Karlalandsliðið hefur varla misst úr stórmót á undanförunum árum og Íslendingar gera miklar kröfur.

Íslenska liðið hefur sett sér það markmið að komast í 16-liða úrslit. „Stelpurnar okkar“ ætli sér að ná árangri. Þær eru ekki hingað komnar sem ferðamenn. Möguleikarnir eru til staðar en flest þarf að ganga upp til þess að liðið verði í hópi fjögurra efstu í A-riðli. Góð vörn, markvarsla



og mörk úr hraðaupphlaupum verða lífíbrauð Íslands á þessu móti. Ef það gengur upp er aldrei að vita hvað gerist í framhaldinu.

Brasilía er gestgjafi heimsmeistaramótsins og er þetta í 20. sinn sem HM kvenna fer fram. Það er óhætt að segja að Brasilíumenn eru ekkert að æsa sig mikið þegar kemur að ýmsum stórum hlutum sem tengjast þessu móti. Daginn fyrir fyrsta leikinn í Arena Santos

var t.d. gríðarlega margt sem átti eftir að ganga frá. Þar á meðal net-samband fyrir fjölmarga blaða- og fréttamenn sem fylgja liðunum. Þegar spurt var um stöðu mála var svarið einfalt. „Þetta verður í lagi á morgun.“ Það er ekkert stress í gangi hjá mótshöldurum – bara alls ekki. „Við reddum þessu“ er frasi sem var örugglega fundinn upp í Brasilíu en ekki hjá Blikksmiðju Guðmundar á Akranesi. – Áfram Ísland.



„Þessa bók varð ég að eignast“



„Mér varð ljóst að þessa bók varð ég að eignast. Þetta var svo sterk tilfinning að ég trúði því að ég yrði fremur vansæl ef ég eignaðist hana ekki ... Þessi bók er einfaldlega listaverk. Maður flettir henni í lotningu og fagnar því að eiga slíka dásemd í bókaskápnum.“

Kolbrún Bergþórsdóttir
Morgunblaðið

„Myndir Benedikts Gröndal eru í sérflokki, innilegar, nákvæmar og unnar af mikilli ástriðu.“

Ragna Sigurðardóttir
Fréttablaðið



„Á bók þessa hef eg gert myndir allra þeirra fugla sem kallaðir eru íslenskir, en þeir eru ýmist standfuglar, sem eru hér allt árið, eða þá farfuglar, sem eru hér á sumrin og verpa en fara héðan á haustin.“

Benedikt Gröndal

Útgáfa **Íslenskra fugla** er stórvíðburður í íslenskri menningarsögu. Loksins kemur fyrir almenningsjónir eitt af lykilritum íslenskra náttúrufræða, rúmri öld eftir að það var samið.



HÖFUNDURINN Sigmundur Ó. Steinars-son ritaði 100 ára sögu Íslandsmótsins. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

100 ára saga Íslandsmótsins: Síðara bindið komið út

FÓTBOLTI Síðara bindi bókarinnar um 100 ára sögu Íslandsmótsins í knattspyrnu kom út í gær. Umfjöllun þess hefst á Íslandsmótinu 1966 til þess hundradasta sem fór fram nú í sumar. Fyrri bindið kom út í apríl á þessu ári.

Sigmundur Ó. Steinars-son er höfundur verksins en þeim Sigursteini Gíslasyni og Gunnari Guðmundssyni voru afhent fyrstu eintökin. Þeir eru báðir nifaldir Íslandsmeistarar í knattspyrnu, oftast allra núlifandi Íslendinga.

Geir Þorsteinsson, formaður KSÍ, sámdí við það tilefni Sigurstein gullmerki KSÍ. Gunnar fékk gullmerki á síðasta ári á 80 ára afmæli sínu.

Þrjú Íslendingar hafa tíu sinnum orðið Íslandsmeistarar, þeir Frimann Helgason, Hermann Hermannsson og Tryggvi Magnússon.

- esá

Suðurnesjaslagur um Lengjubikarinn

Grindavík og Keflavík mætast í úrslitum Lengjubikarkeppni karla í dag. Grindvíkingar höfðu betur gegn Þór frá Þorlákshöfn í undanúrslitunum í gærkvöldi og þá vann Keflavík lið Snæfells í spennandi viðureign.

KÖRFUBOLTI Grindavík og Keflavík leika til úrslita í Lengjubikarinn í dag. Grindavík sigraði Þór frá Þorlákshöfn 80-66 og Keflavík lagði Snæfell að velli 93-88 í undanúrslitunum sem leikin voru í DHL-höll KR-inga í gærkvöld.

